

# Andlitsdrættir samtíðarinnar

*Síðustu skáldsögur Halldórs Laxness*

## ÍSLENSK MENNING

Ritröð ReykjavíkurAkademiunnar og Hins íslenska bókmenntafélags

Ritstjórar: *Adolf Friðriksson og Jón Karl Helgason*

Sveinn Yngvi Egilsson. *Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskeri rómantík* (1999)

Guðmundur Hálfðanarson. *Íslenska þjóðríkið — uppruni og endimörk* (2001)

Torfi H. Tulinius. *Skáldið í skrifstími. Snorri Sturluson og Egils saga* (2004)

Ritstjórar: *Adolf Friðriksson og Þorleifur Hauksson*

Ingunn Ásdísardóttir. *Frigg og Freyja. Kvenleg goðmöggn í heiðnum sið* (2007)

HAUKUR INGVARSSON

# Andlitsdrættir samtíðarinnar

*Síðustu skáldsögur Halldórs Laxness*



Hið íslenska bókmenntafélag  
ReykjavíkurAkademían  
Reykjavík 2009

*Andlitsdrættir samtíðarinnar*  
*Síðustu skáldsögur Halldórs Laxness*  
© Haukur Ingvarsson  
Hið íslenska bókmenntafélag og  
ReykjavíkurAkademían 2009  
Ljósmynd á hlífðarkápu: Ari Sigvaldason  
Umbrot: Egill Baldursson ehf.  
Prentun: Steinholt ehf.  
ISBN: 978-9979-66-253-2

Öll réttindi áskilin

Bókin er gefin út með styrk frá  
Bókmenntasjóði.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,  
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun  
eða á annan sambærilegan hátt,  
að hluta eða í heild, án  
skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

## *Til Ingvars J.*

Stundum kann að koma í ljós að lífið sem við lifum er jafngildi skáldskapar. Hversu sár raun er þó að uppgötva það, — engu ósárari en uppgötva að ástin — eða frelsið — eða réttlætið — er meira en orð.

*Sigfús Daðason*



## EFNISYFIRLIT

INNGANGUR .....	11
Sjónarmið fuglsins í veröldinni .....	11
Viðtökusaga .....	13
Skáldatími .....	17
Sjónarvottar .....	20
1. HLUTI: VIÐTÖKUSAGA .....	23
Einn af andlitsdráttum samtíðarinnar .....	23
Þjóðskáld .....	28
Fyrsta sneiðmynd: Þjóðernissinnaður smáþjóðarmaður .....	28
„Mín klukka, klukkan þín, / kallar oss heim til sín“ .....	30
Allt nýtt er ógnvekjandi .....	34
Tvær klukkur — kunnuglegt efni .....	38
Þjóðfélagsskáld .....	41
Önnur sneiðmynd: ekki kaþólikki! ekki kommúnisti! kapítal- isti? .....	41
Þátttaka og hlutlægi .....	45
Tæmandi lausn á aðkallandi vandamáli .....	48
Hér er ekki á ferð ádeila sem heldur vöku fyrir sekum .....	52
Að svipta burt hulunni .....	56
Sá sem ekki lifir í skáldskap ... ..	59
Þriðja sneiðmynd: „Halldór Laxness ®“? .....	59
Ekki sögð skáldsaga heldur iðkuð skáldspeki .....	64
Hið hómerska Ísland .....	67

Spegill, spegill, herm þú mér . . . . .	71
Samantekt . . . . .	75
<b>2. HLUTI: SKÁLDATÍMI . . . . .</b>	<b>77</b>
Ellihrumur skáldsagnahöfundur, sprækt leikritaskáld . . . . .	77
Pm . . . . .	82
Efniviður . . . . .	82
Að velja efni sínu búning . . . . .	84
Efni til hvers? . . . . .	86
Skáldatími . . . . .	90
Prismatískir eiginleikar — ljósbrot og sjónarhorn . . . . .	90
Efniviður; frá einkamálastáldskap til þjóðfélagslegrar sagna- gerðar . . . . .	93
Efni til hvers? Hetjusaga eða tragedía? . . . . .	96
Að velja efni sínu búning . . . . .	100
Samantekt . . . . .	104
<b>3. HLUTI: SJÓNARVOTTAR . . . . .</b>	<b>107</b>
Úr húsi í hugtakabyggingu . . . . .	107
Skáldsagan er eins rökrétt og grind í húsi . . . . .	107
Í guðshúsi með margbrotinni ljósakrónu, englum og ljónum . . . . .	109
Að fóta sig í listum og siðfræði — fyrsta sporið . . . . .	111
Á bjargi byggði hygginn maður hús . . . . .	112
Hugtakabygging . . . . .	116
Kristnihald undir Jökli . . . . .	120
„Það þarf að rannsaka kristnihald undir Jökli“ . . . . .	120
Að ljúka því sem byrjað er á . . . . .	123
Fyrsti þáttur; þjóðbrautir og kindagötur . . . . .	127
Æpandi handklæði og víðfræg klósettskál . . . . .	130
Upprisnir og uppvakningar . . . . .	132
Innansveitarkronika . . . . .	135
. . . undir Mosfelli . . . . .	135
Að koma til skjalanna: sagnamaður og áheyrendur: sögu- maður og lesendur . . . . .	138



Íslendingasaga: dýrlingasaga . . . . .	142
Jarteinabók . . . . .	147
Konsert fyrir sjónarhorn; forleikur . . . . .	151
Konsert fyrir sjónarhorn; sú músík sem menn muna þegar þeir eru tíræðir . . . . .	154
Konsert fyrir sjónarhorn; hljóðkútur þaninn . . . . .	155
Guðsgjafaþula . . . . .	158
Raunveruleikur ~ leit að sögu sem skiptir máli . . . . .	158
Atburðir með stórum staf . . . . .	161
Spilafífl eða píslarvottur? . . . . .	163
Íslandsbersi; þjófur eða ræningi? . . . . .	167
Frá sjón til sögu . . . . .	171
Náðist hann? Hann náðist á mynd! . . . . .	175
LOKAORÐ . . . . .	179
VÍÐAUKI . . . . .	185
Sækjum gull í Gljúfrastein . . . . .	185
Inngangur . . . . .	185
Aðdragandi mótmælanna . . . . .	187
Listamaður meðal uppreisnarmanna . . . . .	189
Ravnekrogsstridigheder . . . . .	195
Tekist á um fortíðina . . . . .	198
Vita Íslendingar hvað heiður er? . . . . .	200
Týndi sonurinn . . . . .	204
Skáldatími — lokaorð . . . . .	207
Þakkir . . . . .	209
Aftanmálgreinar . . . . .	210
Heimildaskrá . . . . .	233
Nafnaskrá . . . . .	240



## INNGANGUR

### SJÓNARMÍÐ FUGLSINS Í VERÖLDinni

Í síðustu skáldsögu Halldórs Kiljans Laxness *Guðsgjafabulu* frá árinu 1972 fer sögumaður á fund ritstjóra dagblaðs í Kaupmannahöfn. Hann hyggst selja ferðasögur um Jamtaland og Þrændalög „frá sjónarmiði fuglaverslunar“. Maðurinn sem verður fyrir svörum sýnir efninu lítinn áhuga. Hann svarar því til að „ýmsir danir hafi farið um Svíþjóð og Noreg á undan og skrifað um efnið“ og spyr sögumanninn um aldur. Það sem á eftir fylgir er þetta:

Ég var átján ára og sagði að mér væri ókunnugt um danska blaðamenn sem hefðu skrifað um þessi lönd frá sjónarmiði fugla og taldi jafnvel að mín sjónarmið gætu valdið aldahvörfum í skoðunum manna á löndum þessum. Hann vildi afturámóti fá grein um hvað svíar og norðmenn segðu núna um pólitík dana í Slésvík og hvernig þessar þjóðir væru líklegar að bregðast við ef danir afhrópuðu kóng sinn. Ég sagði að hann meinti víst pólitíska sögu eins og kend er í skólum, og vildi ég ekkert skifta mér af sögum um kónga og stjórnámamenn og þeirra barsmíðar, og ættu slíkar skítaþulur ekki að líðast, hvorki í skólum né í dagblöðum; sú sanna veraldarsaga væri afturámóti saga fuglsins í veröldinni.

Já það er auðheyrð þér eruð 18 ára, sagði hann. (Gþ 26–27)

Eitt af leiðarstefjum *Guðsgjafabulu* eru hugleiðingar um það hvernig saga eigi að vera og hvernig skuli segja hana. Þær spurningar sem vakna af slíkum hugleiðingum eru t.d. hvaða atburðir eru markverðir, af hvaða sjónarhæð á að skoða þá og hvaða persónur gegna

aðalhlutverki. Þessi sömu stef eru áberandi í skáldsögunum tveimur sem komu á undan, *Kristnihaldi undir Jökli* (1968) og *Innansveitarkroniku* (1970).<sup>1\*</sup> Þessar þrjár síðustu skáldsögur Halldórs Laxness eru umfjöllunarefni þessa verks en þær eiga margt sameiginlegt, ekki síst hvað varðar frásagnartækni. Allar eru þær fyrstu persónu frásagnir þar sem nafnlaus sögumaður segist vinna úr heimildum, ýmist munnlegum eða skriflegum, og að þessu leyti hafa bækurnar yfirbragð sagnfræði eða mannfræðiverka. Eitt verk til viðbótar úr smiðju Halldórs Laxness kemur verulega við sögu en það er fyrsta endurminningabók hans, *Skáldatími* sem kom út 1963, en eins og Alda Björk Valdimarsdóttir bókmenntafræðingur hefur bent á minnir sögumaður þeirrar bókar á sögumenn *Kristnihalds undir Jökli*, *Innansveitarkroniku* og *Guðsgjafabulu* að því leyti að í upphafi frásagnanna eru þeir spurulir og áhugasamir, en undir lokin eru þeir ringlaðir og fáfróðir gestir sem skilja ekki hverju þeir hafa orðið vitni að.<sup>2</sup> Vanda-mál sögumannanna og sagnanna þar með er þó ekki einungis fólgið í því hvernig eigi að botna í þeim atburðum sem henda á líðandi stundu, þau varða líka þann vanda að vitja fortíðar sinnar og segja af henni sögu. Sögumaður *Guðsgjafabulu* kemst að því að hann mat atburði öðruvísi meðan þeir áttu sér stað en þegar sagan er sögd. Þetta orðar hann svo: „Nokkrir kapitular sem hér fara á eftir rísa á [...] minnisgreinum ásamt óskráðum endurminningum atvika sem mér mundu ekki hafa þótt minnisverð þá, en standa mér núna fyrir hugskotssjónum skýrar en daginn sem þau gerðust; sé þau að minstakosti í því ljósi sem saga gefur atburði; því tíminn einn gerir sögu; og frásögn af því sem er að gerast núna getur ekki orðið saga fyren tímar líða“ (Gþ 166).

Þetta verk skiptist í þrjá kafla. Í þeim fyrsta er viðtökusaga skáldsagnanna þriggja rakin, í öðrum kaflanum er fjallað um það sem Halldór skrifar um bókmenntir og sögu í *Skáldatíma* og ritgerðum frá sjöunda áratugnum og í þriðja og síðasta kafla eru *Kristnihald undir Jökli*, *Innansveitarkronika* og *Guðsgjafabula* túlkaðar hver í sínu lagi. Þessari þrískiptu nálgun mætti líkja við það að kaupa grip í IKEA, fyrst lýsir sölumaðurinn hlutnum fyrir þér með hliðsjón af sögu og stefnu IKEA, næst lestu leiðbeiningar um það hvernig hluturinn er saman settur út frá sjónarhorni framleiðandans og loks þarftu að glíma við það sjálfur að setja hann saman og reyna gildi hans. Í því

ferli sem hér er lýst skiptir merkið, — höfundurinn, miklu máli í fyrstu en eftir því sem á líður reynir meira á hyggjuvit þess sem tekur á móti, — lesandans.

## Viðtökusaga

Þegar höfundarferill Halldórs Laxness er skoðaður er ekki einboðið af hvaða sjónarhóli skuli segja sögu hans. Um Halldór er t.d. hægt að rita frá pólitísku sjónarmiði, um hann er m.ö.o. hægt að semja „skítaþulu“ svo notast sé við orðalag sögumanns *Guðsgjafapulu*. Á fjórða áratug síðustu aldar ritaði hann tvær lofgjörðir um Sovétríkin undir stjórn Stalíns, *Í austurvegi* (1933) og *Gerska ævintýrið* (1938). Þau rit ásamt fjölda pólitískra ræðna og blaðagreina öfluðu Halldóri tryggra hatursmanna og aðdáenda. Á sama tímabili samdi hann þrjár þjóðfélagslegar skáldsögur, *Sölku Völku* (1931–32), *Sjálfstætt fólk* (1934–35) og *Heimsljós* (1937–40). Upp frá því var Halldór umdeildasti rithöfundur þjóðarinnar. Þegar komið er fram á fimmta áratuginn verða þjóðernislegar áherslur ríkar hjá Halldóri bæði í ræðu og riti og því má hæglega segja sögu hans frá þjóðernislegu sjónarmiði með skáldsöguna *Íslandsklukkuna* (1943–46) í forgrunni, en hún kom út um það leyti sem Íslendingar fögnuðu sjálfstæði sínu 1944. Þegar skáldsögurnar þrjár sem hér eru til umfjöllunar koma út undir lok sjöunda áratugarins og upphafi þess áttunda er Halldór með öðrum orðum ekki ungur nafnlaus höfundur. Þvert á móti er höfundarnafn hans öllum kunnugt auk þess sem hann hefur látið sig alla þætti mannlífsins varða og tileinkað sér eða tekið þátt í umræðu um margháttada hugmyndafræði, t.d. kommúnisma, þjóðernisstefnu, kaþólsku og austurlenska heimspeki. Halldór er jafnframt margverðlaunaður höfundur, og þar ber nóbelsverðlaunin hæst sem hann hlaut árið 1955. Allt þetta og meira til hefur áhrif á þær væntingar sem lesendur hafa til verka Halldórs. Viðtökusaga skáldsagnanna þriggja verður hér könnuð í tvennum tilgangi: annars vegar til að sjá hvernig ólíkar myndir af Halldóri hafa áhrif á viðtökur þeirra, hins vegar til að svara þeirri spurningu hvers vegna *Inmansveitarkronika* og *Guðsgjafapula* hafa hlotið minni athygli en *Kristnihald undir Jökli* á síðari árum.

Ég ætla að byrja á því að gera grein fyrir fyrri atriðinu, en samtíma viðtökurnar eru notaðar til að renna stoðum undir eftirfarandi

kenningu: *Kristnihald undir Jökli*, *Innansveitarkronika* og *Guðsgjafabula* eru skrifaðar gegn túlkunum sem byggja á víðtækum hugmynda-kerfum en hvetja fremur til þess að lesendur íhugi með hvaða hætti og á hvaða forsendum þeir túlka listaverk og raunveruleikann yfirleitt. Myndirnar sem menn gera sér af Halldóri byggja oftar en ekki á heildartúlkun á höfundarverki hans þar sem hugmyndafræði af einhverju tagi er lögð til grundvallar. Að sumra mati eru t.d. skáldsögur hans frá fjórða áratugnum bestu verk hans vegna þeirrar hvössu þjóðfélagsgagnrýni sem þar er að finna, að annarra hyggju er *Íslands-klukkan* mikilvægust vegna þýðingar hennar fyrir íslenska þjóð og sjálfstæðisbaráttuna. Ætlun mín er að greina ritdóma sem birtust í dagblöðum og tímaritum í því augnamiði að sýna fram á spennu milli þeirrar hugmyndafræði sem gagnrýnendur vilja meta verkin út frá og innbyggðrar andstöðu verkanna við lestur af því tagi. Einkum verður horft á þrjár myndir: þjóðskáldið, þjóðfélagsskáldið og bókmenntafræðinginn. Rannsóknir á viðtökusögu falla mjög vel að umfjöllunarefnum *Kristnihalds undir Jökli*, *Innansveitarkroniku* og *Guðsgjafabulu*. Einkenni á þeim öllum er áhugi á þeim sjónarmiðum sem hlutir eru skoðaðir út frá og í þeim öllum eru fyrirferðarmiklar vangaveltur um það hvernig skynjun manna er háð skilningi þeirra á heiminum. Í síðari köflunum tveimur verður reynt að fara nánar í saumana á því hvernig andstaða við víðtæk hugmyndakerfi er innbyggð í textann og eins hvernig athygli lesandans er beint að túlkunum á listaverkum og veruleika.

Hér að framan var fullyrt að *Innansveitarkronika* og *Guðsgjafabula* hafi hlotið minni athygli en *Kristnihald undir Jökli* á síðari árum.<sup>3\*</sup> Ástæðurnar fyrir þessu eru að mínu mati tvær en samþættar: annars vegar að *Kristnihald undir Jökli* hefur verið flokkuð með móðernískum formbyltingarverkum sem komu út undir lok sjöunda áratugarins á Íslandi, hins vegar að *Innansveitarkroniku* og *Guðsgjafabulu* hefur verið skipað á bekk með endurminningabókunum fjórum sem komu út í einni striklotu í kjölfarið; *Í túninu heima* (1975), *Úngur ég var* (1976), *Sjömeistarasagan* (1978) og *Grikklandsárið* (1980). Þegar skáldsögurnar þrjár komu út sáu gagnrýnendur augljósar líkingar með þeim og það má jafnvel halda því fram að *Innansveitarkronika* og *Guðsgjafabula* hafi átt sinn þátt í að opna augu áhrifamestu gagnrýnenda samtímans eins og t.a.m. Ólafs Jónssonar fyrir frumleika *Kristnihalds undir Jökli*.

Áður en fjallað verður um skáldsögurnar þrjár sameiginlega er nauðsynlegt að átta sig á í hvaða samhengi *Kristnihald undir Jökli* hefur verið lesið. Það samhengi tengist umræðum um mótternisma og fyrstu nútímaskáldsöguna á Íslandi þar sem Halldór Guðmundsson og Ástráður Eysteinnsson tókust á. Það er einkum í skrifum þess síðarnefnda sem *Kristnihald undir Jökli* kemur við sögu og því má halda fram að áhrifa hans gæti í *Íslenskri bókmenntasögu* Máls og menningar þar sem Guðmundur Andri Thorsson lýsir aðdraganda þess að *Kristnihald undir Jökli* kemur út:<sup>4\*</sup>

Um miðjan sjöunda áratuginn lá í loftinu að straumhvörf væru á næsta leiti, upplausn gamalla gilda og aðferða og uppreisn gegn öllum stofnunum og goðsögnum samfélagsins, til hægri og vinstri. Árið 1966 kom út bók Guðbergs Bergssonar, Tómas Jónsson: *Metsölubók*, og náði að fanga þetta andrúmsloft — og móta það um leið — með róttækari hætti en Halldór gat vænst þess að geta gert. Bylting virtist í aðsigi: í vændum var rokkmúsík og æskumenning, byltingarrómantík og vímuþjafar sem bjöguðu skynjun fólks. Halldór Laxness virtist orðinn of stór, of rosinn og of mikil stofnun sjálfur til að taka þátt í þessu umróti — þar til kom að *Kristnihaldi undir Jökli* (1968).<sup>5</sup>

Lykilhugtak í umræðu Ástráðs Eysteinnssonar um fyrstu nútímaskáldsöguna og mótternisma hefur verið „viðmið“ en það sækir hann til vísindaheimspekingsins Thomas S. Kuhn. Hugtakið kynnir Ástráður til sögunnar í greininni „Fyrsta nútímaskáldsagan og mótternisminn“ þar sem hann andmælir þeirri túlkun Halldórs Guðmundssonar á íslenskri bókmenntasögu að *Vefarinn mikli frá Kasmír* (1927) eftir Halldór Laxness sé fyrsta íslenska nútímaskáldsagan. Afstöðu sína setur Ástráður fram með eftirfarandi hætti:

Áður en lengra er haldið langar mig að kippa traustari fætinum undan mínum eigin titli. „Fyrsta nútímaskáldsagan“ er ekki til. Eða réttar sagt: hún er ekki til sem einstök bók eða afmarkað verk. Hún er hinsvegar til sem söguleg túlkun. Hægt er að benda á hvernig tiltekin saga ber með sér ummerki nýs viðmiðs í bókmenntasögunni, nýrrar afstöðu til viðtekinna forma og boðskipta í skáldsagnagerð. Aðrir kynnu svo að benda á tilurð sama eða ámóta viðmiðs í öðru verki sem fremur ætti að teljast „fyrst“. [...] Þorsteinn Gylfason hefur bent á að hugtakið [viðmið] eigi sér þrjá meginþætti; það taki til hugmyndaheima, stofnana og einstakra verka. Sé mótternismi virkt afl í bókmenntasögunni

tel ég að hans megi sjá stað í öllum þremur þáttum: það er að segja ekki aðeins í einstökum formbyltingarverkum, heldur einnig í nýjum umræðuforsendum innan bókmenntastofnunarinnar og í ummerkjum um nýja hugmyndaheima.<sup>6</sup>

Niðurstaða Ástráðs er í stuttu máli sú að þótt sjá megi ýmis nútímaleg einkenni á *Bréfi til Láru* (1924) eftir Þórberg Þórðarson og *Vefaranum mikla frá Kasmír* þá verði móðernismi „ekki að viðmiði, virku, samfelldu afli, fyrr en eftir miðjan sjöunda áratuginn.“ Ástráður telur að líta megi á *Tómas Jónsson metsölubók* (1966) eftir Guðberg Bergsson sem slíkt brautryðjandaverk og meðal þeirra höfundar sem fylgi í kjölfar hans séu Svava Jakobsdóttir, Thor Vilhjálmsson, Þorsteinn frá Hamri og Halldór Laxness.<sup>7</sup>

Nokkurs konar framhald af þeirri grein sem hér hefur verið vitnað til er önnur grein úr smíðju Ástráðs sem nefnist „Halldór Laxness og aðrir höfundar“. Í henni fjallar hann m.a. um þátt Halldórs Laxness í því að ryðja þessu nýja viðmiði braut á sjöunda áratugnum. Þar spyr hann hvað sé á seyði í íslenskri sagnagerð um og eftir 1940. Hann telur að á fimmta áratugnum verði Halldór „höfundur í skilningi sem vís[i] út fyrir hans eigin verk“ því hann geri skáldsöguna að virtri bókmenntagrein á Íslandi sem gefi jafnvel til efni til samanburðar við Íslendingasögur. Ástráður segir að Halldór spinni á þessum árum „epískan vef“ þar sem hann sé í hlutverki köngulóar. Þræðir vefsins séu skáldsögur hans: *Sjálfstætt fólk*, *Heimsljós*, *Íslandsklukkan* en líka fornsagnaútgáfurnar, þýðing Halldórs á *Vopnin kvödd* eftir Ernest Hemingway og ritgerðir um innlendar og erlendar bókmenntir.<sup>8</sup> Í greiningunni kemur Halldór manni fyrir sjónir sem strangur faðir sem stýrir fagurfræðilegri umræðu um bókmenntir inn á brautir sem liggja samhliða hans eigin verkum. Þegar Ástráður víkur að tilkomu *Kristnihalds undir Jökli* segir hann:

Það sem er hvað athyglisverðast við þessi umskipti er að Halldór Laxness rýfur sjálfur þann hefðarhring sem hann hafði áður haldið saman. Eftir að hafa fyrst gerst frumkvöðull í móðernískri leikritun, birtir hann *Kristnihald undir Jökli* árið 1968 [...] Þar með fékkst viss staðfesting á að hringurinn væri rofinn.<sup>9</sup>

Lýsing Ástráðs Eysteinsonar á hringnum um Halldór Laxness er villandi að mínu viti að því leyti að Ástráður gerir ekki grein fyrir því



hvernig verk Halldórs sjálfs festust í þeim epíska vef sem lýst var að framan. Í greiningu Ástráðs á viðmiðinu slær hann þann varnagla að fyrsta nútímaskáldsagan sé eingöngu til sem „söguleg túlkun“ og hann gengst fyllilega við því að það séu hans eigin sjónarmið sem hann setur fram. Þegar talið berst að Halldóri virðist hann hins vegar þeirrar skoðunar að Halldór Laxness hafi sjálfur spunnið sína sögu.<sup>10\*</sup>

Ástráður segir að *Kristnihald undir Jökli* beri alls ekki að skoða „einvörðungu í framhaldi af fyrri prósavverkum [Halldórs], því að með frásagnarhætti þeirrar sögu og táknrænni úrvinnslu [taki] Halldór í raun þátt í þeirri módernísku byltingu sem varð á þessum árum.“<sup>11</sup> Hvað með síðari prósavverk Halldórs, t.d. skáldsögurnar sem hér eru til umfjöllunar auk *Kristnihalds undir Jökli*, þ.e. *Guðsgjafapula* og *Innansveitarkroniku*? Í framhaldi af túlkun Ástráðs mætti spyrja sem svo: Ef verk Guðbergs Bergssonar, Thors Vilhjálmssonar og Svövu Jakobsdóttur ásamt *Kristnihaldi undir Jökli* hefðu skapað nýtt viðmið í umræðu um bókmenntir, væru þá seinni verk Halldórs Laxness eins og *Guðsgjafapula* og *Innansveitarkronika* sniðgengin að jafnverulegu leyti í bókmenntaumræðu seinni ára og raun ber vitni? Að svo stöddu leyfi ég mér að setja fram tvær kenningar; annars vegar að önnur viðmið í umræðu um verk Halldórs Laxness hafi verið sterkari en þau sem lutu að módernisma eða fyrstu nútímaskáldsögunni, hins vegar að það megi hugsa sér að *Kristnihald undir Jökli*, *Innansveitarkronika* og *Guðsgjafapula* eigi ekki samleið með verkum hinna höfundanna sem nefnd voru hér að framan vegna þess að þau séu ekki módernísk heldur eitthvað annað.

## Skáldatími

Frá því að *Paradísarheimt* kemur út árið 1960 og þar til *Kristnihald undir Jökli* lítur dagsins ljós 1968 sendir Halldór Laxness ekki frá sér neina nýja skáldsögu. Hann situr þó ekki auðum höndum heldur fæst við ritgerðasmíðar og leikritun auk þess sem hann skrifar endurminningabókina *Skáldatíma*. Árið 1962 skrifar hann ritgerðina „Persónulegar minnisgreinar um skáldsögur og leikrit“ sem birtist víða erlendis næstu árin áður en hún er prentuð í *Tímariti Máls og menningar* árið 1964. Ritgerðin er viðbragð Halldórs við alþjóðlegri

umræðu um það að skáldsögur eigi undir högg að sækja og hann lýsir ýmsum vandamálum sem hann telur að skáldsagnahöfundar standi frammi fyrir. Guðmundur Andri Thorsson fjallar um greinina í *Íslenskri bókmenntasögu V* og bendir á að Halldór neiti „því að til [sé] einn stórisannleikur og þeim efasemdum hans teng[ist] áleitnar efasemdir um sjálfa skáldsöguna og aðferðir hennar og erindi.“ Guðmundur Andri tekur sem dæmi að í umfjöllun um skáldsagnahöfunda noti Halldór orðin „rétttrúnaðarhugmynd“, „einokun“ og „goðsagnir“ eins og skammaryrði og dregur af því þá ályktun að Halldór hafi verið „farinn að upplifa skáldsagnahöfundinn sem ógeðfelldan einrædisherra í verki sínu — nokkurs konar Stalín.“<sup>12</sup> Leikritahöfunda lítur Halldór öðrum augum því honum virðist sem leikritahöfundi stafi ógn af áhorfendum og það haldi honum við efnið: „Í miðri skáldsögu getur höfundurinn alt í einu byrjað ritgerð eða farið að halda ræðu um sjálfvalið efni, og aungan sakar, nema lesarinn verður þungur yfir höfðinu, leggur frá sér bókina og fer að lúra. Einhverntíma þegar hann er betur fyrir kallaður grípur hann kanski til hennar aftur þó þetta sé áreiðanlega heldur vond bók. Í leikriti geta leiðindi af þessu tagi orðið til að æsa múg gegn höfundinum.“<sup>13</sup>

„Persónulegar minnisgreinar um skáldsögur og leikrit“ eru álitnar lykilverk að hugmyndum Halldórs um skáldskaparlist á sjöunda áratugnum því þar gefur hann m.a. skýringar á því hvers vegna hann hafi tekið sér hlé frá skáldsagnagerð og snúið sér að leikritun. Endurminningabókin *Skáldatími* hefur einnig öðlast sess sem lykilverk varðandi sinnaskipti Halldórs en ekki á sviði bókmennta heldur stjórn mála. Um *Skáldatíma* og áhrif þeirrar bókar segir Guðmundur Andri Thorsson í *Íslenskri bókmenntasögu V*:

Og loks hafði hann gert upp við sovétkommúnismann í *Skáldatíma* árið 1963, með sínum hætti. Sú bók hafði að geyma blöndu af minningum um samferðafólk og hugleiðingum um þjóðfélagsmál. Hann ræðir þar kynni sín af ýmsum skáldum og áhrif sem þau höfðu á hann en mestar geðshræringar vöktu þó skrif hans um Sovétríkin þar sem hann staðhæfði að sú tíð væri liðin að þess væri að vænta að „Eyjólfur hressist“, afskrifaði með öðrum orðum kerfið þar eystra og hætti að bera í bætifláka fyrir það.<sup>14</sup>

Frægasta kafla *Skáldatíma* er að finna undir lok bókarinnar þar sem greinir frá handtöku þýskrar flóttakonu, Veru Hertzsch, sem Halldór

varð vitni að í Sovétríkjunum árið 1938. Þessi kafli hefur átt stóran þátt í því að litið hefur verið á *Skáldatíma* sem uppgjör Halldórs við Sovétríkin. Frásögnin af handtökunni hefur verið talin til marks um það að Halldór hafi vitað af ógnarstjórn Stalíns jafnvel meðan hann ritaði áróðursritið *Gerska ævintýrið* og því talað gegn betri vitund. *Skáldatími* vakti gríðarlega mikla athygli á Íslandi þegar hann kom út, en Halldór virðist sjálfur ekki hafa búist við þeirri eindregnu pólitísku túlkun sem bókin fékk. Spurningu blaðamanns *Morgunblaðsins* um móttökur bókarinnar svarar hann svo 12. október 1963: „Hér er ekki bókmenntalegur áhugi til, ef ráða má af blöðunum, aðeins stjórn málaalegur áhugi. [...] Hér ríkir sem kallað er pólitísk neurosa eða pólitísk psykosa.“<sup>15</sup>

Gremja Halldórs er skiljanleg að því leyti að *Skáldatími* fjallar um mikið umbrotaskeið á ferli hans hvað lífsskilning og afstöðu til pólitíkur og bókmennta varðar. Hann segir frá því þegar hann segir skilið við kaþólska trú á seinni hluta þriðja áratugarins og verður sannfærður sósíalisti. Og hann lýsir líka hvernig það bar til að hann hverfur frá þeirri lausbeisluðu tilraunamennsku sem einkenndi *Vefarann mikla frá Kasmír* (1927) og snýr sér að þjóðfélagslegri skáldsagnagerð á fjórða áratugnum. Í *Skáldatíma* er spurt um hlutverk höfunda og erindi þeirra við samfélagið og lesendur á ólíkum tímum og þannig er bókin náskyld „Persónulegum minnisgreinum um skáldsögur og leikrit“ og fleiri ritgerðum Halldórs. Kjarni umfjöllunar minnar í öðrum hluta bókarinnar er leit Halldórs að nýrri frásagnartækni. Grundvallarhugtök úr ritum hans eins og Plús Ex og „skáldatími“ verða tekin til umræðu og þau sett í sambengi við kenningar í frásagnarfræðum. Markmið kafans er að sýna hvernig Halldór skapar ný tengsl milli höfundar, sögumanns og sögusviðs í því augnamiði að fá lesandann til að hugsa um hlutverk sitt sem túlkanda með nýjum hætti. Halldór virðist grafa með markvissum hætti undan því sem kalla mætti goðsögnina um höfundinn sem guðlega veru og einu merkingaruppsprettu skáldverksins. Þegar *Skáldatími* er skoðaður með hliðsjón af ritgerðum frá svipuðum tíma kemur í ljós að bókin er tvöföld í roðinu. Í henni greinir Halldór frásagnartækni eldri verka sinna, t.a.m. *Sölku Völku*, en um leið gerir hann tilraunir með nýja. Hér verður sú kenning sett fram að Halldór hafi þegar í *Skáldatíma* verið farinn að leggja grunn að þeirri tækni sem hann beitir í skáld-

sögunum *Kristnihaldi undir Jökli*, *Innansveitarkroniku* og *Guðsgjafaþulu*. *Skáldatími* er hugleiðing um tíma, sögu og endurminningar; í henni vakna spurningar um það hvaða persónur og atburðir eru markverðir þegar tímar líða og hvernig á að segja af þeim sögu. Þessar hugleiðingar Halldórs eru ekki léttvægar og þær skipta máli meðal annars þegar hugsað er til þess hvernig saga hans sjálfs er sögð í dag. Alda Björk Valdimarsdóttir fullyrðir t.a.m. í greininni „Vera Hertzsch: Dæmisögur um siðferði skálds“: „Þó að saga Veru [Hertzsch] hafi vakið mikla athygli á sínum tíma hefur vægi sögunnar vaxið með tímanum og hún er orðin veigameiri þáttur í höfundarverki Halldórs Laxness en hann hefði eflaust nokkru sinni órað fyrir að hún yrði þegar hann setti hana á blað.“<sup>16</sup>

## Sjónarvottar

Það leikur ekki vafi á því að *Kristnihald undir Jökli* er skáldsaga, en þegar rætt er um *Guðsgjafaþulu* og *Innansveitarkroniku* vandast málið. Í *Innansveitarkroniku* er söguviðið heimaslóðir Halldórs í Mosfellssveit og ýmsar persónur sem byggðu sveitina allt frá öndverðu til frásagnartímans koma við sögu. Á sama hátt hafa fræðimenn reynt að sanna með tilvísun til heimilda að *Guðsgjafaþula* sé sjálfsævisögulegt verk. Bækurnar komu út á undan endurminningabókum Halldórs en þær fylgja í kjölfarið hver á fætur annarri: *Í túninu heima* (1975), *Úngur eg var* (1976), *Sjömeistarásagan* (1978) og *Grikklandsárið* (1980). Í umfjöllunum síðari tíma fræðimanna er sem endurminningabækurnar togi sögurnar til sín og geri þær að nokkurs konar millispili milli skáldsagnanna og endurminningabókanna. Guðmundur Andri Thorsson segir t.a.m. í *Íslenski bókmenntasögu V* að *Guðsgjafaþula* sé „upptaktur“ að síðasta báli Halldórs. Í endurminningabókum Halldórs leikur enginn vafi á því að það er Halldór Laxness sem greinir frá sinni eigin ævi. Í *Innansveitarkroniku* og *Guðsgjafaþulu* eru sögumennirnir nafnlausir en leikið er markvisst á væntingar lesandans um það að sögumaðurinn stígi fram á sjónarsviðið og geri grein fyrir því hver hann sé í „raun og veru“. Sjálfur segir sögumaður síðarnefndu bókarinnar: „Hér er ég að rekja þá eina sögu þar sem ævisaga mín skiftir ekki máli“ (Gþ 86).

Eitt af því sem gerir *Innansveitarkroniku* og *Guðsgjafaþulu* svo athyglisverðar að mínu mati er hversu erfitt er að festa á þeim hend-

ur eða skilgreina í eitt skipti fyrir öll. Þegar Guðmundur Andri lýsir *Innansveitarkroniku* í *Íslenskri bókmennitasögu V* rekur hver skilgreiningin aðra. Hún er: „mitt á milli þess að mega teljast skáldsaga og sagnaþáttur“; stuttu síðar segir hann að í henni nalgist „Halldór einnig þjóðlegan sagnastíl — rit[i] nokkurs konar annál“ og ennfremur: „Að auki er þarna saga innan í sögunni [...] sem í fljótu bragði virðist dæmisaga um dyggðug hjú, en er þó kaldhæðnislegri en svo að hægt sé að taka hana á orðinu.“<sup>17</sup> Í síðasta kafla þessa verks verður reynt að skýra hvers vegna það vefst fyrir mönnum að skilgreina *Guðsgjafabulu* og *Innansveitarkroniku*. Einnig verður reynt að lýsa hvaða áhrif slík óvissa hefur á lesandann. Í túlkun minni leitast ég við að greina *Innansveitarkroniku* og *Guðsgjafabulu* frá endurminningabókunum og því eru þær túlkaðar í samhengi við *Kristnihald undir Jökli*.

Hin þríþætta nálgun sem hér hefur verið lýst er valin vegna þess að ég tel að hún þjóni efni sagnanna best. Til þess að lesendur geti t.a.m. áttað sig á leik Halldórs með eigin nærveru og fjarveru í *Kristnihaldi undir Jökli*, *Innansveitarkroniku* og *Guðsgjafabulu* verða þeir að hafa tilfinningu fyrir þeim væntingum sem gerðar voru til Halldórs og verka hans þegar þau komu út. Leit hans að nýjum frásagnarhætti verður líka skiljanleg þegar hún er skoðuð í þessu sama ljósi. Á hvítu plötu Bítlanna sem kom út um líkt leyti og *Kristnihald undir Jökli*, á haustmánuðum 1968, syngur John Lennon um glerlaukinn í laginu „Glass onion“. Þar hrærir hann saman ýmsum textabrotum úr frægum lögum Bítlanna, en vefur líka inn í þau ýmsum getgátum sem blaðamenn og almenningur höfðu spunnið í kringum lögin, m.a. um dauða Pauls McCartney. Glerlaukurinn er tákn fyrir leit að merkingu í textum Bítlanna og boðskapur textans er sá að leitinn sé ferð án fyrirheits. Glerlaukurinn er tákn um eitthvað sem hefur engan kjarna en hleður samt sem áður utan á sig fjölmörgum lögum sem við viljum geta séð í gegnum. Til þess að átta sig á þessu verður maður hins vegar að þekkja til tónlistar og sögu Bítlanna, og nú stendur maður frammi fyrir þversögn. Nálgun mín að verkum Halldórs er að sumu leyti áþekkt. Ef við hugsum okkur sögur hans eins og glerlauk þá er gerð tilraun til að fjarlægja eitt lag utan af textanum, hvert á fætur öðru, en það má vera að merkingin verði ekki ljós fyrir en laukurinn hefur verið settur saman aftur og við horfum í gegnum hann öðru sinni.



# 1. HLUTI: VIÐTÖKUSAGA

## EINN AF ANDLITSDRÁTTUM SAMTÍÐARINNAR

[M]ér blöskra erfiðleikarnir á því að gera fasta og ápreifanlega mynd af slíkum manni [sem Upton Sinclair] sem enn er ekki annað en líf og hreyfing, en eins og þér vitið, þá er maðurinn fyrst orðinn „saga“, þegar hann er búinn að sleppa tókunum á sínum veruleikans og genginn fyrir ætternisstapa. Það er tiltölulega auðvelt að draga upp mynd af manni eins og hann kemur fram á ákveðnum stað og stund, einkum ef staðurinn og stundin eru þess eðlis að auglýsa kjarnann í persónuleik hans og lífsferli, en hitt mjög vandkvæðum bundið að gera heildarmynd af hálfleiknu æfihlutverki meðan maðurinn er enn snar þáttur viðburðalífsins með þjóð sinni, órjúfanlega tengdur hinum margvíslegu hreyfingum dagsins, einn af andlitsdráttum samtíðarinnar.

*Halldór Laxness<sup>1</sup>*

*Morgunblaðið* birtir „Annál ársins“ á gamlársgangi 1968. Þar er farið hratt yfir sögu á innlendum og erlendum vettvangi og blandað saman gamni og alvöru eins og venja er á þessum tímamótum. Höfundarnir færa sér hraðferðina í nyt og beita því stílbragði að tefla saman frásögnum af atburðum af ólíku tagi í einni og sömu setningunni. Lesendum ætti þó að vera í lófa lagið að sjá tengsl á milli þeirra þannig að úr verði ný og óvænt merking. Eftirfarandi er dæmi um þetta: „Út kom ný skáldsaga eftir Laxness, Kristnihald undir Jökli, og KR vann Íslandsbikarinn í knattspyrnu í 20. sinn.“<sup>2</sup> Lesendur kunna

að brosa yfir þessari setningu af ýmsum ástæðum, t.d. vegna þess að þó það sé frétt næmt að Halldór sendi frá sér bók þá er það e.t.v. ekki óvænt fremur en 20. Íslandsbikar KR-inga, önnur ástæða gæti falist í líkingunni milli umfjöllunar um bóksölu og keppnisíþróttir. Fréttir af sölu *Kristnihalds undir Jökli* eru fyrirferðarmiklar í íslenskum dagblöðum á haustmánuðum 1968 og fyrirsögninni „Kristnihald selst best“ er svo slegið upp á baksíðu *Morgunblaðsins* undir lok jólavertíðarinnar rétt eins og úrslit í keppni liggja fyrir.<sup>3</sup> Þriðja ástæðan fyrir brosi lesenda gæti verið sú að Halldór á þegar hér er komið sögu nokkuð álitlegt safn verðlauna rétt eins og KR, elsta knattspyrnulið á Íslandi, og eins og KR heldur Halldór áfram að hlaða á sig verðlaunum. *Kristnihald undir Jökli* selst ekki aðeins betur en aðrar bækur heldur velja gagnrýnendur dagblaðanna hana líka „beztu bókina á árinu [1968]“.<sup>4</sup> Því til staðfestingar afhenda þeir Halldóri bókmenntaverðlaunin Silfurhestinn 18. janúar 1969. Í nefndinni sátu Ólafur Jónsson frá *Alþýðublaðinu*, Jóhann Hjálmarsson frá *Morgunblaðinu*, Eiríkur Hreinn Finnbogason frá *Vísi*, Árni Bergmann frá *Þjóðviljanum* og Andrés Kristjánsson frá *Tímanum*. Atkvæðagreiðslan fór þannig fram að hver gagnrýnandi tilnefndi þrjár bækur og gaf þeirri efstu 100 stig, næstu 75 stig og þeirri þriðju 50 stig. Í *Tímanum* segir um úrslitin: „Stig féllu þannig nú, að Kristnihald undir Jökli hlaut 450 stig, ljóðabókin *Innlönd* eftir Hannes Pétursson hlaut 400 stig, Tólf kvíður, þýðing Guðmundar Böðvarssonar á Dante-ljóðum, hlaut 100. Fljótt, fljótt sagði fuglinn eftir Thor Vilhjálmsson hlaut 75 stig og 50 stig hlaut Agnar Þórðarson og Einar Ólafur Sveinsson.“

Í ævisögu Halldórs Laxness eftir Halldór Guðmundsson segir að íslensku blöðin hafi borið lof á *Kristnihald undir Jökli* „nánast einum rómi, hvort heldur var Jóhann Hjálmarsson í *Morgunblaðinu* eða Árni Bergmann í *Þjóðviljanum*.“<sup>5</sup> Í framhaldinu vitnar hann til bréfs frá Peter Hallberg sem hrósar bókinni og til bréfa sem Auður Laxness sendi eiginmanni sínum þar sem hún segir frá jákvæðum viðbrögðum, t.d. Kristins E. Andréssonar og Tómasar Guðmundssonar. Halldór Guðmundsson dregur saman viðtökur bókarinnar og áhrif hennar á afstöðu Íslendinga til Halldórs og segir að þótt „nokkrir íslenskir gagnrýnendur hefðu skrifað mjög vinsamlega um leikritin, höfðu þau ekki þótt nógu sannfærandi og Skáldatími hafði vakið pólitískar deilur. Með *Kristnihaldinu* þagna efasemdaraddir, og hvernig sem mönn-



um líkaði bókina hafði Halldór sannað hæfileika sína til endurnýjunar og fjórrar nýsköpunar.<sup>6</sup> Ef ritdómarnir sem Halldór Guðmundsson nefnir til sögunnar hér að framan eru skoðaðir má til sanns vegar færa að umfjöllun Jóhanns Hjálmarssonar sé lofsamleg. Dómur Árna Bergmann er hins vegar blendinn og þegar gagnrýni Ólafs Jónssonar í *Alþýðublaðinu*, Andrésar Kristjánssonar í *Tímanum*, Steindórs Steindórssonar í *Heima er bezt* og Þráins Bertelssonar í *Vísi* er lesin að auki kemur flatt upp á mann að Halldór Laxness skuli hafa fengið Silfurhestinn því Jóhann Hjálmarsson er einn um að vera ótvírætt jákvæður í garð bókarrinnar.<sup>7\*</sup> Í ljósi orða Halldórs Guðmundssonar um hæfileika Laxness til „endurnýjunar og fjórrar nýsköpunar“ vekur sérstaka athygli að ritdómarnir eru síður en svo eindregnir í skoðunum sínum í þessu efni.<sup>8</sup> Árni Bergmann segir t.a.m. í innangi að ritdómi sínum:

Lengi vorum við vanir því Íslendingar að ný skáldsaga eftir Halldór Laxness gæfi tilefni til athugana í þá veru, að alltaf væri þessi maður að endurnýja sig, nú hefði hann enn einu sinni ruðzt inn á nýtt svið tilveru okkar og brugðið þar upp sínu ljósi. Ekki verða slíkar hugleiðingar áleitnar við lestur Kristnihalds undir Jökli. Miklu fremur þykjumst við kannast í þessari sögu við æði margt úr verkum síðari ára. Andstæður kenningasmiða og taóista, styrkur þeirra sem vinna hljóðlega eins og vatn í trássi við ærustu heimsins, holhljóma yfirgangur kenningasmiða, glíman við hlutlægni í frásögn — allt þetta og margt fleira þekkjum við úr leikritum, hugvekjum síðari ára. En þar fyrir er Halldór Laxness sá fagmaður í sínum járningum að hvenær sem hann stefnir persónum saman á bók, kviknar af því líf sem er forvitnilegt og skemmtilegt og með einhverjum hætti nýtt. Menn geta, ef til vill, saknað pólitískrar og siðferðilegrar ástríðu fyrri verka Halldórs, en andríki hans og fyndni eru á sínum stað, hvað sem öðru líður.<sup>9</sup>

Þótt Árni Bergmann dragi ekki í efa hæfileika Halldórs Laxness sem rithöfundar er óhætt að fullyrða að hann sé beggja blands í afstöðu sinni til frumleika verksins. Í ritdómi Þráins Bertelssonar í *Vísi* og Ólafs Jónssonar í *Alþýðublaðinu* má efnislega finna sömu gagnrýni á endurtekningar skáldsins á stefjum og manngerðum.<sup>10</sup> Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði, ritaði ævisögu Halldórs Laxness sem kom út í þremur bindum á árunum 2003–2005.<sup>11</sup> Hann skrifar um viðtökur *Kristnihalds undir Jökli* í þriðja

bindinu og þar segir að það hafi hlotið „góða dóma, þótt þeir virtust sumir frekar vera um höfundinn en verkið.“<sup>12</sup> Það má taka undir þessi orð Hannesar og ritdómarnir varpa ljósi á það hversu flókin tengslin milli höfunda og verka geta verið. Viðtökur nýttkominnar bókar litast gjarna af fyrri verkum höfundar og jafnvel æviskeiði hans og skoðunum sem hann aðhyllist. Um *Kristnihald undir Jökli* er ekki deilt með sama hætti og endurminningabókina *Skáldatíma* en þó má greina í ritdómunum ólíkar myndir sem dregnar eru upp af Halldóri og þær sýna að gagnrýnendur eru ekki á einu máli um það fyrir hvað höfundurinn standi eða eigi að standa. Franski fræðimaðurinn Michel Foucault veltir vöngum yfir sambandi texta og höfundar í greininni „Hvað er höfundur?“<sup>13</sup> Þar spyr hann spurninga eins og „hvað er höfundarnafn?“ og „hver er virkni þess?“ Þó Foucault veiti ekki endanleg svör við þessum spurningum þá afhjúpar hann vandamál samfara notkun höfundarnafnsins, en hann heldur því fram að höfundarnafn sé sérnafn og sem slíkt sé vísunargildi þess jafngildi eins konar lýsingar. Ef við nefnum t.d. nafn Halldórs Laxness, þá er það jafngilt því að segja ‚höfundur *Íslandsklukkunnar*‘ eða ‚íslenski rithöfundurinn sem hlaut nóbelsverðlaunin 1955‘ o.s.frv. Höfundarnafnið og sérnafnið hafa þó líka ólíka eiginleika. Til að skýra þetta má líta á sérnafnið Snorri Sturluson sem vísar til höfðingjans í Reykholti, hvort sem Snorri er höfundur *Egils sögu* eða ekki. Afstaða manna til höfundarnafnsins breytist hins vegar ef fallist er á að Snorri hafi samið söguna. Skýringin sem Foucault gefur á þessu er á þá leið að höfundarnafnið þjóni ekki aðeins hlutverki sérnafns sem skipta megi út fyrir fornafn í daglegu máli heldur hafi það frásagnarfræðilegt hlutverk í samræðum.<sup>14</sup> Höfundarnafn er regnhlífarhugtak sem gerir mönnum kleift að skilgreina texta og skipa þeim í flokka; það myndar tengsl milli þeirra og gefur hugmynd um sameiginlega uppsprettu. Á grundvelli höfundarnafnsins eru textar bornir saman í þeim tilgangi að kanna hvað þeir eigi sameiginlegt og að hvaða leyti þeir eru andstæðir. Höfundarnafnið er enn fremur að viti Foucaults tilbúið menningarlegt fyrirbæri sem stríðir gegn óheftri merkingarsköpun lesandans og því gefur auga leið að nafnið á kili bókar getur haft áhrif á túlkun okkar á henni ekki síður en innihaldið.

Þegar viðtökur *Kristnihalds undir Jökli*, *Innansveitarkroniku* og *Guðsgjafabulu* eru skoðaðar má sjá að sumir gagnrýnendur hafa þegar full-

mótaðar hugmyndir um höfundarnafn Halldórs Laxness sem þeir endurskoða ekki þó hann sendi frá sér ný verk. Þetta á þó ekki við um þá alla og í þessu sambandi má líta á ritdóma Ólafs Jónssonar sem var einn áhrifamesti gagnrýnandi landsins. Hann skrifaði um allar bækurnar þrjár jafnóðum og þær komu út, og ekki verður betur séð en hann kunni betur að meta *Kristnihald undir Jökli* þegar hann skoðar það í samhengi við *Innansveitarkroniku* og *Guðsgjafabulu*. Þegar *Kristnihald undir Jökli* kom út las hann það í samhengi við leikritin. Niðurlagsorðin eru svohljóðandi:

Eins og leikrit Halldórs Laxness býður [sagan] slíku lestrarlagi heim, að hún lesist sem dæmisaga; hún er nýtt átak höfundarins í framhaldi leikritanna, og tekst að þessu leyti að minnsta kosti engu betur en þau, þó sagan njóti að sjálfsgöðu þjálfaðrar íþróttar höfundar síns, sagnamanns og fabúluskálds. Góð bók eða vond bók? Má það ekki einu gilda, hún er eftir Halldór Laxness.<sup>15</sup>

Þegar ritdómur Ólafs um *Guðsgjafabulu* er skoðaður til samanburðar þá hefst hann á stuttri umfjöllun um *Kristnihald undir Jökli* og önnur eldri verk skáldsins: „Um sjötugsaldur skrifar Halldór Laxness gagnkert öðruvísi sögur en áður — eins og *Innansveitarkrónika* var til marks um á undan þessari bók, og reyndar *Kristnihald undir Jökli* á undan henni.“ Ólafur leitar upphafs formtílauna Halldórs í þessum síðustu skáldsögum í leikritunum en jafnvel enn frekar í smásagnasafninu *Sjöstafakverinu*. *Kristnihald undir Jökli* er þó tvímælaust afrakstur þeirra fremur en enn ein tilraunin, þar er m.ö.o. á ferðinni mótað verk. Samt sem áður má segja að Ólafur líti á *Kristnihald undir Jökli* sem upphaf að einhverju öðru og meira, það er ekki einstætt verk í hans huga:

Allmörg næstu árin áður en *Kristnihald undir Jökli* kom út birti Halldór enga nýja skáldsögu, lét meira að segja í veðri vaka annað veifið að hann væri hættur við skáldsagnagerð. [...] Hvað sem þessu líður: með *Kristnihaldi undir Jökli* virtist Halldór hafa rofið, eða brotið af sér, hið skörulega, eða epíska skáldsöguform, sem verið hafði að þróast til æ meiri fullkomunar í hans fyrri verkum, unz Paradísarheimt gleypti á sér sporðinn, sjálfstæður tilluktur heimur, á lengdar við veruleikann sjálfan og vettvang dagsins. Nýju sögurnar gerast á hinn bóginn allar í frjálslægu „opnu formi“ og seilast til meir og minna sannsögulegra heimilda eftir efninu.<sup>16</sup>

Enda þótt Halldór Laxness sé orðinn saga deila menn enn hart um hvernig og ekki síður hverjir skuli segja hana. Halldór er þannig enn snar þáttur af raunveruleikanum og ‚kjarninn‘ í persónuleika hans ræðst af því hver hefur orðið hverju sinni.<sup>17</sup> Til að draga upp mynd af honum verður hér á eftir farið að fordæmi málheimspekingsins Ludwigs Wittgenstein þegar hann stóð frammi fyrir því vandamáli að skilgreina tiltölulega almennt hugtak eins og siðfræði sem hver og einn hefur sína hugmynd um. Hann kaus að setja fram nokkrar skilgreiningar sem voru meira og minna sömu merkingar. Með þessu vildi hann að eigin sögn ná fram „svipuðum áhrifum og Francis Galton náði þegar hann tók margar ljósmyndir af mismunandi andlitum á sömu skífuna til að fá fram þá andlitsdrætti sem voru þeim öllum sameiginlegir.“<sup>18</sup> Með því að hafa eftir og vísa til skilgreininga annarra á Halldóri Laxness vonast ég til að hægt verði að ná fram megindráttum í höfundarnafni hans þótt vísast sé ekki hægt að tala um eiginlega heildarmynd í þessu sambandi.

## ÞJÓÐSKÁLD

### Fyrsta sneiðmynd: Þjóðernissinnaður smáþjóðarmaður

Þann 4. nóvember 1955 stendur Halldór Laxness á skipsfjöl og ávarpar þúsundir Íslendinga sem eru komnar til að fagna því að hann myndi brátt taka við nóbelsverðlaunum í bókmenntum. Halldór sér þjóðina fyrir sér í hlutverki ástkonu og mælir til hennar: „Þakka þú mér eigi fyrir þessi ljóð, það varst þú sem gafst mér þau öll saman áður. Þessi staðreynd haggast ekki þó óvænt [...] sæmd hafi borist mér að höndum frá merkri erlendri stofnun og ég vil þakka þjóð minni, þakka íslenski alþýðu hér á þessum vonglaða haustmorgni.“<sup>19</sup> Halldór man ekki aðeins þjóð sína meðan hún hyllir hann á bakk-anum við Reykjavíkurböfn, hún er honum líka ofarlega í huga á nóbelsátíðinni í Stokkhólmi 10. desember. Þar segir hann:

[M]ér [verður] hugsað til þeirrar fjölskyldu, eitthvað kríngum hundrad og fimtíu þúsund manna stórrar, hinnar bókelsku þjóðar Íslands, sem hefur haft á mér vakandi auga frá því ég fór fyrst að standa í fæturna sem rithöfundur, gagnrýnt mig eða talið í mig kjark á víxl. Aldrei

skelti hún við mér skollaeyrum einsog henni stæði á sama, heldur tók undir við mig einsog bergmál, eða einsog viðkvæmt hljóðfæri svarar áslætti. Það er skáldi mikið hamíngjulán að vera borinn og barnfæddur í landi þar sem þjóðin hefur verið gagnsýrð af anda skáldskapar um aldaradír og ræður fyrir miklum bókmentaaudi frá fornu fari.<sup>20</sup>

Halldór Laxness „gagnrýnir þjóð sína og telur í hana kjark á víxl“ rétt eins og hún bregst við honum. Þetta breytist ekki þó að segja megi að staða skáldsins breytist um miðja öldina. Þegar Halldór tekur við nóbelsverðlaununum 1955 er sem honum sé skipað í flokk þjóðskálda um tíma, e.t.v. meðal þeirra bestu sem hvíla í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum.

Peter Hallberg rekur hugmyndina um Halldór sem þjóðskáld til árána kringum lýðveldisstofnunina 1944. Þetta tímabil kallar hann tíma „sátta og þjóðareiningar“ á pólitískum vettvangi. Á þessu tímabili gefur Halldór út *Íslandsklukkuna* en hún „lægði um sinn þann styr er stóð um nafn skáldsins.“<sup>21</sup> Marghátuð mótmæli Halldórs vegna veru bandaríska hersins á Íslandi á árunum eftir lýðveldisstofnunina gerðu það að verkum að þjóðin skipaði sér aftur í fylkingar vegna skoðana hans. Í málfutningi hans gegn hersetunni talaði hann þó fyrst og fremst fyrir hagsmunum Íslands og á öðrum forsendum en áður. Þótt tekin væri einörð afstaða í pólitískum átökum á alþjóðavettvangi gegndu flokkslínur ekki lykilllutverki og segja má að dregin hafi verið víglína um Ísland fremur en á milli austur- og vesturveldanna. Skáldsagan *Atómstöðin* frá árinu 1948 var þó tvímælalaust vatn á myllu þeirra sem börðust gegn heimsvaldastefnu Bandaríkjanna og sést það best á móttökum verksins í blaði danskra kommúnista *Land og Folk*.<sup>22\*</sup>

Þegar Halldór flytur ræðu við heimkomu af nóbels hátíð sér hann ástæðu til að minna á stöðu smáþjóðarinnar Íslands í átökum stórveldanna. Í þessari sömu ræðu skilgreinir Halldór sig sem „þjóðernissinnaðan smáþjóðarmann“ en hvorki talsmann austurs né vesturs. Hann segir ennfremur:

Ég tel það sænsku akademíunni til hróss, að hafa haft kjark til að virða opinberlega bókmentir einnar allra fámennustu og ókunnustu þjóðar á jörðinni, ekki síst þar sem viðleitni stjórnmálamanna og valdhafa miðar að því að reyna að skipa öllum jarðarbúum undir veldissprota nokkurra stórþjóða, ef hægt væri. Þegar sænska akademían kys þjóðernissinnaðan smáþjóðarmann til þess að taka við lofi sínu, er í raun og


veru verið að leggja hnefann á borðið gagnvart stórveldunum, sem hneigjast til að telja það hótmyndni við sig ef atkvæðafé þeirra, smáríkin, eru höfð í mannatölu.<sup>23</sup>

Í bók sinni *Hetjan og höfundurinn* tekur Jón Karl Helgason undir þá skoðun Árna Sigurjónssonar að lýðveldisstofnunin 1944 kallist á við heimkomu Halldórs Laxness frá nóbels hátíðinni 1955, sé hún skoðuð í ljósi hefðbundinna goðsagna um íslenskt þjóðerni.<sup>24</sup> Á sama hátt og lýðveldisstofnunin hafi verið táknræn fyrir lok stjórnmála-legrar baráttu manna á borð við Baldvin Einarsson og Jón Sigurðsson tákni nóbelsverðlaunin menningarlega endurreisn landsins. Skáldskapurinn opnar sem fyrr leið Íslendinga að konungum sem leiða þá í öndvegi og veita þeim skáldalaun. Halldór er því með táknrænum hætti merkisberi íslenskra skálda, jafnt Snorra Sturlusonar sem rómantíska endurreisnarmannsins Jónasar Hallgrímssonar.

### „Mín klukka, klukkan þín, / kallar oss heim til sín“<sup>25</sup>

Á árunum þegar Halldór er í fríi frá skáldsagnaritun á sjöunda áratugnum er sem menn fái ráðrúm til að fara yfir feril hans sem skáldsagnahöfundar. Ein túlkun á ferli hans tengist hugmyndum um þjóðríkið og sérteiknum (e. identity) Íslendinga. Dæmi um þetta er dómur Andrésar Kristjánssonar um *Kristnihald undir Jökli í Tímanum* 19. janúar 1969 en hann hefst á fullyrðingu um að „allmikið samdæmi sé orðið um það, að Íslandsklukkuna beri hæst í skáldskap Halldórs Laxness, og líklegt [sé], að sá verði einnig dómur síðari kynslóða.“ Andrés telur *Íslandsklukkunni* það helst til tekna, fram yfir önnur verk skáldsins, að hún hafi „mesta þjóðernis- og sjálfstæðisþýðingu fyrir þjóðina í nútíð og framtíð.“ Í framhaldi af því líkir hann ferli Halldórs við fjallgöngu og segir að í „síðustu brekkunni [séu] verk eins og Salka Valka, Sjálfstætt fólk og Ljósvíkingurinn ...“. Tindurinn er þó *Íslandsklukkan* og með henni er „fjallgöngunni lokið“, eftir hana „[leggur] höfundurinn [...] ekki á ný fjöll og virðist taka þá ákvörðun af ráðnum hug.“<sup>26</sup>

En hvað felst í því að skáldverk hafi „þjóðernis- og sjálfstæðisþýðingu“ í „nútíð og framtíð“? Fræðimaðurinn Benedict Anderson hefur haldið því fram að þjóðir séu „ímynduð samfélög“. Hann segir:



„[Samfélagið] er ímyndað vegna þess að þegar jafnvel minnstu þjóða munu aldrei kynnast öllum þegnum þjóðar sinnar, hitta þá eða jafnvel heyra af þeim, samt sem áður lifir í hugskoti hvers og eins hugmynd um samfélag þeirra.“<sup>27</sup> Greining Andrésar Kristjánssonar hér að framan virðist falla vel að þessari staðhæfingu því hann getur sér til um þýðingu *Íslandsklukkunnar* fyrir einstaklinga sem eru honum ekki kunnir á þeim forsendum að þeir séu af íslensku þjóðerni.

Í bókinni *Íslenska þjóðríkið — upphaf og endimörk* segir Guðmundur Hálfðanarson að yfirleitt sé gengið út frá því sem vísu að sjálfstæðisbarátta Íslendinga hafi verið barátta „sameinaðrar íslenskrar þjóðar fyrir náttúrulegum réttindum sínum.“<sup>28</sup> Á þessari forsendu hvílir goðsögn sjálfstæðisbaráttunnar sem er saga af flokki góðra drengja af báðum kynjum sem tóku sig upp frá Noregi því þeir þoldu ekki ofríki norskra konunga og fluttust til Íslands. Í stað konungsríkis stofnuðu þeir fyrsta lýðræðisríki heimsins og til varð íslensk þjóð á Alþingi á Þingvöllum. Um þrjú-hundruð ára skeið stóð menning þeirra í blóma eða þar til þjóðin þurfti að lúta erlendu yfirvaldi árið 1262. Eftir það var þjóðin ekki svipur hjá sjón þar til sjálfstæðisbaráttan hófst á 19. öld og hún fékk aftur svipmót hinna góðu drengja. Guðmundur Hálfðanarson greinir hátíðarræður sem fluttar eru í tilefni af lýðveldisstofnuninni 1944 í bók sinni. Hann segir að í þeim sé lögð áhersla á sjálfstæðisbaráttuna sem ferðalag og þegar baráttunni ljúki og sjálfstæði náist sé þjóðin komin heim. Þannig ávarpar Ólafur Thors landa sína við Stjórnarráðið 18. júní 1944: „Íslendingar, vér erum komnir heim. Vér erum fjáls þjóð.“ Guðmundur túlkar ræðurnar með þeim hætti að í

þeim sé hugmynd um að með sjálfstæðinu ljúki „sjö alda hrakning-[um] undir erlendri stjórn“. Hann segir ennfremur að orð Ólafs Thors og annarra stjórnmalamanna við þessi tímamót endurspegli viðhorf til þjóðríkisins sem þeir töldu að væri „íslenskt hugarfóstur, spröttið upp úr íslenskum jarðvegi og út úr íslenskum aðstæðum.“ Áberandi í viðhorfum aldamótakynslóðarinnar sé áhersla á endurreisn og forna gullöld Íslendinga sem yfirskyggi raunverulegar stjórnmalalegar forsendur frelsisins og aðstæður þjóðarinnar á þessum tímamótum.<sup>29</sup>

Þær fagurfræðilegu og menningarpólitísku forsendur sem Andrés Kristjánsson gengur út frá í ritdómi sínum um *Kristnihald undir Jökli* byggjast á því að höfundarverk Halldórs nái hæstum hæðum á sama tíma og þjóðin fagnar fullveldi á Þingvöllum árið 1944. Efnis *Íslandsklukkunnar* styður túlkun af þessu tagi og sömuleiðis blundar hún í tilurðarsögu kvæðisins „Stóð ég við Öxará“ sem Halldór segir í endurútgáfu *Kvæðakvers* frá 1949:

Dagana fyrir lýðveldishátíðina 1944 fór ég að flakka, og gekk með poka á baki um sveitir og óbygðir hér nærlendis, kom yfir Esjuna á Þingvöll. Yfir nokkurn hluta Mosfellsheiðar fékk ég far í vegavinnubíl lýðveldisdaginn. Vatnsveður var mikið og varð ég gagndrepa. Ég kom niður í gjána rétt um það bil sem kirkjuklukkunum var hringt á Þingvöllum til merkis um að Ísland væri lýðveldi. Þá vék sér að mér ókunnur maður þar í mannþyrpingunni og hvíslaði:

Það er farið að hringja Íslandsklukkunni aftur.

Mér datt í hug þessi hendíng: mín klukka, klukkan þín, og varð síðan kvæðið til utanum hana.<sup>30</sup>

Saga Halldórs fellur furðu vel að ræðum landsfeðranna um heimkomuna. Hún er líka til þess fallin að undirbyggja þá túlkun á höfundarferli Halldórs sem Andrés Kristjánsson setur fram. Halldór fer í fjallgöngu og þegar henni er lokið kemur hann á Þingvelli sem eru miðpunktur sögusviðs skáldsögu hans *Íslandsklukkunnar* og sömuleiðis þjóðarsögunnar sem er við það að fá lausn eftir 700 ára flækjur. Ókunnur maður, landi skáldsins, spinnur allt í eina taug með því að ávarpa það og gefa táknrænu nafni sögunnar endanlegt táknmið og efnisgervingu í klukkunni sem hringt er á Þingvöllum. Hér er um sannkallaðan efsta dag að ræða ef marka má kvæði skáldsins, því bjöllur slá og dauðir rísa:



Stóð eg við Öxará  
 hvar ymur foss í gjá;  
 góðhesti úngum á  
 Arason reið þar hjá,  
 hjálmfagurt herðum frá  
 höfuð eg uppreist sá;  
 hér gerði hann stuttan stans,  
 stefndi til Norðurlands.

Úr lundi heyrði eg, hvar  
 hulduljóð súngið var;  
 fanst mér ég þekti þar  
 þann sem sló kordurnar:  
 alheill og orðinn nýr  
 álfurinn hörpu knýr  
 ástvinur eingum jafn  
 alfari úr Kaupinhafn.

Stóð eg við Öxará  
 árroða á fjöllin brá,  
 kátt tók að klíngja og fast  
 klukkan sem áður brast,  
 alskærum ómi sló  
 útyfir vatn og skóg.  
 Mín klukka, klukkan þín,  
 kallar oss heim til sín.<sup>31</sup>

Erfitt er að gera sér í hugarlund hvað hinir réttlátu taka sér fyrir hendur þegar hinn endanlegi dómur er upp kveðinn og þeir hafa verið kallaðir „heim til sín“. Að minnsta kosti virðist sá möguleiki ekki fyrir hendi að Halldór komist fram úr sjálfum sér eftir að hafa náð fullkomnun með ritun *Íslandsklukkunnar*. Andrés Kristjánsson segir um *Kristnihald undir Jökli* að „[s]ú bók [verði] vafalaust að kallast skáldsaga og djörf tilraun“ en eftir að sjálfum tindinum, þ.e. *Íslandsklukkunni*, er náð hljóti leiðin „að liggja undan brekkunni. Annað [sé] ofætlan.“ Andrés Kristjánsson álitur það þó ekki „goðgá af höfundi að leika sér að endurnýjunartilraunum á útáliðinni ævi“, honum er það þvert á móti aðdáunarefni „að mikill höfundur haldi áfram að rækta þann garð, sem hann hefur erjað til beztrar uppskeru, allt til loka.“<sup>32</sup> Viðbrögð

Andrésar Kristjánssonar gefa til kynna að „sjálfstæðis- og þjóðernisþýðing“ *Íslandsklukkunnar* geri það að verkum að erfitt sé að hampa nýjum verkum sem ekki sverja sig í ætt við hana að einhverju leyti. Staða hennar er óumdeilanleg að hans mati og önnur verk miðast við hana.

### Allt nýtt er ógnvekjandi

Skömmu eftir útkomu *Kristnihalds undir Jökli* skrifar Ivar Eskeland grein sem nefnist „Hin mikla látlausa endurnýjun“. Í henni spyr höfundurinn um þær forsendur sem menn gefa sér þegar þeir meta höfundarverk skálds eins og Halldórs Laxness og hann fer þess á leit við lesendur að þeir lesi verk á eigin forsendum og hætti að meta þau eftir þeim hugmyndum sem menn hafa þegar gert sér um höfundarverk viðkomandi skálds. Hann spyr hvort *Kristnihald undir Jökli* sé góð bók eða vond og svarar með eftirfarandi hætti:

Kristnihald undir Jökli er góð bók — að mínum smekk.

Hún er góð bók í sjálfri sér; hún er góð bók í samjöfnuði við fyrri bækur Halldórs Laxness.

Ég skal fyrst víkja að seinna atriðinu; mér er sem ég heyri vini mína spyrja; ertu með þessu að gefa í skyn, að Kristnihald undir Jökli sé betri bók en bækurnar um Ljósvíkinginn, en Íslandsklukkan, en Sjálfstætt fólk?

Nei, ég er ekki að því. Hún er ekki heldur betri en Atómstöðin, eða Gerpla eða Brekkukotsannáll. Fyrst yrði sem sé að finna samburðaraðferð fyrir svo gerólíkar bækur. Ég varpa fram þeirri óprúttu staðhæfingu, að slík aðferð — eða slíkar aðferðir — sé ekki til. Þessar bækur eru ósambærilegar.<sup>33</sup>

Greining Ivars Eskeland á viðtökum manna á verkum Halldórs er í samhljómi við grein Foucaults sem vitnað var til hér að framan að því leyti að þeir fjalla báðir um það hvernig hugmyndafræði lesendanna hefur áhrif á höfundarnafnið og stríðir gegn óheftri merkingarsköpun. Eskeland tilgreinir öfl sem leitast við að beina umræðu um skáldverk Halldórs Laxness í ákveðinn farveg og segir m.a. að íslensk tímarit séu notuð til þess að „sýna fram á“ að það „hafi átt sér stað róttæk — eða réttara sagt afturhaldskynjuð breyting á skáldskaparviðhorfum Halldórs Laxness.“ Áhrif þessara skoðana lýsa sér m.a. í

tregðu til að taka ný verk eins og *Kristnihald undir Jökli* til umræðu vegna þeirra áhrifa sem það myndi hafa á viðteknar hugmyndir um höfundarverk skáldsins. Eskeland segir: „[P]essi umræða virðist vera reist á þeirri hyggju eða ósk, að hafi maður á annað borð lagt inn á ákveðna braut í skáldskap sínum, þá beri honum hvað sem tautar og raular að halda sig á henni alla þá stund sem honum er skömmtuð til að lifa og skrifa.“<sup>34</sup>

Eskeland vitnar til umfjöllunar Kristjáns Karlssonar um *Íslands-klukkuna* og tekur undir tortryggni hans í garð þeirra manna sem telji sig „skilja jafnmikla sögu og [hana] „í heild““. Hann segir ennfremur að „[a]llt sem nýtt [sé] fel[i] í sér eitthvað óróvekjandi; og við viljum helst ekki láta vekja okkur óró.“<sup>35</sup> Eskeland grípur til líkingar sem virðist tengjast höfundarnafni Halldórs Laxness órjúfanlegum böndum en það er hugmyndin um höfundinn sem jökul eða fjall af einhverju tagi:

Það sem er langmest vert við skáldsnillinginn Halldór Laxness, það sem greinir hann frá öllum smáskáldum eins og jökul frá hólum og hæðum í landslaginu, það er ekki gjarnan haft í hámæli, vegna þess að mönnum falla vel eða illa „þjóðfélagsskoðanir“ hans og þar af leiðandi sú „stjórnmalastefna“ sem menn telja sig geta greint í bókum hans — og raunar líka í afstöðu hans almennt.

Í staðinn tala menn sín á milli um, að hann hafi „fjarlægzt þjóðina, mennina“.

Með leyfi að spyrja: hvaða þjóð, hvaða menn?

Eru menn með þessu að gera því skóna, að hann skrifi ekki um menn í Kristnihaldi undir Jökli? Eða að þessir menn séu ekki Íslendingar? (Þó það út af fyrir sig væri ekki nein dauðasynd). Eða að hann skrifi ekki vel um þá?

Nei, menn eru víst ekki að gefa það í skyn heldur. Ég el með mér grun sem nálgast vissu um eftirfarandi: Þegar menn hafa loks náð svo langt í viðurkenningu á verkum hans, að þeir taka gildar allar bækur hans frá Sölku Völku og að minnsta kosti fram til Íslandsklukkunnar og samþykka mikið skáldskapargildi þeirra, og hafa með því móti fyrirgefið honum, að hann „sýnir hið fátæka Ísland“ nálega jafn efnalega fátækt og það var — þá á hann að gera svo vel að halda sig þar og hvergi annars staðar!

Þegar lýsing Eskelands á Halldóri Laxness sem jökli sem sker sig frá hólum og hæðum vegna endurnýjunarhæfileika sinna er lesin koma

orð Andrésar Kristjánssonar umsvifalaust upp í hugann: „Með Íslandsklukkunni er fjallgöngunni lokið, höfundur leggur ekki á ný fjöll og virðist taka þá ákvörðun af ráðnum hug.“<sup>36</sup> Í túlkun Andrésar er vísna um að *Íslandsklukkuna* beri hæst á ferli Halldórs því hún hafi mesta „sjálfstæðis- og þjóðernisþýðingu fyrir þjóðina“ — og svo virðist sem Andrés telji þessa túlkun nokkuð almenna. Hið nýja verk einkennist hins vegar öðru fremur af óvissu og óró, a.m.k. framan af. Andrés segir t.d.: „Í upphafi flestra kafla lætur [höfundurinn] Umba setjast við skýrslugerð, en áður en varir sundrast þurrt staðreyndatalið eins og flugeldur.“ Og síðar: „Sagan flæðir upp úr öllum farvegum á köflum og gerir lesandann ærið oft ruglaðan í ríminu.“

Þegar heildartúlkun Andrésar á *Kristnihaldi undir Jökli* er skoðuð kemur í ljós að hún er líka byggð á þjóðernislegum forsendum rétt eins og lestur hans á höfundarferli skáldsins. Hann leitar að skilaboðum í textanum frá skáldinu til þjóðarinnar þótt hann viðurkenni að þessa „margræðu sögu [megi] að sjálfsögðu skýra [...] á þúsund vegu og gefa líkingum það innihald, sem hugur kýs.“ Andrés telur þó að við lestur skáldsögunnar renni upp sú stund þegar „lesandinn tel[ji] sig skilja, hvaða sögu höfundurinn [sé] að segja með „skýrslunni“, sem er eintóm tákn.“ Andrés leysir söguna upp í andstæðukerfi sem byggist á atviksorðunum heim og burt. Tvær af persónum sögunnar, Jón Prímus og Úa, verða að holdgervingum fyrir þessar andstæður. Jón er „íslenzka þjóðin eins og hún var“ en Úa er veröldin sem gerir honum „heimsókn í líki eiginkonunnar.“ Um samfundi þeirra segir Andrés:

Sú sambúð hlýtur að verða með þeim hætti að „brúðkaupsnóttin“ er aldrei haldin, hvað þá meira. Þegar leiknum sleppir, er sagan skýrsla um samfundi Íslendinga og umheimsins á þessari öld, umrótíð sem verður af árekstri þessara andstæðna og aðlögun kynslóðanna að lífinu að utan. Í tveim síðustu köflum bókarinnar hætta höfundur öllum leik og dregur línur sögu sinnar saman í svo skýrar og einfaldar líkingar, að lesandinn efast ekki lengur.

Fyrri kaflinn heitir *Burt*. Þar hefur Úa flekað Umba, þjóðina í dag, til gálausrar skemmtiferðar í imperialnum í ímyndað heimslustahús. Síðasti kaflinn heitir *Heim*. Þar sekkur imperialinn í íslenzka keldu, situr þar fastur, en Umbi og Úa reika í þoku um mýrina, og þegar þau koma til húsa, er þar ekki sumarbústaðurinn, sem draumurinn stóð til,

heldur gamall íslenzkur torfbær. Þar hverfur konan inn og verður að vofu, gufar upp. En Umbi fær ekkert svar heldur aðeins kaldan drauga-hlátur. Og sögunni lýkur [...]

Er ekki öllu til skila haldið? Leyfist ekki lesanda að líta svo á, að Halldór hafi verið að segja söguna af stefnumóti Íslands við heiminn á þessari öld, rekja árekstra og tál þeirra samfunda og segja þjóð sinni hvar hún sé stödd — í sporum Umba — sem heimskonan leiðir í ófæru? Hann bendir síðan þjóð sinni á leiðina heim, þegar tálsýnin er horfin, og skilur við hana í von um að finna þjóðbraut sína aftur.<sup>37</sup>

Í túlkun Andrésar er konan í hlutverki freistarans sem vill draga Jón Þrímus og Umba á talar og út úr þeirri Paradís sem Ísland var. Híbyli hennar kallar hann „ímyndað heimslystahús“ og það er í hreinni andstöðu við íslenska torfbæinn sem er raunverulegur. Hið erlenda er m.ö.o. tálsýn en má sín lítils þegar það stendur frammi fyrir því „raunverulega“ og „íslenska“ og sést það best þegar konan gufar upp eins og vofa þegar hún stígur fæti inn í torfbæinn. Það er merkilegt að Jón Þrímus, sem fulltrúi hinnar gömlu íslensku menningar, er óflekkaður sem jómfífrú, hreinn og ósnertur, meðan ungi maðurinn Umbi, fulltrúi nútímamenningarinnar, hefur verið flekkaður og síðan yfirgefinn. Verkinu lýkur þar sem Umbi leitar aftur að þjóðbrautinni sem virðist leiða heim í festu hins forna Íslands eins og það var.

Í ritdómi um *Kristnihald undir Jökli* bregður Steindór Steindórsson öðru ljósi á baráttuna milli veraldarinnar og Íslands. Þar er það hins vegar ekki Umbi sem er dreginn á talar heldur Halldór Laxness sem freistast til þess að „fylla setningarnar með erlendum slettum“. Hættan sem af þessu hlýst að hans mati er sú að minni spámenn fylgi í kjölfarið:

Um stílkunnáttu og snilld Laxness efast enginn, en þó hlýtur að skjóta upp nokkrum efasemdum við lestur þessarar sögu, svo mjög sem hann notar þau stílbrögð að fylla setningarnar með erlendum slettum, kynja-orðum og orðskrípum. Efast ég um að almennur lesandi njóti þeirra stílbragða eða skilji t.d. fræðiorðin úr ritum Helga Péturss. Og hvað verður um íslenska tungu, ef minni spámennirnir, sem við skáldskap fást, tækju sér höfuðsnillinginn til fyrirmyndar í þessu efni?<sup>38</sup>

Það má vera að höfundur ritdómsins skrifi hér af stráksskap og geri sér fulla grein fyrir því að málfar Halldórs Laxness hafði allt frá upp-

hafi skáldferils hans verið einn helsti ásteytingarsteinn gagnrýnenda hans. Viðtekin orðræða um skáldið fram eftir öldinni snerist að verulegu leyti um stafsetningu og málfar þess og hana er jafnvel að finna í ritdómum um *Íslandsklukkuna*.<sup>39\*</sup> Hugmyndin um Halldór Laxness sem þjóðskáld og sameiningartákn fæst ekki aðeins með því að muna sigra hans og njóta verkanna heldur einnig með því að loka augnum fyrir deilum sem staðið hafa um hann og gleyma þáttum í sögu hans sem skapað hafa sundrung. Halldóri ber sem þjóðskáldi að vera fyrirmynd yngri höfunda, með *Kristnihaldi undir Jökli* stefnir hann hins vegar framtíð þjóðríkisins í voða með því að grafa undan einum af hornsteinum þess sem er tungumálið.

Tveimur árum síðar skrifar Steindór Steindórsson um *Innansveitarkroniku* og þó hann telji að bókin muni ekki „auka miklu við skáldfrægd Laxness“ er ekki annað að sjá en honum hugnist sú stefnubreyting Halldórs að hafa „snúið sér beint til sveitar sinnar“ því þar segir hann „af sinni alkunnu fyndni og stílleikni frá atburðum og átökum [í Mosfellssveit].“<sup>40</sup> Í stefnubreytingunni felst ennfremur að „ekki [er] verið að leita uppi afkáraleg orð eða setningar, sumt af erlendum toga, eins og í Kristnihaldinu, heldur er það mál Mosfellinganna, hafið upp í æðra veldi í penna skáldsins.“ Svo skemmtilega vill til að tímaritið sem Steindór skrifar í nefnist *Heima er best* og í raun má segja að í dómum hans um *Kristnihald undir Jökli* og *Innansveitarkroniku* megi sjá sama gildismat og lá til grundvallar hátíðaræðunum á Þingvöllum 1944.

## Tvær klukkur — kunnuglegt efni

Ef raktir eru vissir þræðir í grein Prebens Meulengracht Sørensen um *Innansveitarkroniku* sem birtist á íslensku árið 1972, má sjá ákveðna túlkunarmöguleika sem ég hygg að felist í lestri margra íslenskra lesenda á verkinu. Túlkun hans er ekki eingöngu á þjóðernislegum forsendum en þó tengir hann gömlu klukkuna í *Innansveitarkroniku* við *Íslandsklukkuna* þannig að táknið þeirra verður eitt og hið sama:

Þessi ummæli minna á aðra klukku, upphafstáknið í þríleiknum um *Íslandsklukkuna*, litlu klukkuna á Þingvöllum sem um var sagt: „Þetta er klukka landsins.“

Sögusviðið, stílfærðar söguhetjurnar og táknið sameinast í einu heildartákni, sögulegum og þjóðlegum íslenskum samkennum, hinu eilífa Íslandi sem að hálfu er veruleikur, hálfu draumsýn skálda.

Bókin er viðbót við langa röð verka Halldórs er fjalla um íslensk efni, og söguhetjurnar falla inn í auðugt safn íslenskra manngerða og einstaklinga sem höfundurinn hefur blásið lífsanda; Salka Valka, Bjartur í Sumarhúsum, Ólafur Kárason, Jón Hreggviðsson, Jón Prímus; og allar hinar stórbrotnu og ógleymanlegu söguhetjurnar. Allar eru þær hver annarri skyldar, kjarni þeirra hin íslensku samkenni, ef til vill ekki hluttekni eða raunveruleg, en samkvæm skáldlegum sannleika sem er annars og dýpra eðlis.<sup>41</sup>

Íslenskir lesendur virðast ekki líta á lýsingar bókarinnar á íslenskum sérteiknum sem þær séu að „hálfu draumsýn skálda“ heldur miklu fremur sem sagnfræðilega staðreynd. Bókin gerist á æskulóðum Halldórs í Mosfellssveit og hefur á sér yfirbragð sagnfræðiverks. Tengsl höfundarins og umfjöllunarefnisins vefjast ekki fyrir mönnum því sögumaðurinn og höfundurinn virðast einn og sami maðurinn. Jóhann Hjálmarsson ritar t.d. um verkið í *Morgunblaðið* og segir: „Fæstum mun unnt að líta á Innansveitarkroniku sem skáldsögu. Til þess fjallar hún um of kunnugleg efni.“<sup>42</sup> Kunnugleiki *Innansveitarkroniku* stafar ekki aðeins af efninu heldur kemur hann líka fram í tengslum hennar við íslenska bókmenntasögu, einföldum alþýðlegum stíl verksins og táknum eins og klukkunni sem unnt er að setja í samhengi við *Íslandsklukkuna* og þar af leiðandi sögu íslenska þjóðríkisins. Hér er með öðrum orðum hægt að heimfæra verkið upp á eldri verk skáldsins og það veldur hugarró.

Ólafur Jónsson taldi *Kristnihald undir Jökli* „leys[a]st upp í eldglæringar máls og hugsunar ...“ *Innansveitarkronika* virðist hins vegar orka á flesta ritdómara eins og róandi og laugandi bað. Þau þversagnarkenndu viðbrögð sem *Kristnihald undir Jökli* kallaði fram víkja fyrir vegsömun heiðríkju og yfirvegunar þegar rætt er um *Innansveitarkroniku*. Þetta tel ég m.a. helgast af því að *Kristnihald undir Jökli* endar í upplausn eins og sást á því þegar Andrés Kristjánsson hafði leyst verkið upp í andstæður þess íslenska og þess erlenda. Umbi er týndur undir lok verksins og hann kemst ekki heim, til Íslands eins og það var. Fáir hafa lýst þeim óróa sem óvissa verksins vekur af meiri fjálgleika en Halldór Þorsteinsson í *Tímanum* árið 1970 þegar leikgerð af sögunni var á fjölnum:

Halldór Laxness er svo hafinn yfir orðsins íþrótt að hann virðir allar leikreglur og víti að vettugi og skeytir hvorki um undirstöðu né innviði. Hann hugsar sjaldnast í heilum setningum, heldur í hálfkveðnum orðum. Gestaþrautir og orðaleikir eru hans ær og kýr. Öngþveiti er í öndvegi sett og merkingarmorð á sárasaklausum orðum freklega framín. Og orðin streyma endalaust og hugbokan þéttist svo með hverjum kafla, að undir lokin grúfir glórulaust svartnætti yfir hugarheimi [...]

Kristnihald undir Jökli höfðar hvorki til skynsemi né skírskotar til tilfinninga. Kristnihald er því sú bók sem hver maður getur látið ólesna sér að skaðlausu. Engin hugsun er lögð til grundvallar, a.m.k. engin heil hugsun. Engin stefna er mörkuð að fyrir fram settu marki. Engin þjóðfélagsmein eru höfundi þyrnir í augum. Enginn annálsverður boðskapur fluttur. Engin persónusköpun ef frá eru taldar sumar hliðar á séra Jóni Þrímsi. Engar gáfulegar athuganir né frumlegar hugdettur. Engin myndni fyrirfinnst nema ef vera skyldi öfugmæli eða útúrsmúnningar á stangli. Enginn atburður gerist á eftirminnilegan hátt og áhuga-verðan. Engin heimspeki krufin né háspeki brotin til mergjar.<sup>43</sup>

Til samanburðar má líta á umfjöllun Helga Sæmundssonar um *Innansveitarkroniku* í *Alþýðublaðinu*. Hann segir að framan af líði sagan áfram „eins og lygnt vatnsfall, en smám saman hall[i] atburðarásinni líkt og eftir rennu, unz hún fossar í stríðum straumi.“<sup>44</sup> Hann efast um að „Halldóri Laxness hafi betur tekizt samantekt bókar síðan hann reit *Brekkukotsannál*“ og hann telur stíl *Innansveitarkroniku* einnig framúrskarandi: „Stíll *Innansveitarkroniku* er ný sönnun um listræna snilli Halldórs Laxness. Hann minnir á *Íslandsklukkuna* og *Brekkukotsannál*, en er mýkri og sléttari.“ Helga grunar að „*Innansveitarkronika* reynist harla langlíf“ og virðist reisa þá skoðun sína á þeim stöðum að mál og efni verksins sé túlkun „fjölknungs „blekbera“ sem h[afi] numið íslenzku af bókmenntum þjóðarinnar um aldir og tungutaki alþýðu langa ævi. Skáldskapurinn [sé] hér naumast umsvifamikill en frábær samt, táknrænn, glettinn og blæbrigðaríkur og ylj[i] manni eins og bjartur og heitur sumardagur á fallettum stað.“

Tilgáta Eskelands sem sett var fram í upphafi þessa um að þau verk hljóti samþykki sem falla að hugmyndafræði eins og íslenskri þjóðernishyggju án mikillar fyrirhafnar gengur upp. Þegar *Innansveitarkronika* er lesin sem gagnrýnislaus tilbeiðsla á íslensku þjóðerni er skiljanlegt hvers vegna sérstaða *Kristnihalds undir Jökli* sem skáldsögu er óumdeild — a.m.k. þegar horft er á þessi verk skáldsins eingöngu.



*Guðsgjafabula* var ekki lesin á jafnskýrum þjóðernislegum forsendum og hin verkin tvö þegar hún kom út. Þegar hún kom til skjalanna var afstaða skáldsins til þjóðfélagsmála hins vegar tekin til umræðu.

## ÞJÓÐFÉLAGSSKÁLD

### Önnur sneiðmynd: ekki kaþólikki! ekki kommúnisti! kapítalisti?

11. október 1963 stendur Halldór Laxness á skipsfjöli á leið til Ísraels. Við þetta tækifæri spyr blaðamaður *Morgunblaðsins* hann um mót-tökur *Skáldatíma*. Ekki stendur á svörum hjá Halldóri sem vandar þjóð sinni ekki kveðjurnar:

— Ég hef ekki fylgzt með því, hvort hún hefur selzt vel. Hér er ekki bókmenntalegur áhugi til, ef ráða má af blöðunum, aðeins stjórn mála-  
legur áhugi.

— Það er eins og stjórn málin séu hér eins konar nauðungarhugsun, nokkuð sem ekki líður úr huga manna nótt og dag. Það sýnist manni af blöðunum.

— Hér ríkir sem kallað er pólitísk neurosa eða pólitísk psykosa. Bókmenntalegur áhugi hefur ekki verið til hér í langan tíma. Bókmenntaþjóðin fór ef til vill til Kanada árið 1880. Íslendingar eru að minnsta kosti hættir að vera bókmenntaþjóð, að minnsta kosti ef maður les dagblöðin.<sup>45</sup>

Eins og sjá má gerir Halldór kröfu um að vera lesinn án tillits til eigin pólitískra skoðana eða lesenda sinna. Krafa hans í þessu efni verður háværi eftir því sem líður á sjöunda áratuginn, þótt óhægt sé að tíma-setja hvenær hún kemur fyrst fram. Svar hans vitnar líka um þá margflóknu þýðingu sem hann hefur í íslensku menningarlífi. Hann bregður sér í fjölbreytt hlutverk sem skáld, ritgerðasmiður, útgefandi fornrita og virkur þátttakandi í pólitískri umræðu svo eitthvað sé nefnt. Viðtökusagan sýnir þó að hugmyndir manna um Halldór Laxness verða eindregnari eftir því sem líður á öldina og það virðist mega skýra að hluta með aukinni áherslu á þjóðernishyggju þegar kemur að mati á verkum skáldsins. Hvass tónn í svari Halldórs beinist að ‚blöðunum‘ og þá hefur Halldór e.t.v. *Morgunblaðið* sérstaklega í huga sem hafði ekki veitt neinu

verki skáldsins aðra eins athygli og *Skáldatíma* — hvorki fyrir né síðar. Umfjöllun dagblaða, og þá ekki síst *Morgunblaðsins*, endurspeglar þær breytingar sem verða á umræðu um skáldið á þessum árum.

Það er eftirtektarvert hvernig Halldór beinir umræðunni að þjóðerninu þegar talið berst að stjórn málum árið 1963. Hann lætur eins og þjóðin sem hann taldi sig þekkja sé flutt — eða í öllu falli breytt. Sjálfur læst hann vera einn og hinn sami þótt í raun sé það meint uppgjör hans við eigin stjórn mála skoðanir sem er milli tannanna á fólki. Áhugi þjóðarinnar á pólitískum skoðunum skáldsins er ærinn, af tilkynningum um sölu bókarinnar og svari skáldsins að dæma. Eins og sjá má á síðasta liðnum í svari Halldórs minnir hann á þær goðsagnir sem liggja hugmyndinni um íslensk sérteikn til grundvallar og tekur þátt í orðræðunni um þjóðernið rétt eins og hann hafði gert frá upphafi ferils síns.

*Skáldatími* er trúlega sú bók Halldórs Kiljans Laxness sem vakið hefur einna mesta athygli héraendis við útgáfu. Í auglýsingu í *Morgunblaðinu* 26. nóvember 1963 segir að hún hafi „selzt meira en bók áður hjá Helgafelli.“<sup>46</sup> Áhugi á verkinu virðist fyrst og fremst bundinn meintu pólitísku uppgjöri skáldsins við kommúnismann sem það hafði boðað af miklum móð í ritgerðasafninu *Í Austurvegi* (1933), ferðabókinni *Gerska ævintýrinu* (1938) og víðar. *Morgunblaðið* fjallar mikið um *Skáldatíma* bæði í leiðurum og Reykjavíkurbréfum.<sup>47</sup> Í minni margra hefur einnig greypst heilsíða í sama blaði 26. október 1963 með fyrir-sögninni „Hvað segja þau um Skáldatíma?“ Í inngangi að álitu Aðalbjargar Sigurðardóttur, Péturs Benediktssonar, Benjamíns Eiríkssonar, Karls Kristjánssonar og Kristjáns Friðrikssonar er þess getið að margir hafi færst undan því að gefa álit sitt, m.a. Einar Olgeirsson, Jakob Benediktsson, Jóhannes úr Kötlum, Páll Bergþórsson, Sigfús Daðason, Sigvaldi Thordarson, Sverrir Kristjánsson og Þórarinn Guðnason. Allir þessir menn voru áhrifamiklir vinstrimenn í íslensku menningarlífi og a.m.k. Jóhannes úr Kötlum taldist til *Rauðra penna*.

Álitsgjafar *Morgunblaðsins* virðast allir á einu máli um að bókin sé skemmtileg aflestrar þótt pólitískir þættir verksins komi misjafnlega við þá. Þannig segir Aðalbjörg Sigurðardóttir að það sem Halldór skrifi um Rússland hefði hann átt að skrifa 25 árum áður. Aðrir hrósa Halldóri fyrir að leysa frá skjóðunni, þó fáir af jafnmikilli mælsku og Karl Kristjánsson sem sækir orðfæri sitt til helgisagna svo sinnaskipti

Halldórs fá á sig yfirbragð píslargöngu. Hann talar t.d. um „játningar H.L. um skoðanaskipti á kommúnismanum“ og að skáldið lemmi „sjálfan sig og skoðanabræður sína hnútasvipum mælsku sinnar fimlega og sterklega.“ Að lokum vitnar hann til orða skáldsins sjálfs og leggur í framhaldinu út af „játningum“ þess:

Á bls. 303 segir hann: „*Stærsta axarskaft okkar vinstrisocialista var trúgirmi*“. En um trúgirnina hafði hann sagt á bls. 295: „*Það vill nú svo til, að takist að virkja trúna til hlítar, þá er hún sterkari en öll skilningarvitin samanlögð, að skynseminni viðbættri*“.

Víst á hver maður, sem svo opinskátt og hlífðarlaust játar yfirsjónir sínar, heiður skilinn.<sup>48</sup>

Af þessu má ráða að einhverjir telja sinnaskipti Halldórs Laxness algjör og í leiðara *Morgunblaðsins* mánuði síðar segir um áhrif bókarinnar: „Frekar þurfa menn ekki vitnanna við. Héðan í frá þýðir ekki fyrir kommúnista að ætla sér nýja menningarsókn á Íslandi. Þeir standa berskjaldaðir og áhrifum þeirra í íslenskum menningarmálum er lokið.“<sup>49</sup> Í augum Morgunblaðsmanna er Halldór ekki aðeins skáld, hann er líka stjórnmalamaður sem sagt hefur skilið við hugsjónir Sovét-kommúnista. Þannig segir í Reykjavíkurbréfi 12. okt.:

Enginn ber á móti því, að Halldór Kiljan Laxness sé mikið skáld. En eins og Göthe, hefur hann einnig látið stjórnmal til sín taka. Viðbúið er, að eins fari fyrir báðum, að þeir lifi lengur í minningunni sem skáld en stjórnmalamenn. Engu að síður er eðlilegt, að menn þessa dagana ræði meira um Halldór sem stjórnmalamann en skáld. Til þess gefur hin nýja bók hans „Skáldatími“, ærið tilefni. Hvernig sem á er litið hlýtur sú bók að verða talin merkileg mannleg heimild. Hún er viðurkenning á því, að miklum rithöfundum hafi missýnt í því sem hann lengi lagði höfuðáherzlu á að boða.<sup>50</sup>

Skrif Gunnars Benediktssonar í *Þjóðviljanum* eru á allt öðrum nótum en hann segir að það sé nokkuð víst að Halldór hafi fengið meðferð sem nefnd sé „heilabvottur, og [sé] ein af nýjustu hernaðaruppfinninum stórveldanna.“ Og hann heldur áfram á svipuðum nótum:

En hver þvoði Halldór og hvar var hann þveginn? Það er hin torleysta ráðgáta og það er út af fyrir sig merkilegt rannsóknarefni. Var hann heilabveginn í Rússlandi svo að hann sá allt öfugt og sá þvottur síðan þveginn af í auðvaldsheiminum, svo að hlutirnir fóru í samt lag aftur?

Eða sá hann rétt í Rússlandi frá upphafi sinnar reisu þangað og heilavotturinn síðan framkvæmdur frammi fyrir Hátignum hins vestræna heims sem nóbelskálðið hefur þurft að heimsækja um allar jarðir?<sup>51</sup>

Ólafur Jónsson heldur því fram í ritdómi í *Alþýðublaðinu* að fátt nýtt sé í umfjöllun Halldórs um Stalín og Sovétríkin. Ólafur segir: „bæði hefur Laxness sjálfur marglýst yfir breyttum viðhorfum sínum síðustu árin, þó svo hann taki blaðið betur frá munnum nú en áður, og svo er lítið nýnæmi í austanlýsingum hans, a.m.k. þeim lesendum, sem ekki eru svo alblindir af sovétrú að þeir neiti að trúa þarlendum ráðamönnum sjálfum.“<sup>52</sup> Að mati Ólafs veldur *Skáldatími* sem sé ekki straumhvörfum í þekkingu manna á pólitískri afstöðu skáldsins né eykur hann við þekkingu á stöðu mála í Sovétríkjunum yfirleitt. Bókin nýttist þó andstæðingum sovétstefnunnar hiklaust í því áróðursstríði sem háð var á þessum árum.

Um það leyti sem *Skáldatími* kemur út er deilt um sjónvarpsútsendingar bandaríska hersins á Íslandi. Útsendingin náðist víða í Reykjavík og taldi þorri íslenskra menntamanna að íslenski menningu stafaði hættu af því efni sem sent var út. Í mars 1964 skorudu 60 þekktir kjósendur á forseta sameinaðs þings að takmarka sendingarnar við herstöðina. Í bók sinni *Uppgjör við umheiminn* segir Valur Ingimundarson að aðstandendur áskorunarinnar hafi lagt upp með að hafa hana „...einlita — þ.e. andkommúnista —“<sup>53</sup>. Í hópi þeirra sem skrifuðu undir voru Gunnar Gunnarsson, Tómas Guðmundsson, Sigurður Nordal, Einar Ólafur Sveinsson og Halldór Laxness. Valur segir: „Engir yfirlýstir hernámsandstæðingar voru með á listanum svo að ekki væri unnt að saka 60-menningana um að annarleg sjónarmið lægju að baki áskorun þeirra.“<sup>53</sup> Varast ber að draga of víðtækar ályktanir af þessari fullyrðingu og Halldór var hvað sem öllu líður yfirlýstur hernámsandstæðingur. Þó virðist mér sem Halldór tilheyri þegar þarna er komið sögu öðrum hópi menntamanna en áður. Hann virðist ekki lengur í þeim hópi sem færðist undan að svara spurningum *Morgunblaðsins* varðandi *Skáldatíma* heldur frekar í hópi háskólamanna og skálda sem fyrr myndi teljast borgaralegur en róttækur.

Halldór Guðmundsson segir að í lok sjöunda áratugarins upplifi Halldór það í fyrsta sinn að vera hægra megin við unga lesendur sína í stjórnmálum og það komi hvergi skýrar fram en í mótmælum íslenskra og danskra stúdenta gegn því að hann veitti Sonning-

verðlaununum viðtöku í Kaupmannahöfn árið 1969.<sup>54</sup> Í mótmælum unga fólksins var fólgin sú krafa að Halldór Laxness tæki skýra afstöðu til mála á pólitískum vettvangi og að hann axlaði siðferðilega ábyrgð fyrir samfélagið í heild með því að hafna verðlaunum úr Sonning-sjóðnum sem upphaflega átti rætur sínar að rekja til húsnæðisbraks.<sup>55\*</sup> Til þessa máls vísar Ivar Eskeland væntanlega þegar hann spyr: „Er hægt að sýna fram á það, sé Halldór Laxness tekinn sem rannsóknardæmi, að þegar menn veita viðtöku tiltölulega háum, kapitalískum ávísunum, þá dragi þeir niður tiltölulega rauða fána sína og hífi upp bláa í staðinn?“<sup>56</sup> Spurningu í líkingu við þessa svaraði Halldór þegar hann veitti nóbelsverðlaununum viðtöku:

Ég er ekki stjórnmalamaður, heldur bókmenntamaður, sem ritar skáldsögur. Menn hafa áfellt mig fyrir þrennt — kaþólsku, kommúnisma og kapitalisma. Ég er ekki lengur kaþólskur, ég er ekki kommúnisti — og hvað kapitalismanum viðvíkur verður að leita svarsins í bókum mínum, því að það er álitamál.<sup>57</sup>

Stúdentarnir hefðu aftur á móti óhikað kveðið já við spurningu Eskelands. Þeir kölluðu eftir róttækni af Halldórs hálfu í líkingu við þá sem hann boðaði í ritgerðum á fjórða áratugnum. Samfélagsgagnrýni átti aftur upp á pallborðið á tímum Víetnamstríðsins og sömuleiðis skáldverk eins og *Salka Valka* þar sem þjóðfélagsleg vandamál eru tekin til umræðu. Kröfur um þjóðfélagsgagnrýni í hennar anda eru gerðar til *Kristnihalds undir Jökli* og *Guðsgjafapulu* þegar þær koma út á Íslandi en þá er sem hið fjálslega form sagnanna og breytt afstaða skáldsins til þátttöku á vettvangi dagsins vefjist fyrir mönnum.

## Þátttaka og hlutlægi

Í telfni af sjötugsafmæli Halldórs Laxness 1972 var flutt fyrirlestraröð í útvarpi sem síðar var gefin út á bók. Sjöunda og síðasta erindi raðarinnar nefnist „Okkar tími — okkar líf“ en í því gerir Helga Kress grein fyrir þróun skáldskapar og skáldskaparfræða Halldórs Laxness. Hún segir að skipta megi sagnagerð Halldórs í fimm tímabil „eftir hugmyndafræði skáldsagnanna og gerð, en þróun þessara beggja þátta fylgist að.“ Í skiptingu Helgu spannar hvert tímabil um áratug. Fyrst nefnir hún „æskuverkin“ sem komu út á tímabilinu 1918 til 1927: *Barn náttúrunnar*, *Undir Helgahnúk* og *Vefarinn mikli frá Kasmír*. Næsti

flokkur er „þjóðfélagslegu skáldsögurnar“ frá 1932 til 1940: *Salka Valka*, *Sjálfstætt fólk* og *Heimsljós*. Næstu tvö tímabil skarast: annars vegar „sögulegu skáldsögurnar“ *Íslandsklukkan*, *Gerpla* og *Paradísarheimt* sem komu út 1943 til 1960 og svo ónefndur flokkur sem telur tvær bækur: *Brekkukotsannál* frá 1957 og *Atómstöðina* frá 1948. Í síðasta flokknum eru skáldsögurnar þrjár sem eru meginumfjöllunar-efni þessarar ritgerðar: *Kristnihald undir Jökli*, *Innansveitarkronika* og *Guðsgjafaþula*.<sup>58</sup>

Helga ber saman annars vegar sögumenn *Atómstöðvarinnar* og *Brekkukotsannáls* og hins vegar *Kristnihalds undir Jökli*, *Innansveitarkroniku* og *Guðsgjafaþulu*. Um þá fyrrnefndu segir hún að þeir séu „samlifaðir atburðarásinni“, einir af „aðalpersónunum“ og þeir séu eina heimildin fyrir því sem þeir greini frá. Um þá síðarnefndu segir hún:

Í [...] Kristnihaldi undir Jökli (1968), *Innansveitarkróniku* (1970) og *Guðsgjafaþulu* (1972), heldur Halldór áfram að segja sögur í fyrstu persónu. Aðferðin er þó önnur en áður. Það sem einkennir þessar sögur er úrslitilaun til ítrustu hlutlægni í skáldsagnaformi. [...]

Höfuðeinkenni skálda segir Halldór á einum stað vera jafnvægi milli þátttöku og hlutlægis. Og það er engu líkara en hann sé í Kristnihaldi og *Guðsgjafaþulu* að gera tilraunir með þanþol skáldsagnaformsins, hvað mikið af óvirkum sögumanni jafnvægið þolir. [...]

Og ég fæ ekki betur séð en jafnvægi hlutlægis og þátttöku, sem tókst að halda í Kristnihaldinu, sé nóg boðið í *Guðsgjafaþulu*, og skáldsagnaformið þoli ekki meira af slíku.<sup>59</sup>

Helga notar hugtökin þátttaka og hlutlægi sem hún sækir til Halldórs Laxness til að lýsa virkni sögumanna í skáldverkum. Skáldsagnaformið virðist aðeins þola takmarkaða röskun á þessu jafnvægi og virðist hreinlega springa eins og blaðra, sé þess ekki gætt. Munur Umba og sögumanns *Guðsgjafaþulu* felst að hennar hyggju í því að sá fyrrnefndi „kemst ekki hjá því að taka þátt í lífinu. Um algjöra hlutlægni í skýrslu hans er því ekki að ræða og að lokum samsamast hann henni.“ Sá síðarnefndi tekur hins vegar aðeins „óvirkan þátt í atburðarásinni“. Um hann segir hún ennfremur að hann „langi að segja sína sögu, en stilli sig vegna sögumannshlutverks síns.“

Þegar grafið er fyrir um notkun Halldórs á hugtökunum þátttaka og hlutlægi í greininni sem Helga vísar til, þá er hann ekki að lýsa einum af kollegum sínum úr rithöfundastétt með þessu orðalagi

heldur tíræðri sveitakonu úr afkima vestanlands. Um þessa konu segir hann að hún hafi aðeins hugsað um eitt síðustu hundrað ár „og það var skáldskapur: dýrt kveðnar vísur, fallegt mál, eddukenníngar, atburðir og orðaskak úr fornsögum ásamt sagnþrúngnum lýsingum úr þjóðlífinu þar sem einkum var dvalið við örlög skálda.“ Í samræðum sínum við konuna kemst Halldór að raun um eftirfarandi: „Sjónarmið konunnar og öll afstaða hennar bar vott um það jafnvægi milli þátttöku og hlutlægis sem er höfuðeinkenni skálda.“ Halldór hefur m.ö.o. ekki atvinnurithöfund í huga þegar hann lætur þessi orð falla heldur miklu fremur þá lesendur sem lifa í skáldskap eða lifa jafnvel af veruleika sinn í krafti skáldskaparins:

Samtal þetta vakti upp hjá mér endurminningar um kalla og kellingar sem ég þekti vel í bernsku og rekst enn á stundum, verði mér reikað spölkorn úr gestgötu: aldurnigið alþýðufólk sem hversdagsstrit þess og hörð lífsbaráttu virðist alla tíð hafa verið því einhverskonar hégómi sem það hafi sosum varla tekið eftir; hið eina sem því fanst máli skifta í þessum heimi var skáldskapur.<sup>60</sup>

Mér virðist sem lögmálið um þátttöku og hlutlægi megi eins skilgreina út frá lesandanum og skáldinu. Eftir því sem sögumaðurinn er opinskárrí og virkari í frásögninni minnkar þörfin fyrir þátttöku lesandans. Ef sögumaðurinn heldur sig við hlutlægar lýsingar og lætur lítið uppi um t.d. hug persónanna aukast möguleikar lesandans á þátttöku. Ivar Eskeland notar orðið þátttaka með þessum hætti í ritgerð sinni um *Kristnihald undir Jökli*. Hann segir:

Ég þekki gamla langreynda lesendur óbundins máls, sem verða að beita sig hörðu til að lesa óbundið mál nema í leikritsformi, hafa beinlínis óbeit á því. Við komum sem sé að hinni alkunnu skáldlegu þversögn, að helzta sérkenni góðs skáldskapar er allt það sem *ekki* stendur í textanum: ústrikaniðnar, undanfellingarnar, þéttingin, þó ekki þannig að það bitni á hinu innra, lífræna samhengi, „lögmálum verksins sjálfis“. Skopmyndin af þessu er „ljóðabókin“ sem gefin var út í Skandinavíu fyrir nokkrum árum — þar sem einungis voru auðar línur.

*Slík* „þensla formsins“ útheimtir að við séum öll skáld, og góð skáld, sem góðu heilli er mjög takmarkaður sannleikur (jafnvel á Íslandi)!

Þegar þensla formsins er upp á sitt bezta, á hún að hvetja lesandann til að taka þátt í sköpun skáldverksins, í anda skáldsins, en í sam-

ræmi við eðlilegar forsendur lesandans. Þessi þensla hefur tekizt fullkomlega hjá Halldóri Laxness í Kristnihaldi ...<sup>61</sup>

Eins og sjá má er fólgin ákveðin fagurfræðileg afstaða í greiningu Eskelands. Þannig telur hann að það sé „sérkenni góðs skáldskapar“ að láta ekki allt uppi og þar með hvetja til þátttöku lesandans. Sú fagurfræði sem Eskeland laðast að á hins vegar ekki upp á pallborðið hjá öllum og sumir gagnrýnendur kjósa frekar verk sem gera ráð fyrir minni þátttöku af hálfu lesandans. Njörður P. Njarðvík hallast t.d. fremur að fagurfræði *Sölku Völku* en *Guðsgjafapulu* í útvarpserindi sem hann flutti 1972 og í hans tilfelli tengist krafan um þátttöku sögumannsins kröfu um þátttöku höfundarins á pólitískum vettvangi.<sup>62</sup> Sögumaður *Sölku Völku* gerir sitt ítrasta til að útmála hvert smáatriði í söguheiminum og stundum skoðar hann jafnvel sama fyrirbærið frá mörgum ólíkum sjónarhornum. Um þjóðfélagslegu skáldsögurnar segir Helga Kress:

Þessar sögur eru hvassar þjóðfélagsádeilur [...]

Frásögnin er breið og hægfara, náttúru- og umhverfislýsingar skipa meiri sess en í öðrum sögum Halldórs. Hugsunarháttur og málfar fólksins, sem lýst er, ríkir í stíl sagnanna. Í *Sölku Völku* kemur fyrir það sama og áður í *Vefaranum*, að sögumaðurinn trufla frásögnina með at-  
hugasemdum, sem eru fyrir utan hugarheim sögupersónanna. Í *Sölku Völku* og *Sjálfstæðu fólki* fara atburðir fram á skynsviði margra, og minnir það stöðugt á nálægð sögumanns, sem óhjákvæmilega hlýtur að gera vart við sig á leið sinni úr einni persónu í aðra.<sup>63</sup>

Eins og sjá má er önnur fagurfræðileg afstaða í þjóðfélagslegu skáldsögunum en síðustu skáldsögunum þremur, í þeim fyrrnefndu er þátttaka sögumannsins við útleggingu textans klárlega meiri. Þó má ekki skilja þetta sem svo að danskir og íslenskir stúdentar hafi verið að mótmæla þátttöku eða hlutlægi sögumannsins í verkunum þegar þeir þrómmuðu um götur Kaupmannahafnar vegna Sonning-verðlaunanna, heldur hlutlægi og þátttöku skáldsins á vettvangi þjóðlífsins.

### Tæmandi lausn á aðkallandi vandamáli<sup>64</sup>

Í ritdómi um *Kristnihald undir Jökli* í *Heima er bezt* segir Steindór Steindórsson: „Boðskapur sögunnar er hinn sami og í *Dúfnaveizl-*



unni, að hverfa aftur til hins óbrotna frumstæða lífs, og að sýna fram á fánýti þjóðfélagsbyggingarinnar í heild.“ Og hann bætir við: „Ekki skal hér dæmt um það hvort nokkurt raunsæi er í slíkri boðun, eins og skáldið setur hana fram, en hitt er víst, að mörgum mun reynast erfitt að skynja og skilja hugsanaferil skáldsins sem fulla alvöru.“<sup>65</sup> Steindór Steindórsson var jafnaldri Halldórs Laxness, fæddur árið 1902. Hann verður því ekki sakaður um að fylla flokk ungra röttæklinga, hvað þá sextíuogátta-kynslóðarinnar. Af ritdómi hans að dæma og ævisögu hans sömuleiðis kemur hann manni fyrir sjónir sem fulltrúi aldamótakynslóðarinnar sem gladdist yfir sambandslögunum 1918 og fleiri áföngum sem leiddu til endurreisnar þjóðveldisins á Þingvöllum 1944. Í hans huga stóðu hreyfingar með þjóðinni í nánú sambandi við hugsanir og skrif skálda og því þarf ekki að undra að afstaða hans sé sú að saga flytji ‚boðskap‘ og að skáldið ‚boði‘ eitt eða annað í verki sínu.<sup>66</sup> Því miður rennir Steindór ekki frekari stoðum undir túlkun sína en í hans huga flytur *Kristnihald undir Jökli* hvað sem öðru líður röttæka samfélagsgagnrýni, að minnsta kosti að því marki sem það sýnir fram á „fánýti þjóðfélagsbyggingarinnar í heild.“ Margir lesendur af yngri kynslóðinni sáu raunar þessa sömu hlið á *Kristnihaldi undir Jökli* og þeim féll m.a. áhugi Jóns Prímusar á náttúrunni vel í geð enda kom hann heim og saman við margt af því sem var efst á baugi hjá sextíuogátta-kynslóðinni.<sup>67</sup>

Þegar talið berst að samfélagsumræðu í skáldverkum Halldórs Laxness skilgreina flestir gagnrýnendur hana frá þröngu sjónarhorni. Sumir sjá hana jafnvel ekki nema skáldið boði skýra framtíðarsýn og setji hana fram í sama formi og undir sömu formerkjum og í þjóðfélagslegu skáldsögunum frá fjórða áratugnum. Ásgeir Hjartarson skrifar leikdóm um uppfærslu Leikfélags Reykjavíkur á *Kristnihaldi undir Jökli* í *Þjóðviljann* árið 1970. Umfjöllun hans snýst ekki síður um bókina en leikverkið og hann segir t.d.: „„Kristnihald undir Jökli“ er ekki jafnoki skáldsagnanna miklu sem gerðu Halldór Laxness víðfrægan um heiminn, veittu honum hin hæstu verðlaun, vinsældir og virðingu. Hugsjónaeldurinn, ádeilan og áhuginn á félagsmálum er ekki sá sami og fyrrum.“<sup>68</sup>★

Eins og fram kom í kaflanum „Allt nýtt er ógnvekjandi“ óskaði Halldór Þorsteinsson eftir því að í skáldskap væri fengist við afmörk-

uð vandamál og á þeim væri fundin tilhlýðileg lausn. Þó heita eigi að Halldór Þorsteinsson fjalli um leikhúsuppfærslu á *Kristnihaldi undir Jökli*, þá er sú umfjöllun í skötulíki og fjórir heilsíðudálfar af fimm nánast samfelldur reiðilestur yfir skáldverkinu *Kristnihaldi undir Jökli* og höfundu þess. Dómur Halldórs Þorsteinssonar á ýmislegt sammerkt með dómi sem Þráinn Bertelsson skrifaði um skáldsöguna tveimur árum fyrr. Báðir lýsa þeir henni sem matvöru og sá fyrrnefndi segir: „Um Kiljansinna, þær vandfýsnu sálir, er það að segja, að þeir gleypa vitaskuld við hverju, sem átrúnaðargóði þeirra þóknast að fleygja í þá og kyngja með beztu lyst og melta sér til andlegra óbóta.“ Bitastæðasta gagnrýni Þráins Bertelssonar er eftir sömu uppskrift:

Í þessari bók varpar Laxness fram nokkrum grundvallarspurningum. Sumum svarar hann samkvæmt sinni sannfæringu, aðrar aðeins glingrar hann við. Bókin er langt frá því að vera tæmandi lausn á einhverju aðkallandi vandamáli. Halldór Laxness fjallar þarna enn einu sinni um brot af sinni lífsfilósófiu, sem lesendur hafa kynnt áður. Að vísu er hún núna borin fram á nýjum bakka, en krásirnar eru þær sömu — ekki lengur spennandi nýnæmi, heldur gamalkunnir réttir, matreiddir með svolítið öðru kryddi af snillingi í sinni grein.<sup>69</sup>

Það skýtur nokkuð skökku við að Þráinn Bertelsson, sem virðist hafa afturhaldskynjaðar skoðanir á skáldskap, skuli ganga einna harðast fram í því að gagnrýna *Kristnihald undir Jökli* fyrir skort á frumleika. Þráinn lýsir bókinni sem fæðu og hann virðist vilja innbyrða verkið í heilu lagi án þess að leggja neitt sérstakt til matseldarinnar sjálfur, krafa hans er sú að í því sé að finna „tæmandi lausn á einhverju aðkallandi vandamáli“, eins og hann segir. Í kröfu hans er sem endurómi orð danska bókmenntagagnrýnandans Georgs Brandes, helsta forkólfs raunsæislegs skáldskapar á Norðurlöndum, sem orðið hafa að eins konar slagorði stefnunnar; að skáld eigi að gera verk sín að *vettvangi umræðu um brýn úrlausnarefni*.<sup>70</sup> Þráinn lýsir fagurfræðilegri afstöðu sem er í fullkominni andstöðu við þá sem Ivar Eskeland hallaðist að í kaflanum hér á undan. Eskeland taldi það „sérkenni góðs skáldskapar“ að láta ekki allt uppi og þar með hvetja til þátttöku lesandans. Þráinn virðist beinlínis álíta að verkið sé gallað af hendi höfundar, þurfi lesandinn að leiða einhver vandamál til lykta sjálfur.

Þráinn Bertelsson gerir einstakar persónur *Kristnihalds undir Jökli*

að málpípum höfundarins. Hann lítur t.d. svo á að frjálsleg túlkun Dr. Godmans Sýngmann á kenningum Nietzsches sé dæmi um fordóma Halldórs sjálfis gagnvart þýskri heimspeki. Þráinn gerir ekki greinarmun á rödd skáldsins annars vegar og röddum persóna í verkinu hins vegar. Þess vegna fer hann þá leið að vísa til ummæla Halldórs um þýska heimspeki frekar en að velta fyrir sér umgjörð tilvitnunar í Nietzsche sem finna má í verkinu.<sup>71</sup>★

Árni Bergmann kemur líka auga á líkindi með ákveðnum persónum *Kristnihalds undir Jökli* og Halldóri Laxness, einkum Jóni Þrímusi. Árni Bergmann segir að „[þ]essi tengsli, sem og önnur milli höfundar og persónu hans [hljóti] að festa við séra Jón mikið af forvitni þeirra sem velta því fyrir sér, hvar nóbelskáld vort elskulegt sé á vegi statt“.<sup>72</sup> Úrvinnsla Árna er þó allt önnur en Þráins því Árni veltir því fyrir sér hvort Halldór sé að stefna saman eigin skoðunum, jafnvel frá ólíkum skeiðum ævi sinnar. Um þetta segir hann:

Allar þær þrjár höfuðpersónur [þ.e. Úa, Dr. Sýngmann og Jón Þrímus] [...] og svo Umbi sögumaður fá í sinn hlut drjúgari skammt af ýmsum þeim hugsunum og viðhorfum sem eru Halldórs beinlínis, hafa komið fram í verkum hans og greinargjörðum. Þetta kemur fram í stóru og smáu. Umbi fær til að mynda ásetninginn um að skrifa hlutlæga frásögn, vandamál mr. X í skáldsögunni og í ábót einkasmekk Halldórs á brennivíni og mataræði. Sýngmann stendur t.d. í landvinningum og kenningasmíð í 30 ár eins og skapari hans og alltént fær hann í sinn hlut andúðina á þýskri heimspeki. Úa gæti vel átt margar furðulegar hliðstæður við feril Halldórs, svo mikið er víst að hann er að öðrum þræði þjóðsagnapersóna á Íslandi. Þannig mætti lengi telja. Það læðist að manni sú hugmynd að þótt sjálfstæði persónanna í sögunni sé fullkomlega virðingarvert, þá sé höfundurinn að skipta sjálfum sér í parta bæði í háði og alvöru, og tefli þeim saman í margslunnum dulargervum sem aldrei verða afhjúpuð til fulls. Þrátt fyrir prédikun hlutlægni í sagnagerð á Halldór Laxness það til að spyrja sem svo: „Er höfundurinn ekki eini maðurinn sem máli skiptir svo í skáldsögu sem öðrum bókum?“ [...] Og hvað stæði þá helzt uppi nema trú á listina og tilgang hennar (sbr. orð séra Jóns) og svo taóismi jafnvel í bland við einhverskonar kaþólsku?<sup>73</sup>

Túlkun Árna er sérlega athyglisverð að því leyti að hún gerir grein fyrir þeirri víxlverkun sem verður milli skálds og sköpunarverks þess.

Fyrst skapar höfundur persónur í skáldsögu úr sinni eigin reynslu en eftir því sem frá líður skapa persónurnar líf hans. Dæmi um víxlverkun af þessum toga má raunar sjá í ritdómi Árna Bergmann um *Innansveitarkroniku*. Í dómum um hana bendir fátt til þess að gagnrýnendur sakni þjóðfélagslegrar umræðu en þó er ísmeygileg athugasemd í ritdómi Árna þar sem hann líkir Halldóri við eina persónu hans. Árni segir: „[Halldór Laxness] skoðar atburði með því „góðmannlega siðmenningarbrosi“ sem hann á sameiginlegt með sköpunarverki sínu, Búa Árland. En þar skilur á milli þessa frægðarmanns úr *Atómstöðinni* og Halldórs Laxness að skáldinu leiðist ekki.“<sup>74</sup> Athugasemd Árna vitnar um breytingarnar sem urðu á stöðu Halldórs Laxness á þessum árum. Hann er ekki lengur einn af alþýðunni heldur góðborgurinum. Gagnrýni á hin meintu umskipti hans eru enn háværi í umfjöllunum um *Guðsgjafapulu*.

### Hér er ekki á ferð ádeila sem heldur vöku fyrir sekum<sup>75</sup>

Í erindinu „Okkar tími — okkar líf“ komst Helga Kress svo að orði um *Guðsgjafapulu*: „Og ég fæ ekki betur séð en jafnvægi hlutlægis og þátttöku, sem tókst að halda í Kristnihaldinu, sé nóg boðið í Guðsgjafapulu, og skáldsagnaformið þoli ekki meira af slíku.“<sup>76</sup> Reynsla Gunnars Stefánssonar, ritdómara *Tímans*, af lestri verksins virðist í líkingu við upplifun Helgu. Samanburður við *Innansveitarkroniku* leiðir hann að eftirfarandi niðurstöðu:

Að mínum dómi tekur [Innansveitarkronika] fram öðrum verkum Laxness á síðustu árum: og fjarri fer að Guðsgjafapula jafnist á við hana. Sá upphafni hreinleiki alþýðlegrar frásagnalistar sem mætir lesandanum í *Innansveitarkroniku* er ekki til staðar í þessari nýju bók. Og sú myndni sem Laxness beitir svo mjög fyrir sig í *Guðsgjafapulu* þykir mér engan veginn til þess fallin að bæta fyrir formlegan glundroða verksins.<sup>77</sup>

Ritdómarinn telur að ekki sé loku fyrir það skotið að bókin muni njóta vinsælda þrátt fyrir galla sína. Það atriði sem hann telur þar þyngst á metunum er „[s]jálft höfundarnafnið [sem] dregur býsna drjúgt í seinni tíð“. Í framhaldinu er sneitt að öðrum ritdómurum og sagt að „viðtökur gagnrýnenda nú [séu] mun lofsamlegri en skáldið

átti að venjast fyrir á tíð er það reit sín mestu verk.“ Gunnar Stefánsson telur að deilum um skáldskap Halldórs Laxness sé að mestu lokið og um hann ríki nú „lognmolla hróssins“ en að hans viti er „gustur“ bæði lesendum og skáldi hollur annað veifið. Það er vert að veita því athygli að þótt ritdómaranum virðist mjög umhugað um að annað en „höfundarnafnið“ dragi menn að verkum skáldsins byggist neikvæð gagnrýni hans fyrst og fremst á samanburði við eldri verk þess. Þannig segir um umfjöllun bókarinnar um byltingu drykkjurúta: „Og allur þáttur sögunnar af verkalýðspólitíkinni er býsna innihaldslítil myndni: að vísu er hann fróðlegur til samanburðar við Sölku Völku og Heimsljós, en langt að baki er nú höfundur þeirra verka.“ Gunnar gerir kröfu um tiltekna gerð raunsæis í skáldskap og talar um að atburðir í verkinu sem vísa til líðandi stundar „ork[i] einkum á lesandann sem tímaskekkja: bjór og minkaeldi var til að mynda varla orðið hitamál á Íslandi á þeim dögum sem sagan á að gerast fyrir stríð.“ Samanburður *Sölku Völku* og *Heimsljóss* við *Guðsgjafabulu* fær Gunnar Stefánsson ekki til að velta fyrir sér breyttum þjóðfélagsaðstæðum á Íslandi í kreppunni annars vegar og nútímanum hins vegar þó að hann komi auga á samtímalegar skírskotunar í *Guðsgjafabulu*. Verkið er gallað að hans viti af því að það er léleg heimild um liðinn tíma:

Þótt það kunni að vera kostur á bók að hún sé „rúmgóð“, eins og Kristján Karlsson nefndi Brekkukotsannál [...], virðist lesanda *Guðsgjafabulu* að rúm hennar sé fremur illa nýtt: grind söguefnisins fyllt með því sem skáldinu er hendi næst í samtíðinni. Hefði höfundur vafalaust verið í lófa lagið að koma hér að framræslu míra og jafnvel friðun Bernhöftstorfunnar, svo að nefnd séu helztu þjóðfélagsmál, sem Halldór Laxness hefur látið til sín taka í seinni tíð. En slíkt á vitanlega ekki heima í greinagerð um liðið tímabil.<sup>78</sup>

Eins og sjá má lítur Gunnar Stefánsson skáldverkið þeim augum að „grind“ þess sé leikrými fyrir höfundinn. Sem lesandi virðist hann frábiðja sér að taka þátt í leiknum. Manni getur beinlínis sýnst sem honum ói við hinu lausbeislaða formi og óróanum sem það veldur, þ.e. hvernig það virðir ekki mörk milli nútíma og fortíðar þannig að rýmið verður óljóst og fljótandi. Um þetta segir hann: „En heimur bókarinnar er ekki skýrlega afmarkaður eins og Innansveitarkroniku

með sínum fingerðu og föstu dráttum. Í Guðsgjafaþulu teygir höfundur lopann og heildarmynd verksins reynist óskýr og daufleg“.

Árni Bergmann ritar um *Guðsgjafaþulu* í *Þjóðviljann* og á heildina litið er hann jákvæðari í garð verksins en Gunnar Stefánsson. Árni lítur á Bersa Hjálmarsson sem „holdtekningu á sambandi Íslendinga við sína kapítalista.“ Í framhaldinu rekur hann ýmis uppátæki hans og vitnar til ummæla úr síldarsögu Egils D. Grímssonar sem fléttuð eru inn í frásögn *Guðsgjafaþulu*, þess efnis að þetta „slekti“ hafi virst vera „að tefla blindskák um auðæfi Íslands.“ Mannlýsing Bersa í sögunni vekur Árna til umhugsunar um stöðu þjóðfélagsmála á Íslandi samtíma hans og hann lætur í ljósi óskir um framtíð Íslands sem eru umhugsunarverðar í ljósi sögunnar:

Kapitalismi á Íslandi getur varla komið í alvarlega hættu meðan hann á eitthvað að ráði af svona liði. Annað mál er hvað gerist þegar Bersarnir hafa endanlega þokað fyrir sléttum ungum mönnum úr viðskiptadeild, Lion, Junior Chamber og öðrum skyldum stöðum. Við skulum vona að það gerist seint ...<sup>79</sup>

Hvað verkalýðsátökum viðvíkur telur Árni lýsingu *Guðsgjafaþulu* „á þeim málum fjarri þeirri alvöru lífsins sem ráða hlaut andrúmslofti kreppuáranna.“ Bókin er að mestu laus við „taóista“ og „taó“ en í stað þess eru komnar til sögunnar persónur sem vasast í útgerð, pólitík og „öðru sem setur [þær] miðsvæðis í mannfélagið.“ Þetta kunnuglega umfjöllunarefni freistar Árna til að bera tökina á efninu saman við bækur fjórða áratugarins þegar „stéttastríð var Halldóri Laxness sannkallað alvörumál bæði innan skáldsagna og utan þeirra.“ Samanburðurinn leiðir þó í ljós að Halldór sé enn „sjálfum“ sér líkur að sumu leyti:

Það er kannski rétt að minna á að skáldið lét sér ekki heldur þá sjást yfir skoplegar hliðar á því stríði á Íslandi, eins og verkfallslýsingar í Söllu Völku og Heimsljósi sanna. En í þann tíð voru slíkir hlutir aðeins partur heildarmyndarinnar — í *Guðsgjafaþulu*, sem á að gerast á sama tíma, ráða þeir ríkjum.

Þessari skopfærslu atburðanna fylgir um leið viss mildi í allri málsmeðferð — hér er ekki á ferð ádeila sem heldur vöku fyrir sekum. Vitanlega á slík tilfærsla á áherzlum sínar forsendur. Kemur þá fyrst, að Halldór er nú, eins og menn vita, frábitinn kenningum um það hvernig bæta megi heiminn. Önnur, og sú sem vel getur sætt pólitíska lesend-

ur við breytinguna, er blátt áfram fjarlægðin, fjarlægð frá þeirri fátækt sem brýndi penna manna á krepputímum. Og líklega er óþarfi að tala um slíka sáttabörf. Menn hafa fyrir framan sig texta sem glitrar af kímni, meinlegum tilsvörum, fróðlegum persónum og ágætri hugvitssemi. Til hvers frekar gætu menn ætlast nú í skammdeginu?<sup>80</sup>

Í ritdómi um *Kristnihald undir Jökli* skrifaði Árni Bergmann að menn gætu e.t.v. „saknað pólitískrar og siðferðilegrar ástríðu fyrri verka Halldórs“ og ljóst er að hann telur að einhverjir kunni að sakna þess sama í *Guðsgjafabúlu*. Ekki verður þó betur séð en hann hafi sjálfur nokkuð skýra hugmynd um hverjir séu „sekir“. Árni spyr hvað eigi að gera við eina persónu bókarinnar: „bolsévikann, sem getur vel setið rólegur og horft á hræringar Kleifarvatns, vegna þess að hann veit að heimsbyltingin kemur hvort sem er?“ Árni svarar þessari spurningu ekki en lýsingin virðist koma honum fyrir sjónir sem „skopfærsla“ eins og annað í bókinni en um fyndni verksins í heild segir hann að hún einkennist af mildi — en ekki voru allir ritdóm-  
arar á því máli eins og fjallað verður um í næsta kafla.

Áður en lengra er haldið er þó rétt að draga saman nokkur atriði. Í fyrsta lagi fær *Guðsgjafabúla* ritdómara til að gaumgæfa pólitísk álitamál og skoða þjóðfélagsumræðu í sögulegu ljósi. Í öðru lagi kallar meðferðin á efninu á samanburð við eldri verk skáldsins og sjálfa byggingu skáldverksins. Linda Hutcheon lýsir póstmóðernískri list í bókinni *The Politics of Postmodernism* og bendir á að skáldsögur sem teljast póstmóðernískar leiði gjarna saman hugmyndafræðilegar stefnur sem taldar eru á öndverðum meiddi og skoði þær í sögulegu ljósi. Þau verk sem hún álitur póstmóðernísk eiga það sameiginlegt að þar lendir söguleg skrásetning raunveruleikans í árekstri við skopstælingu og vísun verkanna til eigin formgerðar. Í árekstri af þessum toga verða spurningar sem varða eftirlíkingu, speglun eða hlutlausa framsetningu ekki knýjandi heldur spurningar sem varða skynjun manna á sjálfum sér, bæði í sögulegu og samtímalegu samhengi. Póstmóðernísk verk veita ekki lausnir á aðkallandi vandamálum en þau opinbera hvernig ákveðin hugmyndafræði eins og marxismi, þjóðernishyggja eða kapitalismi er forsenda fyrir merkingarsköpun í glímu okkar við raunveruleikann.<sup>82</sup> Lýsing Hutcheons sýnir að hægt er að skilgreina samfélagsumræðu í skáldverkum út frá breiðu sjónarhorni og fleira skiptir máli í því sambandi en pólitísk og siðferðileg ástríða höfundarins.

## Að svipta burt hulunni

Ólíkt Árna Bergmann telur Jóhann Hjálmarsson að í *Guðsgjafaþulu* megi finna ádeilu á jafnt fortíð sem nútíð. Hann segir: „Ádeila Halldórs eða umvöndunarsemi kemur skýrt fram í *Guðsgjafaþulu*.“ Hluti af þeirri ádeilu eða umvöndunarsemi lýtur að hans viti að pólitískum átökum sem lýst er í verkinu og hann tengir þau við ýmis ummæli Halldórs um pólitík á síðari árum. Hann segir:

Í samtali sögumanns og formanns verkalýðsfélagsins á Djúpvavík rifjast upp það, sem Halldór hefur áður látið frá sér fara um marxisma. Sögumaður svarar hvatningarorðum formannsins á þessa leið: „Ég er ekki nógu vel að mér í marxisma; stundum finst mér þessi kenning vera endurleysa frá rótum; einhverskonar blendingur af geðveiki úr bifliunni og bulli úr þjóðverjum; en svei því, — ef hún getur betrumbætt heiminn þá er alt í lagi, og ég held áfram að vera einn af þeim hliðhollu sem eru kallaðir meðreiðarsveinar.“ Bolséviki nokkur brýnir fyrir hinum unga manni að vera viðbúinn heimsbyltingunni. Hann talar um „stóru sósíalístana“, þá þýsku, sem vissu, „að í smáþjóðunum yrðu að vera til staðfastir menn, sem aldrei skiftu um skoðun, tilbúnir að taka völdin hver á sínu litlu veðurbörnu skeri þegar öreigarnir í þeim stóra heimi hefðu lýst verkalýðsríkið sigursælt á jörðinni“. Hver kannast ekki við uppgjör Halldórs Laxness við kommúnismann í þessum og álíka samræðum bókarinnar. Ég efast ekki um að þarna lýsi Halldór rétt þeim tíma, þegar hugurinn var hvað mestur í róttækum mönnum, þrátt fyrir skopstælingu, sem einkennir svo mjög *Guðsgjafaþulu*.<sup>81</sup>

Þegar ritdómar um *Guðsgjafaþulu* eru lesnir kemur í ljós að flestir ritdómarar telja að gagnrýni sögunnar beinist að öðrum en þeim sjálfum, allir aðrir fái hins vegar að finna fyrir háði skáldsins. Þó virðist ómögulegt að nýta efni sögunnar í pólitískum tilgangi. Kapítalistar geta ekki haldið Bersa Hjálmarssyni á lofti. Marxistar geta ekki bent á bolsévikann sem fagra fyrirmynd. Við lestur *Guðsgjafaþulu* komast gagnrýnendur ekki hjá því að velta fyrir sér stéttaskiptingu og stéttátökum, eins og sjá má, og hjá flestum þeirra virðist óhjákvæmilegt að skoða þessi fyrirbæri öðruvísi en með því að horfa til fyrri verka skáldsins og þeir komast að raun um að áherslurnar eru breyttar, framsetningin er önnur. Niðurstöður Árna Bergmann og Gunnars Stefánssonar eru þær að nýja verkið standist ekki samanburð við



gömlu verkin, til þess sé boðskapur þess of óljós og myndin of mild, þeir telja verkið léttvægt af þessum sökum.

Njörður P. Njarðvík sækir nafn greinarinnar „Samfúnia“ til *Guðsgjafabúlu*. Með samanburði á því verki og *Sölku Völku* kemst hann að þeirri niðurstöðu að þegar Halldór snúi sér aftur að skáldsagnagerð árið 1968 sé „eins og viðfangsefni hafi [...] fjarlægst mannleg vandamál.“ Njörður bendir á að höfundur velji sér bæði „sögumann og sjónarhorn“ og að umfjöllunarefni verksins sé kjörið fyrir „nístandi þjóðfélagsádeilu“. Meðferð Halldórs á efninu sýni þó að lífsviðhorf hans séu breytt. Njörður varpar fram eftirfarandi spurningum: „En verkafólkið sem fær ekki kaupíð sitt árum saman, hvar er þess líf í þessari bók? Skyldi engin Salka Valka hafa leynst meðal söltunarsúlknanna á Djúpvík? Hvernig hefði skáldsagan Salka Valka litið út ef lífinu á Óseyri við Axlarfjörð hefði verið lýst af svipuðum sjónarhóli þar sem meginatburðirnir snerust um brask Jóhanns Bogesens?“<sup>83</sup>

Af orðum Njarðar P. Njarðvík að dæma er sem honum falli best í geð að Halldór Laxness skoði atburði af sjónarhóli fiskverkakvanna eins og *Sölku Völku*. *Salka Valka* er viðmið Njarðar, a.m.k. ef um þjóðfélagsádeilur eða mannleg vandamál er að ræða. Skoðun hans varpar ljósi á það hlutverk sem höfundarnafnið gegnir við lestur texta, í þessu tilfelli hvernig höfundarnafn Halldórs Laxness mótar viðtökur Njarðar og væntingar hans. Njörður telur að kjarnaatriði þriggja síðustu verka Halldórs sé að finna í eftirfarandi setningu úr *Innansveitarkroniku*: „Viskum ekki gefa um það. Viskum vera að tátla hrosshárið okkar.“ Njörður útleggur inntak setningarinnar með eftirfarandi hætti: „Kannski er of mikið sagt „að láta sér fátt um finnst“ en þá ætti „að láta allt afskiptalaust“ að vera nær sanni. Við horfum á það sem fyrir augu ber, tökum engan þátt í því, höfum enga skoðun á því, mörkum enga afstöðu.“<sup>84</sup> Þetta meinta afstöðuleysi kemur þó ekki í veg fyrir að Njörður sé fullfær um að mynda sér skoðun á söguefninu. Í lok umfjöllunar sinnar vitnar hann til tveggja texta sem eiga að sýna breytta afstöðu Halldórs til samfélagsmála. Sá fyrri er frá árinu 1935 úr *Dagleið á fjöllum*, hinn seinni er úr *Skegg-ræðum gegnum tíðina*, samtalsbók Matthíasar Johannessens við Halldór Laxness frá árinu 1972. Njörður P. Njarðvík vill festa Halldór Laxness í tilteknu hugmyndakerfi andstætt Matthíasi. Fyrir Nirði er ævistarf

Halldórs ekki þroskasaga heldur harmsaga og dæmi um það hvernig þjóðfélagslegur höfundur spillist af samneyti við borgarastéttina.

Jóhann Hjálmarsson kallar *Guðsgjafabulu* „[e]ndurnýjunarverk í skáldsagnagerð Halldórs Laxness“ í ritdómi sínum í *Morgunblaðinu*. Ólíkt Gunnari Stefánssyni tekur hann virkan þátt í sköpun söguheimsins og hann kemur auga á það hvernig lesandanum er sjálfum látið eftir að taka afstöðu til t.d. pólitískra og siðferðilegra álitamála. Jóhann er þó ekki fullkomlega sjálfstæður þegar hann markar sér skoðun á söguefninu eins og sést t.d. á því hvernig hann notar vitnisburð Halldórs Laxness sjálfs til að rökstyðja að verið sé að sneiða að marxistum. Jóhann Hjálmarsson verður þó ekki sakaður um að draga taum einhvers sérstaks hugmyndakerfis á kostnað annars, verkið opnar miklu frekar augu hans fyrir því hvers hugmyndakerfi eru megnug þegar við stöndum andspænis lífinu sjálfu. Jóhann telur að einn sérkennilegasti kafli bókarinnar gerist í ‚Góða Bíói‘ þegar sögu- maður fer þangað með Bergrúnu, dóttur Íslandsbersa. Áður hefur Bergrúnu og systkinum hennar verið lýst en þau lifa við kröpp kjör meðan faðir þeirra spilar með milljónir. Eftir bíóferðina deyr Berg- rún svíplega, en um dauða hennar segir Jóhann:

[Hann er] átakanlegt dæmi um það tóm og tilgangssleysi, sem grúfir yfir peningakapphlaupinu mikla. Gamalkunn fyndni skáldsins er ekki ein- ráð í sögunni. Að mínu viti eru samskipti þeirra Bergrúnar og sögu- manns með því athyglisverðasta, sem komið hefur fram í skáldsögu Halldórs Laxness í langan tíma. Þar sameinast umkomuleysi og spurn. Kaldhæðni lífsins tekur við, sviptir burt þeirri hulu, sem er að nokkru inntak Guðsgjafabulu.<sup>85</sup>

Njörður P. Njarðvík sagði um sjónarhorn *Guðsgjafabulu*: „Við horf- um á það sem fyrir augu ber, tökum engan þátt í því, höfum enga skoðun á því, mörkum enga afstöðu.“<sup>86</sup> Hér standa lesendur frammi fyrir vali um þátttöku eða hlutlægi í skynjun sinni á söguheiminum rétt eins og raunveruleikanum. Í þessu sambandi er fróðlegt að rifja upp að Einari Olgeirssyni þótti *Salka Valka* ekki gefa rétta mynd af stéttaráttökum þegar bókin kom út 1932. Í grein sem nefnist „Skáld á leið til sósíalisma“ fjallar hann m.a. um Halldór Laxness, og um síðara bindi *Sölku Völku* segir hann að það geti aldrei orðið hetjusaga íslenska verkalýðsins því „Arnaldur [sé] þar eingöngu boðberi

kommúnismans, og verkalýðshreyfingin eingöngu dægurbarátta, en hvergi sjá[í]st þess merki, að sósíalisminn sé runninn verkalýðnum í merg og blóð.“ Af þessum sökum verður „þetta snilldarverk hans sem heild fyrst og fremst „ástarsaga“ —“. <sup>87</sup> Einar segir ennfremur að ekki sé rétt að „skella allri „skuldinni“ af þessum tvískinnungi í „pólítísku“ ástarsögunni á menntamannseðli Halldórs. — Íslenzku verkalýðshreyfingunni ber sannarlega einn þáttur af þeirri sök“. Þegar upp er staðið eru ‚svik‘ Halldórs ekki við raunveruleikann í þessari skáldsögu, að Einars hyggju, heldur við tiltekna bókmennta- grein, eða -greinar.

Gagnrýni Einars á *Sölku Völku* vitnar um hversu margflókin merking skáldverka er og að hve miklu leyti gagnrýni á þau er lýsing á sjónarmiðum gagnrýnandans ekki síður en höfundarins.

## SÁ SEM EKKI LIFIR Í SKÁLDSKAP ...

### Þriðja sneiðmynd: „Halldór Laxness ®“?

Á útgáfuári *Guðsþjafapulu* 1972 kemur einnig út bókin *Skeggræður í gegnum tíðina*. Hún hefur að geyma safn viðtala sem Matthías Johannessen, skáld og ritstjóri *Morgunblaðsins*, tók við Halldór Laxness „af ýmsu tilefni á all-löngu tímabili“, eins og segir á bakhlið. Sá leiði galli er á frágangi verksins að það „tímabil“ sem um ræðir er ekki nákvæmlega tilgreint, né heldur eru einstök viðtöl tímasett með augljósum hætti. Bókinni er skipt í sex kafla og hver um sig hefur sinn frásagnarhátt og mismunandi hlutfall milli athugasemda og spurninga „spyrils“ og svara „spyrðils“. Ekki kemur fram hvort efni ræður framsetningunni eða hvort formið ræðst eingöngu af smekk þess tíma sem viðtölin voru tekin á. *Skeggræður í gegnum tíðina* naut mikilla vinsælda og er mér til efs að margar bækur finnist jafnvíða á íslenskum heimilum. Á 100 ára afmæli skáldsins árið 2002 var bókinni ennfremur dreift í heild sinni með *Morgunblaðinu*. Áhrif bókarinnar á hugmyndir manna um höfundarnafn Halldórs Laxness verða ekki mæld eftir neinni viðurkenndri mælistiku en þó virðist mér hlutur hennar stór, einkum þegar hugað er að seinni hlutanum af ævi skáldsins.

Fyrsta viðtalið nefnist „Vinnan er guðs dýrð“ og fjallar að verulegu leyti um fyrstu skáldsögu Halldórs Laxness, *Barn náttúrunnar*. Tilefnið er 50 ára rithöfundarafmæli hans 1969.<sup>88</sup> Þetta viðtal er yngra en þau sem fylgja næst á eftir og má segja að um nokkurs konar inngang sé að ræða. Í þessu viðtali er framlag Matthíasar með mesta móti og einungis vitnað beint til Halldórs þegar renna þarf stöðum undir þau sjónarmið sem Matthías setur fram. Segja mætti að aðaláhersluatriði Matthíasar í þessum fyrsta kafla séu tvö. Annars vegar: „[Halldór Laxness] hefur ekki verið við eina fjöl felldur. Og aldrei fest sig í gildru neinnar sérstakrar stefnu eða tízkufyrirbrigðis svo hann gæti ekki losað sig aftur þegar honum sýndist. Hann hefur að vísu verið alæta á kerfi og skoðanir en aldrei bundinn á klafa neinnar liststefnu eða fjötrast við kreddu fyrir fullt og allt.“<sup>89</sup> Hins vegar: „[S]einustu orð Jóns prímusar við Umba [í *Kristnihaldi undir Jökli*] eru: „Sá sem ekki lifir í skáldskap lifir ekki af hér á jörðinni.“ Þau orð minna á ljóðið í Barni náttúrunnar: Dáið er allt án drauma / og dapur heimurinn. Niðurstöður fimm tíu ára skáldferils Halldórs Laxness má þannig finna í fyrstu bók hans.“<sup>90</sup>

Þessi túlkun Matthíasar, þ.e. að niðurstöðu skáldferils Halldórs sé að finna í fyrsta verki hans, virðist fela í sér þversögn, e.t.v. með svipuðum hætti og mörg spakmæli *Bókarinnar um veginn*. Við nánari athugun kemur í ljós að þessi þversögn liggur formgerð bókarinnar til grundvallar því að eftir því sem líður á lesturinn færast lesandinn nær upphafsstað hennar í tíma, þ.e. til ársins 1970, og í rúmi því hún endar á æskuslóðum skáldsins að Laxnesi í kaflanum „Mosdæla saga“.<sup>91</sup> Persónulýsing Halldórs framkallast því eins og ljósmynd við lesturinn: í fyrsta kaflanum er haldið á lofti tiltekinni fyrirmynd, svo hverfur sú mynd sjónum en eftir því sem líður á lesturinn fara drættir fyrirmyndarinnar að skýrast uns hún fær eins konar staðfestingu í lokakaflanum.

Viðtölin í miðhluta bókarinnar eru tekin af ýmsum tilefnum, eitt vegna útgáfu *Gerplu* í kilju árið 1956, annað þegar Halldór kemur úr ferðalagi til Bandaríkjanna og Austurlanda árið 1958, það þriðja er frá leikritunarárnum, tekið 1966, og það fjórða er uppskrift að frægu sjónvarpsviðtali úr þáttaröðinni *Maður er nefndur* frá 1970.<sup>92</sup> Hið „all-langa tímabil“ sem rætt er um á bakhlið bókarinnar reynist því vera u.þ.b. fjórtán ár en þessa tímabils er gjarna minnst vegna

meints pólitísku uppgjörs skáldsins, ekki síður en vegna þess skáldskapar sem það skrifaði á þessum tíma. Tímabilið sem bókin spannar er þó ekki nógu langt til að sýna raunveruleg sinnaskipti skáldsins; í henni ræðir Halldór ekki um þær mörgu hugmyndir sem hann hefur aðhyllst nema til að bera þær af sér. Í sjónvarpsviðtalinu klykkir hann út með þessum orðum:

En ég tek ekkert aftur, læt allt standa sem ég hef sagt: Því alltaf þegar manni bætist ný þekking hlýtur maður að breyta skoðun sinni. Annað væri ærulaust athæfi. Sumum bætist aldrei ný þekking af því þeir eru of óheildarlegir til að taka nýja þekkingu gilda. Mínar skoðanir hafa alltaf verið í endurskoðun. [...] Hins vegar er ég kominn á þau ár að ég er ekki lengur ginnkeyptur fyrir nýjum heimsskoðunum eða lífskoðunum, né úniversalteoríum sem skýra allt, — líkt og bramalífsexírinn læknaði alla sjúkdóma þegar ég var drengur. Ég hef stundum sagt, að ég aðhylltist staðreyndir, en læt mér nægja eina staðreynd í einu.<sup>93</sup>

En hverjar eru þær staðreyndir sem standa eftir þegar allar kenningar heimsins hafa verið felldar úr gildi? Matthías teflir æsku skáldsins mjög djarft fram og stundum tjáir Laxness sig um foreldra sína og ömmu með skýrari hætti en í endurminningabókunum sem hann ritaði síðar. Þannig svarar hann spurningu Matthíasar um hvort faðir Halldórs sé honum nálægur með eftirfarandi hætti: „Já. Hann hafði sterk áhrif á mig og hefur að vissu leyti verið mér förunautur bæði lífs og liðinn.“<sup>94</sup> Í síðasta kafla bókarinnar ver Matthías nokkru rými í þjóðsögu sem vitnað er til í *Innansveitarkroniku* og nefnd var í tengslum við umfjöllun Njarðar P. Njarðvík hér að framan. Sagan er á þessa leið:

Karl var að tæja hrosshár og sonur hans með honum. Þá sagði sonurinn: „Pápi minn, er það satt að Jesús Kristur hafi stigið niður til helvítis?“ „Ég veit ekki, drengur minn,“ sagði karl, „svo segja prestarnir. Við skulum ekki gefa um það. Við skulum vera að tátla hrosshárið okkar.“<sup>95</sup>

Boðskap sögunnar leggur Halldór út með sama hætti og lokaorð *Birtings*, að maður eigi að rækta garðinn sinn og manni getur virst sem þetta sé lokaniðurstaða *Skeggræðna í gegnum tíðina*.

Bók Matthíasar er að mörgu leyti góð heimild um skoðanir Halldórs Laxness á því tímabili þegar viðtölin eru tekin. Hún er jafnframt

góð heimild um þá sýn sem Matthías Johannessen hefur á Halldór Laxness. Bókin er hins vegar ekki góð heimild um fortíð Halldórs og frásagnir hans af lífshlaupi sínu eru sjaldan vefengdar, t.d. með því að vísa í eldri heimildir. Bókin er umfram allt túlkun á æviferli Halldórs og í þeirri túlkun má segja að ríki ákveðið tímaleysi sem kemur bæði fram í skorti á nákvæmum tímasetningum viðtalanna og í formgerð verksins þar sem innri tíminn er hringlaga. Ég vitnaði hér að framan til orða sem Halldór Laxness viðhafði þegar hann þurfti að lýsa kolla-ega sínum Upton Sinclair, en þau voru á þessa leið: „[M]ér blöskra erfiðleikarnir á því að gera fasta og áþreifanlega mynd af slíkum manni sem enn er ekki annað en líf og hreyfing, en eins og þér vitið, þá er maðurinn fyrst orðinn „saga“, þegar hann er búinn að sleppa tókunum á sínum veruleikans og genginn fyrir ætternisstapa.“<sup>96</sup> Þegar eftirmæli Matthíasar um Halldór Laxness frá árinu 1998 eru skoðuð, þá eru líkindi þeirra og túlkunarinnar sem hann setur fram í *Skeggræðum í gegnum tíðina* svo mikil að manni getur virst sem saga Halldórs hafi þegar verið fullskrifuð árið 1972. Í minningarorðunum segir Matthías m.a.:

Knut Hamsun hafði ástríðufullan áhuga á klukkum. Nú eru þær hættar að tifa eins og hjarta hans. Það er einungis í verkum mikilla skálda sem tíminn stendur kyrr. Í tímalausum skáldverkum eru klukkurnar hættar að tifa. Þar er tíminn sigraður; enginn dauði, engin tortíming.

Halldór Laxness skrifaði um tvær klukkur í skáldverkum sínum. Í annarri var brestur. Samt glumdi hún fátækri þjóð til dýrðar ...<sup>97</sup>

Maður getur ekki annað en velt því fyrir sér hvers vegna Matthías hefur minningargrein sína um Halldór á tilvitnun í Knut Hamsun. Halldór hreifst af þessu norska skáldi sem ungur maður en átti síðar eftir að gera uppreisn gegn fagurfræði þess og hugmyndafræði, bæði í ritdómi og skáldverkinu *Sjálfstæðu fólki* sem er á marga lund svar við *Gróðri jarðar* eftir Hamsun.<sup>98</sup> Undir lok ævi sinnar snerist Hamsun á sveif með nasistum og þau tengsl hafa allt fram á þennan dag haft áhrif á lestur verka hans. Með því að minnast Hamsuns fyrst og fremst sem skálds en ekki hugmyndafræðings gerir Matthías þýðingarmikinn greinarmun á æviferli skáldsins annars vegar og höfundarverki hins vegar. Þennan sama greinarmun gerir Matthías í umfjöllun sinni um Halldór og hann minnst ekki þeirra þátta í æviferli hans

sem vekja deilur enn þann dag í dag, eins og t.d. lýsingar Halldórs á réttarhöldunum yfir Búkharín. Matthías minnst Halldórs sem þjóðskálds sem „lifir í verkum sínum. Þar eru krossgötur lífs og eilífðar. Þann dag sem Íslendingar gleyma ritsnilld Halldórs Kiljans Laxness gegna þeir ekki lengur hlutverki sínu sem þjóð.“<sup>99</sup> Mynd þjóðskáldsins byggist, að því er best verður séð, ekki aðeins á sameiginlegum minningum heldur ekki síður á sameiginlegri gleysku. Matthías hélt reyndar áfram að leggja sitt af mörkum til Laxnessrannsókna eftir 1970 en sú sátt sem hann býður um skáldið hamlar gegn því að lesendur taki höfundarferil skáldsins til endurskoðunar. Við lestur á *Skeggræðum í gegnum tíðina* getur virst sem Halldór hafi þá þegar sleppt „tökunum á sínum veruleikans“ og sé horfinn inn í tímalaust land skáldskaparins.<sup>100</sup>

Ég hygg að ég sé aftur farinn að nálgast upphafsstað þessarar bókar, þ.e. þegar sögumaður *Guðsgjafaþulu* kemur inn á skrifstofu ritstjórans í Danmörku og vill skrifa um Jamtaland og Þrændalög „frá sjónarmiði fuglaverslunar“. Saga er alltaf háð vali og jafnvel þótt sami maður greini frá sömu staðreyndunum tvisvar merkir það ekki að um sömu sögu sé að ræða í báðum tilvikum. Ef sjónarhornið breytist, ef niðurröðun efnisatriðanna er breytt, er sagan önnur en hún var. Þessi hugsun er Halldóri ofarlega í huga allan sjöunda og áttunda áratuginn. Ein mynd hennar kemur t.d. fram í viðtali sem blaðamaður *Vísis* átti við Halldór Laxness í tilefni af útgáfu *Innansveitarkroniku*. Blaðamaðurinn spyr: „[H]afið [þér] fyrir yður ákveðnar sögulegar heimildir?“ Og Halldór svarar: „Ég hef stuðzt við ým[i]s sannsöguleg plögg. Efnið sem ég hef tekið fyrir og dubbað upp er mjög afmarkað. [...] Ef ég færi að endursegja söguna í stuttu máli, þá yrði úr því önnur skáldsaga miklu verri.“<sup>101</sup>

Eins og fram kom í köflunum tveimur hér að framan eru menn hreint ekki sammála um það frá hvaða sjónarhorni skuli segja sögu Halldórs Laxness. Njörður P. Njarðvík vildi gera *Sölku Völku* að viðmiði fyrir verk hans, Andrés Kristjánsson hallaðist að *Íslands-klukkunni*. Heimildir og staðreyndir segja ekki neina sögu í sjálfu sér. Samhengi staðreynda er alltaf bundið einhvers konar hugmyndafræði eða annars konar skáldskap sem sögumaður spinnur þær í — eigi þær á annað borð að verða að sögu. *Kristnihald undir Jökli*, *Guðsgjafaþula* og *Innansveitarkronika* takast á við þann vanda og þá ábyrgð sem fylgir

Því að segja sögu og formgerð þeirra býður túlkendum að taka þátt í spuna sögunnar. Samtímis leiða þær túlkandann út á þá braut að spyrja um mörk skáldskapar og veruleika. Að hvaða marki er túlkun Matthíasar Johannessens t.d. skáldskapur? Að hvaða marki er hugmyndin um þjóðskáld skáldskapur? Spurningar um túlkunarhefðina og túlkunarleiðirnar verða þannig knýjandi og þá um leið undirstöður skynjunar okkar á veruleikanum sem við lifum í. Þessa þræði röktu sumir gagnrýnendur strax við útkomu verkanna og þeir þræðir verða eltir í síðasta hluta viðtökusögunnar.

### Ekki sögð skáldsaga heldur iðkuð skáldspeki

Ólafur Jónsson hefur umfjöllun um *Kristnihald undir Jökli* í *Alþýðubladinu* þann 5. nóvember 1968 á því að vísa til orða Umba þess efnis að ekki hafi fundist ein rétt formúla fyrir skáldsögu. Ólafur tekur undir þá skoðun að trúlega lúti hver skáldsaga sinni eigin formúlu og því næst spyr hann hver formúla *Kristnihalds undir Jökli* sé. Hann telur að „stærðin Plús Ex“ sem Halldór lýsti í ritgerðinni „Persónulegar minnisgreinar um skáldsögur og leikrit“ sé „áreiðanlega mikilvægur partur formúlunnar“.<sup>102</sup> Um Plús Ex verður fjallað nánar annars staðar í þessari ritgerð en líklega er ekki hjá því komist að hafa skilgreiningu Halldórs á þessu fyrirbæri eftir. Halldór segir að Plús Ex sé:

[S]ú boðflenna með aungu nafni og óglöggu vegabréfi sem ævinlega er viðstödd líkt og gluggagægir hvar sem gripið er ofaní skáldsögu. Þessi herra er aldrei svo smápægur að setjast aftastur í persónuröðinni, heldur settir sig ekki við annað en öndvegi nær miðju frásagnarinnar, jafnvel í sögu þar sem höfundur gerir sér þó alt far um að samsama ekki sjálfan sig sögumanninum.<sup>103</sup>

Ólafur Jónsson lítur svo á að Plús Ex sé sögumaður verksins og Umbi starfar að hans mati í samræmi við áherslur Halldórs Laxness á að greina frá staðreyndum frekar en að leggja út frásögnina fyrir lesendur. Um formúlu skáldsögunnar *Kristnihald undir Jökli* og stærð Plús Ex í henni segir Ólafur:



Hvernig sem [formúlan] lítur út í heilu líki er stærðin Plús Ex áreiðanlega mikilvægur partur formúlunnar, þ.e.a.s. Umbi, sögumaður verksins og eina eiginlega manneskjan í sögunni, þó líklega væri fullmikið í lagt að kalla hann söguhetju þess. Að einu leyti minnsta kosti er „formúlan fyrir sögunni“ afar einföld. Umbi heldur henni saman: sagan er einfaldlega röð eða kerfi ævintýra hans vestur undir Jökli þangað sem Umbi, umboðsmaður biskups, er sendur til að „gera aðsjón að“ kristnihaldi. Umbi er gerður út með biskupslegu fororði, sem að sínu leyti kemur mætavel heim við ýmsar skáldskaparkenningar Halldórs Laxness á seinni árum, skilning hans á starfi sögumanns; Umbi á að gera skýrslu, safna staðreyndum, skýra frá því sem hann sér og heyrir en reyna ekki til að skýra eitt eða neitt út fyrir neinum.<sup>104</sup>

EKKI verður betur séð á greiningu Ólafs en að hann telji samtali Umba og biskups í upphafi *Kristnihalds undir Jökli* lýsingu á þeirri formúlu og þá um leið fagurfræði sem liggur skáldsögunni til grundvallar. Hann styður þessa skoðun gildum rökum og vísar meðal annars til þess þegar biskup setur umboðsmanni sínum reglur sem honum ber að fylgja við gerð skýrslunnar í upphafi sögunnar. Það sem ber fyrir augu og eyru Umba undir Jökli er að mati Ólafs „í fljótu bragði einhvers konar upprifjun og samantekt minna og stefja sem Halldór Laxness hefur verið að fjalla um [...] undanfarin ár“. Ólafur segir að rekja megi sum þessara stefja langt aftur en að þau hafi ekki „orðið aðal-viðfangsefni hans fyrir en eftir að ídeólógía var aflögð og upp tekin mannúðarstefna.“

Vangaveltur um tilurð *Kristnihalds undir Jökli* og formúlu þess hvarfla ekki aðeins að Ólafi Jónssyni í upphafi verksins, þær sækja á hann verkið á enda. Hann telur að „önnur „formúla“ fyrir sögunni“ felist í því hvernig Umbi „ánetjast sjálfur skýrslu sinni, hverfur á vald þeirra ævintýra sem hann verður áheyrsla og sjónarvottur að undir Jökli.“ Öll röksemdafærsla Ólafs virðist miða að því að fella í orð það sem síðari tíma fræðimenn hafa verið einna hugfangnastir af í rannsóknnum á *Kristnihaldi undir Jökli*, það sem Ástráður Eysteinnsson hefur nefnt sjálf söguleg einkenni. Í stuttu máli má segja að þau felist í því að skáldverk varpi ljósi á eigin tilurð.<sup>105</sup> Sjálfur segir Ólafur að í *Kristnihaldi undir Jökli* sé ekki „sögð skáldsaga heldur iðkuð skáldspeki, sem Umbi, manneskjan í sögunni, megnar ekki að færa niður á jörð til sín.“ Ólafi hugnast þó ekki þessi nýja skáldsaga:

En það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur: minnsta kosti undirrituðum lesanda veittist í þetta sinn furðu örðugt að festa hugann við hina nýju bók Halldórs Laxness, fá áhuga á henni.

Þetta er náttúrulega lýsing lesanda en ekki lesmálsins sem um á að fjalla; og kunna aðrir að hafa allt aðra sögu að segja af bókinni. En að einhverju leyti kunna þessi viðbrögð, eða viðbragðaleysi öllu heldur, að stafa af hinu einfalda fjálslega formi sögunnar, einkum framan af henni.<sup>106</sup>

Vitnisburður Ólafs er einkar athyglisverður vegna þess að honum reynist erfitt að lýsa lesmálinu án þess að fara að lýsa eigin lesreynslu. Skýringanna á þessu leitar hann í hinu „fjálslega formi sögunnar“. Hugmyndir Ólafs um það sem um „á að fjalla“ í ritdómi minna að sumu leyti á það hvernig biskupinn reynir að aga umboðsmann sinn til að greina frá staðreyndum en ekki því sem honum finnst. Þegar líður á lesturinn ánetjast Ólafur Jónsson skýrslunni og söguheiminum ekki síður en Umbi. Hann segir: „Síðari hluti sögunnar, hið slungna niðurlag hennar þar sem þræð[ir] sögunnar koma saman og sögumaður ánetjast loks söguefni sínu, varð mér að minnsta kosti miklu áhugaverðari en langvinnar viðræður og rökkræður fyrri hluta hennar; og kann sagan, nánar skoðuð, að breytast í ljósi niðurlagsins.“<sup>107</sup> Ólafur Jónsson finnur ljóslega fyrir því hvernig frásagnarmáti *Kristnihalds undir Jökli* krefst þátttöku lesandans til að spinna alla þræði þess í eina taug og niðurlagið vekur áhuga hans á að kanna söguheiminn nánar.

Í grein um sjálfsgögur segir Linda Hutcheon að bókmenntagagnrýnendur samþykki alla jafna að skáldsagan sé hvorki eftirmynd raunveruleikans né heldur andstæða hans. Hún segir að færri fallist á að sú reynsla sem fái af lestri skáldsagna sé áþekk reynslu lesandans af raunheiminum, þ.e. glíma við heim skáldsögunnar er að hennar hyggju sambærileg við það þegar lesandi fellir reynslu sína að lög-  
málum skáldskapar með því að ráða í skilaboð og flokka eða nefna fyrirbæri í raunheiminum.<sup>108</sup> Dæmi um flokkun af þessu tagi er greinarmunurinn sem við gerum á raunveruleika og skáldskap. Ein helsta mótsögn bókmenntanna er þó sú að þær bækur sem hvergi rjúfa raunveruleikablekkingu sína kallast raunsæjar. Bækur af þessu tagi beina athygli lesandans aldrei að formúlu sinni eins og *Kristnihald undir Jökli* gerir. Í sjálfsgögum er ýmsum brögðum beitt til að fá les-

andann til að hugleiða það sem hann veit þegar, þ.e. að það sem hann les sé skáldskapur.

Þegar skáldskapur ræðir eigin tilurð, þ.e. vísar í sjálfan sig, kemst flokkunarkerfi okkar í uppnám og við förum að hugleiða mörkin milli skáldskapar og veruleika. Ólafur Jónsson ræðir þessar tvær öndverðu hneigðir textans. Hann kallar aðra ‚iðkun skáldspeki‘ hina ‚sögu‘. Meðan iðkun skáldspeki er ríkjandi í textanum gengur honum illa að festa hugann við söguheiminn. En um leið og Umbi fer að ánetjast söguheiminum gleymir Ólafur sér þar. Jóhann Hjálmarsson gerir líka tilraun til að fella í orð það sem hér hefur verið lýst þótt hann verji stærstum hluta ritdóms síns í endursögn á söguþræði *Kristnihalds undir Jökli*. Hann segir: „Lesandanum er konunglega skemmt um leið og hann er látinn gruna alvarlegri atburði, og neyddur eins og jafnan hjá Laxness til að taka afstöðu, horfast í augu við sjálfan sig í spegli veraldarinnar.“<sup>109</sup>

*Guðsgjafabula* og *Innansveitarkronika* eru ólíkar *Kristnihaldi undir Jökli* að því leyti að gagnrýnendur áttu margir hverjir erfitt með að líta á þær sem skáldsögur. Þegar rýnt er í bækurnar verður þó ljóst að í verkunum eru ekki einungis sagðar sögur heldur ekki síður iðkuð skáldspeki. Lesandinn verður að halda um þræði frásagnarinnar ekki síður en í *Kristnihaldi undir Jökli* og niðurstaða textanna er undir honum sjálfum komin að miklu leyti.

## Hið hómerska Ísland

Ólafur Jónsson vitnar í umfjöllun sinni í *Vísi* um *Innansveitarkroniku* til viðtals við Halldór þar sem hann segir bókina vera „tilraun í heimildaskáldsögu“. Í framhaldinu reifar Ólafur muninn á heimildaskáldsögu og sögulegri skáldsögu. Hann segir að sú fyrrnefnda helgist af þeirri kenningu „að veruleikinn „lífið sjálft“ sé frásagnarverðara efni, skáldlegra og skemmtilegra en nokkur tilbúningur“ og reyni „að skilja og skýra raunréttu atburðarás, óbreyttar staðreyndir að skáldlegum hætti, oftlega með viðteknum og þrautreyndum skáldskaparaðferðum.“ Um þá síðarnefndu segir að „sögulegir rómanir notfær[i] sagnfræðilegar staðreyndir til að byggja upp og halda saman „tilbúnum veruleik“ skáldskapar.“<sup>110</sup> Ólafur segir að uppistaða sögu-efnis *Innansveitarkroniku* sé hið „hómerska Ísland“ sem sé Halldóri æ

hugleiknara eftir því sem tímar líði. Þessi goðsagnakennda túlkun á sér langan aðdraganda í ritum Halldórs, segir hann, en Ólafur lýsir henni ekki aðeins sem ‚hómersku Íslandi‘ heldur einnig sem „skáld-sýn“. Í henni er Ísland „ósnortið af tækni og framförum, traðffik og konkúrensi, [...] eilíft og óumbreytanlegt — í skáldskap ef ekki sannfræði.“

Upphafsstetning *Innansveitarkroniku* staðsetur sögusviðið en markar því líka tíma. Fyrsti viðmiðunarpunkturinn er dauði Egils Skallagrímssonar og færsla beina hans í vígða mold. Upphafsorðin eru eftirfarandi:

Þegar þjóðhetja Íslands og höfuðskáld Egill Skallagrímsson hafði um skeið byggt haug sinn í Mosfellsdal nær þjóðbraut þar sem heitir í Tjaldanesi af því ferðamenn tjalda þar, þá kom kristni í landið. Á þessum stað koma tvær ár saman og falla í einu lagi útúr dalnum milli hárra bakka. Voru nú bein skáldsins tekin upp og færð úr hauginum til kirkju þó skáldið hefði verið heiðinn maður. (Ik 7)

Í *Innansveitarkroniku* er ekki horft á höfuðskáld og þjóðhetju Íslands þegar hún var í fullu fjöri og vó mann og annan heldur þegar hún var dain úr elli og hafði byggt haug sinn um skeið. Goðsagan um hið „hómerska Ísland“ á sömuleiðis lítið skylt við kviður Hómers, ekki er greint frá umsátri um höfuðvígi þar sem stríðshetjur á borð við Hektor, Ódysseif og Akkilles takast á, heldur frá daglegu lífi í Mosfellsveit. Næst kemst frásögnin því að greina frá stríðsátökum þegar feðgar taka sig til og ætla að koma í veg fyrir að kirkja verði rifin en herförin endar í kaffilboði:

Á hlaðinu stendur Ólafur bóndi Magnússon á Hrísbú með orf sitt reitt um öxl og veit ljásoddurinn beint upp. Enn er gras á ljánum og bendir til að sláttumaður sé kominn rakleiðis úr teignum. Hann stíngur niður orfhalanum í völlinn svipað og talið er að Gunnar hafi atgeir sínum á Hlíðarenda þeim stundum er hann hóf hann eigi á loft. Nokkru utar á hlaðinu og nær sáluhlíði stendur Bogi sonur hans sem gerst hafði skjaldsveinn föður síns í þessari för og hafði hrífu í hendi heyuga um tindana, því hann hafði verið að raka ljá eftir föður sinn í túninu þegar báðir feingu æðra kall. Þegar séra Jóhann er kominn fram í húsdýr lýkur Ólafur bóndi munni sundur á hlaðinu og ávarpar prestinn svo:

Er það satt að þú ætlir að brjóta niður Mosfellskirkju Jóhann anskoti? (Ik 47–48)

Rétt eins og Agli Skallagrímssyni, hinni heiðnu hetju, er komið fyrir í vígðri mold, þá taka Ólafur og Bogi heiðnar hugsjónir og berjast í krafti þeirra fyrir varðveislu kirkju sinnar. Það er spurning hvort Egill Skallagrímsson á ekki jafnlitið erindi í himnaríki og Ólafur bóndi Magnússon í hlutverk Gunnars á Hlíðarenda. Guðrún Nordal segir í grein frá árinu 2001 að „umsnúningur á viðteknum gildum, skoðunum og hugsunarhætti Íslendinga [sé] aldrei langt undan í [*Innansveitarkroniku*], og [sé] í raun rót frásagnarháttarins sem er í aðra röndina gróteskur.“ Guðrún vísar til kaflans sem tilfærður er hér að framan og segir: „Persónum, hlutum og atburðum er snúið við svo að áheyrundur hlæja upphátt — og um leið að sjálfum sér; og raunveruleikinn verður enn kaldari og grátbroslegri.“<sup>111</sup>

Ef litið er á umfjöllun Prebens Meulengracht Sørensen um *Innansveitarkroniku*, þá er þar að finna mjög skarpa greiningu á sögumanni verksins. Eins og í umfjöllun Helgu Kress um verkin þrjú, sem reifuð var hér að framan, eru hugtökin um þátttöku og hlutlægni sögumanns grundvöllur umfjöllunar hans sem hefst á því að Plús Ex er kynntur til sögunnar og frá honum liggur leiðin til Umba. Rétt eins og Ólafur Jónsson vitnar Meulengracht Sørensen til tilskipunar biskupsins til umboðsmannsins um að hann sé hlutlægur eða hlutlaus í skýrslunni. Þrátt fyrir skipun valdsmannsins verður niðurstaðan sú að „alger hlutlægni [sé] blekking ein. Vitnið er sjálft hluti þeirrar atburðarásar sem það semur skýrslu sína um.“ Um þetta segir:

Tilgangur Halldórs Laxness í nýjustu verkum sínum virðist ekki vera hefðbundin blekking hlutlægninnar, en öllu heldur afhjúpun þeirrar huglægni sem er óaðskiljanlegur þáttur í hlutverki sögumanns skáldsögunnar. Samhliða þessari afhjúpun fer hvöss afneitun á einmitt þessar[í] huglægni, og rökrétt afleiðing þessa álits er að segja skilið við hefðbundnu skáldsöguna sem listform. [...]

*Innansveitarkronika* er nýjasta og að sumu róttækasta tilraun Halldórs til lausnar þess vanda sem tilvist sögumanns er, eða ef til vill frekar til að komast hjá honum, en það virðist þó að sjá óvinnandi vegur.

[Í *Innansveitarkroniku* kemur] sögumaður [...] til dyranna eins og hann er klæddur, heimildarmaður um atburði sem hann sjálfur hefur lifað eða er sannbær um. Hvað aðferð varðar, hefur sannfræðin hér tekið sæti skáldskaparins. Efnismeðferð verður sagnfræðileg, en ekki sem skáldað væri.<sup>112</sup>

Meulengracht Sørensen bendir á að frásagnarháttur Halldórs sé ekki ólíkur þeim sem er á alþýðlegum sagnaritum og æviminningabókum allt frá 17. öld til samtímans. Sagan er þó ekki slétt og felld, því hún gerist á mismunandi tímaskeiðum og fjarlægð sögumanns frá atburðunum er mismunandi. Um þetta nefnir hann a.m.k. tvö veigamikil atriði. Í fyrsta lagi gerir sögumaðurinn fjarlægð sína frá efniviðnum ljósa fyrir lesendum með ýmsum hefðbundnum orðtökum, t.d. „hér verður frá því sagt“, „nú vikur sögunni til“ o.s.frv. Athugasemdir sem þessar bera „uppskáum og ritstýrandi sögumanni“ vitni að mati Meulengrachts Sørensen. Í öðru lagi nefnir hann tvísæi í anda Laurence Sterne, höfundar 18. aldar skáldsögunnar *Life and Opinions of Tristram Shandy*. Tvísæið greini hann öðru fremur frá sagnaritunum og það lýsi sér bæði í sjálfsmynd sögumannsins sem kallar sig t.d. „blekbóna“ eða „blekbera“ og í frásögninni sjálfri þegar hann tvítekur ákveðin atriði eða latur sem hann hafi gleymt því sem hann hefur áður sagt. Niðurstöður af framansögðu dregur Meulengracht Sørensen saman með eftirfarandi hætti:

Með tvísæi sínu leggur sögumaður áherzlu á huglæga afstöðu sína til viðfangsefnisins. Bæði ítrekar hann sérstaklega hlutverk sitt og dregur sjálfan sig í efa sem persónulegan heimildarmann. Þannig er staðhæft að frásögnin er hans eigin túlkun á veruleikanum, ekki veruleikinn sjálfur. Opinská afstaða hans til viðfangsefnisins eykur á sjálfstæði þess og leggur það undir eigin dóm lesara, óháðan sögumanni.<sup>113</sup>

Umsvif skáldskaparins í *Immansveitarkroniku* virðast samkvæmt þessu ekki vera undir höfundinum einum komin heldur skiptir þátttaka lesandans ekki síður máli. Guðrún Nordal sagði um hómor verksins að „áheyrundur hlæ[i] upphátt — og um leið að sjálfum sér; og raunveruleikinn verð[i] enn kaldari og grátbroslegri.“<sup>114</sup> Þetta gildir þó hreint ekki um alla lesendur eins og ritdómur Helga Sæmundssonar vitnar um en þar segir: „Skáldskapurinn er hér naumast umsvifamikill en frábær samt, táknrænn, glettinn og blæbrigðaríkur og yljari manni eins og bjartur og heitur sumardagur á fallegum stað.“<sup>115</sup>

Lýsing Ólafs Jónssonar á persónum verksins vitnar líka um þetta sama frelsi. Hann segir: „Fólkið í sögunni, svo sannsöguleg sem frásögn þess kann að vera, stendur jafnfætis í heimi skáldskapar, draumsýnar, tilbeiðslu og raunheimi og reynist eiga í báðum heimum jafn-

an þegnrétt.“<sup>116</sup> Hvaða afstöðu taka lesendur til þessara persóna? Hvaða sögu segja lesendur af *Innansveitarkroniku*? Huglægir dómur lesendanna, afstaða þeirra til sögumannsins, sögur þeirra af höfundinum og tengslin sem þeir sjá milli hans og söguefnisins eru órjúfanlegur hluti af þeim heimi sem lesendur gera sér í hugarlund við lestur *Innansveitarkroniku*.

## Spegill, spegill, herm þú mér

Eins og tíundað var hér að framan í umfjöllun um *Kristnihald undir Jökli*, þá gerði Ólafur Jónsson greinarmun á skáldspeki annars vegar og sögu hins vegar. Ritdómur hans um *Guðsgjafaþulu* ber nafnið „Um gagn sem hafa má af skáldskap“. Nafn ritdómsins eitt og sér gefur til kynna hvernig umfjöllun Ólafs um síðari verk Halldórs Laxness hverfist í æ ríkari mæli um hlutverk skáldskapar. Viðhorf hans til gagns skáldskaparins er fjarskalega ólíkt viðhorfum Árna Bergmann, Gunnars Stefánssonar og Njarðar P. Njarðvík sem gerð var grein fyrir hér að framan. Í ritdómnum segir Ólafur: „Það gagn sem hafa má af skáldskap stafar þrátt fyrir allt ekki af siðferðilegum eða heimspekilegum formúlum um heiminn og mennina sem lesa megí í eða út úr honum, jafnvel gera sjálfum sér að fyrirmynd ef annað þrýtur. Enda gæti reynzt hált á því að lesa *Guðsgjafaþulu* með þeim hætti.“<sup>117</sup> *Guðsgjafaþula* hefur að því er virðist engan fyrirfram gefinn boðskap, persónur hennar eru ekki æskilegar fyrirmyndir en hvaða gagn má hafa af henni þá?

Ritdómi Ólafs fylgir flennistór mynd af Halldóri Laxness. Á myndinni situr hann í kunnuglegri stellingu í hægindastól að Gljúfrasteini. Hann hallar sér aftur og er augljóslega í miðri frásögn. Milli fingra vinstri handar er vindill sem stígur af reykur. Undir myndinni stendur eftirfarandi texti: „Sögumaður, herm þú mér: Halldór Laxness.“ Orðin „herm þú mér“ leiða hugann að ævintýrinu um Mjallhvíti, þar sem stjúpan spyr töfraspegilinn ítrekað: „Spegill, spegill, herm þú mér, hver á landi fegurst er?“ Og spegillinn gefur ótvírætt svar. Textinn vísar þó ekki aðeins til ævintýrisins um Mjallhvíti, hann endurspeglar líka að mínu viti þann vanda sem túlkendur sögunnar stóðu frammi fyrir.

Eins og greint var frá hér að framan kröfðust menn þess að verk Halldórs hefðu skýran boðskap og horfðu þá ýmist til sögumanns

verkanna eða höfundarins sjálfs. Eins og Ólafur Jónsson gerir grein fyrir, þá er sögumaður *Guðsgjafaþulu* „rithöfundur sem einnig verzl- ar með fugla. Hann hermir frá fólki og atburðum eftir eigin sjón og raun, en styðst einnig við minniskompur sínar frá tímum frásagnanna og aðrar skjallegar heimildir, blaðfréttir og frásagnir og prentaðar bækur.“ Hér kemur sögnin „að herma“ aftur fyrir og nú í tengslum við sögumanninn en hann boðar ekki eitt né neitt að mati Ólafs. Ólafur ber saman Umba og sögumann *Guðsgjafaþulu* og kemst að eftirfarandi:

Umbi sögumaður ánetjast sögu sinni, kvikan í ævi sjálfs hans rennur í einn þráð með skýrslu hans af kristnihaldi. Fuglakaupmaður og rithöfundur er á hinn bóginn hreint ekki þátttakandi sinnar sögu, eða svo segir hann sjálfur: ekki söguhöfundur og ekki heldur sögupersóna, ekki einu sinni aukapersóna í sögu, aðeins áhorfandi án andlits og nafns.<sup>118</sup>

Í ritdómnum er kafli sem heitir „Öld í spegli“ og þar veltir Ólafur fyrir sér hvers konar aldarspegill verkið sé. Hann segir: „Aldarspegill bókarinnar er vissulega spéspegill. En hann sýnir mynd aldarinnar án vandlættingar eða umvöndunar.“ En fyndni verksins er ekki einföld því þrátt fyrir „alla hennar glaðværd“ er víða „grunnt á gamninu í Guðsgjafaþulu, einatt skammt milli hins afkáralega og óhugnanlega aðhláturs og alvöru.“ Sem dæmi um alvöru bókarinnar vitnar Ólafur Jónsson til síðustu atburða hennar þar sem Bersi Hjálmarsson útgerðarmaður leikur á fiðlu eftir að dóttir hans Bergrún er látin. Í framhaldi af því svarar hann þeirri spurningu hvaða gagn megi hafa af skáldskap að hans viti:

Í ellinni á Englandi er hann að gera sig að leika á fiðlu, eru það ámátleg hljóð. Það er einn tónn sem skiptir máli segir hann: „Við leggjum frá okkur spil og viskí. Nú ætla ég að reyna að ná þessum tón. Fyrir Bergrúnu“. En hvað er maðurinn að fara? Er honum kannski alvara? Eða er hann bara að draga dár að öðrum og alvörufegnari tónsnillingum í öðrum bókum?

En það gagn sem hafa má af skáldskap stafar ekki af eindregnum svörum við þessum né öðrum þvílíkum spurningum. Það stafar af snilli máls og stíls, auði, margbreytni, afli orðafars og hugmyndanna í bókinni, þess heims sem er hennar. Í þessari bók með öllu sínu margvíslega skopi og undarlegu alvöru er heimurinn opin.<sup>119</sup>



*Guðsgjafaþula* vekur upp spurningar sem varða höfundarferil Halldórs Laxness í heild, án þess þó að þær spurningar leiði til einhverrar einnar ákveðinnar túlkunar. Til dæmis spyr Ólafur hvort verið sé að „draga dár að öðrum og alvörufegnari tónsnillingum í öðrum bókum“. Ólafur lítur að öllum líkindum svo á að tilraun Bersa til að ná „þessum tón“ vísi til leitarinnar að hinum hreina tóni í *Brekkukotsannál*. Sagan veitir engin skýr svör um það hvort verið sé að draga dár að einum né neinum; „heimurinn er opinn“ eins og Ólafur kemst að orði.

Mér virðist sem *Guðsgjafaþula* gefi lesandanum kost á að spegla sjálfan sig í textanum. Þær spurningar sem við teljum mest knýjandi við lestur verksins eru í raun lýsingar á okkur sjálfum ekki síður en textanum og um leið er gerð krafa til þess að við hlæjum á okkar eigin kostnað. Jóhann Hjálmarsson var ekki síður hrifinn af *Guðsgjafaþulu* en Ólafur Jónsson og segir á einum stað að „Guðsgjafaþula [sé] endurnýjunarverk í skáldsagnagerð Halldórs Laxness, líkt og *Kristnihald undir Jökli* birti nýja hlið á honum og að vissu marki Innansveitarkronika líka.“<sup>120</sup> Jóhann telur *Guðsgjafaþulu* skyldasta *Kristnihaldi undir Jökli* að því leyti sem sífellt er leikið með „raunveruleik og ævintýri“ og segir: „Halldór tengir hina tvo heima saman á snilldarlegan hátt, þeir verða ekki andstæður, heldur falla í einn farveg innan lögmáls skáldverksins.“ Ólafur Jónsson og Jóhann Hjálmarsson nefna báðir að ekki verði þess langt að bíða að menn fari að leita að fyrirmyndum sögupersónanna í *Guðsgjafaþulu*. Þótt hvorugur þeirra hefði áhuga á slíkum rannsóknum leið ekki á löngu áður en farið var að líta á verkið sem sagnfræði fremur en skáldskap.

Árið 1973 skrifaði Matthías Johannessen grein þar sem hann færði rök að því að fyrirmynd Íslandsbersa væri Óskar Halldórsson útgerðarmaður. Í greinasafni Matthíasar *Bókmennatapættir* er greinin endurprentuð undir nafninu „Málþing um Guðsgjafaþulu“ og í nýlegri ævisögu Halldórs Guðmundssonar um Halldór Laxness er grein Matthíasar helsta heimildin í umfjöllun um *Guðsgjafaþulu*.<sup>121</sup> Í greininni gengur Matthías út frá því sem vísu að sögumaður og höfundur séu einn og sami maðurinn, þ.e. Halldór Laxness. Þannig segir hann að „alls staðar skjót[i] [...] upp kollinum blákaldar staðreyndir og gallharður raunveruleiki“ og í framhaldi af þessu segir: „Hér fer höfundur *Guðsgjafaþulu* rétt með staðreyndir að því leyti að hann

[þ.e. H.K.L.] varð oft fyrir aðkasti hér á árunum fyrir málfar sitt“, og síðar talar hann um „hinn dulbúna höfund“. <sup>122</sup> Höfuðröksemd Matthíasar fyrir því að nálgast textann með þessum hætti er vitnisburður Halldórs Laxness sjálfs. Í endursögn Matthíasar segir m.a.:

Í Guðsgjafabulu segir að Íslandsbersi hafi beðið höfundinn að skrifa ævisögu sína. „Óskar Halldórsson minntist aldrei á neitt slíkt við mig,“ segir Halldór Laxness, „og er það diktur eins og margt annað í sögunni. Aftur á móti kallaði Óskar mig aldrei með nafni og er það í samræmi við söguna. Hann sagði „drengur“ og „vinur“ við mig, eins og í sögunni, og einlægt þegar við kvöddumst hafði hann yfir sama for-málann: „Vinir fyrir lífið,“ eins og í sögunni ... <sup>123</sup>

Matthías Johannessen nálgast *Guðsgjafabulu* fyrst og fremst sem sagnfræðilegt verk fremur en skáldverk. Hann leggur áherslu á þau nýfundnu gögn sem finna má í skáldsögunni um ævi skáldsins Halldórs Laxness en ekki þá umræðu sem þar fer fram um minni, endursköpun, skáldskap og raunveruleika. Í verki Eriks Sönderholm *Halldór Laxness. En monografi frá árinu 1981* er sömuleiðis fjallað um *Guðsgjafabulu* með endurminningabókunum. <sup>124</sup> Þótt mestu rými af skáldsögunni *Guðsgjafabulu* sé varið í að ræða skáldskapinn í lífinu; hvernig minnið leikur staðreyndir og hvernig lögmál sagna stangast á við raunveruleikann, þá verður hún fyrst og fremst að sagnfræðiverki í umfjöllun manna um hana og án þess að tekið sé tillit til þeirrar umræðu sem fer fram í bókinni um atriði sem lúta að sagnfræðilegri þekkingu.

Hinn ævisögulegi lestur á *Guðsgjafabulu* hefur að mínu viti átt stærstan þátt í því að litið er fram hjá henni þegar fjallað er um skáldsögur Halldórs Laxness. Hið fíjálta form verksins fékk lesendur til að setjast í dómarsæti en nú er það skipað Halldóri, skáldinu sem sat að Gljúfrasteini og bar af sér skoðanir. Verkið verður þannig heimild um Halldór og Óskar Halldórsson í stað þess að vera spegill sem lesandinn getur brugðið upp og skoðað sjálfan sig í. Eins og sjá má eru fyrstu viðbrögð gagnrýnenda þau að líta á bókina sem enn eitt tilraunaverkið frá hendi höfundar og að sumu leyti róttækara í framúr-stefnu sinni en *Kristnihald undir Jökli*. Spegli *Guðsgjafabulu* hefur verið beint að Óskari Halldórssyni og Halldóri Laxness fremur en lesendum, en með vissum hætti varpar það val líka ljósi á þá sem það kjósa.

## Samantekt

Staða *Guðsgjafapulu* og *Innansveitarkroniku* er að sumu leyti lík því í hugum margra eru þær endurminningasögur en ekki skáldsögur. Segja má að hvað varðar *Innansveitarkroniku* gangi þessi viðleitni lengst í nýlegri ævisögu eftir Hannes Hólmstein Gissurarson.<sup>125</sup> Þar notast hann við persónulýsingar í sögunni eins og um sagnfræði sé að ræða enda þótt fremst í bókinni standi skýrum stöfum: „*Skírskotanir til nafngreindra manna rita skjala staða tíma og atburða þjóna ekki sagnfræðilegu hlutverki í texta þessum*“ (Ik 6). Afstaðan sem kemur fram í bókinni til takmörkunar sagnfræðinnar, hinnar kórréttu frásagnar, er með þessu sópað af borðinu og inntak vitnisburðarins er hunsað og hann notaður gegn sjálfum sér. Hvað segir þessi klausa t.d. um afstöðu sögumanns *Guðsgjafapulu* til söguefnis síns?

Nokkrir kapitular sem hér fara á eftir rísa á [...] minnisgreinum ásamt óskráðum endurminningum atvika sem mér mundu ekki hafa þótt minnisverð þá, en standa mér núna fyrir hugskotssjónum skýrar en daginn sem þau gerðust; sé þau að minstakosti í því ljósi sem saga gefur atburði; því tíminn einn gerir sögu; og frásögn af því sem er að gerast núna getur ekki orðið saga fyren tímar líða. (Gþ 166)

Það er saga sem gerir atburð mikilsverðan, einn og sér hefur hann ekkert gildi. Það er e.t.v. kaldhæðni örlaganna, lúmsk hefnd sögunnar sem gerir það að verkum að *Guðsgjafapulu* og *Innansveitarkroniku* hefur verið lítill gaumur gefinn sem skáldverkum. Eftir því sem tímar hafa liðið hafa þær ekki þótt minnisverðar þótt þær fengju mun betri dóma, a.m.k. hjá sumum ritdómurum, en *Kristnihald undir Jökli* og hafi átt sinn þátt í að opna augu manna fyrir gildi þess verks ef marka má umfjöllun Ólafs Jónssonar og Jóhanns Hjálmarssonar.



## 2. HLUÐI: SKÁLDATÍMI

---

### ELLIHRUMUR SKÁLDSAGNAHÖFUNDUR, SPRÆKT LEIKRITASKÁLD

Um miðjan sjötta áratuginn fer Halldór Laxness að láta uppi efasemdir um skáldsöguna sem listgrein. Þær koma t.a.m. glögglega fram í viðtali sem Ólafur Jónsson á við hann fyrir tímaritið *Dagskrá* skömmu eftir útkomu *Brekkukotsannáls* árið 1957. Þegar Halldór er spurður að því hvort hann sé farinn að vinna að nýju verki þá segist hann aldrei hafa löngun til að hefjast handa við næstu bók fyrr en að þeirri á undan sé lokið og til að undirstrika það hversu afhuga hann sé ritstörfum bætir hann því við að hann vilji „ekki koma nálægt bleki“, og herðir enn á: „dettur jafnvel í hug að fara á síld“. Efasemdir Halldórs um skáldsöguna snúa ekki aðeins að honum sjálfum heldur þessu bókmenntaformi almennt. Hann hefur áhyggjur af því að lestur skáldsagna sé of tímafrekur og höfði aðeins til fámennra hópa í samfélaginu sem séu dæmdir til að drepa tím-ann:

Annars er ég oft að velta því fyrir mér hvar það fólk leynist sem nennir að lesa þessar skáldsögur sem maður er að skrifa. Skáldsögur eru ágætari ef maður fær kvæf eða lendir í ferðalögum eða annarri ógæfu, hvað þá ef maður fær langvarandi bronkítis og þarf að fara á hæli. En ég veit svei mér ekki hvar skáldsagnalesendur leynast annars staðar.<sup>1</sup>

Halldór segist lesa lítið og sjaldan endast til að lesa þær nýútkomnu bækur sem hann kaupir á ferðalögum sínum en hann er þó ekki viss um að bókunum einum sé um að kenna. Hann veltir upp þeim möguleika þó hann sé aðeins 55 ára gamall hvort hann sé „kanski orðinn svona þéttheimskur af elli og blaséringu.“ Það er eins og allt horfi til verri vegar: „Í Þýzkalandi eru fáir eftir síðan Brecht og Thomas Mann leið, nema kannski Max Frisch — sem reyndar er Svisslendingur“. Reyndar bráir snögglega af Halldóri þegar hann greinir frá því sem efst er á baugi í Frakklandi og kann einkum að meta skáldsagna- og leikritahöfund sem er að ryðja sér til rúms og segir: „Ég var í París nú á dögunum og sá þá leikrit Samuels Becketts. Ég hef fylgt með honum frá byrjun, og nú keypti ég nýjasta verk hans, *Fin de Partie*. Hann kemur á óvart. Mér finnst heldur gaman að En attendant Godot, það er gáfulegt og skemmtilegt á sinn hátt, bráðfyndið með köflum.“<sup>2</sup> Síðar í viðtalinu kemur fram að hugur Halldórs standi einnig til leikritunar en spurningu um það hvort honum virðist eins og ýmsum öðrum að skáldsagan sé deyjandi listform svarar hann þannig:

Skáldsöguformið er orðið útjaskað; það er búið að skrifa þau feikn af góðum skáldsögum í heiminum. Allt öðru máli gegnir með leikrit. Vitrir menn hafa sagt að leikrit skiptist í örfáar kategóríur og hægt sé að semja þau eftir formúlu.<sup>3</sup>

Halldór hefur þegar þreytt frumraun sína í leikritun þegar þarna er komið sögu en hann skrifaði *Straumrof* meðfram *Sjálfstæðu fólki* 1934 og *Silfurtunglið* tuttugu árum síðar, eða 1954. Að auki höfðu leikgerðir verið byggðar á skáldsögum hans, m.a. *Íslandsklukkunni* sem hann kom sjálfur að og var frumsýnd við opnun Þjóðleikhússins 1950. Á sjöunda áratugnum rennur, hvað sem öðru líður, upp eina samfellda skeið leikritunar á ferli hans en þá skrifar hann þrjú leikrit sem koma út á bók ýmist um leið eða nokkru fyrir frumsýningu; það eru *Strompleikurinn* 1961, *Þrjónastofan Sólin* 1962 og *Dúfnaveisla* 1966. Leikritun er þó ekki það eina sem Halldór fæst við á sjöunda áratugnum; hann skrifar fjölmargar ritgerðir, endurminningabókina *Skáldatíma* (1963), gefur út smásagnasafnið *Sjöstafakverið* (1964) og að lokum snýr hann sér aftur að skáldsagnagerð með *Kristnihaldi undir Jökli* (1968). Miðað við bölmóðinn sem einkenndi

viðtalið við Ólaf Jónsson finnst manni sem hann hafi hér gengið í endurnýjun lífdaga. Í bréfi til þýðanda síns og vinar Peters Hallberg, dagsettu 27. apríl 1964, lýsir Halldór því sem hann hefur fengið við undanfarið:

Ég lagði Dúfnaveisluna á hilluna þegar ég fór að skrifa Skáldatíma, sem ég í rauninni setti saman á níu vikum í fyrراسumar. Eftir að ég kom frá Ísrael í vetur nær jólum, og fór að huga að uppkasti mínu af Dúfnaveislunni, þá fanst mér að af þeim þrem þáttum sem ég var búinn að skrifa, væri þriðja þættinum ofaukið, enda líklega með öllu óuppsetjanlegur á leiksvið, svo ég tók hann útúr og var í vetur að braska við að gera úr honum sérstakt verk, nokkuð lánga smásögu, sem ég jók síðan með ýmsum atriðum úr fyrri parti leiksins í stytta formi, til þess að ná úr þessu ákveðinni heild. Ég fann nú ekkert annað nafn á þessa sögu en kalla hana til bráðabirgða sama nafni og leikinn, nefnilega Dúfnaveisluna.<sup>4</sup>

Hugmyndir fljóta mjög frjállega milli bókmenntaforma á þessu skeiði höfundarferils Halldórs og í umfjöllunum um skáldverkin frá sjöunda áratugnum grípa menn gjarna til þess ráðs að skoða verkin í samhengi við aðrar bókmenntagreinar til að staðsetja þau. Í greinargerð um leikritun Halldórs í *Íslenski bókmenntasögu* Máls og menningar segir Árni Ibsen t.a.m. leikritin vera „ákaflega sérstæð“ og ekki „út í hött að ætla leikritun Halldórs Laxness stað einhvers staðar miðja vegu milli þeirra tveggja bókmenntategunda sem hann sinnti betur og með meiri árangri en aðrir á öldinni, þ.e. skáldsagnanna og ritgerðanna.“<sup>5</sup> Halldór Guðmundsson vekur hins vegar athygli á því í ævisögu nafna síns að *Kristnihald undir Jökli* hafi upphaflega verið hugsað sem leikrit og hann telur að lærdómarnir af leikritagerðinni séu „ein ástæðan fyrir sérstöðu Kristnihaldsins“.<sup>6</sup> Hávar Sigurjónsson skoðar leikverkin líka í samhengi við önnur verk Halldórs í grein byggðri á fyrirlestrinum „Frá Strompleik til Dúfnaveislu“ og setur fram þá kenningu að í *Prjónastofunni Sólinni* bregði hann á leik með hefðbundnar hugmyndir manna um sjálfan sig. Hávar segir að nánast hver einasta setning leikritsins komi upp um hver höfundurinn sé og hann heldur því fram að það sé sumpart paródía því engu sé líkara en „höfundurinn geri grín að sjálfum sér sem höfundi þar sem spakmæli persónanna og talsmáti verði svo auðveldlega rakin heim til föðurhúsanna.“<sup>7</sup>

Leikritaskeiðið sýnir fram á vilja Halldórs til að halda á nýjar slóðir á sjöunda áratugnum og hann virðist ekki einungis tilbúinn til að taka form og innihald til endurskoðunar heldur líka eigin stöðu sem rithöfundur ef tekið er mið af kenningu Hávars. Bréf sem Halldór skrifar til Peters Hallberg sem þá hafði nýlega birt grein um leikritaskáldskap hans í *Skírni*, sýnir líka að hann er mjög upptekinn af hlutverki áhorfenda og honum er umhugað um að þeir reiði sig á eigið hyggjuvit við túlkun verksins en ekki annarra. Hann telur að *Þrjónastofan Sólin* „innihaldi sérstakt „gegnumbrot“ í höfundarskap“ sínum og þetta útlistar hann með eftirfarandi hætti:

Ef hinsvegar ætti að telja upp það sem vantar í þetta leikrit, en sleppa því að skifta sér af því sem er þar, þá virðist mér einkum tvent skifta meginmáli af þeim óendanlegu mörgum hlutum sem ekki er þar að finna. Það sem „vantar“ í þetta leikrit, Þrjónastofuna, eru tvær höfuð „ídeólógíur“ sem mentun okkar nútímamanna, hugsunarháttur og viðhorf við heiminn rísa á öðru fremur, einkum og sérilagi á Vesturlöndum, og þessir tveir smámunir eru hugmyndakerfi freudismans og hugmyndakerfi marxismans. Uppreisn Þrjónastofunnar er í því falin að hún ignórerar þessa tvo sannleika sem uppeldi síðustu kynslóðar samanstóð af að ótrúlega miklu leyti. Mig hefur þannig ekki undrað þó leikur sem bæði er neitun á freudismanum og marxismanum eigi erfitt uppdráttar og mönnum finnist hann í senn óskiljanlegur, ergilegur og vitlaus.<sup>8</sup>

Þessi fjarvera stóru hugmyndakerfanna vafðist fyrir áhorfendum og í bréfinu skemmtir Halldór sér við að lýsa viðbrögðum þeirra sem verkið stóð í. Það átti ekki síst við um þá sem best voru að sér í bókmenntum og að hans sögn emjuðu þeir „af líkamlegum kvölum“ yfir öllu því sem þeim þótti vanta og hann bætir við: „á sama hátt og t.d. ákaflega þyrstur maður mundi gera ef honum væri borinn harðfiskur að drekka“. Hann gerir sér sem sagt fulla grein fyrir því að upplifun áhorfenda sé ófullnægjandi og hann brýnir fyrir Hallberg að það sem hann skrifi til hans sé trúnaðarmál. Skoðun hans er sú að „best sé að gefa almenningi eingan lykil að verkinu“ og það geri ekkert til þó fólk skilji það ekki: „aungum [sé] ofgott að sjá í [því] eitthvað alt annað en [sé] þar.“ Halldór vill með öðrum orðum ekki taka á sig ábyrgð túlkanda og lítur svo á að þær kröfur sem gjarna eru gerðar til höfundarins um skýran boðskap standi nú upp á áhorfandann sjálfan. Þannig segir hann „skiljanlegt“ að útfarnir bókmennta-



menn finni sig knúna til að „búa til einhvern táknfræðilegan lykil að verkinu til að ná úr því einhverjum heimsögulegum skilningi, í vonum þess [að þar kunni] að finnast einhver siðferðileg útskýring, eða jafnvel lausn, á vandamálu tímans.“

Næsta stóra verk sem Halldór sendir frá sér á eftir *Prjónastofunni Sólinni* er endurminningabókin *Skáldatími* en þar greinir hann frá mótunarárum sínum sem rithöfundar og skilur margt í lífi sínu öðrum skilningi en á þeirri stundu sem það átti sér stað. Persónur *Prjónastofunnar Sólarinnar* eiga einmitt orðaskipti um samband endurminninga, merkingar og tíma og manni getur virst sem Halldór sé þegar farinn að leiða hugann að *Skáldatíma* þegar hann skrifar leikritið:

SÓLBORG:

Ég heyrði undarleg hljóð í alla nótt; ég heyri þau enn.

IBSEN LJÓSDAL:

Þegar ég var í útlöndum heyrði ég oft ískur fyrir utan gluggann minn á nóttunni. Ég hélt að það væri maður að aka hjólbörum. Mér fanst einkennilegt að hann skyldi aldrei bera á öxulinn í hjólinu hjá sér. Það var ekki fyren mörgum árum seinna að ég uppgötvaði að þetta mundi hafa verið næturgalinn.

SÓLBORG:

Mínir fuglar eru fuglarnir heima.

IBSEN LJÓSDAL (*hugsar fyrst, kinkar síðan kalli*):

Já alveg rétt, veruleikinn fær ekki meiningu fyren í endurminningunni.<sup>9</sup>

Það er freistandi að skoða orð Ibsens Ljósalds með hliðsjón af viðtökum *Skáldatíma* því þegar hann kom út litu margir á Halldór Laxness sem mann sem hafði rangtúlkað veruleikann og kannski sá hann sig í því ljósi þegar hann fer að huga að ritun endurminninga sinna. Hætt er við því að ævisöguleg túlkun af þessu tagi einfaldi leikritið um of, geri það að nokkurs lags forspá um ævi Halldórs og því tel ég nær að nota það sem heimild um það hversu frjálsglega hugmyndir flæða milli bókmenntaforma hjá Halldóri á þessu skeiði ævi hans. Ritgerðin „Persónulegar minnisgreinar um skáldsögur og leikrit“<sup>10\*</sup> vitnar líka um þetta en hana skrifaði Halldór árið 1962 að beiðni sovéska tímaritsins *Literaturnaja Gazeta*. Enda þótt hún sé einungis tólf prentaðar síður fjallar Halldór þar ekki aðeins um höfuðkosti og

vandamál skáldsagna og leikrita frá sínum bæjardryrum séð, heldur líka um málefni sem tengjast *Skáldatíma* sterkum böndum, t.d. sagnfræði, staðreyndir, goðsögur, frásagnarhátt og tilhneigingar höfunda til þess að gera skáldsögur að burðarjálkum fyrir skoðanir sínar og áhugamál óskyld efninu. Framsetningin er á köflum afar knöpp; setningarnar eru eins mettaðar og ef heilt naut væri soðið niður í einn súputening. Halldór glímir þó e.t.v. fyrst og fremst við þrjú vandamál: í fyrsta lagi hver afstaða höfundarins er til þess efniviðar sem hann velur til umfjöllunar, í öðru lagi hvaða búning hann velur efni sínu og hvernig hann setur það fram og í þriðja lagi hvernig efnið og framsetningin horfir við væntanlegum lesendum og áhorfendum.

## PM

### Efniviður

Í upphafi „Persónulegra minnisgreina“ segist Halldór hafa nokkra „sjálfsreynslu“ af skáldsögunni. Hann talar í þátíð eins og ferli hans sem skáldsagnahöfundar sé lokið og segir: „Ég reyndi að gera það sem ég gat úr því sem mér virtust höfuðkostir þessa forms, sumum að minnsta kosti.“ Fyrsti kosturinn sem hann tilgreinir og er jafnvel „aðalundirstaða“ skáldsögunnar er „annálseðlið“ sem hann skýrir með eftirfarandi hætti: „[H]öfundur læst vera að umbreyta liðnum atburðum í skrifaða frásögn, breyta mannlegum staðreyndum í bók. Hann fyllir bók að dæmi sagnfræðings með fólki og atburðum“ (Pm 67). Þessi látalæti höfundarins eða afstaða til söguefnisins gerir það að verkum að það er enginn munur á framsetningu sannrar sögu og log-innar. Þetta eitt og sér sætir ekki tíðindum, en Halldór gengur lengra: „Skáldsaga gerist reyndar ekki í veruleikanum, en það gerir sönn saga ekki heldur. Saga gerist í epískum tíma á epísku sviði, því sviði þar sem Úlfar sterki er fjórði launsonur Klarelíusar konungs af Afríku. Sagnfræði er með nokkrum hætti enn barnalegri tilraun en skáldsaga til að skapa goðsögn af staðreyndum.“ Halldór er mjög gjarn á að leika sér með orð og oft bregður hann ljósi á ólík merkingarbrigði þeirra eins og þau koma fyrir í daglegu máli. Með þessu móti tekst honum að sýna fram á að hugmyndir sem virðast nýstárlegar og jafnvel ögrandi eru lifandi í málinu. Í tilvitnuninni hér að framan minnir

hann á að orðið saga vísar jafnt til sannra sagna og skáldsagna, rétt eins og orðið svið getur bæði vísað til svæðis, umdæmis eða vettvangs þar sem raunverulegir atburðir eiga sér stað og til leiksviðs.

Í minnisgreinum sínum er Halldór oft og tíðum furðu samstíga því sem margir fræðimenn á sviði hugvísinda komu fram með um líkt leyti. Snemma á áttunda áratugnum vakti bandaríski sagnfræðingurinn Hayden White t.a.m. mikla athygli í fræðaheiminum vegna þeirrar staðhæfingar að sagnfræðileg verk væru í eðli sínu áþekk skáldverkum. Í frægasta riti sínu, *Metahistory* frá árinu 1975, segir White að margir áliti starf sagnfræðingsins fólgið í því að „finna“, „afhjúpa“ eða „uppgötva“ söguna sem falin sé í króniku atburða og munurinn á starfi sagnfræðings og skálds liggja í því að sá fyrrnefndi finni sögu sína meðan sá síðarnefndi finni hana upp. Að hans hyggju er þó ekki hægt að loka augum fyrir því að stór hluti af starfi sagnfræðingsins sé einmitt í því fólgin að finna upp. Sami atburður geti t.a.m. haft mismunandi hlutverk í ólíkum sögum. Dauði tiltekins konungs geti verið endalok einnar sögu en upphaf eða miðhluti annarrar. Sagnfræðingur velji atburði úr krónikunni og raði þeim í stigveldi eftir þeim áherslum sem liggja sögu hans til grundvallar. Saga hans sé því ekki síður uppfinning en saga skáldsins.<sup>1</sup> Í viðtali við Ewu Domańska orðar White áþekka hugsun með knappara orðalagi: þar segir hann að óhugsandi sé að segja fyrir um hvað fólk dragi fram úr fortíðinni, því fortíðin sé umfram allt staður ímyndunarafslisins.<sup>1</sup> Það má spyja sig að því hvort hið „epíska svið“ sem Halldór talar um og „staður ímyndunarafslisins“ hjá White séu ekki sama rýmið? Halldór heldur því a.m.k. fram að saga geti ekki átt sér sjálfstæða tilveru einhvers staðar úti í veröldinni óháð manningum, sagan og það svið sem hún gerist á eru því kannski þegar upp er staðið einn af „höfuðkostum“ okkar. Í „Persónulegum minnisgreinum“ segir:

Eigi alls fyrir löngu átti ég að svara fyrirspurn ameríksk tímarits um það sem þeir kölluðu niðurleið eða forbrekkisgaungu skáldsögunnar á vorum tíma (downgrading). Ég svaraði á þá leið að tilhneiging til að segja frá stórmælum sem orðið hafi í veröldinni sé ekki tíska, heldur mannkyninu ásköpuð. (Pm 68)

Hér mætti fara líka leið og Halldór gerir og velta fyrir sér hversdagslegu orðafari; við gerum okkur eitthvað í hugarlund og við sjáum

eitthvað fyrir hug-skots-sjónum okkar, dagsdaglega tölum við sem sé um staði ímyndunar og við getum jafnvel gert okkur hug-mynd af þessum stað eins og „epísku sviði“ þar sem atburðir gerast. En ímyndun atburða er ekki það sama og segja sögu: „Það er vandasöm þraut“, segir Halldór Laxness í „Persónulegum minnisgreinum“ og: „Sú þraut hlítir ekki formála, reglu né fyrirmynd“ (Pm 68). Vandamál sagnalistarinnar eru bæði af almennum og persónubundnum toga og það sem Halldór brýtur heilann um jaðrar við einhvers konar dulhyggju. Hann veltir vöngum yfir því hvort hægt sé að miðla hugmyndum milli manna, hvort hægt sé að segja sögu með þeim hætti að lesandinn öðlist milliliðalaus sýn á það sem fer fram á hinu „epíska sviði“ og geti sjálfur fellt dóma um þá atburði sem þar eiga sér stað.

### Að velja efni sínu búning

Í „Persónulegum minnisgreinum“ nálgast Halldór efnið sögulega að hluta til. Hann kynnir til leiks sagnfræðinginn Þúkydídes sem uppi var 460–395 fyrir Krist, höfunda Íslendingasagna og Snorra Sturluson til að sýna að þó tilhneigingin til að segja frá stórmælum sé mannkyninu ásköpuð þá sé ekki þar með sagt að menn segi eins frá á öllum tímum. Það sem heillar Halldór við höfunda Íslendingasagna er hæfileiki þeirra „til að koma heimssögulegum veruleika fyrir með fáum og einföldum orðum í litlu dæmi. Þeir kunnu að draga upp myndir sem útheimtust til æsilegrar frásögu“ (Pm 67). Halldór segir að fáir seinni tíma höfundar hafi komist fram úr „þrettándaldarskóla okkar í bókmentum“, og eins og svo oft vill verða þegar bókmenntir frá þessu tímabili eru annars vegar tekur hann Snorra Sturluson sem dæmi um það sem best er gert. Það athyglisverða við umfjöllun Halldórs um Snorra er hvernig hann nálgast *Heimskringlu*. Fyrst segir hann nokkuð sem rímar ágætlega við það sem sagt var um hið „epíska svið“ hér að framan: „Fáir menn hafa komið á þann stað ef stað skyldi kalla þaðan sem sögumaður lýsir átökum“. Því næst lýsir hann því hvernig höfundurinn velur sögu sinni búning: „Skygni höfundar og tærleiki í máli virðast vera aðeins tvær hliðar á einum hlut“ og tærleikinn er slíkur að „[l]esandinn sér atburðinn útum eitt-hvert töfragler sem gerir þá ekki aðeins trúlega heldur umfram alt

merkilega.“ En jafnvel Snorra Sturlusyni er þetta verkefni ofviða, handbragð eða í það minnsta fingrafar leynist einhvers staðar á þeirri hugarveröld sem hann hefur skapað: „Drátt fyrir ósnortið látbragð sögumanns í hverju tilviki verður sagan þó aldrei viðskila einhvern blæ af hámentaðri kaldhæðni dulinni undir ytra bordinu“ (Pm 69).

Halldór játast undir það að lesandi komist aldrei að töfraglerinu milliliðalaust og það telur hann vera helsta vandamál þeirra sem fást við skáldsagnagerð. Halldór persónugerir vandann og kynnir til leiks boðbera milli glersins og lesandans:

Leingi hefur sú spurning strítt á þann sem hér heldur á penna, hversu farið skuli með mann nokkurn sem við skulum kalla Plús Ex. Hver er Plús Ex? Það er sú boðflenna með aungu nafni og óglöggu vegabréfi sem ævinlega er viðstödd líkt og gluggagægir hvar sem gripið er ofaní skáldsögu. Þessi herra er aldrei svo smábægur að setjast aftastur í persónuröðinni, heldur settir sig ekki við annað en öndvegi nær miðju frásagnarinnar, jafnvel í sögu þar sem höfundur gerir sér þó alt far um að samsama ekki sjálfan sig sögumanninum. (Pm 73)

Það er rétt að áréttá að Plús Ex er ekki vandamál sem er eingöngu bundið við síðustu skáldsögu Halldórs Laxness heldur sögur yfirleitt. Á síðasta sagnaskeiði hans hygg ég að lokaorð málsgreinarinnar hér að framan skipti höfuðmáli þ.e.a.s. athugasemdin um að Plús Ex sitji í öndvegi „jafnvel í sögu þar sem höfundur ger[í] sér þó alt far um að samsama ekki sjálfan sig sögumanninum“. Kosturinn sem Halldór sér við leikhúsið fram yfir skáldsöguna er að áhorfandi sér atburðarásina með eigin augum: „Sá leikritahöfundur sem gleymir því að sjónleikur er fyrir sjónina, hann á sér varla lánga lífdaga fyrir höndum sem slíkur“ (Pm 78–79). Og af þessu leiðir að Plús Ex er „horfinn einsog döggr fyrir sólu — og í stað hans kominn fullur salur af áhorfendum“ (Pm 75).

Hvað skáldsöguna varðar segir Halldór eftirfarandi:

Því miður er ég ekki enn kominn leingra en svara þessu vandamáli með því að orða spurninguna þannig: Sé P.E. ofaukið í skáldsögu, er þá ekki skáldsögunni ofaukið í bókmentum yfirleitt? Spurningin, þannig orðuð, leiðir reyndar fljótt úti fjarstæðu. Væri þá kanski réttara að orða hana öfugt, og spyrja alment: er höfundurinn ekki eini maðurinn sem máli skiftir, svo í skáldsögu sem öðrum bókum? Og var ekki svo í fornsögunum líka, þegar öllu er á botninn hvolft? (Pm 75)

Í ritgerðinni skoðar Halldór skáldsögur og leikrit bæði út frá eigin sjónarmiði sem höfundur en líka sjónarmiðum almennra lesenda og áhorfenda. Spurning Halldórs um það hvort höfundurinn skipti ekki mestu máli gæti átt við það sem fjallað var um í fyrsta hluta þessarar bókar, þ.e. hvernig þær myndir sem menn gera sér af höfundinum, í þessu tilviki Halldóri Laxness, hafa áhrif á það hvernig skáldskapur er túlkaður. Hér er e.t.v. komið að því sem einatt vefst mest fyrir þeim sem standa frammi fyrir því að túlka skáldverk: Hvað býr í verkinu og hvað les maður inn í það sem túlkandi?

### Efni til hvers?

Spurningar sem varða hlutverk rithöfunda verða áleitnar við lestur „Persónulegra minnisgreina“. Þar er þó ekki að finna skýr svör enda er Halldóri þvert um geð að koma lesendum sínum fyrir sjónir sem einhvers konar barnakennari. Í ritgerðinni er í raun auðveldara að átta sig á því hvaða hlutverk Halldór telur að rithöfundur eigi ekki að leika en það skynjar maður þegar hann tilfærir „gildir“ sem hann hyggur að skáldsagnahöfundum hætti til að stíga í. Að hans mati geta rithöfundar jafnvel gengið „gegn eðli“ skáldsögunnar með því að gera hana „að klakstöð fyrir þesskonar táknmal sem einna helst á heima í goðafræði og trúarbrögðum; ellegar menn vilja hafa hana að prédikunarstóli eða gera úr henni vagn sem flytji mönnum heim sannleikann“ (Pm 70). Í skrifum hans er gerður greinarmunur á sannleika og staðreyndum, og staðreyndir eru miklu geðfelldari í hans huga en sannleikurinn:

Sannleikur er [sagnaskáldum] hugtak úr háspekinni. Jafnvel orðið sannleikur eitt saman felur í sér ógeðfelda rétttrúnaðarhugmynd sem krefst viðurkenningar í eitt skifti fyrir öll með tilstilli einhverskonar einokunar. Í þeim tilfellum þar sem sannleikur merkir ekki goðsögn um staðreyndir, merkir hann goðsagnir án staðreynda. (Pm 70)

Til að átta sig betur á því hvað felst í orðinu sannleikur í huga Halldórs má hafa hliðsjón af hugtakanotkun hans í áður nefndu bréfi til Peters Hallberg þar sem hann talar um að í *Prjónastofuna Sólina* vanti tvær „höfuð „ídeólógíur““ en þær séu „hugmyndakerfi freudismans og hugmyndakerfi marxismans“ og hann heldur áfram: „Uppreisn

Þrjónastofunnar er í því falin að hún ignórerar þessa tvo sannleika“.<sup>13</sup> Halldór virðist líta svo á að staðreyndir séu eins og hnútar í neti en sannleikurinn sé tiltekið kerfi sem tengi þær saman. Þegar verst lætur framleiðir kerfið goðsögn sem gengur í berhögg við staðreyndir eða snýr verulega upp á þær. „Sagnaskáld eru annálahöfundar í hjarta sínu en ævintýrasmiðir að íþrótt“, segir Halldór og orð hans minna á ‚annálseðlið‘ sem hann nefndi einn höfuðkost skáldsagnaformsins og fólst í því að ‚umbreyta atburðum í frásögn‘ og ‚mannlegum staðreyndum‘ í bók. Orðið staðreynd gefur til kynna reynslu af tilteknum stað og manni virðist sem Halldór álíti það ekki aðeins skyldu sögumannsins að miðla eigin reynslu heldur eigi lesandinn að verða reynslu ríkari við lesturinn. Hann segir:

[Skáldsagnahöfundi] fellur ekki að líta á veröldina einsog hólinn þar sem Opinberunin birtist heldur plássið þar sem staðreyndir gerast; og hann gerir sér mat úr staðreyndum eftir því sem þær ber að, einni í senn. Sögumanni sem gleymir staðreyndum vegna áhuga síns á Opinberuninni eða boðun sannleikans, honum hættir við að lenda í sala með helgisagnaritum. (Pm 70)

Halldór leggur kapp á að menn séu tryggir ‚annálseðlinu‘ og það virðist fela í sér að atburðir og staðreyndir séu ekki rænd þeim eiginleikum sínum að geta orðið einingar í öðrum frásögnum. Þannig getur verk höfðað til fólks á ólíkum tímum þrátt fyrir þá staðreynd að ‚[m]ælikvarði á stórmæli [sé] breytilegur eftir stað og stund“. Annálseðlið gerir lesendum kleift að túlka verk eftir eigin höfði og verða hugfangnir af annarri atburðarás eða staðreyndum en höfundurinn leggur sjálfur til grundvallar sinni sögu. Það gefur auga leið að þessi afstaða er andstæð skoðunum þeirra sem telja sig geta sagt sögu af tilteknum atburði í eitt skipti fyrir öll í þeim tilgangi að boða mönnum sannleika. Annálseðlið er sett fram til höfuðs goðsögnum í formi skáldskapar og sagnfræði. Annálar eru þó ekki frekar en önnur frásagnarform lausir við frásagnarlögmál, því þar eru vissar staðreyndir valdar og öðrum hafnað og þeim raðað í tímaröð. Annálseðlið er e.t.v. fyrst og fremst hugtak sem lýsir löngun til að segja sögu sem boðar lesandanum ekki endanlegan sannleika af neinu tagi.

Hin mikla áhersla Halldórs á staðreyndir jaðrar á köflum við trúarlega boðun og lengst gengur hann í þá átt með þessum orðum: „Sé gert ráð fyrir að því að hverju starfi fylgi sérstök samviska, eins- og haft er eftir Sókratesi, þá mundi ég segja að staðreyndin, hvaða sköpuð staðreynd sem er, komist næst því að vera skáldsagnahöfundur rödd guðs“ (Pm 73). Halldór áttar sig engu að síður á því að hér er hann kominn í þversögn við megininntak greinarinnar enda grefur hann undan eigin kennivaldi undir lokin þegar hann segir: „Vond skáld eru auðþekkt á því að þau eru einlægt reiðubúin að rísa úr sæti og prédika fyrir öðrum vondum skáldum, — aðrir hlusta hvort sem er ekki á þau. Eftir þrábeidni Literatúrnaða Gaseta er ég nú kominn í þennan viðsjárverða félagsskap“ (Pm 79).

Í höfundarverki Halldórs Laxness má finna mörg dæmi sem ganga þvert á flest það sem hann setur fram í „Persónulegum minnisgreinum“. Í samhengi við *Skáldatíma* og þá endurskoðun sem þar fer fram á liðnum atburðum er athyglisvert að skoða lýsingar hans á Moskvuréttarhöldunum svokölluðu í ferðasögunni *Gerska ævintýrinu* frá 1938. Halldór var viðstaddur réttarhöld yfir Búkharín og fleiri framámönnum í Kommúnistaflokknum sem dæmdir voru fyrir það að starfa gegn Sovétríkjunum. Um sýndarréttarhöld var að ræða og hafði Stalín horn í síðu flokksfélaga sinna. Með hótunum og pyntingum voru þeir fengnir til að játa á sig glæpi sem þeir höfðu aldrei framið og í framhaldinu voru þeir teknir af lífi.<sup>14\*</sup> Halldóri hefur oft verið legið á hálsi fyrir lýsingar sínar á þessum atburðum í *Gerska ævintýrinu* og ekki þarf að fara í grafgötur með það að margt sem hann lætur sér um munn fara í bókinni er í hæsta máta ógeðfellt — sérstaklega þegar tekið er mið af því sem fram fór bak við tjöldin. Meðferð hans á staðreyndum í *Gerska ævintýrinu* varpar ljósi á uppgjör hans við hugtök eins og sannleika og godsagnir á sjöunda áratugnum. Lýsing hans er svohljóðandi:

Málaferlin gegn Blökk hægrimanna og trotskista 1938, „Búkharínsmálin“, — ég lít á þau fyrst og fremst sem sjónleik í heimssniði, ægilegan sorgarleik ef vill. Sú lifandi mynd baráttunnar milli pólitískra höfuðafla, sem málaferlin brugðu ljósi yfir, er í heild sinni svo hrikaleg, í hrikaleik sínum svo náskyld náttúruöflunum sjálfum, að atriði eins og siðferðileg eða lögfræðileg „sekt“ samsærismannanna, eða sú persónulega refsing sem beið þeirra, verður í raun réttari smámunir sem



ekki freista til kappræðu. Þegar svo djarft er teflt um örlög 170 miljón manna, og raunar alls heimsins, eins og blökkinn gerði, þá fara ræður um „sekt“ að fá býsna smáborgaralegan hljóm, sömuleiðis býsnanir út af réttlátum eða ránglátum aftökum. Örlög mannkynsins eru lögð undir í spilinu: þennan veg eða hinn. Leiksvið þessara manna er hið ógurlega Rússland byltingarinnar og vðreisnarinnar, í baksýn við það gerist breytipróun þeirra úr foringjum í kommúnistískum andstöðuarimi, andlenínsku flokksbroti, klofníngsklíku, í æðisgeingna andbyltingar-sinna og bandamenn fasista.<sup>15</sup>

Sá fræðimaður sem einna mest hefur fjallað um goðsagnir er Frakkinn Roland Barthes en í upphafi ritgerðarinnar „Goðsagnir samtímans“ setur hann fram þá skilgreiningu að goðsagnir séu ákveðinn tjáningarmáti og helsta einkenni hans sé að breyta sögu í náttúru.<sup>16</sup> Að hans viti er enginn atburður goðsögn í sjálfum sér eða af náttúrunnar hendi heldur er merking hans ákvörðuð af mállhöfunum, goðsagnasmiðum samfélagsins.<sup>17</sup> Í lýsingum sínum í *Gerska ævintýrinu* framleiðir Halldór goðsagnir með þessum hætti og þó að flestar staðreyndir komi heim og saman við aðrar heimildir þá er ‚sannleiksgildi‘ frásagnanna ekki hið sama. Mælskufræði Halldórs felst í því að heimfæra smáheim skýrra andstæðna yfir á svið pólitískra höfuðaflla og frá því til náttúruaflanna sem eru hvorki réttlát né ranglát heldur aðeins liður í ‚breytipróun‘. Hann smættar atburðina niður á svið sem lesendur eiga auðvelt með að gera sér í hugarlund og síðan færir hann þá af einu sviði yfir á annað, myndbreytir ásýnd þeirra þannig að sértæk lögmál sem gilda í leikhúsi verða að pólitískum höfuðöflum og að lokum altæk eins og náttúrulegmál. Myndir sakborninganna dregur hann upp með sama hætti. Hann skipar Búkharín í flokk vondra manna með því að tengja hann fyrst Mefistöfelesi úr *Fást* eftir Goethe en lýkur lýsingu sinni í dýraríkinu með því að líkja honum við nagdýr. Hann segir: „Lítill, álútur, sköllóttur, skólakennaralegur, grúskari, allur dreginn upp í odd á mefistöfeliska vísu, hvasst nef, ydd eyru, oddbogadregnar augabrúnir, napóleonstoppur, með fræðisetningarnar eins og nokkurskonar viðauka við nagtennur, þannig kom hann mér fyrir sjónir.“<sup>18</sup> Meginreglan sem boðuð er í *Gerska ævintýrinu* er sú að sæluríki kommúnismans á alltaf að njóta vafans — að tilgangurinn helgi meðalið. Halldór slær

siðferðilegar grundvallarreglur um sekt og sakleysi, réttlæti og ranglæti út af borðinu til að þoka samfélagi manna að tilteknu marki. Í *Skáldatíma* lítur Halldór þessa atburði í endurminningu og þá hafa þeir fengið þessa meiningu:

Í augum kommúnista á Vesturlöndum var „gerska ævintýrið“ sú staðreynd sem sannaði þeirra mál, og þeir gerðu rússneska skipulagið að siðferðisgrundvelli sínum og reistu á þeim grundvelli líf sitt og starf. Sjálfum var mér einsog fleirum meira en lítil forvitni á hvort sósíalismi Rússlands geymdi hið bjarta fordæmi að halda á lofti í áróðrinum gegn fátæktinni í heiminum: Ert þú sá sem koma skal, eða eigum vér að vænta einhvers annars?<sup>19</sup> (Skt 114)

Staðreyndir verða að sannleika þegar þær eru orðnar að grundvelli fyrir siðferði og þá hefur sögu verið breytt í goðsögn. Og þegar „gerska ævintýrið“ er annars vegar þá byggir sú goðsögn á fagurfræðilegum, siðferðilegum og hugmyndafræðilegum andstaðukerfum sem búa að baki ásýnd hlutanna, eins óskeikul og náttúrulögmál. Eins og sjá má settu pólitískar hugsjónir Halldórs veraldlegum skrifum hans skorður á fjórða áratugnum en í *Skáldatíma* reynir hann að færa rök að því að það sama hafi ekki gilt um skáldskap hans.

## SKÁLDATÍMI

### Prismatískir eiginleikar — ljósbrott og sjónarhorn

Sumarið 1963 hefst Halldór Laxness handa við ritun bókar sem hefur vinnuheitið *Skáldleg tíð – Aldarminning*.<sup>20</sup> Um haustið kemur hún út á Íslandi undir heitinu *Skáldatími* og vekur strax mikla athygli hérlandis, eins og gerð hefur verið grein fyrir, en líka erlendis. Danska blaðið *Politiken* birtir t.a.m. kaflann af handtöku Veru Hertzsch 29. desember 1963 með undirfyrirsögninni: „Átakanlegi kaflinn úr „Skáldatíma“, nýju endurminningabók nóbelskáldsins, sem vakið hefur heiftúðugar umræður á Íslandi.“<sup>21</sup> Í grein sem fylgir segir þýðandinn, Erik Sønderholm, að erfitt sé að gleyma lýsingum Halldórs í umræddum kafla og drepur í stuttu máli á deilur hægri- og vinstrimanna um bókina. Hann stingur upp á „En digters tidsopgør“ sem þýðingu á titli hennar þó endanlega útgáfan hafi verið

meitlaðri, *En digters opgeør*. Sá titill er fremur eindregin túlkun á efni bókarinnar en fróðlegt er að skoða hann með hliðsjón af vangaveltum Halldórs Laxness í bréfi til sænska þýðandans Peters Hallberg, dagsettu 24. júní 1964. Hallberg sendi fyrirspurn um sænska þýðingu á nafni bókarinnar og Halldór svarar því til að hann sé ófær um að koma með heppilegar tillögur en bætir við athugasemd sem varpar ljósi á hugtakið skáldatími og efni bókarinnar um leið: „Diktarliv er ég jafnóánægður með og þú ert sjálfur, einkum af því það er of eindimensíónelt, en einginn veit betur en þú að það má aldrei þýða mig eindimensíónelt, því þá er ég orðinn allra rithöfunda banalastur. Nafnið Skáldatími hefur prismatiskan eiginleik einsog svo mart hjá mér, því miður kannski. Við þá eingilsaxnesku hef ég stungið uppá titilinum Poet's Lesson“.<sup>2</sup> Enski titillinn sem Halldór stingur upp á býður upp á leik með orðið lesson sem getur merkt að kenna, sbr. to give a lesson en getur líka merkt að læra eða verða reynslunni ríkari, sbr. he/she learned his/her lesson. Þessi tvíráðni gefur lesandanum tilefni til að ætla að hann eigi í vændum kennslustund hjá skáldi eða frásögn af því hvernig skáld lærði sína lexíu. Orðið skáldatími var ekki til í íslensku máli þegar bókin kom út og við fyrstu sýn virðist það gefa auga leið að orðið skáldatími sé sett saman úr orðinu skáld í eignarfalli fleirtölu og tími í nefnifalli eintölu. Og þar sem *Skáldatími* er að stofni til endurminningabók þá er hægt að draga þá ályktun að orðið skáldatími merki tímaskeið í lífi skálds og það megi leggja að jöfnu við orð á borð við skáldalíf. Þegar athugasemdirnar til Hallbergs og enski titillinn eru höfð í huga þá verður manni ljóst að orðið tími má skilja sem kennslustund, sbr. lesson, og orðið skáldatími kallar þá fram í hugann mynd af skáldum á skólabeck. Orðið skáldatími gæti jafnvel vakið hugrenningartengsl við orð eins og smíðatími og saumatími og þá er orðið skálda ekki lengur eignarfallsmynd fleirtölu af orðinu skáld, heldur nafnorð myndað af nafnhætti sagnarinnar að skálda.

Við lestur bókarinnar kemur orðið skáldatími fyrir í ýmsu samhengi, þannig að prismatískir eiginleikar orðsins koma í ljós og það hefur í för með sér að erfitt er að negla merkinguna niður. Kjósi maður t.a.m. að líta á bókina sem kennslustund þá er hún óvenjuleg að því leyti að kennarinn Halldór Laxness gerir lítið úr sjálfum sér sem „pædagog“ og segist ekki ætla að gefa höfundum einkunn því

þar með sé hann búinn „að setja upp barnaskóla fyrir séni heimsins [og] [s]kólameistararajónarmið haf[i] ekki verið [hans] styrkur“ (Skt 67). Umfjöllun hans um höfundar sem mótuðu hann sjálfan sem skáld snemma á ferlinum, t.d. Marcel Proust (1871–1922) og James Joyce (1882–1941), er ekki heldur til þess gerð að gefa mönnum fordæmi eða fyrirmynd því hann vill ekki að þessir höfundar séu gerðir að viðmiðum í umræðu um nútímabókmenntir áratugum eftir að þeir eru allir. Hann segir raunar fátt „óhollara úngum gáfuðum rithöfundi en sökkva sér niður í hinn mikla skáldatíma Prousts“ (Skt 64) en þessi varnaðarorð eru höfð vegna orðsendinga ýmissa bókmenntatímarita um að „sá höfundur sem leggist Proust undir höfuð eða taki ekki tillit til hans í aðferð sinni sé sambandslaus við þá öld sem hann lifir á og þarafleiðandi allar aðrar aldir.“ Orðalag Halldórs er allrar athygli vert því hann ræðir um „skáldatíma Prousts“ en ekki verk eða bækur. Hann svarar tímaritunum og pennum þeirra, sem hann kallar „uppöslum[enn] skálda“, vegna þess að skáldatími Prousts einkennist af ásköpuðum meinlætaliðnaði, sprotnum af langvarandi veikindum, innilokun og ævilangri nálægð við dauðann vegna bráða-ofnæmis og andarteppu sem „hélt honum tímum saman milli heims og helju einsog í snöru“ (Skt 64–65). Höfundarverk Prousts er því fyrst og fremst bundið örlögum eins manns að álitni Halldórs en í *Skáldatíma* leitast hann við að lýsa þróun í sínu eigin höfundarverki frá einkamála-skáldskap til þjóðfélagslegrar skáldsagnagerðar.

Þegar *Skáldatími* er skoðaður ber ekki einungis að hafa í huga það tímabil í ævi Halldórs sem hann rifjar upp heldur líka þann tíma sem bókin er skrifuð á. Halldór Guðmundsson telur að Laxness hafi bundið vonir við að *Skáldatími* myndi „losa hann út úr skugga sósíalrealismans sem margir tengdu hann við, sem ekki höfðu lesið verk hans.“<sup>23</sup> Þáttur *Vefarans mikla frá Kasmír í Skáldatíma* er til vitnis um að Halldór sé vís til að taka kúvendingar í afstöðu sinni til forms og innihalds skáldsögunnar og ekki leikur vafi á því að hann vill senda út þau skilaboð í upphafi sjöunda áratugarins að enn sé breytinga að vænta. *Skáldatími* er ekki síður en „Persónulegar minnisgreinar“ tilraun til að skoða skáldsöguna sem ‚miðil úr fjarska‘ (Pm 73); þar leitast höfundurinn svara við spurningum sem varða hlutverk skáldskapar og þá um leið tilgang tilveru hans sjálfs sem skálds og listamanns. Hægt er að líta á *Skáldatíma* sem uppgjör við fortíðina en hann má

líka skoða sem tilraun rithöfundar til að endurskapa sjálfan sig með viðspyrnu í eigin höfundarverki. Reynsla Halldórs Laxness sem þjóðfélagslegs höfundar skiptir í þessu sambandi sköpum því til hans var gerð sú krafa að hann tæki siðferðilega afstöðu jafnt á opinberum vettvangi sem í skáldverkum sínum, en á sjöunda áratugnum er hann farinn að leita leiða til að opna verk sín fyrir aukinni þátttöku lesenda.

### **Efniviður; frá einkamálaskáldskap til þjóðfélagslegrar sagnagerðar**

Í upphafi *Skáldatíma* greinir Halldór Laxness frá því að hann hafi tekið kaþólska skírn í klaustrinu Saint Maurice de Clervaux í Lúxembúrg árið 1923 og í kjölfarið fylgja lýsingar á reglubundnu lífi meðal munkanna, andblæ latneskrar menningar og þeim mönnum sem dvelja í klaustrinu í von um að höndla æðri sannleika. Því næst er Halldór kominn á þeisireið um Evrópu og þó hann greini ekki ítarlega frá atburðum nema á stöku stað þá er lesandanum ljóst að höfundurinn fer víða eftir að hann yfirgefur klaustrið: „Ég var staur-aður, hafði eytt skotsilfri mínu í London, París og Róm“ (Skt 23). Hann snýr aftur til Reykjavíkur 1926 og af því tilefni bregður hann upp mynd af sjálfum sér heimkomnum með handrit skáldsögunnar *Vefarans mikla frá Kasmír* undir hendinni og segir umbúðalaust að enginn útgefandi hafi viljað gefa út svo lélega bók. En hvað sem gæðum *Vefarans* líður þá kemur Halldór lesendum *Skáldatíma* fyrir sjónir sem ungur evrópskur höfundur frá afskekktu landi sem hefur slitið barnsskónum á strætum stórborga með glýju í augum og orðið fyrir miklum áhrifum. *Vefarinn* er staðfesting á forfrömun hans og viðbrögð manna á Íslandi auka enn við þekkingarforða hans því þau kenna honum að miklir áhrifavaldar eru ekki trygging fyrir því að úr verði miklar bókmenntir sem höfði til almennings. Í *Skáldatíma* segir: „Ætli ég hafi haldið að útgefendur biðu með öndina í hálsinum eftir að fá að prenta verk eftir nýtt séni, samanskrifað uppúr öllu því sem þá var efst á baugi í tímanum, að surrealismanum ekki undanskildum, sem þá var nýr af nálinni; og auk þess fult af latínu úr bænabókum frá miðöldunum? Það var nú öðru nær“ (Skt 34).

*Vefarinn mikli frá Kasmír* kemur út árið 1927 þrátt fyrir áhugaleysi útgefenda og skömmu síðar heldur Halldór til Ameríku þar sem

hann dvelur hálf þriðja ár. Engar nýjar skáldsögur líta dagsins ljós meðan hann er ytra en þangað má samt sem áður rekja upphafið á ferli hans sem þjóðfélagslegs höfundar. Þar skrifar hann frumdrög *Sölku Völku*, gerir uppkast að fyrri hluta *Sjálfstæðs fólks* og fullklárar ritgerðasafnið *Alþýðubókina*. Þegar síðastnefnda ritið kemur fyrir almenningssjónir á Íslandi á haustdögum 1929 dylst engum að höfundurinn hefur snúið frá kaþólsku til sósíalisma. Áratugurinn sem fer í hönd er aðalumfjöllunarefni *Skáldatíma* en hann er bæði viðburðaríkur á sviðum skáldskapar og stjórn mála hjá Halldóri sem lætur til sín taka á þeim báðum. Í *Skáldatíma* leitast hann við að sýna fram á að þó að *Salka Valka*, *Sjálfstætt fólk* og *Heimsljós* séu þjóðfélagslegar skáldsögur þá drottni lífssýn hans sjálfs ekki yfir örlögum persónanna eða skoðunum og til marks um þetta er afstaða hans til *Vefarans mikla frá Kasmír*. Eftir að *Dú vínviður hreini: saga úr flæðarmálinu*, fyrri bindi *Sölku Völku*, kom út 1932 hætti Halldór að halda *Vefaranum* að erlendum forleggjurum vegna þess að hann samræmdest ekki lengur sjálfsmynd hans sem höfundar og afstöðu til skáldskapar. Hér er ekki eingöngu um að ræða skiptin frá kaþólsku til sósíalisma heldur lítur hann svo á að heimur *Vefarans* sé of bundinn einkamálum og skoðunum hans sjálfs. Í *Skáldatíma* segir:

[É]g var búinn að leggja honum upp sem ósjófærum. Þetta er æskuþrúngið kaþólskt trúteknings- og trúafneitanarrit, meir samið til að létta af höfundinum óþörfum ábagga sem hann hafði bundið sér en segja sögu. Sú óklassísk aðferð hafði nú einusinni verið ráðandi á upprunadögum *Vefarans*, að hver sem hafði einhverja meinloku í hausnum og þó hann hefði ekki nema lús í skegginu, þóttist skyldugur að röлта af sér þessa einkaóværu með því að gefa út af sér eitthvert fjölmúlavíl sem átti að heita skáldsaga. (Skt 86–87)

Sú stefna sem Halldór tók í framhaldinu var fölginn í því að gera skáldsöguna að vettvangi fyrir félagsleg vandamál í stað persónulegra. Mælikvarðinn á gildi þjóðfélagslegra skáldsagna er þó ekki fölginn í því að höfundar geti bent á tilteknar samfélagslegar úrbætur sem þeir hafi komið til leiðar með verkum sínum, ef marka má *Skáldatíma*. Halldór segir t.a.m. að þó rithöfundurinn Upton Sinclair (1878–1968) hafi unnið „hlutræn afrek“ eins og siðbótina í sláturhúsum Chicago–borgar með skáldsögunni *The Jungle* þá uppfylli hann ekki kröfur sínar sem

listamaður og það sama eigi við um kollega hans Theodore Dreiser (1871–1905). Um skáldsögur þeirra segir að þær séu „athyglisverðar og áhrifamiklar, a.m.k. sumar hverjar, sakir siðferðilegrar ástríðu höfundanna; en höfundarnir [séu] samt fjarri því að vera athyglisverðir sem sögumenn“ (Skt 58). Þessir höfundar höfðu notagildi að leiðarljósi við ritun skáldsagna sinna að mati Halldórs og þegar þær höfðu gegnt hlutverki sínu áttu þær ekki lengur erindi við lesendur; því hefði eins mátt koma ádeiluboðskapnum til skila eftir öðrum leiðum. Halldór gefur lesendum *Skáldatíma* til kynna að hann hafi verið í stakk búinn til að taka sjálfstæða afstöðu til þeirra höfunda sem hann las vestanhafs og að sá búningur sem hann valdi skáldverkum sínum á fjórða áratugnum sé ekki þrautalending eða ógagnrýnin endurvinnsla á aðferðum annarra heldur niðurstæða vandlega yfirvegaðrar fagurfræði sem taki mið af bókmenntum sem skrifaðar voru beggja vegna Atlantsála. Eftirfarandi athugasemd um skáldskap Uptons Sinclair segir í raun jafnmikið um þær listrænu kröfur sem Halldór gerði til sjálfs sín þegar kom að ritun skáldsagna: „Áhugi fyrir heiminum sem guðdómlegum sjónleik svo í smáu sem stóru var honum óskiljanlegt sjónarmið. Og enn óskiljanlegri hin endalaust smágerðu vinnubrögð listamanns sem liggur kanski í sálarháskateygjum yfir stuttri setningu dögum saman þángaðtil hann dregur hana út með öllu“ (Skt 75).

Halldór forðast sem sé að gera skáldsögur sínar að vettvangi fyrir ádeilu á tímabundin samfélagsleg vandamál en hann finnur slíku efni farveg í ritgerðum, blaðagreinum og ferðasögum sem hann skrifar jafnt og þétt um stjórn- og þjóðfélagsmál heima og heiman. *Skáldatíma* lýkur árið 1938 þegar Halldór er við það að ljúka *Höll sumarlandsins*, öðru bindi *Heimsljóss*, og er með aðra bók, *Gerska ævintýrið*, „í molum og minnisgreinum“ (Skt 313). Þennan endastað í frásögninni má túlka svo að þar með ljúki skáldatíma Halldórs sem þjóðfélagslegs höfundar enda verða miklar breytingar á stíl og frásagnartækni milli binda *Heimsljóss* sem eru gjarna láttnar marka þáttaskil í höfundarverkinu. Eftir því sem líður á *Skáldatíma* er sem skilin milli stjórnámamannsins og skáldsins Halldórs Laxness verði skýrari uns lesandanum getur fundist sem hann standi frammi fyrir tveimur ólíkum mönnum. Bygging verksins ýtir undir þá tilfinningu.

## Efni til hvers? Hetjusaga eða tragedía?

Í *Skáldatíma* gerir Halldór grein fyrir því að *Heimsljós* eigi rætur sínar að rekja til heimsóknar á Snæfellsnes árið 1936 en þar ólst vinur hans og skáldbróðir Jóhann Jónsson upp. Jóhann andaðist úr berklum í Þýskalandi 1. september 1932. Eftir ferðalagið finnst Halldóri að „úr því að [hann] hefði skrifað hetjuljóð bæði soðningarinnar og sauðskepnunnar þá yrði [hann] líka að skrifa hetjuljóð skáldsins, ekki einhvers sérstaks stórskálds með heimilisfáng og síma í bókmentasögunni, né skálds sem betur hefði ort en önnur skáld, heldur þess skálds sem var og er og verður á Íslandi og í öllum heiminum“ (Skt 233). Aðalpersóna *Heimsljóss* er kynnt til sögunnar í 27. kafla *Skáldatíma* sem nefnist „Ólafur Kárason hinumegin á hnettinum“ og þar fjallar hann samhliða um það hvernig hann smíðar skáldsagnapersónuna Ólaf Kárason og hins vegar um þing meðlima Pen-klúbbsins í Buenos Aires 1936 þar sem skáld víðs vegar að úr heiminum funduðu um málfrelsi í skugga fasismans sem þá var í hröðum vexti á Spáni, Ítalíu og Þýskalandi. Persónu Ólafs Kárasonar byggir Halldór á lífi og örlögum Magnúsar Hjaltasonar skálds sem gekk sinn æviveg á Íslandi að mestu óþekktur. Sögulegar staðreyndir skipta ekki höfuðmáli í bókinni heldur vill Halldór skapa skáldsagnapersónu sem bregður birtu á einhvern sameiginlegan kjarna sem öll skáld, bæði lítil og stór, eiga sameiginlegan. Hann skrifar:

Ég var að leita að skáldi heimsins, Goethe afklæddum geheimráðinu, skáldi einsog það kemur fyrir af skepnunni, in puris naturalibus, og fann Ólaf Kárason Ljósvíking sem heimskir útlendingar halda að sé staðbundinn íslenskur heimatdichter! Hann hefði aldurs vegna getað verið faðir minn einsog James Joyce og Marcel Proust, og dó þegar ég var um fermíngu. Þetta skáld, eða réttara sagt frummynd hans í lífinu, hann gerði nákvæma skýrslu ævi sinnar bæði í dagbók og æviágripi frá bernskuárum og þangaðtil daginn sem hann dó. Ég las það alt. Bækur eru einnig til í handriti eftir hann, bundið mál og óbundið. (Skt 234)

Ólafur Kárason er í huga Halldórs ekki aðeins fulltrúi sjálfs sín heldur allra skálda í heiminum og þar af leiðandi þeirra sem koma saman á rithöfundapingi Pen-klúbbsins. Franska skáldið Jules Romains heldur aðalræðu þingsins og Halldór gerir fleygaða setningu úr henni að lokaorðum 27. kafla en þau orka á mann um leið eins og yfirlýsing fyrir skáldsöguna *Heimsljós*: „Það eru aungvar bókmentir til á



móti frelsinu, af því það eru ekki til neinar bókmentir á móti andanum“ (Skt 239).

Árið 1937 heldur Halldór til Sovétríkjanna og þar finnur hann áþreifanlega fyrir því að samband skáldskapar og raunveruleika er eitt af því sem stjórnvöld vilja gjarna skilgreina. Honum er meðal annars tjáð af útgefanda að *Salka Valka* væri með öllu óútfanleg bók þar í landi „af því þar kæmi fyrir einn mjög illa marxistiskur kommúnisti, Arnaldur.“ Slíkar manngerðir höfðu aldrei verið til í Sovétríkjunum að sögn útgefandans og „myndi því einginn sovétlesandi skilja slíka og þvílíka fjarstæðu sem þessi maður væri“. Halldór segir að þetta hafi ekki komið flatt upp á sig því þá hafi verið nýbúið að rétta yfir Búkharín og öðrum málsmetandi mönnum í Kommúnistaflokknum vegna þess að þeir voru ekki „nógu marxistískir kommúnistar“ og af þeim sökum voru átján þeirra teknir af lífi (Skt 219–220). Ógnin við málfrelsið var sem sé ekki eingöngu til staðar í þeim löndum þar sem fasistar voru við völd heldur líka í Sovétríkjunum þar sem stóðu yfir pólitískar hreinsanir bæði í skáldskap og raunveruleika. Halldór getur ekki þessara viðskipta sinna við sovéska útgefendur í ferðabókinni *Gerska ævintýrinu* en samanburður á henni og skáldsögunni *Heimsljóss* sem hann skrifar samhliða er til vitnis um að hann hafi ekki verið tilbúinn til að láta skáldsögur sínar þjóna einhverjum tilteknum málstað en að öðru máli gegni um lýsingar hans á veruleikanum. Þar ræður hugmyndafræði og áróður því sem sagt er frá og hvernig. Halldór Guðmundsson orðar það svo að skáldsagan sé hjá Laxness „vettvangur hinna mannlegu efasemda og spurninga, ekki hins einfalda áróðurs“ eins og *Gerska ævintýrið* sé dæmi um.<sup>24</sup>

Í kaflanum hér á undan var greint frá því hvernig Halldór skapar ákveðna hugmynd um sjálfan sig sem sigldan, fullþroska rithöfund og skáld í *Skáldatíma*; hvernig hann verður að þjóðfélagslegum höfundi sem gerir jafnframt miklar listrænar kröfur til verka sinna. Stjórn-málamaðurinn Halldór Laxness verður ekki heldur til í einni svip-hendingu en fróðlegt er að sjá hvernig hann er kynntur til sögunnar. Halldór fjallar um hugmyndir sínar um skáldið í 26. kafla, „Upphaf heimsljóss“, og 27. kafla, „Ólafur Kárason hinumegin á hnettinum“. Í köflum 30–36 fjallar hann um heimsóknina til Sovétríkjanna sem hann lýsir í *Gerska ævintýrinu*; í tveimur köflum sem koma þarna á milli svarar hann fyrst spurningunni um það hvers vegna hann hafi

aldrei verið upptekinn af því að færa í orð lýsingar á frægum mönnum sem hann hafi hitt og síðan bregður hann upp mynd af söngvaranum Eggerti Stefánsyni. Þessir tveir kaflar orka á mann eins og millispil sem marka þáttaskil í frásögninni; að þeim loknum er Halldór ekki lengur höfundur *Heimsljóss* sem skrifar bók með frelsi andans að leiðarljósi heldur stjórnmalamaður sem leitar leiða til þess að tryggja sigur sósíalismsans yfir fasímanum og um þetta tekur hann meðvitaða ákvörðun:

Á þessum misserum var ég í hópi þeirra sem ekki settu sig úr færi að koma opinberlega fram og hvetja fólk til aukinna samtaka gegn fasímanum sem þá var í harðri sókn víða um lönd. *Þeir sem vilja koma fram á leiksviði stjórnmalanna þó í litlu sé, verða að velja sér hlutverk* [Leturbreyting HI]. Ég hafði tekið upp sósíalisma eftir þeim hugmyndum sem giltu í Evrópu og Ameríku, bæði af lestri bóka skrifuðum í sósíölum anda af ágætum mönnum og svo af athugun sjálfs mín á þjóðfélagskerfi sem ekki gat leynt göllum sínum þó það skirðist við að bæta úr þeim. Einginn sómakær mentamaður gat látið sér sjást yfir þessa galla. Mitt hlutverk sem talsmanns þjóðfylkingarstefnu heima hjá mér var sem fyr segir að reyna að kalla á menn sem áttu einhvern snefil af vinstrihyggju, hvort heldur þeir kölluðu sig kommúnista sósíaldemókrata eða líberala, gegn grimmri og öfgafullri hægristefnu sem þá safnaði byr í seglin og hafði lagt sum helstu menningarlönd Evrópu undir einræði sitt. *Með almennum vinstrisinnuðum liðsöfnuði sínum gegn fasistum hafði þjóðfylkingin að vissu marki bundist þeim flokkum og félagskap sem aðhylltist vinstrisinnada einræðisstefnu einsog þá sem uppi var í Ráðstjórnarríkjunum* [Leturbreyting HI]. (Skt 257)

Einn þeirra sem fjallað hafa um hið meinta pólitíska uppgjör Halldórs Laxness í *Skáldatíma* er Róbert H. Haraldsson heimspékingur. Hann heldur því fram að *Skáldatími* sé að „ýmsu leyti harmrænt verk, sú rithöfundarævi sem lýst er í verkinu [sé] tragísk.“ Að hans hyggju er „harmleikurinn [...] sá að höfundurinn sem fjallað er um, höfundurinn sem vildi leggja sitt lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn fasisma — Laxness — styður að endingu *nákvæmlega* sömu starfsaðferðir og fasistarnir notuðu.“ Róbert gagnrýnir Halldór harðlega fyrir það með hvaða hætti hann beitir kaldhæðni í verkinu og kemst að þeirri niðurstöðu að *Skáldatími* sé ekki „einlæg bók og í raun ekkert uppgjör.“ Halldór horfist að mati Róberts ekki í augun

við sannleikann um sjálfan sig.<sup>25\*</sup> Í *Skáldatíma* er ekki að finna yfirbót eða iðrun af því tagi sem Róbert Haraldsson leitar eftir en hins vegar virðist mér sem Halldór geri sér grein fyrir því að menn muni fella siðferðilega dóma yfir lífshlaupi hans og skýra sögu hans í ljósi þekktra formúla eða formgerða eins og t.d. harmleiksins. Kaflinn „Frægir menn“ sýnir fram á þetta en þar segir t.a.m. að „[f]átt [sé] jafn tilgángslaus og leiðinlegur lestur í augum skáldsagnahöfunda og sögur um stjórnur og þjóðhetjur.“ Ástæðan fyrir því er eftirfarandi:

[Frægir menn] hlíta allir einni formúlu og fyrir bragðið hafa skáldsagnahöfundar lítinn áhuga á þeim. Formúlan sem slíkar figúrur eru bundnar gerir þær óviðráðanlegar sem skáldsöguefni, því hún bannar fjálsa hreyfingu í persónusköpun innan verksins. Frægir menn hafa ekki farið að vekja persónulegan áhuga minn fyren ég var búinn að fjarlægja frægðina Það er líka sannfæring mín feingin af lángrí reynslu að frægir menn eru að öðru jöfnu ómerkilegri persónur en algeingir menn. Þeir sem hljóta verulega og óumdeilanlega heimsfrægð, þannig að einginn sleppur við að heyra um þá, eru vanalega holdtekja einhverra skrílslegra hugsjóna: stjórnmalalygi í mannsmynd; tilberar auglýsingafyrirtækja og própagandaráðuneyta; einstöku sinnum duglegir privatsvindlarar. (Skt 240–241)

Þessar athugasemdir Halldórs um „Fræga menn“ standa mitt á milli frásagnanna af því hvernig skáldið Halldór Laxness, vefur umbúðirnar utanaf Magnúsi Hjaltasyni þar til hann finnur í honum skáld allra skálda, Ólaf Kárasón, og yfirlýsingarinnar um að „Þeir sem vilj[i] koma fram á leiksviði stjórnmalanna þó í litlu sé, verð[i] að velja sér hlutverk“ (Skt 257), og það gerði Halldór Laxness sem stjórnmalamaður. Kaflinn „Frægir menn“ leggur vopn í hendur þeim sem vilja útmála Halldór sem ‚holdtekju einhverra skrílslegra hugsjóna: stjórnmalalygi í mannsmynd‘ en Halldór gerist ekki dómari í eigin sök og það er mjög í samræmi við endurskoðun hans á hlutverki sínu sem höfundar á sjöunda áratugnum enda kemur í ljós að skarpskyggirnir lesendur allt frá álitgjöfum *Morgunblaðsins* 26. október 1963 til Róberts Haraldssonar eru fullfærir um að gera sjálfir upp við Halldór Laxness út frá þeim staðreyndum sem hann lætur þeim í té í *Skáldatíma*.

Sá greinarmunur sem gerður er á skáldinu og stjórnmalamanninum Halldóri Laxness er ekki eini klofningurinn á persónu hans í *Skáldatíma* því í frásagnarhætti bókarinnar eru fölgarnar mjög athyglis-

verðar hugleiðingar um samband einstaklings við fortíð sína. Þegar atburðir eru leiddir fyrir sjónir lesandans skoðar sögumaðurinn þá bæði með augum ungs manns sem tekur þátt í atburðunum og gamals manns sem greinir frá þeim. Nýlunda *Skáldatíma* er í því fólgin að hún er endurminningabók í aðra röndina en í hina bók sem fjallar um skáldskap og frásagnarhátt. Hún er þannig innlegg í umræðu um frásagnarfræði sem fram fer í ritgerðum Halldórs á sama tíma og vísar áfram veginn til skáldsagnanna þriggja: *Kristnihalds undir Jökli*, *Innan sveitarkroniku* og *Gudsgefafölu*.

### Að velja efni sínu búning

Í *Skáldatíma* leynir Halldór ekki þeirri fjarlægð í tíma sem er frá atburðunum sem hann greinir frá. Á nokkrum stöðum lýsir Halldór heimildunum sem hann hefur í höndunum og lætur í það skína að sá „Laxness“ sem þar birtist komi honum ókunnuglega fyrir sjónir. Frásögn bókarinnar hefst t.a.m. með þessum hætti:

„Bænafélag sem vor heilagi faðir Píus páfi tíundi með því nafni setti á stofn 8. mars 1910 í múnkalífinu Saint Maurice de Clervaux til að biðja fyrir afturhvarfi norrænna þjóða, Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs, til kaþólsks siðar:

Monsieur Kilian Gudjonsson Laxness hefur verið samþykktur félagsmaður 21. mars 1923.

F.h. forstjórans Dom Alardos ábóta (signerað með stimpli) fr. H. Claus O.S.B.“

Þessi nýi félagsmaður í bænasambandinu stóð á tvítugu og hafði verið skírður til kaþólsks siðar í ofanrituðu múnkalífi frönsku til heimilis í stórhertogadæminu Lúxembúrg.

Halldór talar um ‚þennan nýja félagsmann‘ og á þar við sjálfan sig þó hann láti eins og þessi persóna sé þeim sem segir frá alls óviðkomandi. Stuttu síðar gengst sögumaðurinn við því að vera þessi félagsmaður í bænasambandinu og segir: „Það var skemtilegt að vera orðinn rómversk-kaþólskur“ (Skt 7). Þessi frásagnarháttur Halldórs hygg ég að geti varpað ljósi á enn eitt merkingarbrigði orðsins skáldatími. Endurminningar um atburði eru aldrei fullkomlega hliðstæðar raunveruleikanum, eins og kemur berlega í ljós þegar reynt er að fella

endurminningar í frásögn. Saga er alltaf háð vali þess sem segir frá en aldrei endanleg greinargerð um þann raunveruleika sem leitast er við að lýsa; frásögn er alltaf í einhverjum skilningi skálduð enda þótt hún greini frá staðreyndum sem allir geta sammælst um að hafnar séu yfir allan vafa.<sup>26</sup>★

Í grein sem nefnist „Svið raunveruleika í bókmenntum“ fjallar ítalski fræðimaðurinn og skáldið Italo Calvino um ólík svið raunveruleika í bókmenntaverkum. Að hans viti stafar sprengikraftur verka af því hvernig sambandi mismunandi sviða er háttað. Í sumum tilvikum geta ólík svið verks opnað augu lesenda fyrir samræmi og samsvörunum en í öðrum geta þau undirstrikað andstæður og jafnvel þverstæður sem hleypa öllu í uppnám. Calvino sækir dæmi til *Draums á Jónsmessunótt* eftir Shakespeare og greinir þar fimm mismunandi svið. Í fyrsta lagi svið hefðarfólksins við hirð Þeseífs og Hippólítu, í öðru lagi svið yfirskilvitlegu persónanna Títaníu, Óberons og Bokka, í þriðja lagi svið Spóla og vina hans sem eru grófgerðar og skoplegar persónur. Þeir síðastnefndu stíga inn á fjórða sviðið sem er ríki dýranna þegar Spóla er breytt í asna. Að endingu biður Calvino lesendur sína um að hafa enn eitt sviðið í huga, en það er uppsetningin á sögu Píramusar og Þispu sem er leikrit inni í leikritinu.<sup>27</sup> Hjá Calvino er *Draumur á Jónsmessunótt* aðeins mjög lýsandi dæmi um ólík svið en að hans hyggju er hægt að rannsaka ólík svið raunveruleika í textum af ýmsu tagi, jafnvel þeim sem eru fullkomlega raunsærir. Í *Skáldatíma* er ekki haldið inn á yfirskilvitleg svið en þar er flakkað á milli tímasviða og í þessu sambandi má minna á umfjöllun um „Persónulegar minnisgreinar“ að framan.

Calvino staðhæfir að líta verði á skáldverk sem afurð sem sköpuð sé við tiltekna sögulegar aðstæður en sé lesin við aðrar. Hann heldur því ennfremur fram að á öllum skeiðum séu til verk sem líti sjálf sig gagnrýnum augum, skoði eigin tilurð og varpi ljósi á formgerð sína. Bókmenntir af þessum toga fjalli öðrum þræði um mismunandi verufræðileg svið sem frásögn geti falið í sér.<sup>28</sup> Calvino fullyrðir ennfremur að eina raunverulega staðhæfingin sem höfundur geti gefið í texta sé þessi: „Ég skrifa.“ Eða með öðrum orðum: „Á þessari stundu er ég að skrifa.“ Calvino útleggur þessar setningar með eftirfarandi hætti:

Þér sem lesanda ber aðeins skylda til að leggja trúnað á eitt: að það sem þú lest sé eitthvað sem einhver skrifaði á tilteknum tíma sem nú er liðinn: það sem þú lest á sér stað í tilteknum heimi, heimi hins ritaða orðs. Það má vera að draga megi upp ákveðin líkindi milli heims þess ritaða og annarra reynsluheima, og að þú verðir kallaður til vitnis um þessi líkindi, en dómur þínir yrðu rangir hvað sem öðru líður ef þú gerðir þér vonir um að öðlast reynslu af öðrum heimum en heimi hins ritaða orðs meðan á lestri stendur.<sup>29</sup>

Calvino heldur því fram að setningin „ég skrifa“ staðfesti fyrsta svið raunveruleika í texta. Þetta svið er grundvöllur fyrir aðra heima sem geta lotið öðrum lögmálum en heimur fyrsta sviðsins. Til að skýra mál sitt tekur Calvino dæmi: „Ég skrifa að Hómer segi að Ódysseifur fullyrði: Ég hef heyrt söng sírenanna.“ Í þessari setningu greinir Calvino þrjú mismunandi svið; í fyrsta lagi sviðið sem við teljum að tjáningin spretti á, þ.e. þaðan sem „ég-ið“ tjáir sig; í öðru lagi svið sögumannsins, Hómers, sem stendur með annan fótinn í sagnfræðilegum raunveruleika en með hinn í goðsögunni; í þriðja lagi svið Ódysseifs, hinnar goðsagnakenndu hetju, sem segir frá því að hann hafi látið festa sig við mastur skips síns til að geta hlýtt á söng Sírenanna.<sup>30</sup> Þegar Halldór segir frá því sem gerist á tíma frásagnarinnar í *Skáldatíma* þá vísar hann til sjálfs sín með firstupersónunafninu „ég“ og notar nútíð, dæmi um þetta er í upphafi kaflans „Friðarþing í Amsterdam“ þar sem segir: „Í gulnuðu margbögluðu eintaki af Verkalýðsblaðinu í Reykjavík í september 1932 finn ég kjallaragrein skrifaða á leiðinni frá Amsterdam til Hamborgar um nótt 29/9, 1932“ (Skt 101). Halldór les áfram í blaðinu og sér meðal annars grein um sjálfan sig og þó hann sé tæpum tíu árum eldri en skírteini bænafélagsins sagði til um þá eru viðbrögðin svipuð, hann lýsir sér sem hverri annarri persónu úr fortíðinni og talar um sig í þriðju persónu þátíð: „Blaðið segir frá því að Halldór Laxness hafi verið viðstaddur sem fulltrúi Íslandsdeildar Alþjóðasamhjalpar Verkalýðsins.“ Lesandinn er með þessu móti stöðugt minntur á það að atburðirnir gerast á ólíkum tímasviðum sem horfa miskunnuglega við þeim sem skráir þá til bókar við skrifpúlt sitt.

Samhliða því sem Halldór gerir tilraunir með frásagnaraðferðir í *Skáldatíma* greinir hann frásagnartækni *Sölkva Völkva*. Í umræðu um þjóðfélagslegu skáldin sem höfðu áhrif á hann í Ameríku fær Sinclair

Lewis mesta umfjöllun vegna þess að hann var „áhrifadrýgstur til að koma [honum] á bragðið sem þjóðfélagslegum ádeiluhöfundi í skáldsögu.“ Áhrif Lewis felast að hans viti einkum í þeirri æsilegu aðferð sem Lewis beitir til að reifa mál sitt. Halldór lýsir stíl Lewis sem ‚markaðskallarálatum‘ og honum tókst að Halldórs sögn að „afklæðast persónunni í stíl sínum“ og bregða sér þess í stað í hlutverk sem var „í eðli sínu ekki stíll neins ákveðins einstaklings eða ábend-anlegs sögumanns“. Halldór segir ennfremur:

Að fordæmi hans leitaðist ég mjög við að byggja sögumanninum út sem einstaklíngi í frásögninni en líkja í staðinn eftir hugsunarhætti og málfari þess umhverfis þar sem sagan er látin gerast: láta margslúngið umhverfið tala sjálf gegnum þann samnefnara stílsins sem höfundurinn telur hlutverk sitt að finna. Að finna þennan samnefnara var höfuðvandanám mitt listrænt og það sem ég barðist mest við að leysa í fyrstri þjóðfélagslegri skáldsögu minni *Sölku Völku*. (Skt 59–60)

Þegar ritgerðir Halldórs frá ritunartíma *Skáldatíma* eru skoðaðar verður ljóst að glíma hans við sögumanninn er ekki aðeins „höfuðvandanám [hans] listrænt“ við gerð *Sölku Völku* heldur höfuðvandanám hans ferilinn á enda. Þau ólíku svið raunveruleika í skrifum sem Calvino greinir tel ég að geti varpað ljósi á glímu Halldórs við Plús Ex. Þegar hann talar um Plús Ex fær maður hugmynd um ákveðna stigskipan innan verksins. Halldór nefnir til sögunnar persónur, sögumann, Plús Ex og svo höfundinn. Í sumum skáldsögum er lesandanum látið líða sem hann sé staddur á sama raunsviði og höfundur, sögumaður og persónur verksins. Í *Sölku Völku* gerði Halldór sér far um „að byggja sögumanninum út sem einstaklíngi í frásögninni“, í *Skáldatíma* getur að líta sögumann sem er byggður upp með allt öðrum hætti. Halldór gerir það að leik sínum að staðsetja sögumanninn á sögusviðinu en ýmist stytta eða breikka bilið milli hans sem persónu í textanum og svo raddar sem segir frá. Þessum tilraunum er haldið áfram í skáld-sögunum þremur sem fylgdu í kjölfarið. Þar opinberast lesandanum ólík svið frásagnarinnar og persónur ýmist tvístrast eða samsamast sögumanni og jafnvel höfundi.

## Samantekt

Í *Skáldatíma* tekur Halldór afstöðu til annarra höfunda en skoðar líka fyrri skáldverk sín í því augnamiði að átta sig á virkni þeirra frásagnaraðferða sem hann beitti í skáldsögum eins og *Sölku Völku*. Mér virðist sem hann sjái sambandið milli höfundar, sögumanns og verks í nýju ljósi. En ekki er minna um vert að hann virðist koma auga á leið til að hafa áhrif á hlutverk lesenda með því að endurskilgreina sambandið þarna á milli. Aðferðin sem Halldór beitir er sú að gera innviði frásagnarinnar sýnilega fyrir lesandanum og láta hann horfast í augu við það að merkingin verður til í glímu hans við verkið. Ástráður Eysteinnsson skrifar í greininni „Hvað er póstmódernismi?“, „[Írónísk] afstaða nær oft til fortíðarinnar, til sögunnar. Póstmódernisminn bregður upp myndum úr sögunni, en lætur um leið í ljós að þetta „afturhvarf“ skili ekki réttum eða sönnum myndum, heldur hagræddri eða jafnvel „skáldaðri“ frásögn — sem sé þó eina myndin sem okkur er aðgengileg.“<sup>31</sup> Að mínu viti gefur sjálfur titill bókarinnar *Skáldatími* einmitt þetta til kynna og það er verk sem gerir ekki aðeins grein fyrir breyttri afstöðu til pólitískrar hugsunar heldur lýsir það því hvernig sýn Halldórs á raunveruleikann breytist í tímans rás. Þetta sýnir hann með frásagnarhættinum þar sem ólík tímasvið koma í ljós og stundum horfir Halldór Laxness á sjálfan sig eins og ókunnugan mann sem hann hvorki þekkir né skilur. Í *Gerska ævintýrinu* sá hann veruleikann sem átök milli „pólitískra höfuðafla“ sem voru „náskyld höfuðöflunum sjálfum“, atburðarásin stjórnast af orsakalögumálum sem eru ávallt að verki nánast eins og þyngdarlögmálið og sem hann afhjúpar fyrir lesendum sínum.<sup>32</sup> Í *Skáldatíma* lýsir hann þessum sömu kenningum eins og trúarsetningum:

Þetta var sósíalismi samkvæmt yfirlýsingum og trúarjárnningum og ritningargreinum en ekki raunverulegu ásigkomulagi hlutanna. Stundum var einsog ekkert ætti sér lífsvon hjá Stalín nema kenníngamoldviðrið. Og þó varð Rússland fyrir gróðurlausan og ófrjóan vilja þessa járn-benta manns að stórveldi sem lét allan heiminn fara að nötra. Ekkert ríki fékk í stríði sigrað þetta land sem jafnvel friður þess var stríði harðari. Eða var það lega landsins sem reið baggamuninn? Um þessar mundir, 1937–38, virðist alt benda til þess að Stalín hafi verið orðinn sannfærður um samstöðu sína við Þýskaland Hitlers og sætti aðeins færi að gera samband við þýska fasismann, enda var þess ekki langt að



bíða að svo yrði (1939). Og það var ekki sök Stalíns að sá allíans skyldi fara útum þúfur. (Skt 264–265)

Halldór Laxness er fjarri því að vera síðasti maðurinn til að hafa látið blekkjast af hugmyndafræði sem boðuð er eins og vísindi og gerð að trúarbrögðum. *Skáldatími* er skrifuð af manni sem áður gerðist boðberi slíkrar trúar en gerist hins vegar ekki talsmaður nýrra kennisetninga. Fyrir honum virðist fremur vaka að fá menn til að hugsa sjálfa um þær aðferðir sem þeir hafa til að ráða í veruleikann, fella dóma yfir mönnum og sjá samhengi milli hluta og atburða. Þessi viðleitni kallast með skýrum hætti á við tilraunir Halldórs í leikhúsinu og ritgerðina „Persónulegar minnisgreinar um skáldsögur og leikrit“ og vísa að mínu viti veginn í átt að skáldsögunum þremur sem eru í brennidepli í þessari bók.



### 3. HLUTI: SJÓNARVOTTAR

#### ÚR HÚSI Í HUGTAKABYGGINGU

#### Skáldsagan er eins rökrétt og grind í húsi

Árið 1970 á Matthías Johannessen samtal við Halldór Laxness um *Innansveitarkroniku*. Þar svarar Halldór spurningum Matthíasar með greinarbetri hætti en hann átti vanda til í viðtölum um nýútkomnar bækur. Meðal þess sem kemur fram er lýsing á frumdrögum skáldsögu, en þeim líkir Halldór við grind í húsi sem höfundurinn fyllir upp í með reynslu sinni. Halldór segir:

Hitt og annað er liðkað til í frásögninni, segir skáldið í samtali, í því skyni að gera hana formfegurri, ártöl, nöfn eða staðir standa ekki alltaf heima. Ég var að leita til baka, svona nokkurn veginn í upphaf skáldsögunnar, þar sem hún byrjar í kronikum. Skáldsagan er ritstýrð sagnfræði og eftirlíkt sagnfræði. Maður þykist vera að tala um veruleika, en það er sá veruleiki þar sem höfundurinn skipar hlutunum sjálfur í röð, „réttá“ röð, a.m.k. eftir sinni beztu samvizku. Það er tilraun til að fá lesandann til að trúá sagnfræði, sem maður hefur ritstýrt sjálfur eða búið til. En skáldsagan er samt að því leyti raunveruleg, að höfundurinn segir aðeins frá atburðum, mönnum, hugmyndum, flækjum og árekstrum, sem hann hefur sjálfur lifað. Hann hefur fólkið, a.m.k. í bótum, setur síðan bótana saman. Höfundurinn getur ekki farið út fyrir sína eigin reynslu, en hann ritstýrir henni. Hann býr sér til grind,

sem er alveg eins rökrétt og grind í húsi, síðan fyllir hann upp í grindina með reynslu sjálfs sín [...] Maður er andsvar við þeim áhrifum, sem hann verður fyrir í sínu eigin lífi.<sup>1</sup>

Síðar í viðtalinu botnar Halldór hugsun sína en þá leikur ekki vafi á því að lesandinn eigi sinn þátt í að fullgera hugsmíð höfundarins:

Til að ná saman endum er ráðlegast að halda áfram þar sem frá var horfið í upphafi. Skáldið hafði minnzt á, að skáldsagan væri ritstýrð sagnfræði. Í framhaldi hugleiðinga hans um það efni má bæta við þessum orðum hans: Ég hef mikið hugsað um rætur skáldsögunnar og oft í alvöru. Hvernig á að segja frá, svo að það hafi tilætluð áhrif á þann, sem maður er að segja söguna? Hvernig á að fá hann til að taka eftir og hlusta og hugsa sjálfan? Skáldsagan hefur því aðeins tekizt, að hún eignist lesendur. En þeir þurfa ekki að vera mjög margir.

Skáldsagan er hús sem er byggt af höfundinum en það er misheppnað, eignist það ekki lesendur. Það hefði verið hnýsilegt að grennslast nánar fyrir um það hjá skáldinu að hve verulegu leyti höfundurinn fylli út í grindina með reynslu sinni en þess er ekki kostur, eini möguleiki manna til að kanna þetta svið nánar er að skoða verkin og leita svara við þeim spurningum sem vakna við lestur þeirra.

Patricia Waugh hefur fjallað um tilhneigingu sumra skáldsagna til að taka eigin tilurð til umræðu. Waugh segir hugtakið sjálfsgögn ná utan um skáldverk sem beina meðvitað og kerfisbundið athyglinni að því að þau séu tilbúningur. Það sé gert í því augnamiði að vekja spurningar sem varða tengsl skáldskapar og veruleika. Með því að gagnrýna eigin byggingu kanni skáldsögur af þessu tagi ekki aðeins grundvöll frásagnarskáldskapar heldur einnig hugsanlega skáldskapareiginleika þess heims sem er utan við heim textans.<sup>2</sup> Efasemdir Halldórs um að skáldsagan hafi tilætluð áhrif á lesandann er í raun sú hugsun sem allar sjálfsgögn hverfast um. Waugh segir að sjálfsgögn byggi á þeirri grundvallarþverstæðu að annars vegar sé lesandinn blekktur með raunveruleikalíkingu eins og í hefðbundnu raunsæi og hins vegar sé ljóstrað upp um þessa blekkingu með því að varpa ljósi á innviði frásagnarinnar. Þessi þverstæða sem opinberist í textanum geri út um þann mun sem alla jafna er gerður á sköpun skáldverks og gagnrýni á það; skáldverkið komi samkvæmt því ekki fullfrágingið frá höndum höfundarins.<sup>3</sup>

Í skáldsögum er ýmsum brögðum beitt til að leiða huga lesandans að byggingu skáldverkanna sjálfra. Algengt er að láta persónur verka standa frammi fyrir listaverki í listaverkinu. Ég hyggst nota eitt slíkt dæmi úr *Kristnihaldi undir Jökli*, þar sem Umbi og Jón Prímus standa frammi fyrir niðurníddri ljósakrónu, til að sýna hvernig umræða í skáldsögu fær menn til að hugsa um það hvernig þeir túlka listaverk og hvað þeir geta sagt um þau með vissu. Ég mun fylgja þeirri umræðu eftir inn á hugmyndalegar slóðir þeirra Ludwigs Wittgenstein og Friedrichs Nietzsche enda hygg ég að *Kristnihald undir Jökli*, *Innansveitarkronika* og *Guðsgjafapula* séu á þeim slóðum — einkum þegar umræða þeirra snýst um tungumál, túlkun og tilraunir til að finna endanlegan grundvöll allra gilda. Á eftir þeirri umræðu fylgir túlkun á skáldsögnum þremur.

### Í guðshúsi með margbrotinni ljósakrónu, englum og ljónum

Í *Kristnihaldi undir Jökli* gerir sögumaðurinn Umbi úttekt á niðurníddri kirkju á Snæfellsnesi. Honum til aðstoðar er sóknarpresturinn, séra Jón Prímus, sem gerir grein fyrir ástandi byggingarinnar. Margt úr kirkjunni hafa sóknarbörnin tekið til handargagns og nýtt til annarra þarfa en þeirra sem fylgja guðsþjónustu; kirkjubekkirnir hafa verið brenndir, öðru hafa krakkar stolið sér til skemmtunar en á gólfinu liggur ljósakróna sem Umbi gefur sér góðan tíma í að lýsa. Til að skýra hvað komið hafi fyrir ljósakrónuna segir séra Jón Prímus: „Hún hékk í loftinu. Hún var of þúng fyrir loftið. Hún datt í gólfið“ (KuJ 94). Jón vill ekki leggja sitt af mörkum til að halda í horfinu; hann kærir sig t.d. ekki um að setja ljósakrónuna saman aftur enda þótt hann sé laginn við að gera við hluti eins og prímusa. Ljósakrónan hefur samt sem áður verið viðfang hans því hann hefur gefið sér tíma til að telja partana; þeir eru samkvæmt hans útreikningi 133. Vitneskja Jóns Prímusar um fjölda brotanna vekur forvitni Umba sem spyr hann nánar út í þetta:

Umbi: Hvernig vitið þér að þetta séu 133 partar? Hver hefur haft tíma til að tægja þetta listaverk svona vandlega? Eða til að telja tægjurnar?

Séra Jón: Það er einginn svo önnum kafinn að hann megi ekki vera að því að tæta sundur listaverk. Síðan uppvekjast vísindamenn og telja brotin. Það hafa staðið ótaldar þúsundir kirkna á Íslandi í gegnum tíð-

ina, allar fullar með listaverk. Hvar eru þau listaverk nú? Bú-a-gemma, segja börnin. (KuJ 94–95)

Starf vísindamanna felst samkvæmt þessu í því að telja brot fremur en að setja saman og Jón Prímus er samkvæmt þessu vísindamaður. Hin vísindalega niðurstaða, ef niðurstöðu skyldi kalla, er ákaflega ófullnægjandi þegar horft er á ljósakrónuna og svarar ekki nema með mjög óbeinum hætti þeim spurningum sem geta vakið forvitni lesenda. Ég hygg að þær hverfist um sögu hlutarins, t.d.: Hvernig varð hann til? Hver skapaði hann? Hver er tilgangur hans? Hvers vegna er hann með þessu lagi? Þegar spurningum sem þessum er varpað fram um ljósakrónu virðast þær harla hversdagslegar. Þegar sömu spurninga er spurt um heiminn er hins vegar farið að ræða hinstu rök tilverunnar. Samræður Jóns Prímusar og Umba taka einatt þá stefnu.

Umbi tengir einn þátt samræðna þeirra Jóns við annan með því sem hann kallar „hlutlaus athugasemd“: „Fornt orð segir, eitthvað verður maður þó að vita“ (KuJ 109). Athugasemd Umba lætur e.t.v. lítið yfir sér en því fer fjarri að hún sé hlutlaus. Í raun snertir hún það sem hefur verið og er helsta þrætuepli vísinda og heimspeki allt frá upphafi vega, þ.e.: hvað getum við raunverulega vitað? Í innangi að *Bláu bókinni* eftir heimspekinginn Ludwig Wittgenstein nefnir Þorsteinn Gylfason þær rannsóknir „bjarghyggju“ sem ætlað er að „finna grundvöll sem mannleg viðleitni gæti risið á, bæði undirstöður þekkingarinnar og siðferðisins“. Hann rekur rætur bjarghyggjunnar til kristinnar trúar en í kristnum sið er bjargið „boðskapur Krists.“<sup>4</sup> Nafn kaflans sem geymir athugasemd Umba er: „Um sköpun heimsins, guðsnafn með germönnum ofl. undir Jökli (ágrip)“; ef frá er talin staðarákvörðunin „undir Jökli“ gæti kaflinn hæglega verið nafn á frumspekilegu riti eftir einhvern af heimspekingum nýaldar (KuJ 109). Heimspekingar á borð við René Descartes (1596–1650), David Hume (1711–1776) og Immanuel Kant (1724–1804) reyndu allir, hver með sínum hætti, að finna veraldlegar stöðir undir siðferði og rökfræði. Rökhyggjumaðurinn Descartes fann t.d. fyrstu stöð þekkingar sinnar í staðhæfingunni: „Ég hugsa, þess vegna er ég“, og hin saklausa athugasemd Umba um að „eitthvað verð[i] maður þó að vita“ gæti hæglega verið komin frá hon-

um. Þráin að vita eitthvað, er þráin að losna undan trúnni á það órannsakanlega en setningu eins og þá að vegir guðs séu órannsak-anlegir mætti kenna við dulhyggju.

### Að fóta sig í listum og siðfræði — fyrsta sporið

Dorsteinn Gylfason segir svonefnda dulhyggju, sem glími við hið ósegjanlega, vera yrkisefni skálda og nefnir til sögunnar *Fást* eftir Goethe en bætir við að dulhyggjan sé yrkisefni Halldórs Laxness í flestum bókum hans. Hjá Halldóri birtist dulhyggjan meðal annars „í trú á það guð sem eftir stendur þegar öll heimsins guð hafa verið talin og sagt „ekki það, ekki það““.<sup>5</sup> Jón Þrímur er vantrúaður á sögur sem útskýringar staðreynda vegna þess að hann afneitar hæfi tungumálsins til að samsvara veruleikanum. Þar með efast hann um sköpunarsögu Biblíunnar og grundvöll kristinnar, að minnsta kosti þá þætti hennar að guð hafi skapað heiminn úr orðum. Hann segir: „Ég held bara að orð orð orð og sköpun heimsins sé tvent ólíkt; tveir ósamrýmanlegir hlutir. Ég sé ekki hvernig sköpunarverkinu verður breytt í orð; þaðanafsíður bókstafi; — varla einusinni lygasögu“ (Kuj 107–108).

Annars staðar lætur Jón Þrímur hafa eftir sér að „eftilvill komist maður næst sköpun heimsins í stærðfræðiformúlum“. Og skömmu síðar: „Sköpun heimsins rís á samlagningu, skilst mér“ (Kuj 110–111). Samræður Jóns Þrímurar og Umba minna stundum á klassísk heimspekirit þar sem samræðuformið er notað til að láta menn vegast á með rökum. Þær minna líka á þessi fornu rit að því leyti að samræðurnar virða ekki þau mörk milli vísindagreina sem fræðimenn halda sig alla jafna við.<sup>6\*</sup> Jón Þrímur glímur við þann vanda hvort hægt sé að segja nokkuð um heiminn með vissu og stærðfræðiformúlur komast að hans viti næst því að ríma við sköpun heimsins. Þessi skoðun Jóns leiðir inn í umræðu rökgreiningarheimspekingsa á 20. öld, t.d. Ludwigs Wittgenstein sem tók upp þráðinn þar sem heimspekingsar fornaldar skildu við hann í viðleitni sinni til að kanna svið þess segjanlega og hins ósegjanlega. Wittgenstein hélt því m.a. fram að um listir og siðfræði yrði ekkert sagt með vissu.<sup>7</sup> Í bókasafni Halldórs Laxness er að finna bækur eftir Wittgenstein. Auk þess vitnar hann til heimspekingsins þegar hann þarf að útskýra taóisma. Þetta er í sjónvarpsviðtali sem Helga Kress átti við hann árið 1976:

Helga Kress: En geturðu nokkuð sagt okkur frá eða útskýrt þessa hugmynd [sem þú hefur úr taó]?

Halldór Laxness: Nei, það vil ég nú ekki fara út í. Það er nú það fyrsta sem stendur í taó að það taó sem verður útskýrt er ekki hið rétta taó svo ég myndi ekki einu sinni þora að fara að útskýra taó með orðum. Það er hægt með dálitlum lærdómi að útskýra stílinn eða réttara sagt aðferðina í taó, þ.e. mjög sérkennileg fornaldaraðferð í því að segja sannleikann sem við könnumst við í gegnum aldirnar líka hér, díalektík, þrætubók, og hún er ákaflega aðlaðandi. Ég veit ekki við hvað ég ætti líkja taó, hvaða bók hér á Vesturlöndum. Ég er ekki klár á því eiginlega, ef ég ætti að líkja taó te king við nokkurt nútíma verk þá væri það helst við Wittgenstein, sem að er nú talinn einn af fremstu heimspekingum okkar aldar. Ég hitti, aftur og aftur, að mér finnst á sömu aðferðina í hugsun og röksemdafærslu í Wittgenstein og Lao-tse.<sup>8</sup>

Það verk Halldórs sem liggur undir þegar þarna er komið sögu í viðtalinu er *Kristnihald undir Jökli* og því er fróðlegt að sjá hvort kenningar Wittgensteins geti varpað frekara ljósi á heimspekilegar samræður Umba og Jóns Þrímusar.

## Á bjargi byggði hygginn maður hús

Í upphafi *Jóhannesarguðspjalls* segir:

Í upphafi var orðið, og orðið var hjá Guði, og orðið var Guð; það var í upphafi hjá Guði. Allir hlutir voru gjörðir fyrir það, án þess varð ekkert til, sem til er orðið. Í því var líf, og lífið var ljós manna; og ljósið skín í myrkrinu, og myrkrið hefir ekki tekið á móti því.<sup>9</sup>

Þessi orð kallast á við sköpunarsögu *Gamla testamentisins*:

Í upphafi skapaði Guð himin og jörð. En jörðin var þá auð og tóm, og myrkur grúfði yfir djúpinu, og Guðs andi sveif yfir vötnunum. Þá sagði Guð: Verði ljós! og það varð ljós. Og Guð sá, að ljósið var gott; og Guð greindi ljósið frá myrkrinu. Og Guð kallaði ljósið dag, en myrkrið kallaði hann nótt.<sup>10</sup>

Ritningin gengur út frá því að orð verði ekki skilin frá sköpun heimsins. Heimurinn samsvari tungumálinu fullkomlega — hvergi sé orði aukið. Og það sem meira er; í sköpuninni er lagður grundvöll-



ur að siðfræði *Biblíunnar* því „Guð sá, að ljósið var gott; og Guð greindi ljósið frá myrkrinu.“ Aðgreining efnis og orða er ekki fyrir hendi og samræmi heimsins er fólgið í trú á þetta eina orð, guð, sem er bjargið sem allir hlutir, gildismat og merking byggjast á. Jón Þrímus efast hins vegar um að orð og sköpun heimsins séu samrýmanlegir hlutir og þar með efast hann um grundvöll hins kristna heims.

Heimspekingurinn Ludwig Wittgenstein (1889–1951) hafnaði bjarghyggju í heimspeki, trúarbrögðum, listum, vísindum og stærðfræði. Hann hélt því fram að væru einhverjar undirstöður til, þá væru þær ósegjanlegar. Frægasta tilvitnunin í verk hans eru vafalítið lokaorð *Rökfræðilegrar ritgerðar um heimspeki*. Þar segir: „Ef menn geta ekkert sagt hljóta þeir að þegja.“ Wittgenstein taldi sig hafa leyst öll vandamál heimspokinnar í þessu riti, breytti samkvæmt niðurstöðu sinni og lagði alla heimspeki á hilluna í 10 ár. Þegar hann tók aftur til máls hafði afstaða hans til heimspeki breyst. Hann var að vísu enn ósammála bjarghyggju af öllum toga en segir þó í „Fyrirlestri um siðfræði“ um leit sína að lýsingu á skilyrðislausum verðmætum:

Hvöt mín var eingöngu sú að stökkva yfir landamæri mannlegs máls. Og hið sama held ég megi segja um alla þá menn sem reynt hafa að ræða eða rita um siðfræði og trúarbrögð. Þessi stökk á rimla búrsins sem við erum innilokuð í eru fullkomlega, algjörlega vonlaus. Að svo miklu leyti sem siðfræðin er sprottin af löngun til að segja eitthvað um endanlegan tilgang lífsins, hin skilyrðislausu gæði og hin skilyrðislausu verðmæti getur hún aldrei orðið að vísindum. Það sem hún segir eykur alls engu við þekkingu okkar í neinum skilningi. En hún er til vitnis um eina hvöt mannsandans sem ég hlýt að bera djúpa virðingu fyrir og gæti aldrei í lífinu haft að athlægi.<sup>11</sup>

Wittgenstein krefst ekki lengur afdráttarlaust þagnar um frumspokileg efni heldur viðurkennir hann hvöt mannsins til að kljást við vandamál sem eru handan við skilning hans. Hann telur að allir menn verði einhvern tíma fyrir reynslu sem þeir eru ekki færir um að tjá með orðum. Eftirfarandi er dæmi um slíka reynslu:

Ég held ég lýsi þessari reynslu best með því að segja að þegar mér er hún léð *þá undrist ég að heimurinn skuli vera til*. Og þá hneigist ég til að segja eitthvað á þessa leið: „Hvílíkt undur að eitthvað skuli yfirleitt vera til!“ Eða: „Hvílíkt stórmerki að veröldin skuli vera til!“

Fullyrðingar af þessum toga eru að viti Wittgensteins rökleysur. Í þeim er fólgin sú rökvilla að maðurinn undrist yfir einhverju sem hann getur ekki ímyndað sér að sé með nokkrum öðrum hætti en einmitt þeim sem er. Fullyrðingin er þannig gagnólík fullyrðingu sem fæli t.d. í sér undrun vegna stærðar hunds, því menn gætu hæglega ímyndað sér hund sem væri minni en sá sem þeir hefðu fyrir augunum þá stundina. Wittgenstein segir að allar fullyrðingar um trúarleg og siðferðileg efni séu ekki annað en samlíkingar:

[Ö]ll grundvallarhugtök trúarbragðanna fela í sér samlíkingar eða eins konar dæmisögur. Því þegar við tölum um guð og segjum að hann sjái alla hluti og þegar við krjúpum og biðjum hann bæna þá virðast öll okkar orð og gerðir vera hlutar stórfelldrar og flókinnar dæmisögu sem segir frá guði eins og hann væri mannleg vera, ákaflega völdug, sem við biðjum náðar og miskunnar. Og þar fram eftir götunum. En þessi dæmisaga lýsti einnig þeirri [...] reynslu sem ég nefndi áðan. Því undrunin yfir tilveru heimsins, að því er ég held, er einmitt það sem við er átt þegar sagt er að guð hafi skapað heiminn.<sup>12</sup>

Næsti liður í röksemdafærslu Wittgensteins er sá að allar samlíkingar hljóti að vera líkingar einhvers við eitthvað annað. Fyrst hægt sé að lýsa staðreynd með samlíkingu hljóti að mega lýsa henni án líkingarinnar. Staðreyndir um sköpun heimsins sé hins vegar ekki hægt að skoða án líkinga. Og raunin sé sú að engar staðreyndir séu fyrir hendi. Og samlíkingin sé því ekki annað en merkingarleysa. Síðasta athugasemd Wittgensteins um þetta efni er eftirfarandi:

Ég freistast stundum til að segja að mannlegt mál geti aðeins á einn hátt látið í ljósi það kraftaverk að heimurinn skuli vera til. Það lætur þetta ekki í ljósi með neinni staðhæfingu í orðum, heldur með því að vera sjálft til. En hvað í ósköpunum merkir það þá að segjast vita af þessu kraftaverki á einum tíma og á öðrum ekki? Því allt og sumt sem ég hef sagt með þessum orðum mínum, að kraftaverkið sé ekki látið í ljósi með orðum málsins heldur með sjálfrí tilvist mannlegs máls, er einfaldlega það að við getum ekki látið það í ljósi sem við viljum láta í ljósi. Allt sem við *segjum* um hið skilyrðislausu kraftaverk er og verður vitleysa.<sup>13</sup>

Þegar Jón Þrímur hefur dregið í efa að orð og sköpun heimsins eigi saman hvarflar að viðmælanda hans, sögumanninum Umba, að mað-

urinn eigi ekki um annað að velja en þegja. Hann segir: „Hvort sem heimurinn er orðinn til ellegar í smíðum, verðum við samt ekki úrþví við erum hér, að blístra hvor á annan með þessum einkenni- legu óhljóðum sem kallað er mannamál? Eða eigum við að þegja?“ (KuJ 107).<sup>14\*</sup> Jón Prímus svarar þessari spurningu á marga vegu í *Kristnihaldi undir Jökli* en kjarninn er þó e.t.v. alltaf þessi: „Sá sem ekki lifir í skáldskap lifir ekki af hér á jörðinni“ (KuJ 298).

Jón Prímus virðist álíta tilvist tungumálsins kraftaverk af sama toga og tilvist heimsins. Hann segir: „Af því meiri varfærni sem þú útskýrir staðreynd, þeim mun marklausari fabúlu veiðirðu úr ginn- úngagapi“ (KuJ 108). Jón er í samræðum við sköpunarsögur ýmissa menningarskeiða, í þetta skiptið sköpunarsögu Völuspár. Hann lítur svo á að maðurinn sækir orðin í Ginnungagap, það tóm sem heiðnir menn töldu að heimurinn hefði orðið til í. Maðurinn er sem sagt skapandi vera sem býr eitthvað til úr engu. Vandinn sem Jón Prímus hefur skapað við að aðskilja tungumálið frá heiminum er sá að merking orða og setninga verður ekki skilin með hliðsjón af þeim hlutum sem við teljum að þau vísi til. Um þennan vanda segir Wittgenstein í *Bláu bókinni*:

Mistökinn sem okkur hættir til að gera mætti orða svona: Við erum að leita að notkun táknsins, en við leitum að henni eins og hún væri hlutur *sem á sér tilvist samhliða tákniinu*. (Ein af ástæðunum fyrir þessum mistökum er [...] sú að við erum að leita að „hlut sem samsvarar nafn- orði“.)

Táknið (setningin) fær merkingu sína frá táknerfinu, frá tungumálinu sem það á heima í. Í grófum dráttum: Að skilja setningu merkir að skilja tungumálið.

Við getum sagt að þegar setningin er hluti af kerfi tungumálsins hafi hún líf til að bera. En maður freistast til að ímynda sér að það sem gefi setningunni líf sé eitthvað á dularfullu sviði sem fylgi setningunni. En fyrir okkur yrði hvaðeina sem fylgdi henni aðeins enn eitt táknið.<sup>15</sup>

Um leið og við förum að fylgja táknum tungumálsins með þessum hætti endum við í blindgötu, eða e.t.v. á bjargbrún. Að lokum knýr óvissan okkur til að taka trúarstökk til að losa okkur út úr hring þar sem eitt orð er notað til að skýra merkingu annars í einhvers konar merkingarneti eða hringavitleysu sem virðist ekki eiga sér upphaf eða endi. Athuganir Wittgensteins á tungumálinu og möguleikum

Þess til að tjá hinstu rök tilverunnar gera það að verkum að hann er gjarna nefndur sem einn af forvígismönnum svonefnds póstmóðernisma en Patricia Waugh nefnir afneitun á hvers kyns bjarghyggju eina af forsendum hans.<sup>16</sup> Í daglegu tali efumst við sjaldan um merkingu þeirra orða sem við notum. Í *Kristnihaldi undir Jökli* verður hins vegar engin merking örugg. Þegar Umbi spyr Jón Prímus: „Hvað viljið þér segja um þessa annarlegu húsasmíði hér á staðnum?“ svarar klerkurinn: „Ég lít á það sem tjald“ (KuJ 99).

### Hugtakabygging

Í greiningu sinni á hugtakinu póstmóðernismi leggur Patricia Waugh áherslu á að það sé nauðsynlegt að menn hætti ekki að deila um merkingu þess og sættist ekki á einhverja eina tiltekna skilgreiningu. Markmið póstmóðernismans, ef það er nokkurt, sé að láta uppi stöðugar efasemdir um endanleg gildi eða bjarghyggju, en aðeins með því að sættast ekki á þær skilgreiningar sem eru fyrir hendi sé komist hjá því að tiltekið valdakerfi festi sig í sessi á grundvelli þeirra.<sup>17</sup> Tilraun Waugh til að gangast við hvikandi merkingu orða er að hennar sögn ekki komin frá Wittgenstein heldur innblásin af þýska heimspekingnum Friedrich Nietzsche sem efaðist ekki síður en Wittgenstein um grundvöll allra gilda. Nietzsche hélt því fram að vísindi byggðust á stöðnuðum myndhverfingum sem væru upphaflega mannanna verk. Nietzsche trúði því að sérhver skynjun væri einstök en orðin þjónuðu ekki því hlutverki að tjá þá „einstæðu og fullkomlega einstaklingsbundnu frumreynslu, sem þau spr[y]ttu úr, heldur [y]rð[u] þau ennfremur að geta átt við um ótölulega mörg tilfelli, sem öll væru meira og minna áþekk og þess vegna strangt til tekið aldrei söm og því eiginlega gjörólík.“<sup>18</sup> Yfirfærsla taugaáreitnis í hugtök eyðir mismun fyrirbæranna að mati Nietzsches og til að útskýra það gera menn sér hugmynd um heim frummynda sem sé sannari og réttari en náttúran sem við skynjum.<sup>19\*</sup> Á grundvelli frummyndanna hafi manneskjan reist hugtakabyggingu sem sé flókið kerfi myndhverfinga sem úthýsi hinum upphaflegu skynhrifum og mismun. Hugtakabyggingin rís af hæfileika mannsins til að byggja „þýramídalagað skipulag eftir stéttum og stigum og til að skapa nýjan heim laga og forréttinda, undirskipana og aðgreininga, sem í saman-

burði við upphaflega skynheiminn virðist traustari, almennari, þekktari, mannlegri, og verður því reglubindandi og ráðandi.“

Ástráður Eysteinnsson hefur vitnað til ritgerðar Friedrichs Nietzsche „Um sannleika og lygi í ósiðrænum skilningi“ í tengslum við umfjöllun sína um *Kristnihald undir Jökli*. Hann segir skáldsöguna vera á hugmyndaslóðum Nietzsches þegar umræða hennar snúist um að tungumálið verði að hlíta samkomulagi til að duga sem samfélagsmiðill.<sup>20</sup> Tengsl við Nietzsche eru ekki úr lausu lofti gripin því ein af persónum bókarinnar, Dr. Godman Sýngmann, vitnar til heimspékingsins þýska:

Skáld og heimspekingar eru virtir í hlutfalli við fyrirlitningu og viðbjóð sem þeir hafa á sköpun lífsins. Gef oss í dag vort daglegt stríð, er bæn þeirra sem ráða löndum. Drepum, drepum, sagði Skuggasveinn. „Das Leben ist Etwas das besser nicht waere“, segir annar skuggasveinn, einn af Jesúsnum Þýskalands; og þá gelur við Ketill skrækur skó-sveinn hans og vill ekki vera síðri: „Der Mensch ist Etwas das überwunden werden muss!“ Eftir þessari formúlu var kjarnorkusprengrinn mynduð. (Kuj 179)

Setningin sem Dr. Sýngmann hefur eftir Nietzsche er: „Der Mensch ist Etwas das überwunden werden muss!“ Í ritgerð Nietzsches „Um sannleika og lygi í ósiðrænum skilningi“ er leiðin til að sigrast á manneskjunni sú að láta hana horfast í augu við það hversu tilviljunarkennt sambandið milli orða og merkingar er.<sup>21</sup> Um leið og manneskja fer að efast um merkingu orða er sem hún fari að efast um grundvallandi þætti sjálfsmyndar sinnar. Í þessu ljósi er athyglisvert að skoða spurningu séra Jóns til Umba um það hvort honum hefði „aldrei dottið í hug að orðið hús þýð[i] ekki hús og [eigi] ekkert skylt við hús?“. Viðbrögð Umba eru þau að hann voni að séra Jón sé þrátt fyrir allt séra Jón. Svar Jóns við þessu er: „Það er af og frá“ (Kuj 97). Við þetta setur þá báða hljóða þangað til séra Jón kemur með þá hugmynd að þeir ættu að gera „samkomulag einsog litlu börnin þegar þau fara að leika sér? Annars gæti orðið ósamkomulag. Eigum við ekki að segja, þetta á að þykjast vera hús? Og ég á að þykjast heita séra Jón Prímus“ (Kuj 98). Nietzsche álitur að upphafleg hvöt mannsins til að reisa hugtakabygginguna hafi verið að verja sig gegn þeim hliðum sannleikans sem valda honum óþægindum. Samkomulag séra Jóns um notkun tungumálsins veitir Umba

vellíðan: „Þakka yður fyrir séra Jón. Þetta var snjallræði. Nú fer allt að lagast“ (Kuf 98). Nietzsche forðast þó ekki óhugnað og óþægindi í heimspeki sinni. Segja má að í hugmyndum hans sé hlutverk listarinnar að hrekja manneskjuna út úr hugtakabyggingunni, með því að hrista stoðir hennar. Listin á ekki að gangast við stöðnuðum myndhverfingum heldur er henni ætlað að skapa nýjar og vekja manneskjuna til vitundar um hina hvikulu eiginleika veraldarinnar enda þótt afleiðingar þess geti leitt til óhamingju. Forsenda þess að menn fái þrifist innan veggja hugtakabyggingarinnar er gleymaska og afneitun þess að grunnur byggingarinnar sé frá mönnunum sjálfum kominn:

Einungis með því að gleyma þessari frumstæðu veröld myndhverfinganna, einungis vegna þess að heit myndakvikan, sem eitt sinn flæddi úr ímyndunargíg mannsins, storknaði og harðnaði, einungis sökum hinnar óbifanlegu trúar að *þessi sól*, *þessi gluggi*, *þetta borð* séu sannindi í sjálfu sér, í skemmstu máli sagt: einungis vegna þess að mannskepnan gleymir sjálfsveru sinni, *listraent skapandi sjálfsveru sinni*, býr hún við sæmilega ró, öryggi og samkvæmni. Ef hún gæti brotist eitt einasta augnablik út fyrir fangelsisveggi þessarar trúar væri stoðunum kippt undan „sjálfsvitund“ hennar.<sup>22</sup>

*Kristnihald undir Jökli*, *Inmansveitarkronika* og *Guðsgjafapula* eru skáldsögur. Ef lesandi samþykkir þessa skilgreiningu gerir hann sér í hugarlund tiltekna mynd af skáldsögum sem bókmenntagrein, hvort sem hugmyndin byggist á lesreynslu hans á öðrum skáldsögum eða yfirstandandi lestri. Búlgarski bókmenntafræðingurinn Tzvetan Todorov heldur því fram að við lestur skáldverks sé stöðug spenna milli bókmenntagreina annars vegar og einstakra verka hins vegar. Hann fullyrðir að mikil verk greini sig frá stofni viðtekkinna bókmenntagreina samtímis því sem þau búi til ný viðmið fyrir þann stofn sem þau spretta af.<sup>23</sup> Margir fræðimenn sem kenndir eru við póstmódernisma hafa barist gegn greinaskiptingu, a.m.k. þegar kemur að þeim skáldskap sem þeir telja póstmódernískan. Það hafa þeir gert á þeim forsendum að í slíkum skrifum skarist hefðbundnar greinar og oft sé þeim ruglað eða blandað saman. Að þeirra hyggju er greinahugtakið tímaskekkja þar sem greinar séu ekki lengur skýrt afmarkaðar. Póstmódernískir fræðimenn hafa því reynt að komast af án bókmenntagreina og „texta“-hugtak Barthes er dæmi um þetta.

Ralph Cohen segir að hugtök á borð við „texta“ miði að því að komast hjá flokkun sem feli í sér hefðarveldi því í hefðinni sé dulið vald sem hafi í för með sér stöðlun og stöðnun; skilgreiningar greinanna séu í raun forskriftir en ekki lýsingar.<sup>24</sup> Svo virðist sem vissir fræðimenn áliti hefðarveldi bókmenntanna eina af álmum hugtaka-byggingarinnar eins og Nietzsche lýsti henni.

*Kristnihald undir Jökli*, *Innansveitarkronika* og *Guðsgjafapula* þiggja allar formleg einkenni frá þekktum bókmenntagreinum; þannig má sjá viss einkenni glæpasagna í *Kristnihaldi undir Jökli*, ástarsagna í *Guðsgjafapulu*, þá er í *Innansveitarkroniku* vísað til Íslendingasagna og kaþólskra trúarbókmennta miðalda. Lesendur sem þekkja til þessara forma eiga e.t.v. von á lausn á sögunum sem kemur heim og saman við lesreynslu þeirra. Slíkar væntingar, sem vakna við lestur verkanna, eru þó sjaldnast uppfylltar og lesendum finnst þeir e.t.v. staddir í allt öðrum sagnaheimi en þeir áttu von á. Um allar sögurnar má segja að þær nýti form þekkttra bókmenntagreina en skrumskæli þau og útvíkki. Þær ögra þannig hefðbundinni greinaskiptingu skáldsagna. Í verkunum fer líka fram samræða við önnur listform eins og myndlist, tónlist og kvikmyndir en sú umræða ber sjálfsöguleg einkenni og verður notuð til greiningar á verkunum.

Spurningarnar sem Halldór varpar fram í viðtalinu sem vitnað var til fremst í þessum kafla: „Hvernig á að segja frá, svo að það hafi tilætluð áhrif á þann, sem maður er að segja söguna? Hvernig á að fá hann til að taka eftir og hlusta og hugsa sjálfan?“<sup>25</sup> eru eins konar leiðarstef þeirrar umfjöllunar sem hér fer á eftir, því í skáldsögunum þremur stendur lesandinn stöðugt frammi fyrir túlkunarmöguleikum sem ögra venjubundnum ályktunum um skáldskap og raunveruleika.

## KRISTNIHALD UNDIR JÖKLI

## „Það þarf að rannsaka kristnihald undir Jökli“

Uppistaða *Kristnihalds undir Jökli* er skýrsla sem skrifuð er að undirlagi biskupsins yfir Íslandi. Fyrstu tveir kaflarnir eru eins konar innangangur að því sem á eftir fylgir. Ungur guðfræðingur, nefndur Umbi í textanum, stytting á umboðsmaður biskups, kemur á fund biskupsins sem gefur fyrirmæli um form og innihald skýrslunnar. Um rannsóknina sem fram á að fara segir:

Biskup: Það þarf að rannsaka kristnihald undir Jökli.

[...]

Ætli það væri ekki best að byrja á að rannsaka hann séra Jón gamla sjálfan. Til að mynda gánga úr skugga um hvort maðurinn sé vitlaus eða ekki. Kanski líka gáfaðri en allir við hinar. [...]

Það sem ég spyr um af því ég á að heita undirkontóristi í kirkjumálaráðuneytinu er í fyrstalagi hversvegna gerir maðurinn ekki við kirkjuna? Og af hverju messar hann ekki? Af hverju skírir hann ekki börnin? Af hverju jarðar hann ekki fólkið? Af hverju hefur hann ekki sótt prestlaunin sín í tíu tuttugu ár? Er hann kanski sem þessu svarar trúaðri en við hinar? Og hvað segir söfnuðurinn? Á þrem vísitasíuferðum hef ég skipað karlinum að fara að laga þetta til. Embættið er búið að skrifa honum ein fimtíu bréf. Náttúrulega aldrei orð til baka. En það er ekki hægt að vara mann við oftar en þrisvar, því síður hóta: í fjórða sinn er hótunin orðin að vöggusaung; úr því dugar ekki annað en reka manninn frá kjól og kalli þegjandi og hljóðalaust. En hvar eru glæpirnir, þá er það! Hér þarf rannsókn. Nú eru uppi einhverjar tröllasögur um að hann hafi leyft að vista lík í Snæfellsjökli. Hvaða lík er það? Þetta er til háborinnar skammar. Gera svo vel að gá að því! Ef það er lík, þá viljum við drösla því til bygða og hola því niður í vígðum reit. Og ef það er eitthvað annað, hvað er það þá? Í hittifyrri skrifaði ég safnaðarformannsnefnunni þarna [...] Svarið barst í gær eftir segi og skrifa þrjú missiri; það er sosomekkí ódagotið á blessuðum mönnunum. Má ég spyrja, hvaða giljagaurar eru þetta? Er komin upp einhver samábyrgð undir Jökli? Á móti okkur hérna! Eitthvert múrmannafélag! Og þessi er nú hálfu vitlausari en nokkurntíma hann séra Jón Prímus. Ég held það veiti ekki af að athuga hann soldið líka. (Kuj 11–13)



Guðfræðingurinn ungi er ráðinn í hlutverk eins konar spæjara. Hann er gerður út af örkinni til að leysa mál en forgangsatríði rannsóknarinnar er séra Jón Prímus og fortíð hans. Árni Bergmann varð fyrstur til að hugsa sér *Kristnihald undir Jökli* sem glæpasögu. Í ritdómi frá 13. október 1968 segir hann: „Því ekki að hugsa til leynilögreglusagnatækni? — Umbi er stundum einsog Hercule Poirot að lokinni morgungöngu, sezt niður og hugsar málin, hvað er vitað, hvað ekki: það skapast hvíldir án þess á slakni frásögninni.“<sup>2</sup>

Benda má á ýmislegt sem orkar tvímælis ef menn hugsa sér *Kristnihald undir Jökli* sem glæpasögu. Í fyrsta lagi má nefna að ekki er ljóst hvort nokkur glæpur hefur verið framinn, þannig má taka undir með biskupnum: „En hvar eru glæpirnir?“ Spurningar biskupsins vekja þó vissulega forvitni og hún er forsenda þess að glæpasögur eignist lesendur. Af hverju messar presturinn ekki? Og var ekki minnst á lík? Rétt eins og í glæpasögu vekja aðstæðurnar forvitni, afleiðingar einhvers sem ekki er nefnt á nafn. Ef forvitni lesandans vaknar les hann sögu rannsóknarinnar til þess að komast að forsögu glæpsins og svara forvitni sinni.

Tzvetan Todorov heldur því fram að formgerð spæjarasagna byggir á því að í þeim sé ekki ein saga heldur tvær; annars vegar saga glæpsins sem hefur verið framinn áður en rannsóknin hefst, hins vegar saga rannsóknarinnar. Þessi tvöfeldni varpar líka að hans hyggju ljósi á aðgreiningu sem rússneskir formalistar gerðu á sögu annars vegar og plotti hins vegar. Sagan er framvinda atburða eins og hún kemur okkur fyrir sjónir í lífinu sjálfu, þ.e. í rétttri tímaröð. Plottið er einungis háð lögmálum frásagna og stjórnast af þeirri röð sem atburðirnir eru leiddir fyrir hugskotssjónir lesandans, þar getur afleiðing því komið á undan orsök. Í spæjarasögum eru sagan og plottið sett fram samhliða þar sem framvinda rannsóknarinnar myndar söguþráðinn. Plottið kemur fram í brotakenndum upplýsingum um glæpin í formi vísbendinga, endursagna, bréfa og annars í svipuðum dúr.<sup>27</sup> Vésteinn Ólason hefur raunar bent á að í *Kristnihaldi undir Jökli* séu tvær sögur raktar með þessum hætti:

Í *Kristnihaldi undir Jökli* eru tvö tímaskeið eftir því við hvaða sögu er miðað. Annars vegar er tíminn sem líður frá því Umbi er kallaður á biskupsskrifstofu unz við skiljum við hann einan úti í mýri í sögulok; hins vegar er tímaskeið þeirra atburða sem Umbi fær smám saman vit-

neskju um í samtölum sínum við sögufólk og nær röska fjóra áratugi aftur í tímann.<sup>28</sup>

Þó *Kristnihald undir Jökli* sé ekki spæjarasaga, a.m.k. ekki í þeim skilningi sem Todorov leggur í orðið, þá er samanburðurinn að mörgu leyti fróðlegur. Todorov bendir á að sögumenn spæjarasagna þurfi að vera athugulir og þeir verði með athugasemdum sínum að halda plotti sögunnar saman og gefa skýringar á því hvernig ein vísbending tengist þeirri næstu; þetta dregur Todorov saman með þeim orðum að án rannsakanda sé engin rannsókn.<sup>29</sup> Þegar biskupinn gerir Umba út af örkinni leggur hann ekki einungis fyrir hann þær spurningar sem krefjast svara heldur líka fyrir mæli um hvernig skýrslugerðinni skuli háttað. Ástæða þess að Umbi er ráðinn til starfans er sú að hann kann að handleika hljóðrita; biskupinn hefur ekki áhuga á skoðunum hans sjálfs eða athugasemdum; Umbi á að „[l]æra af hljóðritanum.“ Skýrslugerðin á að markast af hlutlægni. Umbi á „[e]kki að dreifa úr sér sjálfur. Skrifa þurt!“ Það sem biskupinn biður um eru „staðreyndir“, annað ekki.

Biskup: Neineinei góði maður. Okkur er nákvæmlega sama hvurnin yður list á þetta. Vér spyrjum hvað þér sjáið og heyrið, ekki hvurnin yður lítist á blikuna. Haldið þér að vér séum þau blautabörn hérna að það þurfi að hugsa fyrir oss og álykta fyrir oss og halda oss á kopp? (KuJ 18–19)

Í glæpasögum sitja oft tvær persónur í öndvegi frásagnarinnar; tvíeyki sem vinnur saman að lausn málsins. Þeirra frægast er Sherlock Holmes og dr. Watson. Sá síðarnefndi er sögumaður verkanna þar sem Holmes er aðalpersónan og alla jafna sá sem ræður gátuna. Stundum skipta þeir liði og safna upplýsingum hvor í sínu lagi en Holmes leggur jafnan mat á vísbendingarnar og setur þær í rétt samhengi. Í raun má segja að Holmes hafi í höndum sundurskorinn söguþráð sem hann raðar saman á ný með hyggjuvit sitt að vopni. Hann finnur m.ö.o. samband orsaka og afleiðinga sem smám saman leiðir til lausnar málsins. Með réttu má því segja að Watson og Holmes skipti með sér sögunum tveimur sem Todorov taldi liggja formgerð spæjarasögunnar til grundvallar: Watson rekur sögu rannsóknarinnar í tímaröð en Holmes afhjúpar plottið eða orsakalögmálið sem leiddi til þess að glæpurinn var framinn.<sup>30</sup>

Í *Kristnihaldi undir Jökli* ætlar biskupinn Umba ekki að leysa eitt né neitt; hann ætlar sjálfur að annast lausn málsins. Því má segja að hann setji sjálfan sig í hlutverk Holmes en Umba í hlutverk Watsons. *Kristnihaldi undir Jökli* lýkur hins vegar áður en biskupinn fær skýrsluna í hendur og því er lausn málsins aldrei útlögð. Það verk sem biskupinn ætlaði að inna af hendi er eftirlátið lesandanum, hann verður sjálfur að draga ályktanir og finna plottið sem leiðir til lausnar.

## Að ljúka því sem byrjað er á

Í spæjarasögum, og þá einkum þeim sem skrifaðar eru í sama anda og sögur Arthurs Conan Doyle um Sherlock Holmes, er oft rík trú á tækni og vísindabyltingu 19. aldarinnar. Þannig felst starf spæjarans gjarna í því að finna rökrétta skýringu á atburðum sem einhverjum virðast yfirnáttúrulegir. Sem dæmi má nefna ráðgátuna um Baskerville-hundinn sem Sherlock Holmes leysir. Þar er talið að bölvun hvíli á Baskerville-ættinni. Bölvunin kemur fram í því að handanvera fylgir henni; „stórt dýr, svart, í hundslíki, en stærra þó og voðalegra en nokkur hundur, sem nokkur menskur maður hefur nokkurn tíma augum litið“.<sup>31</sup> Síðar kemur í ljós að óvætturinn er einungis óvenju grimmur hundur sem þrjóturinn Stapleton hafði haldið og borið á sjálflysandi efni til þess að hann virtist enn ógnvænlegri. Undir lok sögunnar sitja Watson og Holmes við arineld en þá sætir sá fyrrnefndi færir til að „spyrja [Holmes] betur úr spjörunum um ýmislegt í Baskerville-málinu, sem [honum] var ennþá óljóst.“ Þó hefur hann að eigin sögn „dregið það hingað til og þráð þolinmóður þessa stund“. Samræður þeirra Holmes og Watsons um fullnaðarlausn gátunnar eru eftirfarandi:

»Rás viðburðanna allra var eðlileg og ofur-einföld, og óbrotin frá sjónarmiði þess mannsins, sem nefndi sig Stapleton«, sagði Holmes, »þó að okkur þætti málið í fyrstu fjarska flókið og torskilið; en það kom til af því að við vissum ekki, hvað knúði hann til að fara þannig að, og gátum ekki heldur feingið að vita fyrir en seint og síðar meir, hvernig í öllu lá. Jeg hef tvisvar sinnum getað talað við frú Stapleton undir fjögur augu og málið hefur skýrst svo við það út í allar æsar, að við þekkjum það nú vel frá upphafi til enda. Jeg hef skrifað greinilega um það í málaskránni minni; hún er í stafrófsröð og þjer getið fundið það undir B-liðnum þar«.

»Vænst þætti mjer um, ef þjer vilduð gera mjer þann mikla ánægju-  
auka að segja mjer núna málslokin í stuttu máli eftir minni yðar«, segi  
jeg.<sup>32</sup>

Eins og áður var drepið á er samtal biskups og Umba í fyrstu tveim-  
ur köflum bókarinnar eins konar inngangur. Bókin hefst á setning-  
unni: „Biskup kallaði undirritaðan á fund sinn í gærkvöldi“ (KuJ 7).  
*Kristnihald undir Jökli* hefur hins vegar ekkert niðurlag og undirrit-  
unina, sem nafngiftin „undirritaður“ vísar til, er ekki að finna í verk-  
inu. Við lok frásagnarinnar stendur aðeins: „Mars 1967 — júlí 1968“,  
eða sams konar undirskrift og er á flestum skáldsögum Halldórs Lax-  
ness og ekki síður kennimark hans en nafnið á kápu bókarinnar (KuJ  
331).

Tilvitnunin í *Baskerville-hundinn* hér að framan er hins vegar  
dæmi um hvernig ramma er lokað utan um frásögn. Þarna er öllu til  
skila haldið og gengið frá hverjum einasta þræði. Þrá lesandans er  
þannig uppfyllt, rétt eins og þrá dr. Watsons. Sameiginlegt er þó eitt  
helsta einkenni *Kristnihalds undir Jökli*: samtöl sem einkennast af  
spurningum, svörum og gagnspurningum — það er stöðugt verið að  
miðla sögum. Árangur Umba af yfirheyrslunum er allt annar en ár-  
angur Holmes. Í miðri yfirheyrslu á Úu skrifar Umbi:

Þetta er orðið nokkuð flókið. Það vill hlaða utaná sig þó smátt sé spurt.  
Það verður lánkur uppi að ritstýra þessu og koma því í skýrsluform.  
Konan fer með mig í hringi og óefað eru margir eftir enn. Eftilvill  
verður einginn endir á þessu og bráðum kominn morgun.

Umbi: Munið þér hvar við byrjuðum?

Konan: Byrjuðum við á einhverju gæskurinn minn? Ég tók ekki  
eftir því. (KuJ 272)

Það er hægara sagt en gert að endursegja *Kristnihald undir Jökli* því  
hætt er við að úr verði allt önnur saga — eða alls engin. Umbi gerir  
sér ferð undir Jökul og þegar þangað er komið yfirheyrir hann ýmsar  
persónur, þar á meðal Jón Prímus, um kristnihald undir Jökli. Í frá-  
sögnum heimamanna eru þau Dr. Godman Sýngmann og Úa,  
brúður Jóns Prímusar, fyrirferðarmikil þar sem Godman er sagður  
hafa numið brúði prestsins á brott. Um hana segir séra Jón að hún sé  
„einn þessara fyrirburða sem vandi er að segja hvort heldur er loftsyn  
eða jarðbúi og aldrei hefur verið hægt að skýra nema útfra þjóðsög-

um Jóns Árnasonar“ (KuJ 101). Og þetta má til sanns vegar færa því þegar liðið er á söguna stígur Dr. Sýngmann á söguviðið og fullyrðir að Úa sé dauð en áður hafi hann raunar breytt henni í fisk. Hann hafi nú snúið aftur til að lífga við fiskinn í krafti Jökulsins. Skömmu síðar deyr Dr. Sýngmann og eftir að hann er jarðsungiinn er sóttur kassi upp í Jökul.<sup>33\*</sup> Í kassanum reynist ís og í honum fiskur. Þá sömu nótt og fiskurinn losnar úr klakaböndum birtist ókunn kona sem fullyrðir að hún sé eiginkona séra Jóns. Undir yfirheyrslum Umba vakna kenndir hjá Úu og það er hans sök að hún fer að kenna til sín „aftur eftir lángan svefn“ (KuJ 315). Að lokum verður samband þeirra kynferðislegt og það verður þess valdandi að Umbi snýr ekki til Reykjavíkur á tilsettum tíma heldur fer í bílferð með Úu sem endar úti mýri. Þar hverfur hún honum sjónum, skilur ekkert eftir sig nema „kaldranalegt hlakk einsog í veiðibjöllu“ sem umbreytist í hlátur (KuJ 330).

Sambandið milli þeirra atburða sem taldir eru upp hér að framan liggur ekki ljóst fyrir. Úa er þó með einum eða öðrum hætti hin stóra ráðgáta verksins. Tumi Jónsen safnaðarformaður segir á einum stað: „Að öllu samtöldu getur vafist fyrir mönnum að skilja ýmislegt undir Jökli ef beskyn vantar á kvenfólkið.“ Og Umbi svarar: „Ef þessar konur hafa aungva menska eiginlegleika þá er hætt við að þær bregði ljósi yfir fátt í minni skýrslu“ (KuJ 72). Ólíkt því sem gerist í *Baskerville-hundinum* virðist ráðgáta málsins færast fjær þeim lögmálum sem við tökum alla jafna gild í raunveruleikanum. Ef lesandinn þráir að sagan verði dregin saman fyrir honum í sambönd orsaka og afleiðinga er hætt við að lítið standi eftir, sjálf flækjan virðist ýmist geta fangað allt milli himins og jarðar eða hvorki fugl né fisk:

Pegar ég vaknaði um morguninn var einginn fugl. Það var einsog ekkert hefði gerst. Kanski mig hafi verið að dreyma. Ætli ég ætti ekki að draga út alt sem á blöðum þessum stendur um fugl og fisk? Það er bara hætt við að fátt verði eftir ef fugl og fiskur á ekki að reiknast. (KuJ 285–286)

Rithöfundurinn Bjarni Bjarnason hefur bent á líkindi með *Kristnihaldi undir Jökli* og *Makt myrkranna* eftir Bram Stoker.<sup>34</sup> Saga Stokers greinir frá einni frægustu blóðsugu heimsbókmenntanna, greifanum Drakúla. Rök Bjarna fyrir því að bera sögunar saman eru nokkur. Í

fyrsta lagi lýsir Halldór Laxness aðdáun sinni á verkinu og íslenskum þýðanda þess, Valdimar Ásmundssyni, í minningabókinni *Í túninu heima*. Í öðru lagi sýnir Bjarni fram á líkindi með formgerð sagnanna sem eru báðar að stærstum hluta skýrslur skrifaðar í fyrstu persónu en með innskotsköflum eins og sendibréfum.<sup>35\*</sup> Í þriðja lagi bendir hann á ýmis efnisleg líkindi, m.a. með persónum bókanna, einkum skýrslugerðarmönnum Jonathan Harker og Umba annars vegar og Drakúla greifa og Úu hins vegar. Áhrif hrollvekjunnar á *Kristnihald undir Jökli* lýsa sér e.t.v. fyrst og fremst í vantrú persónanna á að hægt sé að skoða atburðina sem greint er frá í réttu ljósi. Ólíkt spæjarsögum í anda Arthurs Conan Doyle efast persónur hrollvekjunnar um að unnt sé að halda öllu til skila í skýrslum þeirra því atburðirnir sem þær greina frá séu handan við mannlegan skilning — að minnsta kosti enn sem komið er. Í „Formála höfundarins“ í útgáfu Valdimars Ásmundssonar á *Makt myrkranna* segir:

Eftir minni sannfæringu er það ekkert efamál, að þeir viðburðir, sem hér er lýst, hafi átt sér stað, hversu ótrúlegir og óskiljanlegir sem þeir kunna að sýnast, skoðaðir eftir almennri reynslu. Og eg er sannfærður um, að þeir hljóta jafnan að verða að nokkru leyti óskiljanlegir, þó ekki sé óhugsandi, að áframhaldandi rannsóknir í sálfræðinni og náttúrufræðinni geti þegar minst varir skýrt bæði þessa og aðra leyndardóma, sem hvorki vísindamenn né njósarlögreglan hafa enn þá getað skilið. Eg tek það enn á ný fram, að þessi dularfulli sorgarleikur, sem hér er lýst, er fullkomlega sannur að því er alla ytri viðburði snertir, þó eg eðlilega hafi komist að annari niðurstöðu í ýmsum greinum en sögufólkið. En viðburðirnir eru ómótmælanlegir, og svo margir þekkja þá, að þeim verður ekki neitað.<sup>36\*</sup>

Af sjónarhóli höfundarins leikur sem sé enginn vafi á því að viðburðirnir séu staðreyndir. Hann er hins vegar ekki eins viss um að sögufólkið hafi komist að réttum niðurstöðum um allt. Mér virðist sem hann eigi við að e.t.v. sé orsakalögmálið á bak við atburðina annað en sögufólkið hyggur. Í *Kristnihaldi undir Jökli* standa lesendur og Umbi m.a. frammi fyrir því vali hvort reikna eigi með fugli og fiski í skýrslunni. Val af þessum toga virðist mér vera eitt helsta umfjöllunarefni bókarinnar, þ.e. að hve miklu leyti lesendur vilja líta fram hjá atburðum í sögunni sem ekki falla að heimsmynd þeirra.

## Fyrsti þáttur; Þjóðbrautir og kindagötur

Eftir samtal biskupsins og Umba leggur sá síðarnefndi af stað vestur á Snæfellsnes. Þegar þangað er komið er Jón Prímus ekki á staðnum en ráðskona hans Hnallþóra tekur á móti gestinum. Um miðnætti býður hún Umba að setjast við eitt veglegasta veisluborð sem lýst hefur verið á íslensku og á meðan Hnallþóra ber kaffi og meðlæti í gestinn gerir hann tilraunir til að spyrja hana út úr um þau mál sem honum er uppálagt að rannsaka. En svör Hnallþóru orka tvímælis. Þegar Umbi spyr t.d. hvort prestsfrúin sé á staðnum svarar hún því til að hún viti það ekki og bætir við: „Það mætti reyna að spyrja austrí Neðratraðkoti. Það ku vera reimt þar stundum á vorin segir það“ (KuJ 33). Sömuleiðis virðist hún líta svo á að spurningar Umba „Ekkert komið fyrir yður heldur? Aldrei séð neitt?“ séu fyrirspurnir um yfirskilvitlega reynslu.

Við nánari eftirgrennslan kemur í ljós að Hnallþóra fer ekki „í launkofa með það við neinn að einusinni kom dulítið fyrir“ hana. Hún „sá dulítið. En aldrei nema í þetta eina skifti“ (KuJ 34). Þetta eina sem kom fyrir Hnallþóru þegar hún var „únglíngstötur“ er ráðgáta um „moraudan hrút vaninhyrndan“ með reyfi sem sló af gullbjarma (KuJ 36).

Umbi: Varð nokkurntíma komist til botns í þessu?

Frk. Hnallþóra: Nei það komst auðvitað einginn til botns í því. Það vissu allir eins vel og ég að ekki voru til neindir morauðir vaninhyrndir hrútar hér um slóðir. Piltar á næsta bæ fóru að gá, en þeir sáu náttúrulega ekki neitt. Og síðan hef ég sjálf aldrei séð neitt sem kallað er að sjá. Og aldrei neitt komið fyrir mig. (KuJ 37)

Svar Hnallþóru er ekki fjarstæðukennt þegar tekið er mið af því að orðið „sjá“ er hægt að nota í merkingunni að vera skyggn og spurningin opnar þannig gátt til annarra heima, hvort sem það var ætlun Umba eða ekki. Hnallþóra túlkar spurningu hans með þessum hætti, og reyndar má finna dæmi þess að biskupar hafi gert menn út af örkinni einmitt í þeim tilgangi að grennslast fyrir um yfirskilvitlega reynslu. Í ljósi þess má því segja að svar Hnallþóru við spurningu Umba sé rökrétt. Það getur þó komið lesandanum í opna skjöldu því Umbi hefur fram til þessa komið honum fyrir sjónir sem rasjonalisti og gefið sig út fyrir að vera lítill trúmaður (KuJ 9). Lesandinn hefur þess vegna e.t.v. verið búinn að útiloka þann möguleika að spurn-

ingin gæti varðað hindurvitni. Væntingar viðmælanda Umba og lesenda eru þannig gagnólíkar þótt færa megi rök að því að væntingar beggja séu á rökum reistar.

Skýrslu Umba er skipað niður í númeraða kafla. Kaflinn sem fjallar um viðskipti hans við Hnallþóru heitir: „Hnallþóruþáttur og hulduhrúts“. Nafngiftin er athyglisverð því ‘þættir’ eru lausamálsfrásagnir innan stærri textaheilda. Þekktastir eru svokallaðir Íslendingaþættir sem finna má í konungasögum. Lengi tíðkaðist að líta á Íslendingaþætti sem útdúra frá hinni eiginlegu frásögn eða jafnvel innskot seinni tíma eftirritara sagnanna. Þeir voru álitnir sjálfstæð bókmenntagrein því þeir féllu ekki að hugmyndum manna um konungasögur og voru þess vegna gefnir út í sérstökum safnrítum.<sup>37</sup> Þessi meðhöndlun á þáttum sýnir vel hvernig hugmyndir manna um bókmenntagreinir geta orkað sem forskriftir texta fremur en lýsingar á þeim. Það að Umbi skuli velja kaflanum þetta nafn gæti bent til þess að hann vilji skipa honum sess til hliðar við hina eiginlegu frásögn í skýrslu sinni. Þáttur Hnallþóru lifir raunar sjálfstæðu lífi í íslensku máli, sem sést best á því að orðið hnallþóra hefur unnið sér þegnrétt í málinu og er notað um stórbrotnar tertur.

Innan textaheildarinnar er „Hnallþóruþáttur og hulduhrúts“ mikilvægur og ég nefni í því sambandi þrjú atriði. Í fyrsta lagi sýnir hann lesandanum að merking orða er ekki fyrirfram skilyrt heldur ræðst hún t.d. af samhengi eða aðstæðum, væntingum viðtakanda og ætlun sendanda. Í öðru lagi virkjar Hnallþóra frásagnarsvið í skáldsögunni þar sem sjá má mórauða vaninhyrnda hrúta jafnvel þótt allir hafi vitað eins vel og hún „að ekki voru til neinir morauðir vaninhyrndir hrútar [þar] um slóðir.“ Eftir því sem líður á söguna verður þetta svið virkara. Rannsókn Umba leiðir hann ekki skref fyrir skref að einfaldri niðurstöðu heldur sífellt dýpra í ófyrirséðar og botnlausar ráðgátur. Undir lok frásagnar sinnar er Umbi meira að segja á báðum áttum um það hvaða svið raunveruleikans eigi að ríkjja í textanum:

Ég var farinn að óttast að ég myndi færa yfirboðurum mínum syðra draumabók eina í skýrslustað úr sendiferð þessari undir Jökul. Mundi þá vandast málið ef þar ætti að auka við draumráðningabók. (Kuj 288)

Í þriðja lagi segir frásögn Hnallþóru lesandanum nokkuð um útdúra, bæði þegar frásagnir og ferðalög eru annars vegar. Huldu-



hrúturinn varð á vegi Hnallþóru þegar hún var send erinda í Beruvík. Í stað þess að „gánga sjávargötuna sem leið liggur að neðanverður þræddi [hún] fjárgötur að ofanverður beint yfir jökulvörpin“ (KuJ 36). Þegar hún kom upp á eitt varpið blasti dýrið við henni og eftir að hafa horft á það góða stund í orðlausri undrun hafði hún vit á því að koma sér í hvarf en tók „stóran krók ofanaf varpinu og hljóp einsog fætur toguðu og þræddi [sig] eftir lautardrögum alla leið niðrað sjó og þá var [hún] komin á þjóðgötuna. Guði sé lof“ (KuJ 37).

Ferðalag Umba vestur undir Jökul hefst á þjóðveginum en eftir því sem ráðgáturnar sem hann glímur við verða draum- eða martraðarkenndari fjarlægist hann þjóðveginn að sama skapi. Undir lok verksins kemur „dulítið“ fyrir Umba. Hann heyrir „dulítið“ auk þess sem kvenpersónan Úa gufar upp fyrir augnum á honum:

Úa!

Svarið við þessu sérkennilega ópi er kaldranalegt hlakk einsog í veiðibjöllu, og þó ekki, utanúr þokunni. Þegar ég hlusta betur heyrir mér það vera hlátur og kannast við hann: það er konan í hinu húsinu. Hún hlær og hlær. Húsið hlær.

Umboðsmaður yðar lædist burt með þokann sinn í miðjum hlátrinum en of loppinn til að binda á sig skóna. Ég var dálítið hræddur. Þegar ég var kominn úr augsýn hússins tók ég til fótanna með reimarnar flaksandi um öklana og hljóp hvað af tók tilbaka sömu leið og ég var kominn. Ég var að vona ég myndi þjóðbrautina aftur. (KuJ 330–331)

Frásagnir Umba og Hnallþóru kallast á; bæði verða fyrir yfirskilvitlegri reynslu og þau bregðast eins við, því bæði leita í hvarf áður en þau leita „þjóðgötunnar“ og „þjóðbrautarinnar“. Þessi líkindi gefa lesandanum færi á að líta á „Hnallþóruþátt og hulduhrúts“ sem smækkaða mynd af verkinu í heild sinni. Ef það er gert mætti líta á þjóðbrautina sem myndhverfingu fyrir hinn línulega söguþráð sem Umbi reynir að halda sig við en fjárgötuna sem útúrdúr; eins konar þátt innan hinnar eiginlegu frásagnar.

Með lestri af þessu tagi öðlast fjárgatan eða útúrdúrin mikilvægi til jafns við þjóðbrautina. Þá má orða fyrrgreind atriði almennar og segja að í *Kristnihaldi undir Jökli* séu minnst þrjú miðlæg umfjöllunarefni. Í fyrsta lagi margræðni tungumálsins og þau vandkvæði sem hún veldur túlkandanum. Í öðru lagi möguleikar manneskjunn-

ar til að beita tungumálinu til að orða reynslu, hugsanir eða skoðanir sem annaðhvort eru ósegjanlegar í þeim skilningi sem Wittgenstein lýsir eða ganga í berhögg við þau lögmál sem alla jafna ríkja í raunveruleikanum. Í þriðja lagi valið sem ávallt er samfara túlkun, þ.e. hvernig einstakir þættir heildar eru valdir úr og þeim gefið vægi í ljósi þess hvernig menn vilja túlka texta. Þetta val hefur jafnframt í för með sér að önnur atriði eru útilokuð og dæmd léttvæg. Lestur sem þessi gerir „Hnallþóruþátt og hulduhrúts“ ennfremur að eins konar draumráðningabók fyrir verkið í heild. Samt sem áður veitir hún ekki fullnægjandi svör við þeim gátum sem ýmsum lesendum kunna að finnast mest aðkallandi í verkinu. Þannig svarar þessi túlkun ekki þeim spurningum sem biskupinn setur fram í inngangi verksins. Hinum raunverulega lesanda getur fundist sem hann sé tekinn til við að lesa í atburði verksins með allt öðrum hætti en lagt var upp með. Frammi fyrir þessum vanda stendur Umbi og ásamt honum raunar allir sem glíma við túlkun af einhverjum toga.

### Æpandi handklæði og viðfræg klósettskál

Í *Kristnihaldi undir Jökli* orkar svefnherbergi Umba á prestssetrinu svo sterkt á hann að honum er skapi næst að halda að hann sé staddur í innstillingarverki. Eitt atriði fangar þó athygli hans öðru fremur:

Handklæðisgrei hékk á nagla á miðju þili; það minti á listaverk, þó mjög torskilið, eftir Duchamp. Nú vakna torleystar gátur. Hví er þessum lítilmótlega hlut, trosnuðum og gauðslitnum, veittur svo augljós forgangsréttur að kalla má að hann sé allsráðandi í herberginu? Bar að skilja hið æpandi handklæði sem leik er gerður væri til mín; táknmál? (Kuj 39–40)

Duchamp (1887–1968) var franskur myndlistarmaður og einn helsti forvígismaður hinnar svonefndu reiðu-búnu stefnu í listum (e. ready-made). Þekktastur er Duchamp vafalítið fyrir verksmiðjuframleidda klósettskál sem hann áritaði R. Mutt og sýndi á listsýningu í París árið 1917. Klósettskál Duchamps var svar til þeirra sem kölluðu eftir list sem líkti eftir lífinu sjálfu því ein þeirra spurninga sem verkið vekur er þessi: Hví skyldu menn kalla á eftirlíkingar þegar þeir geta skoðað hlutina sjálfa? Jafnframt hæddi Duchamp þá sem fundu ávallt

æðri sannleika í listaverkum, handan við ásýnd hlutanna. Duchamp varði listaverk hins meinta höfundar R. Mutt í tímaritsgrein, m.a. með þeim rökum að það væri sjálfstætt val listamannsins að sýna klósettskálina og því væri hún túlkun á raunveruleikanum, óháð því hver hefði búið til gripinn. Vettvangurinn setti klósettskálina í nýtt samhengi og merking hennar yrði önnur en sambærilegra klósettskála á þaðherbergi listasafnsins. Þetta gerðist með því einu að losa hana frá pípulagningakerfi hússins og hengja hana upp í sýningar-rými.<sup>38</sup>

Í umfjöllun um hlutverk lesenda og höfunda við sköpun listaverka tekur Umberto Eco dæmi af reiðu-búinni list. Eco heldur því fram að svo lengi sem áhorfandi geti gert sér sköpunarferlið og höfundarætlunina í hugarlund, þá sé um listaverk að ræða. Eco segir reyndar að reiðu-búin list sé öfgafyllsta dæmi sem hægt sé að hugsa sér því að með henni sé gerð sú krafa að góður lesandi sé jafnframt höfundur. Eco telur að sama spurningin liggi til grundvallar í heim-speki, trúarbrögðum og spæjarasögum: „Hver gerði það?“ Í þessari spurningu endurspeglast að hans viti frumhvöt manneskjunnar til að finna einhverja skapandi veru að baki heiminum, hvort sem þar er um að ræða heim skáldsögu eða raunheiminn.<sup>39</sup> Spurning Umba um hvort honum hafi borið „að skilja hið æpandi handklæði sem leik er gerður væri til [s]ín; táknmál“ (KuJ 40) er í raun aðeins tilbrigði við þessa sömu spurningu því eins og Eco bendir á er manneskjan eins og dulmálsfræðingur sem álitur að allt dulmál megi ráða, að því gefnu að um skilaboð sé að ræða. Vandamálið sem manneskjan hafi glímt við í raunheiminum, allt frá upphafi vega, sé hvort verið sé að senda henni skilaboð, og ef svo er hvort hún geti þá botnað í þeim. Í skáldverkum leikur sjaldnast nokkur vafi á því að verið er að senda skilaboð og að baki þeim er einhvers konar höfundarígildi sem er hliðstæða skapara. Erindi þessa skapara við okkur liggur þó ekki alltaf ljóst fyrir. Innsæið í verkið gæti verið fólgið í því að við sannfærumst um að höfundurinn ætlar okkur að taka þátt í sköpun þess. Á hinn bóginn er ekki gefin nein vísbending um það hvað okkur er ætlað að skapa. Við getum því spurt eins og Umbi: „Hví er þessum lítilmótlega hlut, trosnuðum og gauðslitnum, veittur svo augljós for-gángsréttur að kalla má að hann sé allsráðandi í herberginu?“ (KuJ 40).

## Upprisnir og uppvakningar

Í ritgerðinni „Í fuglabjargi skáldsögunnar“ varpar Ástráður Eysteinson fram þeirri spurningu hvort séra Jón sé prímus mótor sögunnar.<sup>40</sup> Margt í sögunni styður að þessari spurningu sé svarað játandi, einkum þegar litið er til þess að Jón Prímus er í ýmsum skilningi hreyfiafl manna, dýra og véla undir Jökli. Þegar Umbi heimsækir biskup í upphafi verksins er honum sýnt bréf frá safnaðarformanninum Tuma Jónsen þar sem hann svarar „bréfi biskupsins yfir Íslandi skilvíslega meðteknu í hittifyrri, innihaldandi spurningar um kristnlíf undir Jökli.“ Í bréfinu ber safnaðarformaðurinn í bætifláka fyrir prófastinn og lýsir því yfir að sóknarbörnin séu á einu máli um það að Jón Prímus sé „gull maður“ og að „[e]kki skepnubarn í þessu plássi mundi kjósa að vera [...] án hans séra Jóns“ (KuJ 14–15).

Þjónusta prestsins við sóknarbörnin felst ekki eingöngu í því að sinna embættisskyldum heldur gerir hann við hvað það sem ónýtt er, sama hvort um ræðir „amboð eða maskínur, striffur eða hnífgrélur, meira að segja leirkrukkur í brotum, alt rís upp nýtt eða betra en nýtt í höndunum á séra Jóni.“ Að endingu gefur safnaðarformaðurinn eftirfarandi yfirlýsingu:

Hræddur er ég um að mörgum útreiðarmanni eða bifreiðarstjóra hér um pláss þætti sjónarsviftir að, ef honum séra Jóni yrði kipt burt, annareins maður við þjóðveg, síreiðubúinn að járna hesta á nótt sem degi og listamaður að mixa fyrir menn í afsérgeingnar vélar svo alt geti farið á stað á nýaleik. (KuJ 15–16)

Jón Prímus hefur þó ekki aðeins hreyfiafl, hann hefur líka aðdráttarafl. Gaddhestar og snjóttílingar elta hann í flokkum og „[m]eira að segja hrafnarnir slást í för með honum ef þeir sjá hann á víðavangi“ (KuJ 59). Aðdráttarafl Jóns Prímusar orkar líka á lesendur og þannig bendir Ástráður Eysteinson á að margir hafi gert „Jón Prímus í senn að aðalpersónu verksins og einskonar leiðsögumanni Umba og þar með lesandans um þennan sérstæða söguheim.“<sup>41</sup> Ég hygg að „leiðsögumaður“ sé að sumu leyti skakkt orð því Jón Prímus er þegar allt kemur til alls helsta ástæða þess að Umbi fer í ferðalag og það er vegna hans sem skýrsla er skrifuð, auk þess virðist mér hann fremur leiða menn í ógöngur en á leiðarenda. Ég held að lesendur verksins vænti svara frá Jóni Prímusi við mörgum þeirra spurninga

sem biskupinn leggur fyrir, einkum þegar yfirheyrslur Umba á heimamönnum undir Jökli bera ekki tilætlaðan árangur. Þessi svör veitir hann þó ekki:

Ég renni augum yfir blöð mín og tek saman: Spurt var um safnaðarlíf og kirkju; svarað um fóðrun snjótitlínga og járníngu hesta. Spurt um grunsamlegar farir, máski útfarir, á Jökli; svarað um lík sem stóð upp nakið og bakaði líkmönnum sínum brauð. Viðvíkjandi hjónabands-status sóknarprestsins fæ ég tíðindi af spænskri aðalsfrú sem mylkti konur altþartil jöklarar gerðu henni barn. Fróðleg svör en í meira lagi óbein við þeim spurningum sem ég var að myndast við að bera upp. Gæti vafist fyrir þeim í kirkjumálaráðuneytinu að koma svona fróðleik saman og heim. (Kuj 71)

Spenna *Kristnihalds undir Jökli* er að stórum hluta fólgin í biðinni eftir því að Jón Prímus stigi fram á sögusviðið, sem hann gerir ekki fyrr en í 12. kafla. Umræða verksins hefur þó snúist um hann að allverulegu leyti. Þegar hann birtist loks kemur hann Umba fyrir sjónir sem „hávaxinn maður, grannur, sinaber, grómtekinn af járnsvarfi ryði smiðjusóti og smurníngsolíu. Útúr öllum þessum skít horfa fjórleg augu, blá einsog uppsprettuvatn undan sólu“ (Kuj 76).

Jón Prímus er mikil uppspretta m.a. þeirrar teoríu að „[v]atn sé gott. [...] Skilmálalaust“ (Kuj 185). En hvað rannsókn á kristnihaldi undir Jökli snertir reynist hann hálfgerð véfrétt, þ.e. hann vekur spurningar en veitir síður svör. Því má segja að rétt eins og hita stafar af bláum lögum prímussins velgi Jón Prímus Umba og lesendum verksins undir uggum:

Umbi: Einhver sagði það hefði ekki verið messað á jólunum. Er það satt?

Séra Jón: Það sem er orðum efra þegir einnegin á jólum góði minn. En jökullinn er þarna sumsé.

Umbi: Biskup hefur sent mig að bjóða fram aðstoð við að leysa vandamál sem hann telur stæðja að þessum söfnuði.

Séra Jón: Fáir gera sér grein fyrir hver ábyrgð er lögð á mann sem á að annast kristnihald undir Jökli. Það er ekki með sældinni út tekið. Ég var að járna utansóknarstóð í alla nótt. Margir finna mér til foráttu að ég skuli bera moð fyrir ókunnuga gaddhesta og járna utansóknarstóð. Ég spyr: hvað er utansóknarstóð og hvað er innansóknarstóð? (Kuj 81)

Það má vera að í svörum Jóns Prímusar leynist vísbendingar en ekki er í fljótu bragði séð hvert þær vísa. Svörin kalla þannig á gagnspurningar: „Umbi: Lífsþarfir hesta — eru þær svo brýnar að sálusorgarastarf verði að sitja á hakanum?“ (KuJ 81). Um svör Jóns má segja það sama og Umbi sagði um svör annarra heimamanna, þ.e. að þau séu fróðleg en í meira lagi óbein. Þegar upp er staðið færa gagnspurningar Umba hann ekki nær lausn og þrátt fyrir að biskupinn hafi uppálagt honum að skrifa þurrt og halda skoðunum sínum utan við skýrsluna verður ekki hjá því komist að skoðanir hans sjálfs brjótist fram hér og þar. Um séra Jón segir Umbi til að mynda á einum stað að hann „hlæi einsog smápiltur sem [sé] að leggja þrautir fyrir fullorðna en fyrirliði [i] visku þeirra af því hann v[iti] sjálfur ráðningarnar“ (KuJ 82). Af þessum sjónarhóli séð er Jón Prímus óþolandi þar sem hann gerir væntingar lesandans að vonbrigðum og breytir eftirvæntingu hans í örvæntingu. Plottið sem rannsókninni er ætlað að finna hverfur í moðreyk mótsagna og tilrauna til að skilgreina fyrirbæri sem virðast ekki koma rannsókn málsins nokkurn skapaðan hlut við. En þar sem rannsókn málsins sleppir taka við vandamál skýrslugerðarinnar.

Allar sögur *Kristnihalds undir Jökli* renna saman í eina því þeim er miðlað af einum og sama höfundinum, Umba, sem einnig les, í mörgum merkingarbrigðum þess orðs, hann safnar saman, spinnur, þræðir, vefur og ræður í tákni. Allt þetta gerir hann í því augnamiði að upplýsa sögu Jóns. Það er hún sem hann vill safna saman. Um skýrslugerð sína segir hann:

Óleysandi skuldbinding er í því falin að sjá og hafa séð. Skýrslunni hefur ekki aðeins slegið inn í blóð sjálfs mín heldur er kvikan í lífi mínu runnin í einn þráð með skýrslunni. Óforvarandis hafði ég verið ekki aðeins sjónarvottur heldur einnig smiðvél ókunnra hluta. Hver mun velta fyrir oss steininum frá grafarmunnum, var eitt sinn spurt. Hver mun frelsa oss af skýrslu? (KuJ 318)

Umbi ræðir hið tvíþætta hlutverk sitt sem lesara eða lesanda og svo sem ‚smiðvél‘. Hann hefur safnað saman frásögnum en hann megnar ekki að reka á þær endahnútinn og því fléttast nýjar frásagnir inn í skýrsluna eins og sú af upprisu Jesú Krists. Að lokum spyr hann hver sé líklegur til að frelsa sig „af skýrslu“? Upp í hugann kemur Jón

Prímus því „[alt] rís upp nýtt eða betra en nýtt í höndunum á séra Jóni“ (KuJ 15). „Alt“ hlýtur hér líka að eiga við „smiðvél ókunnra hluta“. Hann er sá sem getur komist næst því að mixa saman afsér-gengna þætti skýrslunnar svo allt gangi eins og smurt. Jón Prímus er hins vegar ekki gefinn fyrir að tjasla saman listaverkum, eins og sést best á því þegar hann stendur frammi fyrir ljósakrónunni í kirkjunni: „Það er einginn svo önnum kafinn að hann megi ekki vera að því að tæta í sundur listaverk. Síðan uppvekjast vísindamenn og telja brotin“ (KuJ 95). Ég hygg að flestir þeirra sem hafa fengist við *Kristnihald undir Jökli* hafi tætt það í sundur í því augnamiði að tjasla því saman aftur. Á einhverjum tímapunkti hefur þeim örugglega verið innanbrjósts eins og Umba þegar hann spurði sig: „Hver mun frelsa oss af skýrslu?“ Sagan býður lesendum sínum að túlka atburði sína með ófyrirsjáanlegum hætti, á sama hátt og Hnallþóra túlkaði spurningu Umba um það hvort hún hefði „[a]ldrei séð neitt?“ (KuJ 34). Taki lesendur þátt í túlkun af þeim toga getur þeim liðið eins og þeir séu sjálfir orðnir „smiðvél ókunnra hluta“ og á þeirri stundu er kvika þeirra „runnin í einn þráð með skýrslunni.“ Ef til vill má segja að lesendur *Kristnihalds undir Jökli* rísi upp sem ‚smiðvélar ókunnra hluta‘ eða ‚uppvekist sem vísindamenn‘ en það er með öllu óvíst að svör þeirra veiti meiri fullnægju en niðurstaða Jóns Prímusar um barokkljósakrónuna: „133“ (KuJ 94).

## INNANSVEITARKRONIKA

### ... undir Mosfelli

Rétt eins og Umbi rannsakar kristnihald undir Jökli og skrifar um það skýrslu, þá gerir fyrstu persónu sögumaður *Innansveitarkroniku* úttekt á trúarlífi í Mosfellssveit. Nafns hans er ekki getið frekar en Umba en sjálfur vísar hann til sín í textanum með ýmsum hætti, t.d. kallar hann sig blekbera, mjólkurbera og undirritaðan. Í fljótu bragði er nafnleysi sögumannanna og rannsóknir á trúarlífi einu líkindi skáldsagnanna tveggja og segja má að fleira sé ólíkt með þeim en líkt við fyrstu sýn. *Innansveitarkronika* hefur t.d. skýra efnislýsingu þar sem greint er frá atburðum fyrri hluta sögunnar í meginatriðum:


Hér verður frá því sagt er kirkjan var tekin niður og henni jafnað við jörðu í þriðja sinn á ofanverðri 19du öld. Sýnt verður hvernig völdugir málafylgjumenn lögðust á eitt að brjóta niður kirkju þessa alt frá því danakonungur skipaði að hún skyldi hverfa árið 1774; og leið þó stórt hundrað ára áður þeirri skipun varð framfylgt. Í næstum fjórar kynslóðir lögðu drjúgir aðiljar hönd á þennan plóg svo sem stjórnvöld í Danmörku, Alþingi Íslendinga æ ofaní æ, kirkjuyfirvöldin mann frammaf manni, svo biskupar og prófastar sem lægri safnaðaryfirvöld; loks innanhéraðsbændur og heiðarlegar húsfreyur og karlgildir menn sem áttu hingað kirkjusókn, uns ekki stóðu uppi til varnar kirkju þessari nema bóndi nokkur afgangur á Hrísrú, Ólafur að nafni Magnússon og ein fátæk stúlkukind, vinnukona prestsins á Mosfelli, Guðrún að nafni Jónsdóttir. Þá féll að vísu þessi auma kirkja. Margir telja að Guðs visku og lánglundargeði hafi samt orðið nokkuð ágeingt í þessu máli hér í Mosfellsdal, þó í seinna lagi væri, og mætti heimsbygðin vel taka nóttis af því, þó hinir hafi og nokkuð til síns máls er annað hyggja. (Ik 11–12)

Sögumaðurinn rekur líka endahnút á frásögnina með formlegum hætti: „Og lýkur þessari jarteinabók“ (Ik 182).

Í *Innansveitarkroniku* er mislangt liðið frá þeim atburðum sem greint er frá og sjónarhornið ræðst af fjarlægð sögumanns frá atburðatímanum hverju sinni. Ytri tíminn er nærri útgáfuárinu 1970 en vígsla kirkju að Mosfelli þann fjórða apríl árið 1965 er síðasta nákvæma dagsetningin sem getið er í sögunni. Fyrstu atburðirnir sem *Innansveitarkronika* tímasetur eru miðaðir við árið þúsund þegar kristni er lögtekin í landinu en meginatburðarás verksins er á tímabilinu 1886 til 1960. Framan af hefur lesandinn á tilfinningunni að sögumaðurinn sé niðursokkinn í heimildir og skrif en líti upp frá skrifpúlti sínu öðru hvoru og tali beint til hans.

Í fyrstu köflunum skilgreinir sögumaðurinn sögusviðið og greinir frá söguslóðum. Smám saman færist áhersla frásagnarinnar frá lýsingum á háttalagi Mosfellinga og sviðsetningum til þess að segja sögu, þ.e. sögumaður fer að rekja þá atburðarás sem leiðir til þess að kirkjan er rifin. Almennarómur og ritmál eru fyrirferðarmestu heimildir hans framman af en um miðbik bókarinnar styðst hann einkum við eina heimild sem er uppskrift á viðtölum við sveitunga hans, Guðrúnu Jónsdóttur, sem voru tekin skömmu fyrir dauða hennar 1936. Guðrún segir í samtölunum frá niðurrifi kirkjunnar og hvernig





Það vildi til að kaleikur kirkjunnar hafnaði í hennar vörslu en kirkjuklukkan í hlandforinni við Hrísrú. Eftir það tekur við þáttur Stefáns Þorlákssonar en hann mælti svo fyrir í erfðaskrá sinni að fjármunum hans skyldi varið til að endurbyggja Mosfellskirkju. Þar er greint frá uppvexti hans í Reykjavík og hvernig Ólafur bóndi tekur hann í föstur að Hrísrú þegar drengurinn ætlar að flýja norður í land. Vísað er til frásagna Stefáns af atburðunum hér og þar en þáttur hans er ekki í formi samtala eins og þáttur Guðrúnar. Eftirfarandi mynd lýsir kaflaskiptum, efni kaflanna og heimildum sögumanns. Lárétta línurnar fjórar marka tíma Mosfellskirkju, Guðrúnar Jónsdóttur, Stefáns Þorlákssonar og sögumannsins í sveitinni.

Á myndinni hér að ofan eru fjórar láréttar línur. Sú neðsta táknar líf sögumannsins frá því hann fæðist og þar til hann hefst handa við að rita sögu sína. Línurnar tvær þar fyrir ofan tákna líf helstu

heimildarmanna hans, þeirra Stefáns Þorlákssonar og Guðrúnar Jónsdóttur. Fjórða línan er tímaás sögunnar, á hann neðanverðan eru merkt mikilvæg ártöl í sögu Mosfellskirkju en á honum ofanverðum eru merkt kaflaskil, efni kaflanna og helstu heimildir sögumannsins. Á myndinni eru að auki þrjár bogadregnar línur; sú lengsta er dregin frá þeim tímamarki þegar sögumaðurinn hefur ritun sögunnar og nær aftur til þess tíma þegar frásögn hans hefst. Seinni bogalínurnar tvær sýna hvaða tímabil aðalheimildarmenn hans tveir, Guðrún Jónsdóttir og Stefán Þorláksson, vitna um.

Í *Innansveitarkroniku* er unnið með sjónarhorn með markvissum hætti. Eins og nafnið gefur til kynna gegnir tími líka mikilvægu hlutverki í sögunni. Hér á eftir mun ég kanna samspil tíma og sjónarhorna. Í fyrstu lít ég á afstöðu sögumannsins til heimilda sinna og í hvaða skilningi er hægt að líta á *Innansveitarkroniku* sem jarteinabók. Í síðari hlutanum greini ég vissa eiginleika tónlistar í sjónarhornaskiptum bókarinnar. Sú túlkun er gerð að fyrirmynd Umbertos Eco.

### Að koma til skjalanna: sagnamaður og áheyrendur: sögumaður og lesendur

Í ritgerð sinni um sagnamanninn gerir þýski menningarfræðingurinn Walter Benjamin grein fyrir tveimur viðteknum hugmyndum um þessa manngerð. Hann nefnir annars vegar ferðamann sem flytur fregnir af fjarlægum slóðum, hins vegar heimamann sem gjörþekkir nánasta umhverfi sitt, sögur tengdar því og háttalag íbúa þess. Benjamin segir að ef menn vilji gera sér þessa menn í hugarlund megi sjá þann fyrrnefnda fyrir sér sem sjómann á kaupskipi, þann síðarnefnda sem bónda með fasta búsetu sem yrkir jörðina.<sup>42</sup> Það er áhugavert að bera sögumann *Innansveitarkroniku* saman við staðalímyndir hinnar munnlegu hefðar. Sögumaðurinn kallar sig blekbera í textanum eins og fyrr segir en annars staðar bregður líka fyrir orðinu blekbóndi þegar hann vísar til sjálfs sín. Blekbera-nafnið er auglýnilega myndað eftir orðinu „mjólkberi“ en slíkt embætti hafði sögumaðurinn á yngri árum. Þannig segir hann frá kynnum sínum af Guðrúnu Jónsdóttur úr Mosfellsdal með þessum aðfaraorðum: „[H]ana þekti sá blekberi sem nú dýfir í byttu, í þann tíð hann var mjólkberi í ofangreindu bygðarlagi og lagði á stað með mjólk í pjátursbrúsum klukk-

an fjögur á nóttinni að selja fyrir sunnan“ (Ik 85). Þó að ferðalag mjólkberans hafi ekki verið ýkja langt gefur textinn óbeint til kynna að sögumaðurinn hafi farið víðar, a.m.k. yfirgefið heimabyggðina. Heimaslóðirnar þekkir blekbóndinn hins vegar vel og því má segja að hann hafi bæði ræktað garðinn sinn og borið heim reynslu frá fjarlægum slóðum.

Í áðurnefndri grein um sagnamanninn heldur Walter Benjamin því einnig fram að fyrsta merkið um endalok sagnamennsku hafi verið uppgangur skáldsögunnar. Hún er að hans hyggju ekki spröttin af munnmenntum heldur afsprengi prentverksins og verður aldrei annað en bókmenntaform. Benjamin dregur fram mun á skáldsagna-höfundu og sagnamanni og segir að skáldsagnahöfundur einangri sig og skáldsaga sé afrakstur einangrunar. Hann segir að það að skrifa skáldsögu merki að færa það einstæða út í öfgar því skáldsagnahöfundur geri ekki tilraun til að miðla hliðstæðri reynslu úr lífi sínu og lesenda sinna, heldur einblíni hann þvert á móti á margbreytileika reynslunnar. Um sagnamanninn segir Benjamin hins vegar að hann greini frá reynslu, annaðhvort sinni eigin eða reynslu sem hann hafi numið af öðrum og með því að miðla henni verði hún að reynslu þeirra sem hlusta. Sagnamennska byggir á þeirri list að endurtaka sögur og spinna nýja þræði við gamla jafnóðum og sögum sé miðlað til nýrra áheyrenda.<sup>43</sup> Sögumaður skáldsögu getur vitanlega ekki brugðist við eins og manneskja af holdi og blóði og spunnið nýja þræði við sögu sína eftir smekk lesenda sinna en hann getur hagað máli sínu þannig að textinn verði margræður og bjóði upp á ólíkar túlkanir. Í greininni „Íslenska Akadémían: Kotungar í andófi“ ber Viðar Hreinsson saman tjáninguna í seinni skáldsögum Halldórs Laxness og sagnaþáttum Kjartans Júlíussonar bónda á Skáldstöðum. Halldór hafði dálæti á skrifum Kjartans og gaf meðal annars út úrval þeirra árið 1978. Viðar segir að Halldór hafi í síðari bókum sínum viljað ná fram sama einfalda og sjálfsagða frásagnarhætti og Kjartan og bætir við: „En það er reginmunur á sjálfsprottum einfaldleika í skrifum Kjartans og dýptinni að baki einfaldleikanum á yfirborðinu í verkum Laxness. Einfaldleikinn er Kjartani eiginlegur en afrakstur þrotlausrar vinnu hjá Laxness. Kjartan lýsir því sem fyrir augu ber, en Laxness vinnur úr fjölbreyttu efni til að draga upp margslunginn skáldskaparheim. Í síðari verkum sínum skefur hann miskunnarlaust

utan af textanum þannig að margræður merkingarkjarni stendur eftir“.<sup>44</sup> Vandkvæðin við túlkun *Innansveitarkroniku* eru einmitt fólgin í því hversu einföld hún virðist á yfirborðinu en staldri maður við og rýni í orðin koma í ljós margræðir túlkunarmöguleikar sem geta skipt sköpum fyrir afstöðu manns til sagnaheimsins. Sögumaður *Innansveitarkroniku* gerir sér ljósa grein fyrir því að lesendur hans muni hafa ólíka afstöðu til söguefnisins og hann leggur sig beinlínis fram við að virkja þá til þátttöku. Hann vill ekki einungis að þeir hlusti og taki eftir. Hann vill að þeir hugsi sjálfir.

Í mannlýsingum vísar sögumaður stundum til þekktra manna. Um syni Ólafs bónda á Hrísrú segir að þeir hafi verið „alskeggjaðir og óþekktanlegir frá samtímamönnum sínum Karli Marx og Bakúnín“ og um tengdaföður Ólafs segir að hann hafi verið „allra manna hreinastur og líktist í sjón þeim fræga presti og skáldmenni Grundtvig í Danmörku, með hvítt skegg sem óx undan hökunni og kjálkunum og náði niðrá bríngu, en sléttakraður framaní og virðulegt hvítt hár á herðar niður“ (Ik 25). Guðrún Nordal fjallar um þessa tækni og segir hana til marks um það að Halldóri sé í mun að lýsa fólki nákvæmlega. Um leið sé „landamærum textans“ ýtt út fyrir „sveitamörkin“. Áhrifin af þessu eru að hennar mati þau að „[s]agan tútn[i] út og mennirnir endurvarp[i]st á einni svipstundu út í hinn stóra tímalausa heim.“<sup>45</sup> Sjálfur skýrir sögumaður verksins þessa aðferð með eftirfarandi hætti: „Ég nefni fræga menn sem höfðu andlit tímabilsins svo lesandinn geti flett upp á þeim hver í sinni Veraldarsögu og séð hvurnin andlit ég meina“ (Ik 25). Mér er ekki að fullu ljóst hvað Guðrún á við þegar hún ræðir um hinn tímalausa heim. E.t.v. lítur hún svo á að táknið ljósmyndar sé með einhverjum hætti stöðugra en táknið orða. Guðrún segir þá aðferð að líkja sögupersónum við mikilmenni sögunnar vera sóttá til fornsögunnar og „fyrirmyndirnar hafi átt að dýpka persónulýsinguna.“ Í *Innansveitarkroniku* sé fáránleiki þessarar aðferðar hins vegar afhjúpaður því samanburðurinn sé „aðeins á yfirborðinu, en nái ekki inn að kjarnanum.“<sup>46</sup> Samanburður á persónum mannkynssögunnar og persónum *Innansveitarkroniku* leiðir í ljós yfirborðsleg líkindi en undirstrikar um leið djúpstæðan mun og lesandi sem fer að tilmælum sögumannsins og flettir upp í mannkynssögunni getur vart annað en borið hana saman við *Innansveitarkroniku*. Af slíkum samanburði

kvikna spurningar: hvers vegna eru sumir menn „andlit tímabilsins“ en aðrir andlitslausir, hverjir eru myndaðir, hverjir eru nefndir á nafn?

Með tilkomu ritlistarinnar var stéttaskipting undirstrikuð, saga þeirra er skráð sem höfðu efni á því en sögur hinna verða að eins konar hvísli milli kynslóða. Með tilkomu pappírsins og síðar prentækninnar áttu fleiri kost á að skrá sögur sínar en áður. Málverkið og síðar ljósmyndin héldu áfram að staðfesta misgreiðan aðgang manna að heimildum um líf sitt eftir stétt og stöðu. Málverk eru til af þeim sem höfðu efni á því að láta mála sig og ljósmyndir voru framan af teknar af atvinnuljósmyndurum og þeir myndaðir sem höfðu efni á því. Þegar lesendur *Innansveitarkroniku* taka sér veraldarsöguna í hönd má vera að mismunandi gerðir hennar setji texta og myndir í ólíkt samhengi. Ekki er t.d. víst að Karl Marx fái alls staðar eins vinsamleg eftirmæli. Í huga einhverra kynnu jafnvel að rifjast upp ýmis misjákvæð ummæli Halldórs Laxness um Marx. Andlit tímabilsins hafa þannig ólíkan brag eftir reynslu þess sem skoðar myndirnar, auk þess sem ólíkt textasamhengi hvefrrar útgáfu veraldarsögunnar getur haft sín áhrif á upplifun manna. Einhver kann þannig að sjá mildilegar broshrukkur á andliti Marx þar sem annar sér brúnaþungan skarf. „[H]vurnin andlit“ var sögumaðurinn þá að meina eftir allt saman? Og hvaða andlit var hann að meina? Dýpkar hann lýsingarnar á andlitum tímabilsins með tillögu sinni eða lýsingar kotbændanna? Ef til vill vildi hann varpa öðru ljósi á vangaveitur sínar og *annarra* um erindi *Innansveitarkroniku* við heimsbyggðina undir lok fyrsta kaflans: „Margir telja að Guðs visku og lánglundargeði hafi samt orðið nokkuð ágeingt í þessu máli hér í Mosfellsdal, þó í seinna lagi væri, og mætti heimsbyggðin vel taka nótis af því, þó hinir hafi og nokkuð til síns máls er annað hyggja“ (Ik 11–12).

Hér vakna grundvallarspurningar um tilgang sagnaritunar, frá hverju er vert að segja og hverjir eiga þegnurétt í sögunni? Í veraldarsögunni er almennum borgurum oftast en ekki einungis lýst sem andlitslausum múg. Þeir berjast fyrir konunga í stríðsátökum, hylla þá e.t.v. við krýningar og á sigurstundum en að öðru leyti endurspegla þeir aðeins ástand landsins, örbirgð eða allsnægtir með kjörum sínum. *Innansveitarkronika* er saga þeirra sem stóðu utan við opinbera sagnaritun, hún er saga kotbænda, vinnuhjúa og undirmálsfólks fremur en presta, sýslumanna og annarra embættismanna. Sjálfur kall-

ar sögumaðurinn *Innansveitarkroniku* „jarteinabók“ (182) sem á ágætlega við því í íslenskri sagnaritun eru jarteinasögur þær heimildir sem gefa gleggsta mynd af hversdagslegu lífi almennings á miðöldum. Þar má oft og tíðum finna lýsingar á daglegum störfum eins og þvotti eða fjárgæslu og þeim óhöppum sem hent gátu menn við þær aðstæður og á því hvernig mönnum var veitt björg vegna þess að þeir hétu á heilagan dýrling. Í jarteinasögum er hinn almenni borgari kvaddur til sem vitni rétt eins og hjarðmennirnir í guðspjallinu og sjónarhorn þeirra skiptir máli vegna þeirrar sögu sem þeir hafa að segja.

Sögumaður *Innansveitarkroniku* reiðir sig á munnlegar heimildir en stendur líka traustum fótum í bókmenntum. Samræða hans við veraldarsöguna, bókmenntahefðina og bókmenntagreinar eins og Íslendingasögur og dýrlingasögur gera sögu hans ríka að merkingu en líka erfiða viðfangs.

### Íslendingasaga: dýrlingasaga

Halldór Laxness sagði í viðtali sem vitnað var til hér að framan að með *Innansveitarkroniku* hafi hann viljað „leita til baka, svona nokkurn veginn í upphaf skáldsögunnar, þar sem hún byrjar í kronikunum.“<sup>47</sup> Þessa viðleitni hans má meðal annars merkja á því að sögumaður verksins stendur á mörkum hins ritaða og talaða orðs. Hann gefur sig út fyrir að vinna jöfnum höndum úr munnlegum heimildum og skriflegum og meðal skriflegra heimilda hans eru Íslendingasögur. Menn hafa spurt hvort í þeim votti fyrir skáldsöguvitund þótt ýmislegt mæli gegn því, á sama tíma neita fáir því að Íslendingasögur eigi sér upphaf í munnlegri hefð.<sup>48</sup> Íslendingasögur héldu því ein-kenni munnlegra frásagna að breytast í meðförum þeirra sem færðu þær til bókar — raunar hafa sögurnar haldið áfram að breytast í meðförum manna allt fram á þennan dag.<sup>49</sup>★ Fyrstu atburðirnir sem *Innansveitarkronika* greinir frá áttu sér stað áður en farið var að skrifa á skinn en frásagnir af þeim eru varðveittar í *Egils sögu*. *Innansveitarkronika* hefst á þessum orðum:

Þegar þjóðhetja Íslands og höfuðskáld Egill Skallagrímsson hafði um skeið bygt haug sinn í Mosfellsdal nær þjóðbraut þar sem heitir í Tjaldanesi af því ferðamenn tjalda þar, þá kom kristni í landið. Á þess-

um stað koma tvær ár saman og falla í einu lagi útúr dalnum milli hárra bakka. Voru nú bein skáldsins tekin upp og færð úr hauginum til kirkju þó skáldið hefði verið heiðinn maður. (Ik 7)

Framangreindur kafli einkennist öðru fremur af stefnumótum: manns og moldar, kristni og heiðni, þess innlenda og útlenda, og ármótum, svo eitthvað sé nefnt. Eitt veigamikið stefnumót er ótalið en það er stefnumót munnlegrar geymdar og skrásetningar. Kristnitakan er atburður sem elstu sagnaritarar gátu lýst með upplýsingum frá sjónarvottum; þannig er talið að Ari fróði, höfundur *Íslendingabókar*, sé fæddur um 1068 en kristnitakan var árið 1000.<sup>50</sup> Ef menn vilja leggja trúnað á *Egils sögu* er hæpið að höfundur eða höfundar sögunnar hafi haft upplýsingar frá fyrstu hendi. Talið er að Egill deyi skömmu eftir 990.<sup>51</sup> Heimildir sögumanns *Egils sögu* hljóta því að byggja á munnlegri geymd allt fram á 13. öld þegar sagan var fest á skinn. Í *Eglu* má þó finna eina frægustu tilraun sem gerð hefur verið til þess að færa sönnur á atburði Íslendingasagna. Í raun má segja að sagnaritarinn sýni með hvaða hætti atburðirnir sem greint er frá hafa borist honum til eyrna. Með því markar hann fjarlægð sína frá atburðatímanum en um leið lýstur frásagnartíma og atburðatíma því næst saman. Þetta gerist þegar bein Egils eru tekin úr moldu í annað sinn. Sagan segir:

Grímr at Mosfelli var skírðr, þá er kristni var í lög leidd á Íslandi; hann lét þar kirkju gera. *En þat er sögn manna*, at Þórdís hafi látit flytja Egil til kirkju, ok er þat til *jartegna*, at síðan er kirkja var gor at Mosfelli, en ofan tekin at Hrísbú súa kirkja, er Grímr hafði gera látit, þá var þar grafinn kirkjugarðr. En undir altarisstaðnum, þá fundusk mannabein; þau vátu miklu meiri en annarra manna bein. *Dykkjask menn þat vita af sögn gamalla manna*, at mundi verit hafa bein Egils. Þar var þá Skapti prestur Þórarinsson, vitr maðr; hann tók upp hausinn Egils ok setti á kirkjugarðinn; var haussinn undarliga mikill, en hitt þótti þó meir frá líkendum, hvé þungr var; haussinn var allr báróttir útan svá sem hørpuskel. Þá vildi Skapti forvitnask um þykkleik haussins; tók hann þá handœxi vel mikla ok reiddi annarri hendi sem harðast ok laust hamrinum á hausinn ok vildi brjóta, en þar sem á kom, hvítnaði hann, en ekki dalaði né sprakk, ok má af slíku marka, at hauss sá mundi ekki auðskaddr fyrir hoggum smámennis, meðan svörðr ok hold fylgði. Bein Egils vátu lögð niðr í utanverðum kirkjugarði at Mosfelli.<sup>52</sup>

Það vekur athygli í kaflanum hvernig tímasetning skírnarinnar er negld niður með hliðsjón af stóratburði. Því næst er stiklað á stóru í sögu Mosfellskirkju. Þegar kemur að viðskiptum séra Skapta Þórarinssonar við hauskúpuna skiptir frásögnin allt í einu um hraða og smáatriði eru gaumgæfð og þeim lýst af natni. Nákvæmnin orkar á lesandann eins og önnur rödd berist gegnum textann; þessi rödd er eins og vitnisburður sjónarvottar. Nákvæmnin blekkir lesandann og orkar á hann eins og nálægð, færir lesandann nær söguviðinu og atburðunum sem greint er frá.

Umberto Eco gerir á einum stað greinarmun á því sem kalla mætti sameiginlegar minningar og eigin minningar. Þær fyrrnefndu eru minningar sem menn hafa numið af frásögnum úr umhverfinu, t.d. bernska foreldra þeirra, stóratburðir í sögu þjóðarinnar eða heimsins; hinar síðarnefndu eru hins vegar upplifanir þeirra sjálfra á atburðum gærdagsins eða annað af því tagi.<sup>53</sup> Þegar frásögn *Egils sögu* í brotinu hér að framan er lesin skynjar lesandinn kristnitökuna og byggingu kirkjunnar sem sameiginlegar minningar. Frásögnin af viðureign séra Skapta við hauskúpuna er hins vegar sett fram nánast eins og um eigin reynslu sögumannsins sé að ræða. Atburðunum virðist miðlað frá sjónarhorni sjónarvottar því sagan segir: „Þykkjask menn þat vita af sögn gamalla manna, at mundi verit hafa bein Egils.“<sup>54</sup> *Innansveitarkronika* speglar sig með ýmsum hætti í þessari frásögn *Egils sögu*. Leikur höfundanna með sameiginlegar minningar og eigin minningar er áþekkur og raunar virðist mér sem færslan frá sameiginlegum minningum til eigin minninga sem greina má í kaflanum úr *Eglu* sé hafður að nokkurs konar fyrirmynd frásagnarháttar *Innansveitarkroniku* í heild. Í *Innansveitarkroniku* er þessi langi kafli úr *Egils sögu* tilfærður nánast orðréttur:

Þegar kirkjan var flutt fundust, að því er *skrifað* er, mannabein undir altarisstað í Hrísbúarkirkju hinni fornu; voru þau miklu meiri en annarra manna bein og fluttu mosdælir þau til Mosfells ásamt með kirkjunni og þóttust gamlir menn kenna þar bein Egils Skallagrímssonar.

Það er til marks um mikilleik þessara beina að sá prestur er stóð fyrir ofangreindri beinaupptöku á 12tu öld, Skafti að nafni Þórarinsson, hann tók upp hausinn að því er segir í *Egils sögu*, og setti á kirkju-garðinn; var hausinn undarlega mikill. En hitt þótti þó meir frá líkindum hve þúngur var; hausinn var allur báróttur utan, svosem hörpuskel. Þá vildi Skafti forvitnast um þykkleik haussins; tók hann þá handöxi



vel mikla og reiddi annarri hendi sem harðast og laust hamrinum á hausinn og vildi brjóta, en þar sem á kom hvítnaði hann en ekki dalaði né sprakk, *segir sagan orðagrant*. Bein Egils voru lögð niður í utanverðum kirkjugarði að Mosfelli og hefur einginn maður séð þau síðan; hafa forspáir menn sagt að þau muni eigi aftur finnast fyren á Iðavelli. (Ik 8–9. Leturbreyting HI)

Í upphafi umfjöllunar minnar um *Innansveitarkroniku* talaði ég um að sögumaður bókarinnar gerði úttekt á trúarlífi í Mosfellssveit fremur en kristnihaldi því þó sagan snúist að mestu leyti um niðurrif og uppbyggingu á kirkju, þá er ekki þar með sagt að þeir sem berjist gegn niðurrífi hennar og síðar uppbyggingu séu kristnir. Það hefur löngum verið trú Íslendinga að þeir séu afkomendur mikilla kappa og undirstaða þeirrar trúar eru Íslendingasögurnar. Í *Egils sögu* er sagt frá því hvernig hinn heiðni Egill Skallagrímsson er innlimaður í kirkjugarðinn en sögumaður *Innansveitarkroniku* skopast að þessu strax í upphafi þegar hann blandar saman tveimur heimsmyndum. Hann bætir við frásögn *Eglu* orðunum sem hér eru skáletruð: „Bein Egils voru lögð niður í utanverðum kirkjugarði að Mosfelli og hefur einginn maður séð þau síðan; hafa forspáir menn sagt að þau muni eigi aftur finnast fyren á Iðavelli“ (Ik 8–9). Iðavellir koma fyrir í *Völuspá* en þar munu æsir hittast öðru sinni eftir ragnarök — himnaríki og helvíti eru sem sé ekki einu kostirnir sem eru í boði. Ólafur á Hrísrú trúir Íslendingasögunum og þegar hann fréttir að rífa eigi Mosfellskirkju fer hann að prestinum og vill berjast að fyrirmynd forn-kappa. Við prestssetrið verða eftirfarandi orðaskipti:

Er þetta kanski ekki kirkja Egils Skallagrímssonar og var kanski ekki hausnum af Agli stolið frá okkur hrísbrúningum í upphafinu? spyr Ólafur bóndi.

Séra Jóhann svarar að því miður vitum við ekki leingur hver sá dýrlingur var sem Mosfellskirkja var vígð í upphafi.

Ólafur segir: Þó Egill Skallagrímsson sé ekki nógu mikill dýrlingur handa ykkur mosfellsanskotum þá er hann nógu góður fyrir okkur á Hrísrú. Og þó þið hafið stolið kirkjunni frá okkur þá teljum við okkur eiga svo mikið í henni að við látum aldrei yfir okkur gánga að þessi kirkja verði rifin. Við erum hingað komnir úr teignum á Hrísrú af því við þolum ekki leingur að búa undir kúgun. Segðu þessum anskotum það. Hér skal verða barist. Blóð skal mæta blóði. (Ik 48–49)

Þegar prestur býður Ólafi kaffi litlu síðar svarar hann: „Heldur þú og þið anskotar að Egill Skallagrímsson frændi minn hafi farið að drekka kaffi þegar hann var í vígahug?“ (Ik 50). Það sýnir sig þó að Ólafur á Hrísrú er enginn bardagamaður og aðförin að prestinum endar sem bónorðsför því hann biður Guðrúnu Jónsdóttur vinnukonu prestsins um að ganga að eiga Boga son sinn. Kaffisopann þiggur hann fyrir rest. Eins og Guðrún Nordal hefur bent á er skopast að því í *Innansveitarkroniku* hvernig Íslendingasögur hafa mótað sjálfsmynd Íslendinga bæði fyrr og síðar.<sup>55</sup> Guðrún hefur líka bent á að Ólafur á Hrísrú sé ekki einn um að líta svo á að Egill Skallagrímsson sé dýrlingur Mosfellskirkju í *Innansveitarkroniku*.<sup>56</sup> Máli sínu til stuðnings vísar hún til tveggja staða í bókinni, annars vegar þar sem sagt er að „mosdælir stæðu allir sem einn með því að hafa guð kjuran á sínum stað þar sem hann átti heima, en það var í Mosfellskirkju þar sem höfuð Egils Skallagrímssonar býr“ (Ik 41). Á hinum staðnum segir: „Allir voru búnir að gleyma hver sá dýrlingur var sem kirkju þessa hafði átt að upphafi en ýmsir hugðu þann dýrling hafa verið Egil Skallagrímsson“ (Ik 109). Eðlilegt er að líta svo á að í *Eglu* sé látið að því liggja að fundur beina Egils færi fyrst og fremst sönnur á frásögnina en orðalagið: „er þat til jartegna“ getur vísað í tvær áttir. *Íslensk orðabók* gefur tvær skýringar á orðinu jarteikn: annars vegar ‘merki, gripur til sannindamerkis um e-ð’, hins vegar ‘kraftaverk, undur: jarteiknir heilags Þorláks; jartei(k)nasögur, safn af kaþólskum kraftaverkasögum er áttu að hafa gerst fyrir áheiti á helga menn’. Sé tekið mið af kenningu sem Philip Roughton hefur sett fram í fyrirlestri má líka tengja jarteinirnar í *Egils sögu* við dýrlingasagnahefð. Með samanburði á *Eglu* og *Þorláks sögu byskups inni elztu* sýnir Roughton fram á að hefðbundnir frásagnarliðir helgisögunnar séu endurteknir í *Eglu* með írónískum hætti. Hinn heiðni, uppivöðslusami og ofbeldishneigði víkingur sé vitanlega fullkomin andstæða kristins, lítilláts og friðsæls biskups. Fundurinn á beinum Egils og tilraunir Skapta Þórarinssonar til að brjóta höfuðkúpu hans eru samkvæmt þessu skrumskæling á þeirri hátíðlegu athöfn þegar bein dýrlinga eru tekin úr jörðu.<sup>57</sup> Það virðist örla á þeim skilningi hjá mönnum eins og Ólafi á Hrísrú að *Egils saga* sé dýrlingasaga, án allrar íróníu. Bein Egils eru í augum þeirra sem trú á hann sem dýrling annað og meira en einber sönnun fyrir tilvist hans. Eins og í *Kristnihaldi undir Jökli* standa lesendur

*Innansveitarkroniku* frammi fyrir því að tungumálið er bæði farvegur sanninda og skáldskapar og það getur oft og tíðum verið túlkunaratriði hvort orð vísa til þess sem við köllum alla jafna raunveruleika eða til einhvers annars sviðs þar sem önnur lögmál gilda.

Viðar Hreinsson sér ekki aðeins skoplegar hliðar á lýsingum *Innansveitarkroniku* á trúarlífi í dalnum. Hann lítur svo á að „[h]aus Egils Skallagrímssonar breið[i] tíma sögunnar yfir alla Íslandssöguna, bein hins heiðna skálds sem flutt voru í utanverðan kirkjugarðinn á Mosfelli herð[i] kergjuna í Hrísbúningum. Og í sögulok [sé] sagan kölluð jarteinabók sem þýð[i] að hún [sé] röð kraftaverka sem lyft[i] merkingunni yfir hið hversdagslega, gef[i] þannig til kynna að fleira búi undir.“<sup>58</sup> *Innansveitarkronika* á sameiginlegan áhugann á vitnisburði þeirra sem gjarna standa utan við hefðbundna sagnaritun með jarteinasögum en dýrlingur sögunnar er þó ekki Egill Skallagrímsson heldur Mosfellskirkju að mínu mati. Í samtalsbók Matthíasar Johannessens og Halldórs Laxness er t.a.m. sagt fullum fetum: „Aðalpersónan í *Innansveitarkroniku* Halldórs Laxness er Mosfellskirkjan. Allt mannlíf bókarinnar, eða öllu heldur sveitarinnar, stendur í einhverju sambandi við hana.“<sup>59</sup> Viðar Hreinsson benti á að seinni skáldsögur Halldórs Laxness fái lesendur til að íhuga ‚margræðan merkingarkjarna‘ og í *Innansveitarkroniku* er stutt á milli trúar á sannindi og trúar á undur á borð við hetjudáðir Íslendingasagna eða kraftaverk dýrlingasagna.

## Jarteinabók

Ef menn vilja fallast á að Mosfellskirkja sé aðalpersóna *Innansveitarkroniku* má ennfremur segja að kirkjan sé persónugerð í Jesú Kristi þegar sögumaður staðhæfir að hún hefði með nokkrum rétti mátt taka sér orð frelsarans á krossinum í munn:

Sé litið heim að Mosfelli núna væri ætlanda að kirkjan hefði staðið þar á hólnum og turninn borið við ský síðan í fornöld. Svo er þó eigi. Aftur og aftur hvarf kirkja þessi af hólnum. Æ ofaní æ var hún rækilega burt máð af blöðum sögunnar, numin úr lögum guðs og manna, ekki nefnd í skilríkjum, ekki vísa um hana til í munnmælum. Hafi nokkur kirkja nokkru sinni getað hrópað með nokkrum rétti guð minn hví hefur þú yfirgefið mig, þá er það Mosfellskirkja. (Ik 9)

Kirkjan verður að eins konar sporgöngumanni frelsarans. Þannig segir sögumaður eftir rúmlega miðja bók, þegar kirkjan hefur verið jöfnuð við jörðu í þriðja sinn: „Nú myndi margur hyggja að sú saga væri á enda kljád og ofangreind kirkja hefði flust til himna, í það græna tún, fyrir fult og fast. En það var nú síður. Sagan er ekki nema hálf sögð enn. Nú hefst raunar sagan“ (Ik 103). *Innansveitarkronika* greinir nefnilega ekki aðeins frá niðurrifi kirkjunnar á Mosfelli, hún greinir líka frá upprisu hennar, ef svo mætti að orði komast, því ný kirkja er byggð á staðnum í stað þeirrar gömlu. Orðið upprisa minnir enn á líkindi með kirkjunni og lífi, aftöku, upprisu og eftirlífi Jesú Krists. Með þessum hætti er *Innansveitarkronika* a.m.k. í aðra röndina niðurlægingar- og píslarsaga kirkjunnar á Mosfelli.

Sögumaður nefnir *Innansveitarkroniku* jarteinabók. Jarteinasögur standa gjarna aftan við sögur af helgum mönnum og eiga það sameiginlegt að fólk í vanda heitir á dýrling og losnar þannig úr nauðum með yfirnáttúrulegum hætti að því er virðist. Sögurnar eru til marks um mátt dýrlingsins og helgi í eftirlífinu en þær eiga ennfremur að færa sönnur á lifandi mátt orðsins: að ‘heita á’ eða ‘áheit’ þýðir að leggja traust sitt á orðið eða heitið og þegar máttur þess sýnir sig verða jarteinir. Í greininni „Jarteinir og helgir dómur“ segir Ásdís Egilsdóttir:

Helgir dómur dýrlings voru sýnilegir, ápreifanlegir hlutir en máttur þeirra var ósýnilegur og guðdómlegur. Dýrlingur var nálægur í jarðneskum leifum sínum þó að sálin hefði yfirgefið hann og máttur hans var falinn í þeim hversu litlar sem þær voru.<sup>60</sup>

Í *Innansveitarkroniku* er kafli sem öðlast hefur sjálfstætt líf sem frásagnarþáttur og verið klofinn út úr skáldsögunni og gefinn út sérstaklega. Heiti kaflans er „Sagan af brauðinu dýra“. Þar greinir frá því þegar Guðrún Jónsdóttir villist á Mosfellsheiði þrjá daga og þrjár nætur um þær mundir sem verið er að rífa kirkjuna. Að lokum finnst hún heil á húfi. Í kaflanum segir að hún hafi krotað í moldina nærri staðnum sem hún fannst á, eitthvað sem sumir segja að muni hafa verið erfðaskrá. Þegar sögumaðurinn tekur viðtal við hana síðar ber þetta á góma:

Spurning: Er það satt að þú hafir gert erfðaskrá í þokunni?

Það var sosomeg ekki mikla erfðaskrá að gera, segir Guðrún Jóns-

dóttir. Ég átti þrjár lambkreistur. Það var alt og sumt. Jæa nema fyrstu nóttina hét ég á Mosvellskirkju að gefa henni lamb ef ég yrði mér ekki til skammar fyrir guði og mönnum með því að verða úti uppá holti um hávorið. (Ik 87)

Ef við lítum aftur á brotið úr *Innansveitarkroniku* sem tilfært var hér að framan og hófst á orðunum „Sé litið heim að Mosfelli núna ...“ þá má sjá að sögumaðurinn vísar til reynslu sem unnt er að afla sér „núna“, á þeirri stundu sem textinn er skrifaður. Ópersónuleg setningagerðin: „Sé litið ...“ felur ennfremur í sér eins konar tilboð til lesenda að sannreyna fullyrðingu sögumannsins. Hér skarast sögu-sviðið sem sögumaðurinn er á og svið hins raunverulega lesanda. Það síðarnefnda er hins vegar ekki tryggt, að því leyti að ekki er víst að sú Mosfellskirkja sem þarna er vísað til „núna“ muni standa um alla eilífð. Þannig gæti kirkjan verið horfin þó bókin verði enn lesin eftir 100 ár, og þá væri til lítils að líta heim að Mosfelli. Í sögunni hefur þegar verið greint frá því að aftur og aftur hafi kirkjan verið „mád af blöðum sögunnar“. Á þeim tíma hefur hún einungis verið til sem hugmynd eða orð á munnri fólks, e.t.v. með svipuðum hætti og Egill Skallagrímsson. Í *Innansveitarkroniku* er kirkjan ekki aðeins hlutlægt fyrirbæri heldur líka huglægt. Þannig halda íbúar Hrísrúar áfram að líta á Mosfellskirkju sem sína kirkju þó að hún hafi verið rifin. Þegar Finnbjörg, kona Ólafs á Hrísrú, deyr er hún jarðsungen í Mosfellskirkjugarði og af því tilefni lætur hann grafa kirkjuklukku Mosfellskirkju upp úr hlandforinni við bæinn þar sem hún hafði verið falin. Í jarðarförinni hringir Ólafur klukkunni látlaust og í háttalagi hans skynjar lesandinn umkomuleysi hans og sorg. En klukkan er líka hluti fyrir heild, hljómur hennar stendur fyrir kirkjuna sem hefur verið rifin:

Þeir njörvuðu klukkuna með snærum við dyradróttina í sáluhliðinu. En með því ramböld vantaði sem bjalla verður að hafa svo hún leiki laus þegar tekið er í klukkustreinginn, og hringinginn fái lángan tón af sveiflu, þá varð Ólafur á endanum að gera kólfinn lausan og dängla utaní klukkuna með honum. *En þó hringing væri hljómlítill og ögn bundin var þetta þó klukknahljóð og hljómur Mosfellskirkju* [Leturbreyting HI]. Þegar líkfylgdin nálgadist tók hann að hringja. Hann linti ekki hringingu meðan kistan var borin um sáluhliðið. Hann hringdi meðan fólkið var að tínast inni garðinn. Hann hringdi meðan kistunni var sökt

í jörðina og meðan presturinn var að kasta rekunum og fólkið að tínast burt frá gröfinni en rétti annars hugar þá höndina sem laus var þeim sem kvöddu hann og samhrygðust honum, uns fóstursonur hans sem sat á þúfu sagði honum að nú væri seinasti maðurinn farinn og alt búið. Þannig hríngdi Ólafur kallinn á Hrísbú alla sveitina inn í kirkju-garðinn á Mosfelli og útúr honum aftur. (Ik 156–157)

Þegar klukkan og kaleikurinn skjóta upp kollinum í hinna nýju Mosfellskirkju undir lok bókarinnar, þá eru þessir dýrgripir til sannindamerkis um það að þetta sé hin sanna og rétta kirkja. Á sama tíma getur manni virst sem helgidómar kirkjunnar, kaleikurinn og klukkan, jafnast á við líkamsleifar dýrlings; þegar klukkunni er hringt er kirkjan nálæg enda þótt nærvera hennar sé ekki áþreifanleg að öðru leyti. Viðar Hreinsson segir um *Innansveitarkroniku*:

*Innansveitarkronika* er einföld á ytra borði og virðist sundurlaus í byggingu. Hún rétt tæpir á söguþræði og bregður upp svipmyndum sem sögumaður í líki forvitins fróðleiksgrúskara tíni saman. Um leið er sagan í andstöðu við hefðbundið form skáldsögunnar og leggur á borðið þá huglægni sem í frásagnaraðferðinni liggur. Sögumanni hefur tekist sá galdur að tengja fróðleiksatriði sem virðast lítilsverð. Samt er það svo að „heimildirnar“ sem virðast svo brotakenndar fá mál með sérstæðum hætti. Þegar upp er staðið blasir við margræð heildarmynd sem ekki er hægt að túlka á einn veg. Þess í stað eru margar raddir, mörg merkingarsvið í einni hljómkviðu.<sup>61</sup>

Ég er sammála Viðari Hreinssyni um andstöðu *Innansveitarkroniku* við hefðbundið form skáldsögu. Ég er jafnframt sammála því að það er göldrum líkast hvernig sögumanni tekst að tengja fróðleiksatriðin saman; það tekst honum í krafti Mosfellskirkju sem er hin eiginlega þungamiðja *Innansveitarkroniku*. Það er hún sem heldur frásögninni saman. Persónur og atburðir snúast um hana eins og plánetur um sólu bæði á þeim tíma sem hún stendur en líka þegar hún er einungis til sem orð á munni fólks. Ég er líka sammála honum um það að verkið er hljómkviða margra radda en það er hægara sagt en gert að gera grein fyrir tónlist í rituðu máli.

## Konsert fyrir sjónarhorn; forleikur

Umberto Eco heldur því fram í greiningu sinni á skáldsögunni *Sylvie* eftir Gérard de Nerval (1808–1855) að endurlit sögumannsins brjóti upp línulega tímaframvindu með reglulegum hætti. Hann telur að þetta orki á lesandann eins og tónlist og þótt hann sé þess e.t.v. ekki meðvitaður við fyrsta lestur þá verði hann var við tónlistina við endurlestur. Að Ecos hyggju á ‘taktur’ sem þessi sinn þátt í því hvort við hrífumst af verki eða ekki.<sup>62</sup> Í *Sylvie* er sambandið milli sögu og plotts með flóknasta móti því sögumaðurinn hefur ekki tök á framsetningu tíma í frásögn, auk þess sem skipti milli endurlita og framlita eru illgreinanleg. Áhrifin á lesandann eru þoku- eða draumkennd og hann þarf stöðugt að endurlesa það sem á undan er komið til að ná áttum í söguheiminum. Eco grípur til þess ráðs að setja fram samband tíma og plotts á myndrænan hátt og þá koma í ljós ólík tímaþlön í frásögninni sem farið er á milli með reglulegum hætti. Með þessu móti verður takturinn sem minnst var á greinanlegur sem „sjónræn“ blekking við myndræna framsetningu.<sup>63</sup>

Ef nokkrir kaflar í *Innansveitarkroniku* eru skoðaðir í þessu ljósi er áberandi hvernig sögumaðurinn hoppar fram og aftur í tíma í öðrum kafla bókarinnar. Kaflinn nefnist „Ljótt land, framþróun ókunn“ og hefst á lýsingu á aðstæðum í Mosfellssveit eins og þær eru á tímasviði sögumannsins: „Hóllinn sunnanundir Mosfelli þar sem kirkjan stendur sánkar að sér meira sólskini en aðrir hólar.“ Frá þessari mynd, af kirkjunni baðaðri sólskini, fer sögumaðurinn yfir dalinn „þar sem ekki sér sól tíu og uppí átján vikur á ári“. Þetta stutta ferðalag er bæði í tíma og rúmi því ferðinni er jafnframt heitið aftur í tímann: „Í svona skugga lágu Partabæirnir þrír [...] Þó dimt hafi verið á Partabæum þar sem jafnan bjuggu fátækastir menn dalsins, lágu þeir á jarðhitasvæði og er hiti partabæahveranna nú talinn í tölum sem minna á reikning ljósára í geimnum“ (Ik 13–14).

Það er langur vegur frá hólnum undir Mosfelli og út í geim en það er engu líkara en sögumaðurinn spennir sjónsviðið í þessum kafla til hins ítrasta. Lýsingarnar einkennast öðru fremur af andstæðuþörum eins og heitur – kaldur, ljós – dimmur, nútíð – fortíð og jörð – geimur. Sögumaðurinn þreifir fyrir sér á sögu sviðinu eins og hann

sé að leita að réttum stað og tíma. Hann hefur yfirsýn yfir aldirnar allt frá því að vatnið rann úr hvernium í „hundrað þúsund ár [...] í stríðum straumum til sjávar“ þar til prestsmaddaman á Mosfelli fór að seyða þar brauð og þá stóð „[r]ekugrey lasið [...] í sandinum öld frammaf öld til að grafa deigið niður hrátt og síðan upp aftur fullseytt brauð“ (Ik 14). Sögumaðurinn fer frá ljósárum til þúsund ára, næst líður öld fram af öld og svo fyllist sögusviðið af móðu áður en hann beinir sjónum sínum aftur að nútímanum:


Í logni stigu gufur uppaf hverunum og lögðust í mynd dalalæðu yfir kirkjumó, sem svo hét mýrlend flatneskja dalbotnsins (Víðir núna).

Af Mosfellsbólum hefur mátt sjá ljósum fjölga í Reykjavík frá því fáeinir veslingar einokunarinnar dönsku sátu þar við grúrtartýru á 18du öld, þángaðtil höfuðborg Íslands skín nú þar út við sund með meiri ljósadýrð á nef en tíðkast í öðrum höfuðborgum. Þessi glæsta borg er nú hituð upp með hveravatninu kotkarlanna á Partabæunum og hefur nú meira baðvatn á nef en nokkur önnur borg í heiminum að undan-  
tekinni höfuðborginni á Kamsjötku. (Ik 14–15)

Í framhaldi af þessu lítur sögumaðurinn aftur til fortíðar: „Ugglaust hefur dropið smjör og hunáng af hverju strái handa vættum í dal þessum, einsog öðrum dölum Íslands áður menn komu í landið“ (Ik 15). Þetta tímabil er líka látið líða fyrir hugskotssjónir lesandans í einni sviphendingu og tengt nútímanum, rétt eins og áður var gert með hverinn sem rann úr ljósárafjarlægð alla leið til baðkera Reyk-  
víkinga nútímans.

Enn og aftur er tímabil í fortíðinni skilgreint þegar talað er um lok miðalda. Þá segir sagan að búið sé að „naga landið oní rót og spilla því með öllum tiltækum hernaðaraðgerðum einsog nú er gert í Víetnam“ (Ik 16). Sögumaðurinn leiðir svipmyndir úr sögu dalsins fyrir hugskotssjónir lesandans, þetta er aðferð til að lýsa heimi sem virðist kyrrstæður í samanburði við þær öru breytingar sem verða undir lok 19. aldar og á 20. öld. Sögumaðurinn markar alls fjögur tímabil í kaflanum, það síðasta hefst þar sem Jónas Hallgrímsson ríður um sveitina. Tímabilin mætti setja fram gróflega í skema eins og hér að neðan. Til hægðarauka er tíminn sem líður frá sköpun heimsins fram að landnámi Íslands nefndur „jarðsögulegur tími“.





Eins og sjá má á myndinni styttest endurlit sögumannsins frá fortíð til nútíðar sífellt eftir því sem líður á kaflann. Lýsingarnar á hverju endurliti eru þó álíka löng, í orðum talið. Lesandinn upplifir þetta eins og það hægist á frásögninni en það er „sjónræn“ blekking sem kemur fram við myndræna framsetningu.<sup>64</sup> Þegar tiltölulega stutt tímabil er gaumgæft á jafnlöngum heildartíma og langt greinum við hreyfingu og jafnvel einstaka menn. Þannig segir í lýsingu á síðasta tímabilinu: „Og lestir úr fjarlægum sveitum halda áfram að tosast gegnum dalinn. Stundum sátu mosdælir á hlaðhellum sínum á sumrin og voru að gera að reipum og tóku ofan fyrir lánferðamönnum. Einusinni reið Jónas Hallgrímsson hjá“ (Ik 19).

Á einum stað í upphafi lýsir sögumaður skynjun Mosdælinga á tímanum með þeim hætti að þeir hafi látið „aldirnar [dumma] í gegn“ (Ik 16). Í *Íslenskri orðabók* eru m.a. gefnar þær skýringar á „dumma“ að það merki að vera drungalegur, doðalegur, að kveða við barn, að halda lengi út, að ganga hægt og að það sé raulorð til að róa eða svæfa börn. Að mínu viti eiga öll þessi merkingarbrigði orðsins „dumma“ vel við. Í kaflanum eru stef sem ganga í gegnum verkið í heild eins og t.d. nýtjar manna af hvernum, ferðalög í gegnum sveitina og samanburður nútíma og fortíðar. Ef til vill mætti nefna þennan kafla eins konar forleik. Næstu þrjú kaflar sem fylgja í kjölfarið eru á allt öðrum nótum.

## Konsert fyrir sjónarhorn; sú músík sem menn muna þegar þeir eru tíræðir

Í þriðja til fimmta kapitula heldur sögumaðurinn sig nánast alfarið við lýsingar á lifnaðarháttum Ólafs Magnússonar, bónda á Hrísrú, og fjölskyldu hans. Hann er kynntur til sögunnar í stíl Íslendingasagna: „Sá maður er nefndur til sögunnar er Ólafur hefur heitið“. Lýsingar kaflans orka á lesandann eins og þær gerist í tímaleysi enda engar ákveðnar tímasetningar gefnar. Sögumaðurinn lýsir venjum þeirra Hrísrúinga og þeir bregða ekki út af vananum. Enginn atburður er einstakur heldur hluti af háttalagi þeirra. Ef litið er á lýsingar á klæðaburði Ólafs, þá fer hann „ævinlega“ til kirkju í sparifötunum (Ik 21). Og litlu síðar segir um daglegan klæðnað Ólafs og sona hans: „Þessir menn fóru aldrei í utanyfir sig, en ullartreyur þeirra og peysur héldu vatni og vindi einsog reifið á íslenskri sauðkind. Alt heimaunnið í sauðalitum, mest mórault“ (Ik 26–27).

Í köflunum er eins og reynslu margra sem sáu til þeirra feðga sé miðlað með rödd sögumannsins: „Fáir áttu leið um á Hrísrú svo ekki stæði þar maður úti, einn eða fleiri. Oft stóð Ólafur bóndi sjálfur úti fyrir opnum skemmudyrum, stundum að þrjóna sokk eða hann tálgaði brúnsþón í hrífutinda með sjálfskeiðingnum sínum og lét spænina í vasa sinn ellegar át þá“ (Ik 24). Hér segir af sameiginlegum minningum. Lýsingarnar eru blátt áfram og það er kyrrd yfir söguviðinu, allt þar til sjónarhornið breytist skyndilega undir lok fimmta kafla:

Úr því sláttur var hafinn mátti sjá hrisbrúinga í túni sínu á þeim tíma sólarhrings sem ekki voru aðrir menn á ferli nema einn og einn mjólkurpóstur sem fór uppúr miðnóttinni á stað suður með brúsa sína í vagnkerru. Mér var aldrei ljóst hvort þeir voru heldur nýkomnir á fætur eða ekki farnir að háttu. Þeir sáu varla hreyfast, enda var túnið þýft og hentaði ekki sláttumönnum sem eru vanir að skára. Manni þótti einkennilegt að sjá þessa skeggjuðu menn að puða klukkan þrjú á nóttinni, næstum hreyfingarlausu í grasinu, í kuðung yfir orfinu, kanski sofandi. Málalyktir urðu þær að þúfnakarginn stóð eftir snoðrakaður og aldrei skorti hrisbúinga hey. Enn minnst ég þess þegar þeir voru að deingja ljá úti túni uppúr miðnótt. Það verk er í því falið að þynna bláeggina á ljánum svo hann taki betur brýningu; egginn er flótt með klöppu á steðja. Steðjanum var stungið ofaní þúfu

og sat deingjarinn klovvega á þúfunni. Barsmíðin hafði nokkuð háan bjölluhljóm og barst vel í næturkyrðinni, heyrðist í fjarlæga staði. Þetta deingingarhljóð vakti góðar undirtektir hjá nývöknuðum skógarfuglum sem slitu ánamaðk í ljáfari þessara manna meðan blautt var á. Þetta er sú músík sem menn muna þegar þeir eru tíræðir. (Ik 37–38)

Áður en kemur að fimmta kafla, „Erfiði óþekt“, hefur sögumaðurinn einu sinni tjáð sig í fyrstu persónu í bókinni þegar hann segir: „Ég nefni fræga menn sem höfðu andlit tímabilsins svo lesandinn geti flett upp á þeim hver í sinni Veraldarsögu og séð hvurnin andlit ég meina“ (Ik 25). Þegar hefur verið fjallað um þetta ávarp hér að framan en eins og sjá má er fyrstupersónufornafnið notað með öðrum hætti þar en hér er gert: „Enn minnst ég þess þegar þeir voru að deingja ljá útí túni uppúr miðnótt“ (Ik 39). Í fyrra dæminu eru rödd sögumannsins og sjónarhorn á sama sviði, þ.e. á því sviði þar sem frásögnin verður til. Í seinna dæminu er hann að rifja upp og atburðirnir eru séðir frá sjónarhorni sögumannsins sem barns þar sem hann er staddur á sögusviðinu. Manni getur virst sem sögumaðurinn vilji endurgera það hvernig hár bjölluhljómurinn barst í næturkyrrðinni með frásagnartöf sem verður til þegar verklagi er lýst: „Það verk er í því falið að þynna bláeggina á ljánum svo hann taki betur brýningu; eggin er flótt með klöppu á steðja. Steðjanum var stungið ofaní þúfu og sat deingjarinn klovvega á þúfunni“ (Ik 39).

Það er ekki hending að sögumaðurinn skuli nefna þetta músík, að mínu viti, leikurinn með sjónarhornin er einna líkastur því þegar slegið er í þríhorn eftir hægan fiðlukafli í sínfónísku verki — margradda sjónarhorn ferðalanganna hljóðnar og rödd sögumannsins hljómar ein.

## Konsert fyrir sjónarhorn; hljóðkútur þaninn

Eftir að sögumaðurinn hefur sýnt að hann sé ekki einungis miðlari munnlegra og skriflegra frásagna heldur sjónarvottur að auki tekur hann sér aftur stöðu við skrifpúltið og fer að rekja atburðarásina sem leiðir til þess að kirkjan er rifin. Atburðir eru tímasettir nákvæmlega með hliðsjón af skriflegum heimildum enda þótt hann þurfi að reiða sig á frásagnir þar sem heimildunum sleppir. Þannig er Guðrún

Jónsdóttir kölluð til vitnis um herför Hrísbúarfeðga að séra Jóhanni: „Ég fann þeir voru ósköp fegnir að fá kaffi sneypurnar þær arna, sagði Guðrún Jónsdóttir laungu síðar þegar hún var int fréttu af þessum atburðum“ (Ik 53). Sú breyting hefur orðið frá undangengnum köflum að sumar raddanna hafa fengið nafn og textaheimilda er getið. Bréf eru þó ekki endilega marktækari en almannarómur, eins og kemur berlega í ljós þegar Mosfellingar láta í ljós skoðanir sínar á því hvort kirkjan eigi heldur að standa eða falla:

Líður nú þetta sumar [1887] svo ekki ber frekara til titla né tíðinda [...] Uns upp kemur orðarymtur um það fyrir sunnan að nokkur óklárindi muni vera komin upp í Mosfellsdal. Gróa á Leiti er þar ekki ein á ferð, heldur haft fyrir satt að bréf tvö undirrituð af öllum sóknar-bændum þar efra séu fram komin á hæstu stöðum, annað til biskups, hitt til landshöfðingja. Þessi bréf eru sögð að því leyti einstök og sér-leg, að þó þau séu undirskrifuð af sömu mönnum um sama efni halda þau hvort sína meiningu í einum og sérhverjum þunkti líkt og þar væru komnir tveir harðsnúnir flokkar á vettváng hvor gegn öðrum. Kemur í ljós við samanburð skjalanna að sérhvert konubarn í Mosfellsdal heldur tvær andstæðar skoðanir í þessu máli, til reiðu að berjast fyrir báðum þessum málstöðum, sinn daginn hvorum, af sannfæringu og hörku sem ekki þolir málamiðlun. Er það sannast mála að sá sem fer að rýna í bréf og gjörninga þessa máls, svo í skjalasafni Kjalarnessþíngs sem og biskupsembættisins að sínu leyti og landshöfðingjans yfir Íslandi hinsvegar, hann kemst varla hjá því að nudda sér um augun einusinni eða tvisvar. (Ik 73–75)

Yfirvöldin á Íslandi taka mark á þeirri skoðun sem þeim hentar best og úrslit málsins eru þau að kirkjan er rifin.

Það sem eftir lifir textans hljóma tvær raddir sem sögumaðurinn tekur mark á öðrum fremur en það eru raddir Guðrúnar Jónsdóttur og Stefáns Þorlákssonar. Í köflum 12–15 eru viðtöl sögumannsins við þá fyrrnefndu sett fram eins og leikrit. Í transportmannafætti þess síðarnefnda er hann aðeins kallaður til vitnis endrum og eins en frá-sögnin annars nokkurn veginn óslitin. Færsla bókarinnar milli sjónarhorna í heildina tekið er ekki ósvipuð þeirri sem lýst var í tengslum við kaflann sem tilfærður var úr *Egils sögu*. Munur fyrstu kaflanna og þeirra síðari liggur í því að nálægðin eykst eftir því sem líður á verkið og nákvæmnin verður meiri.

Í frásögnum Guðrúnar Jónsdóttur og Stefáns Þorlákssonar staðfestist tilvera eiginkonu Ólafs á Hrísbú. Í lýsingu á aðstæðum þeirra Hrísbúinga sagði: „Einginn þekti hana, vegfarendur höfðu aldrei séð hana, sumir drógu af líkum að slík kona væri ekki til“ (Ik 31). Guðrún Jónsdóttir fer á fund þessarar konu sem hét Finnbjörg og var „búin að liggja fyrir dauðanum í átján ár (NB einlægt voru árin sögð átján í sveitinni og þeim gerði hvorki að fjölga né fækka þó lega konunnar leingdist um eitt ár á ári)“ (Ik 113). Þessi huldukona felur Guðrúnu kaleik Mosfellskirkju til vörslu og síðar skýtur hann upp kollinum undir lok frásagnarinnar, sem sögumaðurinn tekur til marks um jarteinir.

Stefán Þorláksson elst upp á Hrísbú og hann er fyrstur til að kaupa bíl í sveitinni. Bíllinn er látinn marka upphafið að nýrri tónlist, a.m.k. yfirgnæfir hann „deingingarhljóðin“ að Hrísbú: „Þá voru fyrstu bifreiðar að koma í landið og fróðárundur hin nýu hafin með bændaþjóð sem unnið hafði með sömu amboðum síðan árið 900, enda þekti bráðum einginn bóndi leingur sjálfan sig og skáldin fóru að gráta á prenti sökum missis á sjálfumleika“ (Ik 144). Stefán Þorláksson, síðasta vitnið sem sögumaður kallar til, deyr áður en kirkjan er endurreist. Tilvera hans er því eins og Finnbjargar í orði, maður getur jafnvel dregið í efa að slíkur maður hafi verið til annars staðar en í *Innansveitarkroniku*. Þegar sögumaður rifjar upp kynni Stefáns Þorlákssonar af Finnbjörgu, þá hefst sú lýsing á baðstofunni á Hrísbú en verður smám saman einkalegri uns komið er inn að hjartarótum Stefáns sjálfs:

Lítill stundaklukka með gler fyrir skífunni, og mynd af blómi á glerinu, tifaði í góðri ró á hillunni yfir rúmi þessarar þögullar konu. Þetta tífgat ofangreindur næturgestur á Hrísbú heyrta alla ævi síðan, hvenær sem honum gafst svipstundar tómt til að hlusta inni sjálfan sig; uns hann hné útaf á þjóðveginum. (Ik 151)

*Innansveitarkronika* heitir þessi skáldsaga Halldórs Laxness sem fjallar um túnslátt, klukkuslátt og tifið sem menn heyra innan í sjálfum sér eins og hjartslátt. Hér er leikið með merkingarbrigði orða og hvernig merkingin hverfist og breytist í tímans rás. Mann langar nánast að gráta á prenti yfir þessum glataða tíma. Fyrst óhljóð berast í tal má segja: þessi tími á sér tón sem ekki má gleyma frekar en Bergrúnu Hjálmarson í *Guðsgjafabúlu*:

Það er satt, sagði [Íslandsbersi] og tók fiðluna. Við leggjum frá okkur spil og viskí. Nú ætla ég að reyna að ná þessum tón. Fyrir Bergrúnu.

Hann sat leingi með fiðluna í hnjám sér og fitlaði við streingina og var að reyna að ná þessum sérstaka tóni sem minnir á Bergrúnu Hjálmarsón. (Gþ 304)

## GUÐSGJAFABULA

### Raunveruleikur ~ leit að sögu sem skiptir máli

*Guðsgjafabula* er fyrstu persónu frásögn, sögð af manni sem ekki lætur nafns síns getið enda segir hann á einum stað: „Mín saga eða réttara sagt [...] mínar sögur [...] verða ekki sagðar hér. Hér er ég að rekja þá eina sögu þar sem ævisaga mín skiftir ekki máli“ (Gþ 86). Hver þessi „eina saga“ er liggur þó ekki ljóst fyrir. Snemma í frásögninni biður útgerðarmaðurinn Bersi Hjálmarsson, einnig nefndur Íslandsbersi, sögumanninn að rita ævisögu sína. Persóna Íslandsbersa er fyrirferðarmikil í verkinu en þó er ekki hægt að líta á *Guðsgjafabulu* sem ævisögu hans, til þess eru útúrdúrar sögumannsins of margir og umfjöllunin um Bersa of brotakennd.

Sagan hefst á því að fundum sögumanns og Bersa Hjálmarssonar ber saman vorið 1920 í Kaupmannahöfn. Fyrstu kaflarnir gerast þar og atburðarás nokkurra daga er rakin. Þegar þessum þætti lýkur tekur sögumaðurinn ekki upp þráðinn fyrir en 18 árum síðar. Hann lýkur þó við atburðarásina sem hófst í Kaupmannahöfn með köflum úr bók Egils D. Grímssonar sem nefnist *Síldarsaga mín*. Í henni er greint frá viðskiptum Bersa frá sjónarhorni starfsmanns Íslands Banka í Reykjavík. Frásögn sögumanns frá árinu 1938 hefst í Reykjavík en gerist að drýgstum hluta eitt síldarleysissumar á Djúpavík, þaðan sem Bersi gerir út. Þar hefur sögumaðurinn tekið að sér að ritstýra dagblaðinu Norðurhjaranum. Lokakafli sögunnar gerist næst frásagnartímanum sem er á sjöunda áratugnum. Í honum er greint frá síðasta fundi sögumannsins og Bersa í London.

Af þessari stuttu efnislýsingu má vera ljóst að samskipti sögumanns og Bersa Hjálmarssonar eru hvað sem öðru líður rauður þráður í frásögninni. Sögumaðurinn og Bersi eru með einhverjum

hætti andstæður en þó samherjar út verkið. Annar selur fisk og er tengdur þjóðlífinu með beinum hætti, hinn selur fugla en er skáld að auki. Fuglasala þess síðarnefnda virðist með öllu gagnslaus og fullkomið sjónarspil frá bæjardyrum hinna raunverulegu athafnamanna. Þessir menn eru fulltrúar fyrir fugl og fisk, m.ö.o. alls milli himins og jarðar. Og þó er sem kjölfestur þeirra í lífinu, þessar skepnur sem skilgreina þá, renni þeim sífellt úr greipum og þar með verði þeir hvorki fugl né fiskur. Þessa andstæðu má með nokkrum hætti heimfæra upp á bókina í heild. Í henni eru þversagnir sem eru eyðandi og skapandi í senn. Heimur verksins er ýmist allt milli himins og jarðar eða hvorki fugl né fiskur. Leik með þessa hugsun er víða að finna:

Við settumst við grindverk í matsölu undir berum himni hjá tjörn í garðinum og sólin skein á keisaraálfirnar, tignarleg illfygli og mann-skæðar.

Eru þetta ekki ekta álfir? sagði konan. Eða er það kanski bara sólin sem ekki er ekta?

Valdast hvað kallað er ekta. Tökum til dæmis síldartunnurnar hans Íslandsbersa. Er þær ekta?

Þetta er helvítis svindlari sagði konan. (Gþ 62)

Þeir atburðir sem *Guðsgjafapula* segir frá mynda ekki frásögn í venjulegum skilningi þess orðs þó atvik séu rakin í tímaröð. Á kápu nýlegrar endurútgáfu Vöku–Helgafells á verkinu segir: „Aðalsöguhetjan er Bersi Hjálmarsson, Íslandsbersi, sem er síldarspekúlant frá uppgangstímum auðvalds á Íslandi, braskari og ævintýramaður — alltaf með milljónir í veltunni en þó auralaus.“ Á eftir þessari staðhæfingu fylgir lýsing á bókinni sem að mínu viti er allrar athygli verð:

Guðsgjafapula er mikill aldarspegill. Á skoplegan hátt tekur Halldór til meðferðar velþekktu atburði úr atvinnulífi og stjórnmálum, umfram allt þó sögu síldarinnar. Þannig fær lesandinn marglita mynd af þjóðfélagi á umbrotatímum — mynd sem verður að sögu vegna þess að hún tengist örlögum ákveðins manns.<sup>65\*</sup>

Það fyrsta sem ég hnýt um er fullyrðingin um að ‚myndin‘ verði að ‚sögu‘ því hún tengist örlögum ‚ákveðins manns‘. Hver er þessi ákveðni maður sem vísað er til? Er það Bersi Hjálmarsson eða e.t.v. sögumaðurinn? Sjálfur greinir sögumaðurinn frá því að kveikjan að bók-

inni sé eitt „kallorð, „fall norðurlandsstofnsins““ sem hann rakst á í síldarsögu Egils D. Grímssonar. Um þetta segir hann:

[Þ]egar ég byrjaði að lesa var streingur snortinn sem vakti djúpt með mér minningar öllum öðrum frábrugðnar að blæ og stuðlafalli: sumarið mitt heima á Íslandi, hálfpartinn einsog draumur, nær upphafi heimsstyrjaldar síðari, þegar „hljóðfærasláttur milli sjónleika“ var í lífi mínu og ég sjálfur ekki söguhöfundur og ekki heldur sögupersóna, ekki einusinni aukapersóna í sögu, aðeins áhorfandi án andlits og nafns. (Gþ 184)

Í þessum kafla kemur í ljós ákveðið stigveldi, allt frá lífinu sjálfu, til minninga sem kvikna af lestri síldarsögu Egils D. Grímssonar og þær líða sögumanninum fyrir hugskotssjónir eins og sjónleikur. Minningarnar notar hann síðan sem söguefni og þar með er hann orðinn bæði „söguhöfundur“ og „sögupersóna“ þótt hann sé bæði nafn- og andlitslaus gagnvart lesendum *Guðsgjafabulu*. Sögumaðurinn styðst við heimildir eins og dagbækur en líka sitt eigið minni. Hann vísar til þess staðar þar sem leikur ímyndunarafslins fer fram sem ‚hugskots‘ og segir að hann sjái eitt eða annað fyrir ‚hugskotssjónum‘ sínum. Á einum stað segir hann:

Nokkrir kapitular sem hér fara á eftir rísa á [...] minnisgreinum ásamt óskráðum endurminningum atvika sem mér mundu ekki hafa þótt minnisverð þá, en standa mér núna fyrir hugskotssjónum skýrar en daginn sem þau gerðust; sé þau að minstakosti í því ljósi sem saga gefur atburði; því tíminn einn gerir sögu; og frásögn af því sem er að gerast núna getur ekki orðið saga fyren tímar líða. (Gþ 166)

Fyrir þeim sem vill búa til sögu úr endurminningum sínum eða vinnur með persónulegar heimildir af einhverjum toga opinberast sá sannleiki að tíminn breytir afstöðu hans til atburða. Sú saga sem við búum smám saman til af sjálfum okkur til að koma skipulagi á reynslu okkar og skynjun krefst þess að atburðir séu settir í stigveldi eftir mikilvægi. Í glímunni við orðin verður sögumanni *Guðsgjafabulu* ljóst að líðandi stund er ekki jafngildi sögu og það veldur honum miklum þrautum að reyna að koma heim og saman því sem hann sér fyrir eigin hugskotssjónum og því sem hann les í þeim rituðu heimildum sem hann hefur undir höndum. Glíma sögumannsins kallast á við margt af því sem Halldór Laxness glímur við í



„Persónulegum minnisgreinum um skáldsögur og leikrit“ en frásagnarhátturinn kallast á við *Skáldatíma*. Í báðum bókunum fer Halldór þá leið að láta sögumann horfa á sjálfan sig eins og ókunna persónu á sögu sviðinu. Hér verður þó að hafa í huga að *Guðsgjafapula* er skáldsaga og Halldór nýtir sér frelsi þess forms til að gera tilraunir til hins ítrasta. Eitt af því sem gerir *Guðsgjafapulu* svo sérstæða er hversu upptekin hún er af sjónrænni skynjun og því sem bætt er við, eða glatast, þegar reynt er að miðla henni með orðum.

### Atburðir með stórum staf

Strax í upphafi *Guðsgjafapulu* er komið upp um tímamismun milli atburðatíma og frásagnartíma. Sögumaðurinn sækir sér samlíkingu úr samtímanum 1970 til að lýsa Bersa Hjálmarssyni í Kaupmannahöfn vorið 1920. Hann segir: „Hver sá maður sem nú á dögum léti sjá sig í sjakket á Ráðhúsplássinu í Kaupmannahöfn án þess að hafa vopnaða herdeild spilandi á lúðra í eftirdragi mundi orðalaust vera haldinn fyrir vinstrivillumann eituruðu eða hippa“ (Gþ 8). Síðar kemur fram að þessi kafli byggist á ritaðri heimild. Sögumaðurinn tjáir skoðun sína á þessari heimild seinna í verkinu með eftirfarandi hætti:

Leingi þóttist ég óhultur um að þeir fimm kapitular sem nú voru lesnir (Vormorgunn í Kaupmannahöfn osfrv) mundu aldrei verða annað en það sem þeim var ætlað í upphafi fyrir mart laungu: afþreyingarlesmál í sunnudagsblaði sem birti eftir mig smávegis dótarí snemma á mínum utanvistarárum; endurminning án skuldbindingar. (Gþ 65–66)

Sögumaður talar um þá kapitula sem hafa verið lesnir en ekki skrifaðir og eitt einkenni frásagnar hans er einmitt að vera eins konar lestur með athugasemdum. Hún er lýsing á lesreynslu sem er ekki átakalaus því endurminningar hans um atburðina samræmast ekki heimildum hans. Hann reynir því stöðugt að fylla textann og bæta við hann upplýsingum svo að væntanlegir lesendur hans standi ekki frammi fyrir einhverri stórkostlegri eyðu sem þeim sé ómögulegt að ráða í. Hann skýrir t.d. það að hann skjóti inn í frásögn sína köflum úr síldarsögu Egils D. Grímssonar með eftirfarandi hætti: „Til þess að lesendur fái botn í söguna sé ég þann grænstan að skjóta inn frásögu eftir öðrum höfundum einsog þeir gerðu í fyrri daga í Þúsund og einni

nótt þegar aðalsagan fór að verða torsótt og höfundurinn kominn sjálfur í eins mikinn bobba og lesandinn“ (Gþ 66). Þessar viðbætur eiga að hjálpa lesandanum við lesturinn en eru fremur líklegar til að vekja upp tortryggni hans gagnvart merkingu textans. Aðrar athugasemdir sögumannsins hafa sömu áhrif, t.d. þegar hann talar um sögu sína sem „þetta meiníngarlausu ævintýri“ (Gþ 67) og sömuleiðis þegar hann lýsir því sem „óleysanlegum vanda“ að „búa til bók“ (Gþ 184). Sögumanni *Guðsgjafabulu* vex það sem sé nokkuð í augum að skrifa bækur, en honum er ljóst að því fylgir ábyrgð að segja sögu, einkum og sér í lagi vegna þess að hann er sjónarvottur að þeim atburðum sem hafa átt sér stað. Sagan varðveitir ekki aðeins minningar hans sjálfs um eigið líf heldur ber hann ábyrgð gagnvart þeim sem taka þátt í atburðarásinni og hafa kosið að þegja, viljandi eða óviljandi. Í *Guðsgjafabulu* koma fyrir eftirfarandi hugleiðingar sögumannsins um eigið hlutskipti:

Stundum á hraðbraut æskunnar er maður altíeinu staddur í annarra manna örlögum og þau geta ýtt sjálfumleikanum burt að mestu leyti um stundarsakir; jafnvel orðið að veruleik manns sjálfs þegar tímar líða. Almenningsvagn borgarinnar stansar í svip, eftilvill á óvæntum stað, og farþeganum verður úr sæti sínu litið innum glugga í ókunnu húsi þar sem verið er að halda uppá afmæli; eða drepa mann; eða kyssa stúlku; kanski aðeins borða súpu. Farþeginn er nauðugur viljugur orðinn gluggagægir þvert ofaní sína kristilegu samvisku, og það sem meira er: þáttakandi í öðru lífi en sín sjálfs. Fólkið hefði betur dregið gardínurnar fyrir hjá sér. (Gþ 65)

Þegar *Guðsgjafabula* er lesin má búast við því að á lesendur renni tvær grímur því sagan er í senn sorgleg og brotleg. Sögumaðurinn virðist líka á báðum áttum í afstöðu sinni til þeirra atburða sem hann greinir frá og manni getur virst sem hann taki þá afstöðu af ráðnum hug að fella ekki dóma um persónurnar, breytni þeirra eða örlög. Um persónu Bersa Hjálmarssonar má t.d. lengi velta vöngum því í *Guðsgjafabulu* eru dregnar upp þverstaðar myndir af honum sem erfitt er að koma heim og saman. Er hann góðmenni eða skúrkur? Persónur verksins eins og Hnúlla og Egill D. Grímsson eiga ekki gott með að útskýra hvers vegna þær hrífast af honum. Flóknust verður persóna Bersa þegar samskiptaleyzi hans við konu sína, sem býr ein með hóp

af börnum suður með sjó, er skoðað með hliðsjón af umsvifum hans í viðskiptum.

### Spilafífl eða píslarvottur?

Í *Kristnihaldi undir Jökli*, *Innansveitarkroniku* og *Guðsgjafabulu* má finna undarlegt stef um manneskjur eða fyrirbæri sem ganga aftur eða rísa upp. Í *Kristnihaldi undir Jökli* átti þetta við um Úu en í *Innansveitarkroniku* um kirkjuna; í *Guðsgjafabulu* er það Íslandsbersi sem rís upp aftur og aftur úr gjaldþrotum þegar allir hafa talið hann af. Í sögunni er þessi vísa um hann tilfærð:

Heims í boxi hart fram sté  
við heimsmeistara góðan;  
fjórum sinnum féll á kné.  
Í fimtu lotu stóð hann. (Gþ 292)

Hér að framan var talað um kirkjuna að Mosfelli sem eins konar sporgöngumann frelsarans. Einhverjum kann að finnast langt seilst að líta á Íslandsbersa sem slíkan en þó má færa rök að því að nokkurs konar Jesúgerving sé þáttur í persónu hans.<sup>66</sup> Í síldarsögu Egils D. Grímssonar er honum lýst með þessum hætti:

Landslýðnum þótti vænt um hann einsog nokkurskonar hetju á borð við Gretti sterka Ásmundarson. Einginn bað honum óbæna, ekki einusinni þeir sem áttu hjá honum kaupíð sitt áratugum saman. Þó voru þeir honum tryggastir sem þektu hann best. Hann hafði einkennilegar sálargáfur sem töfruðu menn hvar sem hann fór og þó hef ég heyrt um það deilt hvort hann hafi í rauninni verið læs eða skrifandi. (Gþ 290)

Í „Eftirmála“ við útgáfu á *Grettis sögu* kallar Halldór Laxness söguna píslarsögu „hins eina sanna íslenzka krists [...], þjóðarkristisins sem ber alla vora sorg og sekt.“<sup>67</sup> Ýmislegt í greiningu Halldórs á Gretti er hnýsilegt þegar kemur að því að skoða persónu Bersa Hjálmarssonar. Tillaga mín er ekki sú að Íslandsbersi sé lesinn sem einhvers konar dýrlingur heldur að hann sé lesinn sem flókin og samsett persóna, ekki síst fyrir þá sök að sögumaðurinn og þar af leiðandi lesendur komast aldrei sérlega nærri persónu hans. Erfiðast er að átta sig á honum þegar hann er staddur á söguviðinu, einkum þegar hann hefur orðið. Bersa virðist sama um flest annað en veðmál, vísur,

kvennafar og alls kyns fjarstæðukennt glens, fyrir honum virðist veðmál upp á krónu um það hver tekur „útúr flösku í einum teyg“ jafn mikilvægt og viðskipti sem varða ársframléiðslu heils byggðarlags (Gþ 12). Í upphafi sögunnar á hann í viðskiptum við Svía um 40 þúsund tunnur af síld en gefur frá sér samninginn vegna sérvisku eða spennufíknar. Samt sem áður virðast flestir bera til hans góðan hug.

Í „Eftirmála“ við *Grettis sögu* leitast Halldór við að skýra hvernig persóna Grettis getur talist raunsæ með hliðsjón af heimi miðalda, einkum hvernig það má vera að hann sé látinn „liggja úti á óbyggðum í nítján vetur“, eins stórættaður og hann var. Halldór segir:

Nútímahöfundur er bundinn öðrum skyldum gagnvart söguefni sínu, ekki sízt söguhetjunum, en skáld þrettánda og fjórtánda aldar; annað — og ólíkt — þjóðfélag setur skáldunum skyldur á tíma Grettluhöfundar en vorum. Í höfðingjaþjóðfélagi miðaldanna þótti ekki hlýða að segja sögur af alþýðu, það var óhugsanlegt brot á þjóðfélagslegum lögmálum að gera múgamann að söguhetju bókar. Slíkt var ekki aðeins bannað í lærðum verkum, eða skrifuðum, eins og *Grettissaga* er, heldur var ekki í þjóðsögum hugsanleg söguhetja lágrar stéttar, nema í því eina falli að karlssonurinn hæfist til tignarmanns innan sögunnar, og helzt konungs í lokin. Sögurnar voru samdar handa höfðingjum og miðaðar við höfðingjasinnaða áheyrendur. Svo skilyrðislaus var miðaldamenningin, kennd við lénskipulagið, í þessum kröfum sínum um höfðinglegar bókmenntir, að jafnvel guðs dýrlingar þóttu ekki söguhæfir nema því aðeins þeir væru tiginna manna. Ef þetta er haft í huga, skýrist þverstæða Grettlu um stórhöfðingja og kóngsfrænda, sem liggur úti á Íslandsöræfum, sekur skógarmaður, hartnær tuttugu ár; og þannig er sagan í flestum atriðum bundin þekkingu, sjónarmiðum og þjóðfélagslögmálum aldar sinnar; og ætli lesandinn sér að dæma hana eins og raunsæisskáldskap nútímans hefni það sín á engum nema honum sjálfum.<sup>68</sup>

Í lýsingu Halldórs kemur Grettir manni fyrir sjónir sem tímaskekkja, e.t.v. ekki svo ósvipaður Þorgeiri Hávarssyni í *Gerplu*. Hann heldur í heiðri gildi víkingaaldarinnar sem ögra höfðingjavaldi samtíðarinnar. *Grettis saga* er ævintýri með öfugum formerkjum, að því leyti sem höfðingjasonurinn Grettir endar ekki sem tignarmaður heldur forsmáður útlagi. Í tilfelli *Guðsgjafabulu* má spyrja hvernig Bersi Hjálmarsson, sem Egill D. Grímsson er ekki viss um að hafi verið læs

eða skrifandi, verður „áreiðanlega frægastur allra Íslendinga sem nú eru í síld“ og spilar með tekjur heilla byggðarlaga. Þegar Bersi biður sögumanninn um að skrifa sögu sína, þá virðist hún byggja á goðsögninni um hinn sjálfskapaða mann sem rís til áhrifa upp úr engu og er hliðstæða við ævintýri á okkar dögum:

[Sögumaður]: [Ég man] eftir þér privat þegar ég var dreingur; þá hafðirðu garð; þú seldir henni föstru minni einn poka af gulróum.

Hann tók yfrum axlirnar á mér með þeirri hendinni sem hann hafði sígarettuna, þrýsti mér að sér og lét mig fara að ganga með sér: já kondu margblessaður. Ég er nefnilega gulróumaður sem gerir út á síld. Alveg einsog þú, þú gerir út á fugl en ert í raun og veru skáld. Kanski stórskáld. Djöfull góður strákur. Heyrðu, þegar ekki eru kanaríufuglar þá ættirðu að taka þig til og skrifa ævisögu mína. Þú skalt byrja svona: Íslandsbersi var kominn af frægum gulróum að lángefðgatali. Þegar ég var garðyrkjudreingur hérna í Danmörku og var að setja niður rour á Fjöni, þá fékk maður tuttugu og fimm krónur á mánuði og þegar búíð var að borga fyrir þvottinn manns þá voru eftir tuttugu og ein sem dugði fyrir einusinni fram-og-aftur til Hafnar, einum buff og spæleggi, einni brennivínsflösku og sjötíu og þriggja ára gamalli hóru í Laxegade. Síðan gefurðu bókina út bæði á Íslandi og í Danmörku, en einkanlega þó í Svíþjóð þar sem peníngarnir vaxa. Þú hirðir sjálfur alt sem inn kemur og færð ævisöguna með afslætti hjá mér og verður miljóneri. (Gþ 10–11)

*Gudsgjafapula* gengur þó ekki upp sem ævintýri. Bersi eignast hvorki konungsríki né prinsessu. Þegar sögumaðurinn hittir hann í síðasta sinn er honum lýst sem svo: „Gamall tröllaukinn maður situr í djúpum stóli með fiðlu í hnjúnum og boga í hendinni, Bersi Hjálmarsson, runninn í andliti með pokandi kinnar, svarblár á litarhátt“ (Gþ 299). Prinsinn er orðinn að trölli og hefur misst konu sína sem hann minnst sem svo: „Og mundu að ég elskaði aldrei nema þessa einu konu. Hún var í himnaríki hvar sem hún var og ég í helvíti hvar sem ég var“ (Gþ 300). Minningu dóttur sinnar Bergrúnar reynir hann að kalla fram með því að ná á fiðluna „þessum sérstaka tóni“ sem minnir á hana (Gþ 304). Peninga á hann þrátt fyrir allt nóga. Egill D. Grímsson lýsir með þessum hætti viðbrögðum Bersa þegar hann stígur upp úr fjórða gjaldþrotinu og hefur greitt upp allar skuldir sínar:

Og þar kom að horfin var úr leiknum sú árátta sem gerir spilafflinu teningakastið eingilblítt. Bersi stóð upp frá spilaborðinu einn góðan veðurdag, kom eignum sínum í verð, gekk útúr spilavítinu og kom þar aldrei meir. Hann var horfinn burt alfarinn úr landi, sligaður undir meiri auðlegð en nokkru sinni hefur safnast á eins manns hendur á Íslandi svo vitað sé, og að sumra sögn niðurbrotinn maður sakir velgeingni. (Gþ 291)

Egill D. Grímsson kemst e.t.v. næst því að lýsa Bersa í einu orði þegar hann líkir honum óbeint við spilaffl. Sú lýsing nægir þó ekki til að útskýra hvers vegna Bersi er niðurbrotinn maður sakir velgeingni né heldur hvers vegna lesendur upplifa hann í og með sem nokkurs konar píslarvott. E.t.v. finnum við til með Bersa vegna þess að hinn sjálf skapaði maður er einn á báti í samfélaginu. Hann tilheyrir ekki borgarastéttinni þrátt fyrir eignir og hefur að sumu leyti snúið baki við uppruna sínum. Sögumaðurinn segir að uppgötvun síldarinnar hafi borið „uppá sama tíma og hugarfarslegt blómaskeið aldamótanna, æskudaga þeirra manna sem kallaðir voru vormenn Íslands“ (Gþ 83). Um þessa menn segir hann að þeir hafi verið „gullaldarhetjur endurbornar sem hugsjónamenn úngmennafélagar endurfæðingarmenn og ættjarðarvinir sem aungvu eirðu fyren landið var farið að rísa og þeir sjálfir orðnir embættismenn gróssérar og þjóðskáld.“ Bersi tilheyrir ekki þessum hópi. Hann á rætur sínar í rófusölu og er ómenntaður og óheflaður. Sögumaðurinn lætur líka í ljós þá skoðun sína að þar sem Íslendingar hafi ekki viljað borða síld sjálfir, þá hafi þótt „einsýnt að skatta einsog hægt var þennan óþverra sem einginn ærlegur íslendingur vildi hundsnýta, en útlendingar sóttust eftir að kaupa, og láta þá menn blæða sem lifðu í svalli og óhófi af því að draga þennan fjára uppúr sjónum handa útlendingunum“ (Gþ 85).

Þegar sögumaðurinn lýsir síldarútgerðinni frá sjónarmiði vormanna þjóðarinnar er hún „gullnáma“. Til að hagnýta gullnámuna er þekkingar þörf sem ekki var fyrir hendi í landinu: „Menn hvorki kunnu að veiða þennan fisk né handfjalla hann; og það sem hrapalegast var, rendu blint í sjóinn um hvernig versla skyldi með þessa vöru. Löggaþinn beitti fyrir sig skattayfirvöldum til að láta greipar sópa um þetta ókunna gull sem blindir menn voru óviljandi farnir að ausa uppúr sjónum“ (Gþ 84). Frá þessu sjónarmiði er Bersi fórnarlamb valdastéttarinnar í landinu sem lætur hann skaffa sér

gjaldeyriskjukur á sama tíma og hún telur hans líka vera „menn sem lifa í svalli“. Þessi túlkun varpar þó ekki nema óbeint ljósi á ýmsa þætti í persónu Bersa, t.d. hvers vegna hann snýr baki við fjölskyldu sinni sem hann sýtir undir lok ævi sinnar. Í „Eftirmála“ við *Grettis sögu* segir Halldór Laxness um persónusköpun höfundar sögunnar:

Hitt er [...] hverri sannlíkingu Grettluhöfundi hefur tekizt að gæða hetju sína frá sjónarmiði þeirrar svonefndu raunsæi, sem krafizt er í skáldskap síðari alda. Samt er augljóst, að þó hann gróðursetji söguhetjuna í miðju umhverfi þjóðsögunnar, kappkostar hann að gera Gretti sinn sem trúleg-astan, gæða hann mennsku holdi og blóði eftir því sem raunsæi aldarinn- ar leyfir og skáldskaparhefð samtímans frekast stendur til. Sumar aðferðir Grettluhöfundar eru nær nútímanum en fortímanum, eins og sú að byggja upp lyndiseinkunn söguhetjunnar frá bernsku, gera skapsmuni hans mótaða einræði, agaleysi og kaldlyndi, að forsendum síðari ógæfu hans, ljá persónunni sitt sérstaka sjálfvirka orsakalögmál, sína rökfræði.<sup>69</sup>

Þegar þessi afstaða til raunsæis er skoðuð verður manni ljóst hvers vegna lesendur eiga betra með að átta sig á persónum *Sölku Völku*, *Heimsljóss* og *Sjálfstæðs fólks* en í *Gudsgjafapulu*. Við lestur fyrrnefndu sagnanna verður manni ljóst orsakalögmál eða rökfræði að baki breytni persónanna því sögumaðurinn kappkostar að gefa fulla mynd af þeim. Í *Gudsgjafapulu* er hins vegar eins og þessi lögmál verði aldrei sjálfvirk, menn skortir eitthvað til að byggja á túlkun á lyndiseinkunn söguhetjanna. Þrátt fyrir tilraunir sögumannsins til að fylla upp í eyður, þá vantar forsendurnar til að skilja gerðir þeirra, einkum Bersa. Spilafíflíð kemst þess vegna e.t.v. næst því að lýsa persónu hans því lesendum getur virst sem gerðir hans rádist helst af því hvað uppi er á teningunum. Í *Gudsgjafapulu* er sem grafið sé meðvitað undan að lesandinn geti komist að sjálfvirkum lögmálum um söguheiminn. Jafnvel getur virst sem slíkar tilraunir séu sýndar í írónísku ljósi, t.d. þegar Bersi leggur þá þraut fyrir gesti á fundi á Hótel Borg hvort hann sé heldur ræningi eða þjófur.

### Íslandsbersi; þjófur eða ræningi?

Í kaflanum „Ráðherraveisla hjá Íslandsbersa“ er sagt frá því þegar sögumaðurinn og Bersi Hjálmarsson hittast í annað sinn og þá í Reykjavík. Atburðarás kaflans sýnir vel þær miklu þverstæður sem

einkenna persónu Bersa. Þeir mætast fyrir dyrum Hótel Borgar og Bersi býður sögumanninum umsvífalaust í „ráðherrafrúkost“. Í „litlum sal innaraf stóru sölunum“ hitta þeir fyrir tíu menn sem eru „dökkklæddir [...] í hvítum skyrtum með svart hálsbindi, einkennisbúningi undirkontóristareglunnar sem yfirkontóristar hafa tekið upp af lýðræðisástæðum“ (Gþ 94). Meðal þeirra sem sækja „ráðherrafrúkostinn“ eru bankastjórinn, eftirlitsmaður bankans Egill D. Grímsson og fjármálaráðherra. Fyrir fundarmenn leggur Bersi Hjálmarsson þraut og hyggst verðlauna þann sem leysir hana með bjór. Þrautin snýst um að svara því hvort Bersi hafi „heldur [verið] þjófur eða ræningi“ þegar hann stal 35 krónum af sögumanni þar sem hann svaf á hótellherbergi Bersa 18 árum áður. Um viðbrögð manna segir sögu- maðurinn:

Mönnum leist þetta ekki árennileg spurníng. Sumum fanst hún ekki eiga við og ráðningin ekki skifta máli; öðrum fanst hún skrytín, þó hygg ég flestum hafi þótt hún fullþúng í annan endann, að minstakosti ofteingd siðfræði sálfræði félagsfræði og fleiri óhugnanlegum fræðigreinum til þess vert væri að fara úti þá sálma allasaman undir borðum. (Gþ 105–106)

Margir lesendur vænta eflaust lausnar á þessari þraut, sem að vissu leyti er hin stóra þraut verksins — hvers lags maður er Bersi? Lausn sagna er gjarna fólgin í því að felldir eru siðferðilegir, sálfræðilegir eða félagsfræðilegir dómar um sögupersónurnar. Þótt merkingarmunurinn á ræningja og þjófi sé kannski ekki mikill, þá grunar mann að lausn gátunnar felist í því að orðin séu felld að einhverri siðferði-, sálfræði- eða félagsfræðikenningu sem á mætti byggja greiningu á persónu Íslandsbersa. Þegar enginn í ráðherrafrúkostinum gerir sig líklegan til að leysa þrautina gerir Bersi sjálfur út um málið og hirðir verðlaunin. Lausnin er óvænt en að sama skapi ófullnægjandi því hann leggur orðin að jöfnu og því er á litlu að byggja:

Taktu vel eftir því sem ég segi núna [...] Aldrei hef ég komið eins uppum mig við nokkurn lifandi mann. Þú stelur peníngum undan koddanum hjá manni meðan hann sefur. Þú veist að þegar hann vaknar þá veit hann það varst þú. Pólitíð býr hinumegin við götuna. Þetta er í eina skiftið á ævinni sem ég hef fórnað mannorði mínu fyrir penínga og gert nafn mitt opinberlega réttdræpt. Þú ert í þínum rétti að kalla



mig uppvísan þjóf og ræningja hvaða dag sem er. En þú gafst mér líf. Tak lille dreng. (Gþ 106–107)

Eftir fundinn hyggst Bersi fara í banka og býður sögumanni peninga: „Ef þig vantar peninga þá fást þeir hér. [...] Viltu að ég skrifi uppá handa þér fyrir húsi? [...] Hér fást ekki litlir peningar. Aldrei biðja um lítið, þá er bara hlegið. Betra að biðja um síldarbát eða hús“ (Gþ 108). Áður en sögumanni gefst tækifæri til að svara er Bersi horfinn inn í bankann og sögumaðurinn tekur tali ungan dreng sem hann hafði veitt athygli áður fyrir það hversu illa hann er búinn: „Fyrir dyrum úti á Hótel Borg, í mátulegri fjarlægð, stendur sveitadreingur í sparifatalörfum, illa klæddur, og er að horfa á þá sem fara inn. Hann horfir á okkur Íslandsbersa af svo miklum áhuga að um stund var einsog hann ætlaði að ganga í veg fyrir okkur“ (Gþ 93). Í ljós kemur að hér er kominn sonur Bersa að finna pabba sinn til að hann geti keypt lyf handa systur sinni sem er veik. Hann biður sögumanninn að fara í bankann til að finna Bersa. Kaflanum lýkur á þessari lýsingu:

Það fór einsog í draumum þegar maður þykist tapa af vin sínum inni stórt hús, og þar er mart manna fyrir og hjart yfir hverju andliti og einginn öðrum til meins og aungvum illa við neinn og einginn verður hissa þó ég sé kominn. Í rauninni einsog einginn þessa góða fólks viti hver af öðrum. Ég leita og leita að vin mínum, spyr og spyr. Lýk upp fleiri og fleiri hurðum, geing sal úr sal, upp og ofan stiga og kannast svo vel við mig í þessu sæla hlutlausu margmenni þar sem allir brosa svo vel, en hver og einn inni sjálfan sig, sambandslaust, og einginn svarar neinum af því allir eru á sama tilverustigi dýrðarinnar: dánir og hólpnir —

Þegar ég loks komst út aftur í sólskinið á gangstéttinni var dreingurinn farinn. (Gþ 110–111)

Kaflinn lýsir ótrúlegum andstæðum en lesandanum eru ekki gefnar neinar skýringar. Sonur Bersa stendur fyrir utan Hótel Borg eins og betlari meðan faðir hans leggur þraut fyrir helstu ráðamenn þjóðarinnar og þrautin er fólgin í því að úrskurða um það hvort hann sé heldur ræningi eða þjófur. Sögumaðurinn lýsir reynslu sinni í bankanum sem draumi en mér virðist sem tilfæra mætti sama kafla undir formerkjum martraðar. Ég hygg að reynslan sem sögumaðurinn lýsir komi heim og saman við reynslu margra lesenda verksins því á

stundum virðist sem leit eftir merkingu í textanum sé fullkomin erindisleysa. Lýsingu sögumannsins má túlka á marga vegu. Þannig má líta á hana sem viðbót við samfélagsmynd verksins: fyrir þá sem eru komnir í álnir skipta örlög fátæklinga engu máli. Hún getur sömuleiðis vitnað um angist sögumannsins þegar hann hefur séð hvílikur hégómi þrautir ráðamanna þjóðarinnar eru andspænis lífi ungrar stúlku. Ennfremur getur verið að hér sé lýst þeirri örvæntingu sem grípur sögumanninn þegar honum opinberast þessi óvænta hlið á lífi síldarútgerðarmannsins Bersa Hjálmarssonar. Hér eru aðeins þrautir en engar haldbærar lausnir. *Guðsgjafapula* einfaldar raunveruleikann ekki; hún dregur upp mynd af tilveru sem stjórnast af hendingu, duttlungum fiska og teningakasti spilafífla. Hún segir söguna af því hvernig allir hrífast af spilafíflinu enda þótt það gangi þvert á mannlega skynsemi og þekkingu á sálfræði- og þjóðfélagskenningum. Hún segir jafnvel þá sögu um okkur sjálf sem lesendur að við hrífumst af slíkum persónum.

*Guðsgjafapula* er uppteknari af raunveruleik en margar skáldsögur, en hún er samtímis ákaflega upptekin af skáldskap. Sögumaður *Guðsgjafapulu* fer seint í frásögninni suður með sjó þar sem hann hittir fyrir konu Bersa og börn. Þar kynnist hann líka dóttur hans, Berggrúnu Hjálmarson. Samskipti þeirra einkennast af stöðugum samanburði við örlög persóna sem eru ýmist skáldaðar eða godsagnir í lifanda lífi. Þær persónur lifa í skálduðum heimi sem stjórnast af fastákvörðuðum frásagnarlögmálum og minna lesandann stöðugt á að þau lögmál eru ekki í gildi í *Guðsgjafapulu*. Í bók sinni um sjálf-sögur setur Patricia Waugh fram tvær tilgátur um veruleikann sem ættu að réttlæta sjálfhverfni sjálf-sögulegra sagna. Fyrri tilgáta hennar er sú að ef kenningar sumra mál- og heimspekinga samtímans standast um að einstaklingar leiki hlutverkaleiki í stað þess að hafa fullmótað sjálf, geti rannsóknir á persónum skáldsagna reynst gagnlegar þegar leita á skilnings á uppbyggingu sjálfsverunnar í raunheiminum. Seinni tilgátan segir að ef þekking okkar á heiminum takmarkast af tungumálinu ætti skáldaður veruleiki, þ.e. heimur sem á tilveru sína algjörlega undir tungumálinu, að vera nothæft líkan til að fræðast um uppbyggingu sjálfs raunveruleikans.<sup>70</sup>

## Frá sjón til sögu

Í *Guðsgjafapulu* er að finna allmörg dæmi þess að ólíkum sviðum sé blandað saman. Þar má nefna lýsingu á því þegar hinn nafnlausí sögumaður verksins og Bergrún, dóttir stórutgerðarmannsins Bersa Hjálmarssonar, fara í kvikmyndahús. Að sumu leyti virðist þetta eins og nútímaútgáfa af þeirri brellu Shakespeares að bjóða upp á leikrit inni í leikritinu — kvikmynd innan í skáldsögu, en nánar verður vikið að þessu hér á eftir. Kvikmyndir eru líka nærtækar þegar fundum Bergrúnar og sögumannsins ber fyrst saman, en þá er hún rúm-  
liggjandi eftir langvarandi veikindi.

Bergrún segir sögumanni að hún þekki tvo menn sem hún dái mjög; annar sé „[amrískur flugmaður] hár og grannur, með arnar-  
augu, [á aldur við sögumann], en fullur af trixum“, hinn segir hún vera „ítalskan kvikmyndamann alveg ægilega þúnglyndislegan til augnanna“ (Gþ 135). Að viðbættum sögumanni, sem er „lítill kavalér í tali“, er sem lesandinn hafi undir höndum nútímalega rómönsu. Bergrún er eins og prinsessa og eins og prinsessu sæmir á hún þrjá vonbiðla. Sjálfri finnst henni hún líka vera efni í bók:

Nei guð þér eruð þó ekki rithöfundur! Mig hefur alla tíð lángað svo mikið að þekkja rithöfund. Voðalega hlýtur að vera gaman að geta skrifað! Viljið þér skrifa bók um mig?

Því miður held ég öll skástu plássin séu uppöntuð í næstu bók; en einhverntíma seinna kanski.

Hafið þér kanski skrifað alvörubók sem hefur komið á prent?

Ég sagði henni nafnið á þeim tveim bókum sem ég hefði skrifað [...] Ég sagðist vera að hugsa um að skrifa eina í viðbót og ætti að heita Hríngnefssystur.

Hríngnefssystur! sagði stúlkan. Ástasaga auðvitað. Mikið ógurlega er þetta spennandi. (Gþ 136)

Bergrún vísar hér til bókarinnar sem framleiðsluvöru, talar um alvörubók í sínum skáldaða heimi. Hér eru skáldverk og tilurð þeirra m.ö.o. komin til umræðu. Hafi vonbiðlar Bergrúnar Hjálmarson komið kunnuglega fyrir sjónir er það ekki vegna þess að þeir séu ímyndaðir prinsar úr einhverju þekktu ævintýri, heldur vegna þess að annar þeirra brá sér í slík hlutverk á hvíta tjaldinu, hinn var hetja af síðum dagblaðanna og fréttamyndum kvikmyndahúsanna. Í bréfi til

sögumanns segir Bergrún síðar: „Kvikmyndaleikarinn sem ég elska, hann heitir Valentínó og er því miður dáinn fyrir 12 árum, og sá sem flýgur yfir Atlantshafið [...] það er hann Lindberg; ég kyntist þeim í boði hjá Madame Tussaud í London þegar ég var lítil“ (Gþ 208–209). Bergrún sá ekki aðeins fyrir sér að sögumaður gæti notað sig sem fyrirmynd að persónu í skáldsögu, í huga sínum felldi hún raunveruleik sinn að frásagnarformgerð ‚ástasagna‘ jafnóðum og lífi hennar vatt fram.

Þessi margflóknu tengsl raunveruleika og skáldskapar flækjast enn þegar sögumaðurinn og Bergrún heimsækja kvikmyndahúsið en sögumaðurinn telur að „Góða Bíó haf[í] verið með betri húsum af því tagi í Evrópu um þær mundir“ (Gþ 272). Af lýsingum hans að dæma fellur kvikmyndahúsið þó illa að þeim hugmyndum sem ríkjandi eru þegar meta á gæði kvikmyndahúsa. Þannig er opið loftsgat úr bíóinu upp á hanabjálka og þaðan mátti „heyra kvak hæsnanna“, sem átti að vera nokkur bót í máli að mati bíóeigandans ef svo færi að filmurifriðlið sem hann hafði undir höndum „slitnaði í miðju kafi“. Um kvikmyndasýninguna sjálfa segir ennfremur: „Nú kom geislinn á kvikmyndatjaldið og von bráðar hið gjammandi ljón Metro Goldwin-Meyer-Félagans. [...] Alt var hljótt um stund [...] [en þ]á gól haninn og stúlkan varð hrædd“ (Gþ 275).

Kvikmyndasýning hefst á gapandi ljóni og á eftir fylgir þekkt heimsendamótíf: galandi hani eins og spáð er í Völuspá. Án fyrirvara rifjast upp ótal senur úr bíómyndum og bókum þar sem kona hjúfrar sig upp að manni í kvikmyndahúsi. Heimsókn sögumannsins og Bergrúnar í kvikmyndahúsið er líka meira en hver annar atburður; gól hanans, öskur ljónsins marka með sínum hætti ákveðinn heimsendi. Sá ævintýrablaer sem Bergrún hefur reynt að færa kynnum þeirra stendur nú frammi fyrir gatslitinni fléttu á hvíta tjaldinu sem afhjúpar hversu fjarstæðukennd ‚ástasagan‘ er sem hún hefur spunnið:

Það var slitið framanaf filmunni svo myndin byrjaði ekki fyren rauðskinnarnir voru að læðast heimað húsinu. Þeir komu til að ræna þeirri fyrirmyndar kvenpersónu sem svo til vildi að gisti Tom Dick á búgarði hans á frontiernum þessa nótt. Þörfum næturgestsins hafði verið sint um kvöldið og Tom Dick vísaði stúlkunni til sængur af eingilsaxneskri háttvísi. Alt í siðsemi, en eftilvill ögn ófullnægjandi.

Tom Dick býður góða nótt, lokar á eftir sér, fer. Stúlkan dótar sig svolítið undir svefninn og fer uppí til sín. Stúlkan er lukkuleg. Stúlkuna fer að dreyma. Altíeinu kemur voðalegur maður innum gluggann; indíáni. Stúlkan vaknar og fer að fljúgast á við indíánann. Indíáninn yfirbugar stúlkuna. Indíáninn keflir stúlkuna og stökkur með hana útum gluggann. Hinir Indíánarnir hjálpa honum að binda hana og leggja síðan bundna stúlkuna fyrir framan hann á hestinum, um þvera hnakkúluna. Á stað, á stað. Jóreykur. (Gþ 276)

Efni kvikmyndarinnar er kunnuglegt, ef ekki klisjukennt. Í stuttu máli sagt er þetta söguþráður hins formúlubundna vestra sem finna má í tugatali á betri myndbandaleigum. Það eina sem er óvanalegt eru kringumstæðurnar í kvikmyndahúsinu, þögul myndin annars vegar og hljóðið í hænunum hins vegar. Í framhaldi af þessu kemur athugasemd frá sögumanni bókarinnar þar sem hann lýsir nýrri vestraformúlu sem stefnt er gegn þeirri sem hann sér á tjaldi Góða Bíós:

Um morguninn þegar Tom Dick ætlar að fara að bjóða stúlkunni góðan daginn grípur hann í tómt. Það er búið að ræna stúlkunni. Þetta var laungu fyrir tíma spaghettífilmunnar en í henni eru indíánarnir góðir menn og þeir hvítu vondir. Væri stúlku stolið áðuren spaghettífilman kom, voru það indíánar. Nú lætur Tom Dick fara að sækja hestana. Síðan er heldur en ekki slegið uppá og nú hefst eftirreiðin. Meiri jóreykur. (Gþ 276–277)

Af lýsingu sögumannsins að dæma er spaghettífilman nokkurn veginn sama sagan og sú sem sögð er af Tom Dick, nema hvað þar hefur siðferðilegu inntaki myndanna verið breytt. Þeir sem áður voru rakin illmenni eru nú góðir og þeir sem voru góðir eru vondir — einni formúlu hefur með öðrum orðum verið skipt út fyrir aðra. Þessar vangaveltur sögumannsins um góða og vonda menn eru truflaðar af áhorfendum myndarinnar, þ.e. Bergrúnu og sögumanninum sjálfum. Samtal þeirra er eftirfarandi:

Ég er svo þreytt, má ég ekki fara til hans pabba, segir Bergrún Hjálmarson.

Eigum við ekki að sjá hvurnin þetta fer? spyr ég.

Ég lagði handlegginn yfir herðarnar á henni í huggunarskyni og lét hana halla sér að mér til öryggis.

Ertu þá vondur maður? hvíslar stúlkan í örvæntingu. Ég vonaði þú mundir bjarga mér. Ég hélt kanski að kanski — (Gþ 277)

Spurningu Bergrúnar um það hvort sögumaður sé „vondur maður“ er látið ósvarað og það stendur upp á lesandann að svara því hvort þreifingar sögumannsins í myrkrinu skipi honum í flokk með Tom Dick og öðrum klassískum hetjum sem bjarga fyrirmyndar kvenpersónum eða í klíku ótindra skúrka eins og þeirra sem sagt er frá í „spaghettivestrum“. Þó að aðstæðurnar sem lýst er í bókinni séu í grunninn klisjukenndar, þ.e. ungur maður býður stúlku í bíó, þá eru endalokin óvænt einmitt í krafti klisjanna. Rétt eins og „spaghettivestrinn“ snerist gegn Tom Dick og hans líkum, þá endar bíóferðin ekki með kossi heldur biður Bergrún um hækjurnar sínar og segir: „[É]g ætla að reyna að komast burt ein ...“ (Gþ 278). Degi síðar er hún dáin.

Samtal Bergrúnar og sögumannsins, sem að einhverju leyti er viðbragð við því sem er að gerast á tjaldinu, varpar um leið ljósi á *Gudsgefapulu* sem skáldverk. Á sama tíma og við horfum yfir axlirnar á Bergrúnu og sögumanninum í kvikmyndahúsinu, þá er sjónarhorn sögumannsins tvöfalt, jafnvel margfalt. Þar sem ritunartími frásagnarinnar er annar en atburðatíminn getur sögumaðurinn m.a. kynnt til sögunnar gildismat „spaghettivestrans“ sem er af öðrum tíma. Sem áhorfandi í salnum sér hann myndina aðeins sem staðnaða formúlu en sem skrásetjari eigin lífs sér hann hana sem tilbreytingu frá þeirri formúlu sem er ríkjandi á ritunartímanum. Á sama tíma og við lesum frásögn sögumannsins og sjáum hann fyrir okkur skrifa niður endurminningar sínar úr Góða Bíói sjáum við aðra mynd af honum, ungum, í myrkvuðum sal með stúlku horfandi á bíómynd á tjaldi:

Þar kom að lokum að indíánum fór að skiljast að eftirreiðarmenn mundu hafa fljóttari hesta en þeir; og að þeir mundu ekki halda stúlkunni til langtíma, heldur yrðu drepnir sjálfir. Svo þeir fara af baki og ausa yfir stúlkuna dókkri leðju, ætli ekki einhverskonar olíu, kanski tjöru, og velta henni síðan nakinni uppúr fiðri mold og þuru laufi þángaðtil hún er líkust roðstrák. Nokkrir eru settir til að slá eld. Þeir segja stúlkunni að dansa uns kominn sé eldur, þá ætli þeir sér að brenna hana kvika. Stúlkan fer að dansa. Þeir slá hring um hana og æpa að henni af hinni mestu grimd meðan hún er að dansa, en sem betur fer sjást grettur þeirra einar á þögulli myndinni. Bráðum kemur eldur hjá eldgerðarmönnum. Stúlkan heldur áfram að dansa.

Fáðu mér hækjurnar mínar, ég ætla að reyna að komast burt ein, segir Bergrún Hjálmarson. (Gþ 277–278)

Um leið og við fáum skýra afstöðu sögumannsins til þeirra atburða sem gerast á tjaldinu vitum við lítið um það sem honum og Berg-rúnu Hjálmarson fer á milli. Þar er lesandinn aðeins áhorfandi og hefur enga tiltekna formúlu eða skáldsagnagrein til að ráða í það hverjir séu góðir og hverjir vondir.

### Náðist hann? Hann náðist á mynd!

Umberto Eco segir að lesendur skáldverks þurfi að hafa þekkingu á raunheiminum sem þeir lifa og hrærast í til að geta skapað rétt baksvið fyrir skáldaða heima. Þegar menn lesa, fullgera þeir myndir textans, annaðhvort með efni úr eigin reynslu eða með upplýsingum sem þeir hafa aflað sér af frásögnum annarra. Menn gera t.d. ráð fyrir að í Tókíó sé iðandi mannhaf og að í Sahara sé heitt og þurrt nema annað sé tekið fram. Skáldskapurinn þiggur þannig stöðugt frá raunheiminum og Eco gengur svo langt að kalla heim hans sníkjudýr á raunheiminum.<sup>71</sup> En þrátt fyrir að hægt sé að líta á skáldsögu sem takmarkaðan heim sem segi sögu fárra einstaklinga á tilteknum stað á takmörkuðum tíma, þá bætir skáldverkið engu að síður þáttum við raunheiminn sem ekki voru þar áður. Dæmi um þetta eru rúturnar sem keyra um Njáluslóðir fullar af fólki sem sér fyrir sér Gunnar Hámundarson stökkva hæð sína í loft upp í fullum herklæðum í sínu rétta og raunverulega umhverfi, eða þá grasbalann þar sem mætti hugsa sér að bærinn Bergþórshvoll hafi staðið. Sá sem segir sögu breytir ásýnd raunveruleikans, jafnvel þótt sú saga kunni að vera skálduð, og því fylgir ábyrgð eins og sögu-maðurinn í *Guðsgjafapulu* bendir á:

[H]afi maður uppgötvað að ekki er til nema ein veröld er best að vera við því búinn að lítilræði sem manni bar óvart fyrir augu í snöggum svip gegnum glugga gáangi tvíelleft aftur eftir átján ár; og nú ekki leingur sem marklaus tilviljun, heldur undir ófrávisanlegu lögmáli þessarar veraldar, þar sem maður er seldur undir skyldur og ábyrgð, einnig af því sem maður sá af tilviljun þegar maður var úngur. (Gþ 66)

Matthías Johannessen segir frá því í „Málþingi um Guðsgjafapulu“ að komið hafi í leitirnar ljósmynd af Halldóri Laxness og Óskari

Halldórssyni útgerðarmanni, meintri fyrirmynd Íslandsbersa, sem tekin var á Ráðhúsplássinu í Kaupmannahöfn „þennan vormorgun í júní 1920“. Myndina færði dóttir Óskars Halldóri að gjöf eftir að *Gudsgjafabula* kom út og hefur Matthías það eftir Halldóri að aldrei hafi hann „haft ástæðu til að verða jafnhrifinn af skilningi fólks á bókmenntum hér á landi eins og í þessu tilfelli.“ Í framhaldi af þessu ber Matthías myndina saman við lýsingu Halldórs í bókinni og segir: „Fróðlegt er að bera saman myndina og lýsingu skáldsins á þessum fundi þeirra á Ráðhústorginu. Óskar er með harðkúluhatt, í sjakkett. Þó ekki í kakískyrtnu, heldur með harðan flibba — en stafurinn sem Halldór segir að Óskar Halldórsson hafi helzt aldrei skilið við sig sést ekki á myndinni.“<sup>72</sup> Hversu fróðlegur sem samanburður sem þessi kann að vera, þá hygg ég að fæstir lesendur *Gudsgjafabula* sakni fyrst stafans þegar þeir bera bókina saman við ljósmyndina.

Í skrifum Matthíasar virðist ekki gerður neinn munur á raunveruleikanum sem baksviði skáldskaparins eða skáldskapnum sem baksviði raunveruleikans. Í *Metahistory* tekur Hayden White til umræðu þann mun sem alla jafna er gerður á heimspekilegri nálgun að sagnfræði og því sem hann nefnir hefðbundna sagnfræði. Að hans hyggju liggur munurinn ekki í innihaldinu heldur í áherslunni. Í hefðbundinni sagnfræði er uppbygging formgerðarinnar hulin í innviðum frásagnarinnar en nýfundin gögn skipa öndvegi í atburðarásinni. Í heimspekilegri sagnfræði er þessu öfugt farið. Í henni er höfuðáherslan lögð á hugtaka-bygginguna og hún varin með kerfisbundnum hætti, þar eru gögnin fyrst og fremst notuð til að varpa ljósi á ákveðna þætti eða til útskýringa.

Þegar þessi greinarmunur hefur verið gerður telur White að skýra megi mun á sagnfræðingum og heimspekingum. Heimspekingar sækist ekki einungis eftir að skilja það sem gerðist í sögunni heldur hvaða kenningu við beitum til að skilja kjarnann frá hisminu þegar kemur að merkingu og mikilvægi. Þegar öllu er á botninn hvolft sé heimspekileg nálgun að sagnfræði ekki aðeins athugasemdir við sagnfræðilega greinargerð heldur athugun á því hvernig tiltekið táknmál sem notað er til að lýsa vissum sviðum sagnfræðinnar getur gert kröfu til þess að kallast þekking. Af þessum sökum telur White það ekki undarlegt að þeir heimspekingar sem fjallað hafa um sagnfræði og skarað fram úr hafi jafnframt verið málheimspekingar.<sup>73</sup>



Að framansögðu gefnu má fullyrða að Matthías Johannessen nálgast *Gudsgjafabulu* sem sagnfræðilegt verk fremur en heimspekilegt. Áhersla hans er lögð á þau nýfundnu gögn sem finna má í skáldsöggunni um ævi skáldsins Halldórs Laxness en ekki þá umræðu sem þar fer fram um minni, endursköpun, skáldskap og raunveruleika. Sú umræða setur hið persónulega efni í heimspekilegt samhengi og vekur upp spurningar um það hvernig menn færa raunveruleika í sagnfræðilegan búning.

Í *Gudsgjafabulu* segir sögumaðurinn á einum stað um sjálfan sig: „Ég var rithöfundurinn sem hafði þá sérvisku að bránga með fugla milli húsa; Papagenó sögðu menn og hlóu“ (Gþ 87). Sögumaðurinn og Papagenó úr *Töfraflautu* Mozarts eiga vissulega sameiginlegt að „bránga með fugla“, en auk þess eru þeir báðir sögumenn. Í upphafi óperunnar kemur Papagenó að prinsinum Tamínó sem fallið hefur í yfirlíð eftir átök við ófreskju. Þegar Tamínó vaknar gerir Papagenó þátt sinn stóran og lýgur að prinsinum að hann hafi ráðið niðurlögum ófreskjunnar. Honum er launuð lygin með lás sem gerir hann ófæran um að tala. Refsingin verður til þess að eftir þetta má Papagenó sæta því að aðrir tali máli hans, og það sem verra er; tali um hann án þess að hann geti lagt nokkuð til málanna.

Í framhaldi af samlíkingunni við Papagenó má nefna að sögumaður *Gudsgjafabulu* segist hafa gefið út skáldsögu með heitinu *Gudirnir í Hjúagerði*. Sú bók hafi farið „alveg með [hann] sem rithöfund á Íslandi“. Sögumanninum er, eins og Papagenó, refsað fyrir sögu sína. Hann segir: „Það líða kanski fimm ár eða meira þángaðtil bók er gleymd og höfundurinn hefur náð mannorði sínu aftur; sumir ná því aldrei“ (Gþ 87). Sögumaður *Gudsgjafabulu* hættir að vera nafnlaus fuglakaupmaður þegar hann hefur sent frá sér verkið. Hann stígur fram á svið mannlífsins þar sem aðrir ráða mestu um það hlutverk sem hann leikur. Mannorð hans verður að jafngildi skáldskapar því ónafngreindir ‚menn‘ skipa honum í hlutverk Papagenós og hlæja. Það má vera að sögumaður *Gudsgjafabulu* sé að reyna að forðast refsingu af því tagi sem Papagenó verður fyrir með því að ætla sér að segja ‚þá einu sögu þar sem ævisaga hans skiptir ekki máli‘ en þar með dæmir hann sig til þagnar um eigið líf og kemur þó ekki í veg fyrir að aðrir geri mannorð hans að ígildi skáldskapar.

Hver sem er getur borið vitni um að það er Halldór Laxness sem stendur á Ráðhústorginu við hlið Óskars Halldórssonar á myndinni sem Matthías Johannessen nefnir til sögunnar. En e.t.v. ætti að hafa hugfast að „maður er seldur undir skyldur og ábyrgð, einnig af því sem maður sá af tilviljun“ (Gþ 66), og hver vill lenda í þeim óleysanlega vanda að segja sögu?

## LOKAORÐ

Halldór Laxness var oft gagnrýndur fyrir lýsingar á mönnum í bókum sínum. Þekkt er t.d. ádeila Þórbergs Þórðarsonar á myndina sem hann dregur upp af Erlendi í Unuhúsi í *Skáldatíma*. Þórbergur skrifaði ítarlega um rangfærslur Halldórs í grein sem nefnist „Rangsnúin mannúð“ og birtist í *Tímariti Máls og menningar* árið 1964. Þórbergur var yfirlýstur sósíalisti allt fram á síðasta dag og ekki fer á milli mála að meira býr að baki gagnrýni hans en óánægja með að Halldór fari rangt með áferðina á hári Erlendar og augnalit hans. Það fer t.d. mjög fyrir brjóstið á honum að Halldór skuli staðhæfa að Erlendur hafi verið „síst af öllu rétttrúaður sósíalisti heldur hreyfanlegur tilfæringur og óflokksbundinn“ (Skt 174). Ennfremur að Halldór skuli halda því fram að hann hafi ekki vitað „nákvæmlega hvar áritun [Erlendar hefði verið] í stjórn málum ef afstaða hans hefði verið skilgreind út í æsar“ (Skt 175). Í greininni setur Þórbergur fram þá kenningu að pólitískar játningar Halldórs í *Skáldatíma* og lýsingin á Erlendi í Unuhúsi séu tvær greinar af sama meiddi því lýsingin á Erlendi taki mið af pólitískum skoðunum eða öllu heldur meintu skoðanaleyssi Halldórs sjálfs:

En hvernig má það vera, að Halldór skuli festa á pappír þau ósannindi um látinn vin og velgerðarmann: „Ég veit ekki nákvæmlega hvar áritun hans var í stjórn málum ef afstaða hans hefði verið skilgreind út í æsar?“ Hér er aðeins tvennt til: Annaðhvort hefur Halldór ekkert botnað í Erlendi sem pólitísku fyrirbrigði, þrátt fyrir langar samvistir, og þá eru ósannindin að nokkru leyti afsakanleg, eða hann er að leitast við að falska pólitíska afstöðu hans vísvitandi og þá sennilega í því skyni

að draga þennan vinsæla og mörgum kunna gáfumann, sér til stuðnings og upphefðar, niður í pólitísku myrkvunina, sem hann hefur sjálfur verið að paufast í hin síðari árin.<sup>1</sup>

Halldór svaraði gagnrýni Þórbergs aldrei formlega en smásagan „Jón í Brauðhúsum“ í *Sjöstafakverinu* er talin spretta af misklið þeirra. Í henni þræta tveir lærisveinar um kenningar og útlit Jesú Krists, m.a. augnalit hans, hárgerð, afstöðu til áfengisneyslu og syndarinnar en í þessum efnum bar Halldóri og Þórbergi líka á milli þegar Erlendur var til umfjöllunar. Vandinn sem lærisveinarnir í smásögunni standa frammi fyrir er sá að þeir hafa ekkert í höndunum til að styðjast við um meistara sinn og sjálfur skrifaði hann aldrei neitt niður nema með fingrinum í rykið og „[s]íðan blés hann rykinu burt.“<sup>2</sup> Ég hef stundum velt þessari smásögu Halldórs Laxness fyrir mér í tengslum við þann vanda að gera sér mynd af honum sjálfum, í hans tilvikum er það ekki skortur á rituðum heimildum sem vefst fyrir manni heldur hið mikla magn sem hann lét frá sér fara og þær ólíku skoðanir sem hann aðhylltist.

Þegar viðtökur *Kristnihalds undir Jökli*, *Innansveitarkroniku* og *Guds-gjafabulu* eru skoðaðar sést að gagnrýnendur líta Halldór Laxness mjög ólíkum augum. Í fyrsta kafla þessarar bókar voru dregnar upp þrjár ólíkar myndir af honum og leitast við að flokka ritdómama með hliðsjón af þeim. Þessar myndir voru þjóðskáldið, stjórnmalamaðurinn og bókmenntamaðurinn. Myndirnar sem menn gera sér af Halldóri hafa mjög ólíka virkni þegar kemur að túlkun skáldverkanna, og þeim fylgja kröfur til skáldsins um að það eigi með verkum sínum ýmist að leysa aðkallandi vandamál, vera fyrirmynd yngri höfunda í notkun tungumálsins, segja hinum seku til syndanna eða efla þjóðernisvitundina, svo dæmi séu tekin. Í ritdómum um skáldsögurnar eru settar fram túlkanir á höfundarferli Halldórs sem byggja yfirleitt á yfirgripsmikilli þekkingu ritdómendanna á ritverkum hans og lífs-hlaupi. Oft og tíðum er fólgin nokkurs konar þroskasaga í ritdómunum, en í henni er sem stefna Halldórs sé ýmist áfram í átt að réttum skoðunum eftir því sem árin líða eða hann hverfi frá réttum skoðunum og fari út af sporinu um miðjan aldur. Þetta á einkum við um þá sem skoða höfundarferilinn í pólitísku ljósi. Þannig eru þeir sem hneigjast til vinstri líklegir til að hampa þjóðfélagslegu skáld-

sögunum frá fjórða áratugnum og gera þær að viðmiði í umræðunni um Halldór og verk hans. Þeir minna á breytta pólitíska afstöðu hans með því að sýna fram á þversagnir og ósamræmi í málflutningi hans á ólíkum tímum eða benda á það virðulega hlutverk sem Halldór gegnir eftir að hann tekur við nóbelsverðlaununum. Stundum er þetta gert með ísmeygilegum hætti, t.d. þegar Árni Bergmann líkir Halldóri Laxness við Búa Árland úr *Atómstöðinni* í ritdómi um *Innansveitarkroniku*, annars staðar er þetta gert með upphrópunum eins og þegar Njörður P. Njarðvík varpar fram eftirfarandi spurningum um *Gudsgefubulu*: „En verkafólkið sem fær ekki kaupíð sitt árum saman, hvar er þess líf í þessari bók? Skyldi engin Salka Valka hafa leynst meðal söltunarstúlkanna á Djúpvík?“<sup>3</sup> Hægrimmenn álíta hins vegar að Halldór þroskist frá vinstrivillu og Matthías Johannessen virðist reyna að festa þá hugmynd í sessi að sósíalisminn hafi aðeins verið eitt af mörgum hugmyndakerfum sem Halldór heillaðist af tímabundið. Matthías mótaði hugmyndir margra um Halldór Laxness með reglulegum skrifum um verk hans og viðtölum við hann í *Morgunblaðinu*. Hann lýsir þroskaferli Halldórs á einum stað sem nokkurs konar hring; lítur svo á að Halldór komist að niðurstöðu skáldferils síns í fyrstu skáldsögunni, *Barni náttúrunnar*, og að þessi niðurstaða endurómi undir lok *Kristnihalds undir Jökli* í orðum Jóns Þrímúsar: „Sá sem ekki lifir í skáldskap lifir ekki af hér á jörðinni“ (KuJ 298). Í millitíðinni hefur Halldór að álitu Matthíasar „aldrei fest sig í gildru neinnar sérstakrar stefnu eða tízkufyrirbrigðis svo hann gæti ekki losað sig aftur þegar honum sýndist. Hann h[afi] að vísu verið alæta á kerfi og skoðanir en aldrei bundinn á klafa neinnar liststefnu eða fjötrast við kreddu fyrir fullt og allt.“<sup>4</sup> Í upphafi kaflans „Viðtökusaga“ var vitnað til lýsingar Halldórs á þeim erfiðleikum sem við honum blöstu þegar hann ætlaði að „gera fasta og áþreifanlega mynd af slíkum manni“ eins og Upton Sinclair. Halldór taldi að hægt væri að draga upp mynd af manni „eins og hann kemur fram á ákveðnum stað og stund, einkum ef staðurinn og stundin eru þess eðlis að auglýsa kjarnann í persónuleika hans og lífsferli ...“<sup>5</sup> Ef orð Halldórs eru heimfærð upp á lýsingar manna á honum sjálfum, þá sýnir viðtökusaga skáldsagnanna þriggja sem hér eru til umræðu að kjarninn í persónuleika hans ræðst af því hver hefur orðið hverju sinni.

Í þessari bók er sett fram túlkun á höfundarferli Halldórs Laxness, ekki síður en gert er í ritdómum manna eins og Andrésar Kristjánssonar, Árna Bergmann og Ólafs Jónssonar. Í túlkun minni felst fyrst og fremst sú skoðun að Halldór Laxness geri þá kröfu til sín meðan hann starfar sem skáldsagnahöfundur að verk hans séu viðbrögð við hræringum tímans og að þau láti lesandanum eitthvað í té sem hann geti brotið um heilann. Ef mér væri sett fyrir að benda á kjarnann í skáldinu Halldóri Laxness myndi ég vitna til orða hans í viðtali við Matthías Johannessen: „Ég hef mikið hugsað um rætur skáldsögunnar og oft í alvöru. Hvernig á að segja frá, svo að það hafi tilætluð áhrif á þann, sem maður er að segja söguna? Hvernig á að fá hann til að taka eftir og hlusta og hugsa sjálfan?“<sup>6</sup> Á nokkrum stöðum hefur verið stuðst við kenningar bókmenntafræðinga sem fjallað hafa um einkenni póstmóðernískra texta og þær notaðar við greiningu skáldsagnanna þriggja. Þetta hefur ekki verið gert með markvissum hætti til að setja fram þá sögulegu túlkun að *Kristnihald undir Jökli*, *Innansveitarkronika* eða *Guðsgjafapula* séu fyrstu póstmóðernísku skáldsögurnar sem komu út á Íslandi heldur til að bjóða heim nýjum lestrarleiðum sem slíta seinni skáldsögurnar tvær frá endurminningabókunum sem fylgja í kjölfar þeirra. *Guðsgjafapula* varð til að kveikja áhuga minn á rannsóknum á síðasta skeiði Halldórs Laxness sem skáldsagnahöfundar. Hin markvissa afhjúpun sögumannsins á ólíkum sviðum veruleika í frásögninni og samræða hans við mannkynssöguna kallaðist í mínum huga á við margt af því sem kennt hefur verið við póstmóðernisma. Nefna má kvikmyndir Woodys Allen eins og *Zelig* þar sem raunverulegar upptökur af liðnum atburðum eru notaðar sem leikmynd eða baksvið fyrir skáldaða frásögn. Þegar ég fór að skoða *Innansveitarkroniku* með þessum augum sá ég að hún átti margt sameiginlegt með *Guðsgjafapulu*, m.a. afhjúpun ólíkra sviða í frásögninni, blöndun textategunda og notkun á frásagnaformúlum til þess að vekja lesendur til umhugsunar um það hvernig sögur eru sagðar og hvaða lögmál liggi frásögninni til grundvallar. Íslenskir bókmenntagagnrýnendur fara að nota hugtakið póstmóðernisma í greiningu sinni á skáldsögum í upphafi níunda áratugarins. Það skýtur t.d. upp kollinum í umfjöllun Dagnýjar Kristjánsdóttur um skáldsögu Péturs Gunnarssonar, *Sagan öll*, hina síðustu í flokki svo-nefndra Andra-bóka sem komu út á árunum 1976–1985. Í Andra-

bókunum eru sjálfsævisögulegir þræðir, en nýjar aðferðir við greiningu bókmennta komu í veg fyrir að gagnrýnendur litu á söguna sem dulbúna ævisögu eins og gert var með *Guðsgjafabulu* og *Innansveitarkroniku*.<sup>7\*</sup> Í ritdómi Dagnýjar Kristjánsdóttur heitir lokakaflinn „Post-modernismi?“ og þar vitnar hún í umfjöllun danska gagnrýnandans Torbens Broström um þetta viðsjárverða hugtak með hliðsjón af skandinavískum skáldsögum frá níunda áratugnum. Dagný segir að margt af því sem Broström tali um hafi líka mátt sjá í íslenskum bókmenntum og hún heldur áfram: „Meta-bókmenntir, þ.e. bókmenntir um bókmenntir, eru býsna áberandi um þessar mundir; þannig eru bæði *Sagan öll* og *Sóla, Sóla* [eftir Guðlaug Arason] bækur um sína eigin tilurð ...“<sup>8</sup> Nýnæmi skáldsagnanna *Kristnihalds undir Jökli*, *Innansveitarkroniku* og *Guðsgjafabulu* er einmitt folgið í því með hvaða hætti þær draga athygli lesandans að formgerð sinni og vekja spurningar um það hvernig og hvar merking skapast.

Í *Halldór Laxness: Ævisaga* fjallar Halldór Guðmundsson um deilur þeirra Þórbergs og Halldórs um lýsingu Erlendar í Unuhúsi sem reifaðar voru hér að framan. Halldór Guðmundsson lýkur umfjöllun sinni með þeim orðum að „[m]eð Skáldatíma h[afi] Halldór gengist við sjálfum sér; hann [sé] orðinn sá sem hann varð og það sem fyrir augu hans b[eri] eftir það breyt[i] ekki heimssýn hans eða lífsskoðun að neinu ráði. En hann [hafi átt] margt ógert, og átökunum um hann [hafi ekki verið] lokið.“<sup>9</sup> Áhrifavaldar Halldórs Laxness í aðdraganda þess að hann skrifaði *Vefarann mikla frá Kasmír, Íslandsklukkuna* og fleiri bækur hafa verið kortlagðir nokkuð nákvæmlega. Því langaði mig til að kanna hvort hægt væri að sýna fram á að Halldór hefði til-einkað sér einhverja nýja heimspeki eða stjórnmalakenningar um það leyti sem hann ritaði skáldsögurnar þrjár sem hér eru til umfjöllunar. Í *Kristnihaldi undir Jökli* tel ég að ekki leiki nokkur vafi á því að um bein textatengsl sé að ræða við verk Ludwigs Wittgenstein. Ég tel jafnframt að kynni Halldórs af kenningum Wittgensteins kunni að hafa átt meiri þátt í að gera hann að þeim manni sem hann varð en hingað til hefur verið talið. Hinar heimspökilegu samræður Jóns Þrímusar og Umba sýna einlægán áhuga á siðferðilegum álítaefnum og hvernig þau tengjast samfélaginu og tungumálinu. Skáldsögur Halldórs Laxness eru vettvangur fyrir alvarlega athugun á því hvernig heimurinn kemur mannfólkinu fyrir sjónir og hvernig þau áhrif

sem við verðum fyrir setja mark sitt á okkur. Þegar *Inmansveitar-kronika* kom út árið 1972 spurði blaðamaður *Vísis* hann út í það hvernig honum fyndist þegar reynt væri að herma upp á hann sjálf-an sín eigin orð. Halldór svarar:

Menn geta heimfært mín skrif upp á mig eins og þeim sýnist. Mínar bækur eru ekki þannig gerðar, eins og hjá mörgum öðrum höfundum, ágætum höfundum, að þær túlki kenningu eða skoðanir einnar ákveðinnar persónu — sem er þá venjulega einhvers konar staðgengill höfundar. Hinar persónurnar í þessum bókum eru þá venjulega meira og minna geðfelldir einfeldningar. Þetta er ekki mín aðferð. Allar mínar persónur eru mér jafnhugstæðar, bæði þær smáu og þær stóru. — Allar túlka þær einhverja hlið á reynslu minni.<sup>10</sup>

Í ljósi þessara orða er forvitnilegt að skoða t.a.m. orðaskipti Umba og Jóns Prímusar sem leiða til þess að sá síðarnefndi lýsir því yfir að „[s]á sem ekki lif[i] í skáldskap lif[i] ekki af hér á jörðinni“ (KuJ 298). Þegar þar er komið sögu hefur Umbi áður sett fram þessa skoðun: „Ég hefði þó haldið að fyrsta skrefið væri að koma sér saman um að eitthvað sé satt og reyna síðan að lifa eftir því í félagi.“ En Jón Prímus svarar þessu með fleygum orðum: „Það er gaman að hlusta á fuglana kvaka. En það væri annað en gaman ef fuglarnir væru einlægt að kvaka satt.“ Og þá spyr Umbi á móti: „Á þá bara að hafa skáldlegt hugarflug í staðinn fyrir réttlæti?“ (KuJ 297). Í ritdómi um *Kristnihald undir Jökli* veltir Árni Bergmann því fyrir sér hvort Halldór Laxness stefni í verkinu saman ólíkum þáttum af persónuleika sínum og viðhorfum frá mismunandi tímасkeiðum og láti þær takast á.<sup>11</sup> En sjálfur lít ég svo á að það séu knýjandi spurningar af þessu tagi sem geri skáldskap Halldórs Laxness lífvænlegan því það standi upp á hvern og einn lesanda að glíma við þær og svara þeim með sínum hætti.



# VIÐAUKI

## SÆKJUM GULL Í GLJÚFRASTEIN

### Inngangur

[Veitingamaðurinn] heldur að við séum asnar, sagði [Íslandsbersi]. Það halda danir ævinlega um íslendinga og íslendingar um dani (Gþ 12).

Af sjónarhóli flestra Íslendinga eru rit Halldórs Laxness rauði þráðurinn í bókmenntasögu 20. aldar og skáldverk hans mælikvarði þegar verk annarra höfunda eru metin eða sett í hugmyndafræðilegt samhengi. Einhverjir kynnu jafnvel að taka afdráttarlausar til orða og segja eitthvað á þessa leið: „Halldór Laxness var ekki einungis merkastur Íslendinga um sína daga, víðlesinn skáldsagnahöfundur og boðberi mikillar arfleifðar, heldur var hann einnig — og ekki síður, einn allra skemmtilegasti höfundur samtímans.“<sup>1</sup>

Á árabílinu 1930–1950 þróaði Halldór fagurfræði hinnar þjóðfélagslegu skáldsögu. Margt bendir til að sú fagurfræði hafi mótað list margra íslenskra höfunda og verið grundvöllur íslenskrar bókmenntagagnrýni um langt skeið. Í umræðum um Halldór vill þó oft gleymast að hann er ekki aðeins lesinn af Íslendingum, heldur hafa verk hans verið þýdd á fjölmörg erlend tungumál og orðið brot af menningu annarra þjóða. Það á ekki síst við á Norðurlöndum.

Í Danmörku hafa verk Halldórs Laxness verið mikið lesin. Þess má geta að ungur skrifaði hann smásögur á dönsku sem birtar voru í dönskum dagblöðum auk þess sem dönsk þýðing Gunnars Gunn-

arssonar á *Sölku Völku* var fyrsta skáldsaga hans sem gefin var út erlendis. Hér á eftir ætla ég að velta vöngum yfir sambandi Halldórs við danska og íslenska lesendur eins og það birtist í umræðum um úthlutun Sonning-verðlaunanna sem honum voru veitt vorið 1969. Mikil blaðaskrif spunnust um verðlaunin, bæði á Íslandi og í Danmörku, ekki síst vegna mótmæla sem danskir stúdentar efndu til en þeim lauk með átökum stúdenta og lögreglu á Torgi vorrar frúar daginn sem verðlaunin voru afhent. Í umfjöllun um þessa atburði birtast átök skáldskapar og veruleika með margvíslegum hætti ekki síður en skoðanir manna á hlutverki höfundar og lesenda við túlkun bókmenntaverka.

Eftir því sem líður á fimmta áratuginn verða vangaveltur um form og stíl, og þá sérstaklega stöðu sögumanns, æ áleitnari í verkum Halldórs Laxness. Hann endurskoðar hlutverk hins orðmarga og leiðandi sögumanns sem einkenndi verk hans á fjórða áratugnum. Hann vill auka hlut lesenda í merkingarsköpun skáldverka sinna og tilraunir í þá átt eru t.d. snar þáttur í *Íslandsklukkunni*, *Brekkukotsannál*, *Kristnihaldi undir Jökli* og *Guðsgjafapulu*. Í viðtali við danska blaðið *Politiken* árið 1969 er hann spurður út í ummæli sín þess efnis að skáldsagan sé úrelt listform. Þau hafði Erik Sønnerholm eftir honum í ritdómi um *Kristnihald undir Jökli* sem birtist í blaðinu deginum áður. Svar Halldórs er eftirfarandi: „Allar skáldsögur eru vondar, en í síðustu skáldsögu minni hef ég reynt að endurnýja möguleika hennar — að öðru leyti verður bókin að tala sínu máli.“<sup>2</sup> Ósk Halldórs Laxness um að bókmenntaverk séu eigin málsvarar rætist þó ekki. Margir lesenda hans kæra sig kollótta um tilraunir til endurnýjunar á skáldsagnaforminu og virðast álíta „að einhver guðdómsvera hafi innblásið bókaskrifarann til þess að hann leiði [þá] frammúr myrkri þángað sem stórisannleikur býr.“<sup>3</sup> Lesendur gera kröfu um skýran boðskap eða „lausn á einhverju aðkallandi vandamáli.“<sup>4</sup> Telji þeir ekki fullnægjandi lausnir að finna í verkinu er ábyrgðinni varpað á skáldið. Að vissu leyti er sem skáldinu sjálfu sé ætlað að fylla í þá eyðu sem hinn leiðandi sögumaður skildi eftir í verkunum — og ætluð var lesendum. Ástæða þessa er meðal annars sú að Halldór tók lengi eindregna pólitíska afstöðu í ritgerðum sínum og mörgum skáldverka sinna. Meint pólitískt uppgjör hans á sjöunda áratugnum virðist breyta litlu um kröfu lesenda hans um að hann gegni leiðsögu-

mannshlutverki í pólitískum og siðferðilegum efnum, ekki síður en hlutverki sögumanns.

### Aðdragandi mótmælanna

*Politiken* greinir frá því 2. febrúar 1969 að íslenski rithöfundurinn og nóbelsverðlaunahafinn Halldór Laxness hljóti Sonning-verðlaunin við hátíðlega athöfn þann 19. apríl sama ár. Verðlaunin höfðu verið veitt ellefu sinnum fyrir þýðingarmikið framlag í þágu evrópskrar menningar og meðal þeirra sem höfðu hlotið þau voru Winston Churchill, Bertrand Russel, Arthur Koestler og Laurence Olivier. Þó af fréttinni og hlutlausri aðalfyrirsögninni „Sonning-þisen til Hall-dor Laxness“ sé ekki annað að ráða en Halldór Laxness sé vel að verðlaununum kominn læðist sá grunur að manni að eitthvað búi að baki undirfyrirsögninni. Þar segir: „150.000 kr. til den socialt en-gagerede forfatter“,<sup>5</sup> þannig að djúg verðlaunafjárhæð er tengd þjóðmálaafskiptum Halldórs. Í greininni er lögð höfuðáhersla á félagsgagnrýni í höfundarverki hans og lýsingar hans á lifnaðarhátt-um fátæklinga víða um heim. Í niðurlaginu segir:

Það eru [...] mannúðar- og samfélagslegar rannsóknir, sem einkenna bækur Halldórs Laxness frá sjöunda áratugnum, og sem á sinn hátt verka sterkar á mann en stóru skáldverkin frá fjórða áratugnum, *Heims-ljós* I–IV (1937–41) og *Íslandsklukkan* I–III (1943–1946), því að í þess-um bókum hittir maður fyrir skáld sem lýsir ekki aðeins fortíðinni með aðdáunarverðu listfengi, heldur og höfund sem lætur sig þjóðfélagsmál nokkru varða, og fer ekki dult með einarðar skoðanir sínar á ómaklegri fátækt og arðráni, hvar svo sem hann mætir slíku í heiminum.<sup>6</sup>

Í fyrstu tveimur prentunum blaðsins er grein um höfundinn auk myndar. Í síðustu prentuninni hefur myndinni verið skipt út fyrir stutt símaviðtal. Fyrirsögn viðtalsins er „Kender ikke Sonning“ og fyrsta spurning blaðamannsins er um áhrif hinna miklu Sonning-verðlauna á Laxness. Skáldið segist ekki vita hver Sonning hafi verið né hvernig auður hans sé til kominn. Svar hans er feitletrað og greinir sig þannig frá öðrum svörum í viðtalinu.<sup>7</sup> Í *Aarhus Stiftstidende* sama dag er einnig greint frá því að Halldór Laxness hljóti Sonning-verðlaunin. Í eins konar eftirmála við greinina segir:

Sonning-verðlaunin eru stofnuð af frú Leonie Sonning til minningar um eiginmann hennar heitinn, rithöfundinn og blaðamanninn C.J. Sonning. Tekjur sjóðsins koma að stærstum hluta frá stórum íbúðarblökkum og það hefur leitt til gagnrýni.<sup>8</sup>

Þó hér sé ekki farið út í smáatriði kemur fram að uppruni verðlaunafjárins er talinn gagnrýni verður. Hins vegar virðist sem blaðamaður *Politiken* treysti því að danskir lesendur þekki sögu Sonning-fjölskyldunnar nægilega vel til að þeir geti í eyðurnar.

Í leiðara blaðsins *Information* 19.–20. apríl koma þessar upplýsingar fram um Sonning:

Ritstjórnin C.J. Sonning ákvað árið 1936 að tekjur fjögurra af sjö íbúðarhúsum hans skyldu renna í ákveðinn sjóð. Sá sjóður á nú fjármuni sem nema nokkrum milljónum króna. [...] Ef til vill var Sonning-sjóðurinn stofnaður til að tryggja Sonning-nafninu eilífan heiður. [...] Mennt minnst ekki C.J. Sonnings fyrir framlags hans til menningar heldur vegna húsnæðisbraks. [...] Margt bendir til að Sonning-sjóðurinn sé til kominn vegna þess að menn færðu sér í nyt húsnæðiseklu, sem var til staðar þá rétt eins og nú.<sup>9</sup>

Ef lesandi *Politiken*-greinarinnar 2. febrúar býr yfir þessari þekkingu og lítur auð Sonnings sömu augum og leiðarahöfundur *Information* er greinilegt að blaðamaður *Politiken* ætlar sér að setja Halldór Laxness í siðferðilega klemmu á milli eigin málflutnings á fyrri tíð annars vegar og viðtöku verðlaunanna hins vegar. Undirfyrirsögn greinar hans ýtir undir þá spurningu hvort höfundur sem berjist fyrir félagslegu réttlæti geti tekið við illa fengnu fé. Niðurlag greinarinnar má skilja svo: Halldór Laxness gagnrýnir félagslegt óréttlæti hvar sem er í heiminum, Sonning-auðurinn er illa fenginn og Danmörk er í heiminum, ergo; Halldór mun gagnrýna eða honum ber að gagnrýna.

Blaðamaðurinn sem spennir þessa siðferðilegu klemmu lætur nafns síns ekki getið heldur birtist grein hans undir dulnefninu „Tempest“. Upplýsingaþjónusta *Politiken* segir að bak við nafnið leynist Ole Storm sem starfaði hjá blaðinu frá árinu 1958. Árið 1964 skrifaði hann ritdóm í *Politiken* um *Skáldatíma*, á dönsku *En digters opgør*. Þar segir m.a.:

Halldór Laxness er hagsýnn maður, sem tekið hefur afstöðu. Hann er fullkomlega óhlutdrægur og viðurkennir að hann hafi látið blekkjast af

sovétstjórninni — það gerir hann líka án falskrar tilfinningasemi og hræsnisfullrar iðrunar. Hann gerði mistök, svo einfalt er það, og hann mun ef til vill gera mistök aftur; hann lítur ekki svo á að skáld séu tryggð gegn mistökum, og hann heldur því ekki fram, að framkoma skálda sem einstaklinga eigi að táknera ákveðna lífsafstöðu. [...]

Laxness er eins og fyrr segir hagsýnn maður. Honum er umhugað um að fá nætursvefn. Hann álitur einnig heiðarleika borga sig og stingur engu undir stól í þessari endurminningabók.<sup>10</sup>

Ole Storm er tiltölulega jákvæður í garð bókarinnar en þó skín í gegn kaldhæðni sem er vandlega undirbyggð í dómnum. Hana má meðal annars sjá á því hvernig Storm klifrar á því að Laxness sé „en praktisk mand“ eða á íslensku ‚hagsýnn‘. Án þess að segja það berum orðum gefur Storm sterklega í skyn að hagsýni sé helsta ástæðan til þess að bókin er skrifuð, það sé hún sem stjórní pólitískri afstöðu Halldórs öðru fremur. Það sama er uppi á teningnum í greininni sem hann ritar um veitingu Sonning-verðlaunanna. Þar stillir hann peningum upp sem andstæðu hugsjóna og gerir sannfæringuna að baki félagsgagnrýni Halldórs tortryggilega. En í Sonning-deilunni eru ásakanir um hagsýni háværi en í því lágstemmda háði sem kemur fram í ritdómnum um *En digters opgør*.

Grein Ole Storm hefur mikil áhrif á þróun mála í Sonning-deilunni. Hann leggur þann grunn sem ýmsir aðrir byggja á.

## Listamaður meðal uppreisnarmanna

Stúdentaráð Kaupmannahafnarháskóla sendir Halldóri Laxness opið bréf þann 5. mars 1969 þar sem ráðið óskar honum til hamingju með Sonning-verðlaunin. Það er þó ekki ástæðan fyrir bréfinu heldur vill ráðið fræða skáldið um uppruna peninganna sem hann hyggist taka við. Í bréfinu er vísað til viðtalsins í *Politiken* 2. febrúar og sú siðferðilega klemma sem blaðamaðurinn Ole Storm spennti um Halldór Laxness er hert. Ráðið lítur svo á að háskólanum (prófessorunum) skjöplist að því leyti sem hann telji að Sonning-verðlaunin auki við hróður hans:

Háskólanum (þ.e. prófessorunum) hefur sem sagt fundist við hæfi, að þeir tækju að sér að útdeila himinháum gróða Sonning-fjölskyldunnar sem fékkst af misnotkun á einum af stærstu félagslegu smánarblettun-

um á landi voru: húsnaðisneyðinni. Þetta byggir líklega á þeim mis-  
skilningi að Kaupmannahafnarháskóli kunni að fá sæmd af því að útdeila  
svo miklum fjármunum — sem lykta ekki frekar en aðrir peningar, og  
Nóbel hafa Danir aldrei átt. Þetta er aðeins eitt af mörgum dæmum um  
skeytingarleysi háskólans um félagslegar aðstæður í landinu og gott dæmi  
um samþykki hans á hinu óheilbrigða kapítalistíska siðferði.<sup>11</sup>

Að þessu loknu er Halldóri boðið að halda opinn fyrirlestur við há-  
skólann í stað þess að taka við verðlaununum. Stúdentarnir stinga  
upp á hvert efni fyrirlestrarins geti verið:

Hugleiðingar [yðar] um „slammyggju“ gætu verið kjörið umræðu-  
efni, og við getum fullvissað yður um, að með þessa áheyrendur, þurfið  
þér ekki að fara dult með einarðar skoðanir yðar á ómaklegri fátækt og  
arðráni.<sup>12</sup>

Vakin skal athygli á því að í bréfi stúdentanna er tekið næstum orðrétt  
upp niðurlag greinar blaðamanns *Politiken*. Stúdentarnir halda þar með  
áfram verki sem þegar er hafið. Bréfi þeirra lýkur svo á orðunum „í von  
um að samfélagsvitund þín sé enn á lífi“.<sup>13</sup> *Politiken*, eitt stærsta dagblað  
Danmerkur, og stúdentaráð háskólans fara í sem stystu máli fram á að  
Halldór Laxness taki að sér að vera leiðarhnoða Hafnarháskóla á sið-  
ferðilegum villigötum. Það má kallast einstakt traust.

Rithöfundurinn Hans Scherfig sem um áratuga skeið var einn  
áhrifamesti hugsuður danskra kommúnista skrifar hugleiðingar um  
væntanleg mótmæli stúdenta í dagblað danskra kommúnista, *Land og  
Folk*, 9.–10. mars sama ár. Þar leggur hann út af kvæði eftir Poul  
Martin Møller sem heitir, „Listamaðurinn meðal uppreisnarmann-  
anna“.<sup>14</sup> Í kvæðinu er rakin saga listamanns sem yrkir ljóð um feg-  
urðina. Þegar einn lærlinga hans biður um frí til að taka þátt í upp-  
reisn gegn einvaldi bregst skáldið illa við:

*Er du nysgjerrig, Snøbel!  
Så kig af Vinduet ud:  
See paa den drukne Pøbel  
Og paa Gadefredens Brud!*

Þegar uppreisnarmennirnir nálgast hús skáldsins og brjótast inn á  
vinnustofu hans í leit að stuðningi svarar hann þeim yfirvegaður að  
hann haldi tryggð við valdhafann:

*I Fredens milde Skygge  
 Bag Lovens Kobbermuur  
 Vi Kunstnere sysle trygge,  
 Naar Voldsmand blæser paa Luur.*

Men:

*Hvis Fyrsten min Tjeneste kræver,  
 Til Kampen vil jeg gaae,  
 Da bringer jeg ham to Næver  
 For blandt Eder at slaae.*

Þegar skarinn neitar að víkja missir meistarinn að lokum stjórn á sér og tryllist. Þegar Halldór var inntur eftir afstöðu sinni til kröfu stúdentanna í viðtali í *Berlingske Aftenavis* 5. mars 1969 bregst hann við eins og listamaðurinn í kvæði Møllers — hann tryllist.

— Aðgerðirnar beinast ekki að yður, heldur að Sonning-verðlaununum og frú Sonning.

— Hvað kemur frú Sonning mér við? Háskólinn veitir mér verðlaun, og ég er mjög upp með mér vegna þess heiðurs sem mér er sýndur. En ég þekki Danina. Þeir vita ekki hvað heiður er. Fyrir þeim eru þetta aðeins peningar, peningar, peningar ... þeir geta átt sína peninga sjálfir.

— Þýðir það að þér ætlið að hafna Sonning-verðlaununum?

— Ég hafði hugsað mér að gefa þessa peninga til sérstaks málefnis í Danmörku. En eigi það að gerast við hótanir um ógnir og fjárkúgun, mun ég hugsa mig tvisvar um.

Ég læt ekki þessa hryðjuverkamenn stjórna gerðum mínum.<sup>15</sup>

Viðbrögð Laxness vöktu samúð með málstað stúdenta og þóttu harkaleg. Það er m.a. á grundvelli þeirra sem Hans Scherfig segir að þeir tímar séu liðnir þegar meistarinn [Halldór Laxness] talaði gegn valdhöfunum. Þessu til stuðnings vitnar Scherfig til formálans að *Gerska ævintýrinu* þar sem Halldór lýsir auðæfum og sæmd sem honum myndu hlotnast af því einu að lýsa eymd í Sovétríkjunum.

Í fyrsta sinn á æfinni hef ég á valdi mínu að semja bók sem yrði útlögð á allar þjóðtúngur Vesturlanda, stórar og smáar, gefin út í tröllauknum upplögum í sérhverju landi, prentuð neðanmáls í stærstu dagblöðun-

um, birt í útdráttum í hundruðum og þúsundum blaða og tímarita, ásamt laungum myndprýddum ritdómum á helstu bókmenntasíðunum, þar sem ég yrði ausinn lofi fyrir sannleiksást og ritsnild og bent á mig sem sérstaklega hæfan mann til að taka á móti Nóbelsverðlaununum. Ég mundi verða önnum kafinn að taka á móti tékkávísunum á erlendan gjaldeyri frá Þýskalandi, Ítalíu, Englandi, Frakklandi, Ameríku og Norðurlöndum [...]

Alt sem ég þarf að gera er að setja saman nógu átakanlega lýsingu af húngrinu, klæðleysinu, húsnæðisleysinu, sóðaskapnum og skorti réttaröryggisins í Rússlandi ...<sup>16</sup>

Þessa lýsingu telur Scherfig vera að finna í *Skáldatíma*; þar hafi Laxness sett allt á blað sem vestrænum stjórnarherrum sé þóknanlegt. Hugleiðingum Scherfigs lýkur á þessum orðum:

Í sannleika sagt hefur hann unnið fyrir verðlaunum sínum. Líka Sonning-verðlauninum. Skrifar hann ekki að *Moskva og Leníngrad séu hundrað prósent fátækrahverfi!* Getur frá Sonning verið annað en ánægð! Maður skilur óþolinmæði meistarans gagnvart dönskum stúdentum, lýðnum, lubbunum, hinum frjálslýndu drengjum.<sup>17</sup>

Scherfig sem var um árabíl einlægur aðdáandi Laxness segir hér tæpitungulaust að Laxness sé kominn á mála hjá auðvaldinu. Raunar má lesa milli línanna þá skoðun hans að stjórnmalasannfæring Laxness sé lítið annað en hentistefna — stjórnist e.t.v. fyrst og fremst af hagsýni.

Í stúdentablaðinu *Q* sem gefið er út af stúdentaráði Hafnarháskóla er pistill eftir Torben Bo Hansen Stud. psyk. Þar tekur hann upp stóran hluta af bréfi stúdentaráðsins til að sýna fram á hversu óréttmæt viðbrögð Halldórs í viðtalinu við *Berlingske Aftenavis* hafi verið. Siðferðilegar kröfur stúdenta til Halldórs Laxness grundvallar hann á sömu tilvitnunum í *Skáldatíma* og *Gerska ævintýrið* og Scherfig notaði í grein sinni. Ef klausa úr grein Scherfigs er borin saman við niðurlag pistils stúdentsins sést að orðalagið er fjarska líkt:

En menneskealder senere, da Halldor Laxness havde fået Nobelprisen, fulgte han sin egen ironiske brugsanvisning til borgerlig bevågenhed og satte virkelig i erindringsbogen „En digters opgør“ en tilstrækkelig drastisk beskrivelse sammen af sulten, tøjmangelen, bolignøden, snavset og den manglende retssikkerhed i Rusland.<sup>18★</sup>



En menneskealder senere fulgte han sin egen ironiske opskrift på borgerlig bevågenhed og satte virkelig i erindringsbogen „En digters opgør“ en tilstrækkelig drastisk beskrivelse sammen af sulten, tøjmangelen, bolignøden, snavset og den manglende retssikkerhed i Rusland. Og dermed har han ifølge sin egen opskrift, gjort sig fuldt fortjent til at modtage også Sonning-prisen. Og derfor reagerede han på Studenterrådets meget venlige brev med at kalde studenterne terrorister og pengeafpressere.<sup>19\*</sup>

Ástæður þess að stúdentar ganga svo hart að Halldóri Laxness má að því er best verður séð rekja til dylgna blaðamanns *Politiken* og síðar greinar Hans Scherfig. Viðbrögð Halldórs við bréfi stúdenta í *Berlingske Aftenavis* eru skiljanleg í þessu ljósi en hann spyr: „Hvað vill þetta fólk mér? Hverjir eru þetta?“<sup>20</sup> Mun fleiri koma að málinu en aðeins danskir stúdentar og málalíbúnaður þeirra byggir á hugmyndum sem eitt stærsta dagblað Danmerkur hefur komið inn hjá þeim. Síðar grípur áhrifamikill rithöfundur og fyrrum bandamaður Halldórs í pólitík orð hans á lofti og útleggur þau fyrir stúdenta er taka túlkun hans sem nýju neti. Í viðtali við *Ekstra Bladet* 16. apríl 1969 er Halldór Laxness spurður út í afstöðu sína til æskubyltingarinnar. Þó svarið sé fyrst og fremst kaldhæðid bendir það e.t.v. líka til þess að Halldór telji aðra ábyrga fyrir mótmælunum gegn Sonning-verðlaununum en stúdenta. Hann segir:

Æskubyltingin! Hvers lags æskubylting er þetta? Ég kannast ekki við neina æsku sem gerir meiri uppreisn í dag en hún hefur gert frá upphafi vega. Talið þér um æskubyltingu af því að einhverjir róttæklingar reyna að valda einni manneskju ógn og skelfingu? Ég gef ekki mikið fyrir slíka æskubyltingu.<sup>21</sup>

Í frétt sem birtist í *Information* þann 12.–13. apríl lýsir formaður stúdentaráðsins, Johs. Nymark, því yfir að málið í heild sinni og mótmæli stúdenta sem slík séu persónu Halldórs Laxness óviðkomandi.<sup>22\*</sup> Yfirlýsing formannsins virðist þó út í bláinn ef tekið er mark á niðurlagi bréfsins sem ráðið sendi skáldinu og vitnað var til hér að framan. Pistlahöfundur stúdentablaðsins *Q* er einnig persónulegur og stúdentar réttlæta kröfur sínar með hliðsjón af höfundarverki Laxness.

Dagblaðið *Information* birtir líka tvö lesendabréf þar sem brugðist er við ummælum Laxness í viðtalinu við *Berlingske Aftenavis*. Bréfin

hefjast bæði á persónulegri kveðju; „Kære Laxness“. Höfundar bréfananna gera grein fyrir þeim vonbrigðum sem Halldór hafi valdið þeim með viðbrögðum sínum. Annar bréfrítarinn, Jannick Storm, segir að verk Laxness hafi einmitt gefið til kynna að þar væri höfundur sem hefði samúð með málstað þeirra kúguðu. Hann lýkur bréfinu með því að ráðleggja Laxness að gefa leigjendum Sonnings verðlaunaféð. Slíkt væri honum sambodíð.

Í hinu bréfinu kveður yfirkennarinn O. Fischer Thomsen Laxness formlega með orðunum „Adieu Laxness“ og segir að í framtíðinni muni hann leggja traust sitt á yngri kynslóðir Íslendinga. Hann segir:

Gæti ekki hugsast, að ástæða þess að stúdentarnir grípa til aðgerða nú, sé sú að nú fyrst sé runnið upp fyrir þeim ljós og að þeir hafi snúið sér einmitt til þín vegna þess að þeir töldu þig ungan þrátt fyrir aldurinn, töldu þig vera vin, einn af þeim ráðsettu, en þó ekki kerfiskarl?

Gott og vel, þeim skjátladist. Þegar maður þekkir fagurt og gagnrýnið höfundarverk þitt er erfitt að venja sig við þá tilhugsun að þú sért eins og hinir.<sup>23</sup>

Munurinn á þessum bréfum og bréfi stúdenta er sá að hér virðast bréfrítarar þekkja til verka Laxness af eigin raun og líta svo á að þeir séu að gera kröfu til hans sem einstaklings. Stúdentar virðast hins vegar telja að unnt sé að gera siðferðiskröfur til tiltekins manns þannig að það sé persónu hans óviðkomandi. Þeir virðast ekki gera sé fulla grein fyrir á hverju kröfur þeirra byggja. Þeir fylgja fordæmi blaðamanns *Politiken* og Scherfigs en reyna að því er best verður séð ekki að skilja út á hvað kröfur þessara tveggja til Laxness ganga.

Í stuttum leiðara dagblaðsins *Aktuelt* er þeirri spurningu varpað fram hvers vegna stúdentar taki upp á því að mótmæla einmitt þegar Halldór Laxness taki við verðlaununum? Leiðarahöfundur telur að stúdentarnir hefðu mátt vænta stuðnings frá Halldóri eins og hann komi lesendum fyrir sjónir í skáldsögum hans. Með því að taka við verðlaununum setji hann hins vegar prinsíp sín á útsölu.<sup>24</sup> Sama afstaða er látin í ljós í *Land og Folk* þegar blaðið lýsir viðbrögðum skáldsins við kröfum stúdenta, en þar segir: „Maður á erfitt með að þekkja aftur skáldið sem skrifaði Sölku Völku, á þessum hrokafullu yfirlýsingum.“<sup>25</sup> Ummæli sem þessi benda til að dregnar séu upp hliðstæður milli raunveruleikans og skáldskaparins. Ætli blaðamaður-

inn líti svo á að einhver augljós tengsl séu milli Kaupmannahafnar og Óseyrar við Axlarfjörð? Ber okkur að lesa atburðarás raunveruleikans inn í skáldverkið? Eiga vissir einstaklingar sér þá hliðstæðu í skáldverkinu? Er C.J. Sonning Jóhann Bogesen og Halldór Laxness annað hvort Salka Valka eða Arnaldur Björnsson? Er hann e.t.v. einhver allt annar, kannski Beinteinn í Króknum? Hvað sem því líður bregðast Kaupmannahafnarbúar við eins og íbúar Óseyrar við Axlarfjörð:

Heimamenn litu á Sölku Völku og spurðu hvað þeir ættu að gera.

Þetta er bara helvítis yfirgángur, sagði hún. Þorið þið ekki í þá?

[...]

Síðan var barist á bryggjunni.<sup>26</sup>

Hinir raunverulegu heimamenn í þessu máli virðast varpa eigin siðferðisábyrgð á Sölku Völku. Orð hennar standa eins og stafur á bók þrátt fyrir *Skáldatíma* eða annað uppgjör Halldórs, þess vegna er barist í Nørregade árið 1969. Skaparinn mætir afsprengi sínu.

## Ravnekrogsstridigheder

Nú verður þessi gamanleikur að taka endi, farsí með fólk eins og Albert Schweitzer, Karl Bart, Alvar Aalto, Laurence Olivier og nú síðast Halldór Laxness sem aukapersónur og frú Sonning í aðalhlutverki.<sup>27</sup>

Það er sem raunveruleikinn lendi í árekstri við skáldskapinn fyrir utan Kaupmannahafnarháskóla þann 19. apríl 1969. Kröfur mótmælenda til Halldórs Laxness byggja ekki aðeins á hugmyndum sem sóttar eru til skáldverka hans heldur er atburðarásin með slíkum eindæmum að jaðrar við fánleika.

Blað danskra kommúnista, *Land og Folk*, birtir daginn eftir verðlaunaafhendinguna frétt á forsíðu undir fyrisögninni „Krig i Nørregade“, og víst er að hálfgert stríðsástand ríkti fyrir utan Kaupmannahafnarháskóla þennan dag.<sup>28</sup> 3000 manns lýstu yfir óánægju með úthlutun Sonning-verðlaunanna, ýmist á friðsaman eða herskáan hátt. Prettán ungmenni voru handtekin eftir átök við lögreglu auk þess sem lögreglubíl var velt og flestu lauslegu fleygt að byggingunni. Á sama tíma og flöskur og eldsprengjur flugu í átt að lögreglunni með reglulegu millibili, lék hljómsveit strengjaktartett Beethovens í

c-moll opus 18 nr. 4 fyrir 300 gesti í hátíðarsal skólans, en hundgá og slagorð stúdenta, eins og „Kapitalisme fører til nazisme“, gáfu flutningnum sérstæðan blæ.<sup>29</sup>

Í myndapætti dagblaðsins *Politiken* sést upp í opin gin síðhærðra mótmælenda sem vaða reyk í átt að vopnuðum lögreglumönnum sem standa vörð um háskólann. Á annarri mynd gefur að líta ungan tvífara Ches Guevara liggja eins og lamaðan á götunni meðan tveir lögreglumenn draga hann í burtu. Önnur mynd sýnir veislugesti í tómlegum hátíðarsalnum hlýða á strengjasveitina. Að lokum er mynd með undirtextanum: „Dagens hovedpersoner, Halldór Laxness og Leonie Sonning“. Á myndinni stendur Halldór Laxness skælbrosandi í svörtum jakkafötum með konu upp á arminn, sem við fyrstu sýn virðist vera Grimmhildur Grámann. Nánari athugun leiðir þó í ljós að konurnar eru bara sláandi líkar; þær hafa sams konar hárgreiðslu, gleraugu og perlufestar en hvít dragt frú Sonnings er ekki í stíl Grimmhildar.<sup>30</sup>

Í umfjöllun um verðlaunin í *Jyllands-Posten* þann 7. mars 1969 gerir pistlahöfundurinn Jens Kruuse grín að þeirri stílfærðu mynd sem dregin er upp af Sonning-hjónunum og birtist til að mynda í umfjöllun stúdenta. Í stúdentablaðinu *Q* er t.d. skrípamynd af frúnni þar sem hún flýgur um með dauðan ref um hálsinn eins og djöfulleg norn. Úr vösum hennar og tösku drífa peningar og í horni myndarinnar sveiflar rotta halanum glaðhlakkaleg. Í grein Kruuses segir:

Frú Sonning er dama í dýrum pelsum, með uppsett hár og fína skartgripi, hún situr í betri sætum.

Frú Sonning og eiginmaður hennar heitinn græddu offjár á því að braska með fasteignir.

Kannski hafa frú Sonning og eiginmaður hennar einhvern tímann klappað litlum hvolpi og gefið kislóru mjólk og aldurhniginni heimilishjálp kápu.

Ég veit ekkert um þetta með braskið og ekkert um kápuna. Ég get mér þess bara til að þau séu ill en kannski líka manneskjur.<sup>31</sup>

Pistlahöfundurinn, sem er í meira lagi kaldhæðinn, varar við því að mála heiminn í svörtum og hvítum litum. Að hans mati hafa fleiri ‚óhrein‘ mjöl í pokahorninu en Sonning-hjónin. Tilraun stúdenta til að slá sjálfa sig til riddara sé óréttmæt þar sem þungi kröfunnar hvíli á Halldóri Laxness en ekki þeim sjálfum. Boðskap hans mætti útfæra

á þann hátt að hver eigi að gera siðferðiskröfur til sjálfs sín áður en hann geri þær til annarra. Ef til vill kemur þessi afstaða heim og saman við þá skoðun Halldórs Laxness að „æðsta skylda „rithöfundar í dag“ [sé] að skrifa það sem honum líst og sjá aðra rithöfunda í friði.“<sup>32</sup>

Því fer fjarri að allir hafi verið samþykkir aðgerðum stúdenta við háskólann þó margir hafi haft samúð með málstað þeirra. Í leiðara blaðsins *Information* 19.–20. apríl 1969 er gerð grein fyrir því með hvaða hætti auður Sonning-hjónanna sé til kominn og ekki dregin fjöður yfir það að fé þeirra hafi verið fengið með ósiðlegum hætti. Leiðarahöfundurinn segir þó: „Aðgerðir stúdentanna eru samt sem áður ekki góðar. Og það er fyrst og fremst ekki gott að Halldór Laxness sé dreginn inn í aðgerðirnar og þess krafist af honum að hann segi nei við verðlaununum.“<sup>33</sup> Í leiðaranum eru sett fram sjónarmið sem koma fram víðar, t.d. í greininni í *Jyllands-Posten* sem vitnað var til hér að framan en líka að nokkru leyti í *Berlingske Tidende*. Þar er hugmynd stúdentanna um að peningar Sonnings séu verri en aðrir peningar mótmælt og nefnd dæmi um það hvernig stúdentarnir ættu þá sjálfir á sömu forsendum að neita að taka við ýmsum styrkjum. Hið stóra siðferðilega álitamál felst að hyggju höfundarins í því, að hversu miklu leyti háskólinn eigi að taka að sér að útdeila fjármagni í einkaeigu. Í *Information* er þó sérstaklega tekið fram að íslensk dagblöð, ekki síður en Halldór sjálfur, hefðu mátt spara sér að fara út að mörkum móðursýki í ræðu og riti. Einnig er fróðlegt að lesa grein ritstjóra *Politiken* um mótmælin:

Því miður hefur ríkt misskilningur á því að hverjum mótmæli stúdenta beinast og því miður hefði tímasetning mótmælanna átt betur við fyrir 20 árum síðan þegar sjóðnum var komið á fót.

Þrátt fyrir þessa forsögu getur enginn mótmælt rétti stúdentaráðsins til að koma skoðunum sínum á verðlaununum á framfæri með fríðsamlegum hætti. Verðlaunum, sem eiga rætur sínar að rekja til misnotkunar á sveiflum á fasteignamarkaði, og nærðust á þeim aðferðum sem frú Leonie Sonning beitti við stjórnun fasteignanna, sem tónlistarsjóðnum var úthlutað fyrir þremur árum síðan. [...]

Samúðin sem maður kann að hafa haft með málstað stúdenta breytist í vonbrigði og reiði yfir því að gripið skuli til ofbeldis á Torgi vorrar frúar.<sup>34</sup>

Nú er talað hreint út um það sem var undanskilið í undirfyrirsögninni „150.000 kr. til den socialt engagerede forfatter“. Ekki getur talist undarlegt að ritstjóri blaðsins hafi samúð með málstað stúdentanna þar sem hugmyndafræðin að baki mótmælum þeirra á uppruna sinn í grein eins blaðamanna dagblaðsins. Ritstjórinn gefur þó ekki annað til kynna en stúdentarnir hafi átt upphafið að öllu saman.

### Tekist á um fortíðina

— En þér höfðuð eitt sinn mikinn áhuga á stjórnmálum. Þér voruð hreinlega ein af skrautfjöðrum kommúnista! Laxness lokar augunum og situr hreyfingarlaus nokkra stund. Reykurinn stígur í hlykkjum frá vindli hans og myndar keilulaga ský í loftinu.

— Það er löng saga, segir hann loks. — Og að mörgu leyti harmræn saga.<sup>35</sup>

Það virðist koma mörgum pistlahöfundanna spánskt fyrir sjónir að Halldór Laxness skuli taka við peningum Sonning-fjölskyldunnar úr höndum Mogens Fog háskólarektors. Báðir höfðu þessir menn haft veruleg afskipti af stjórnmálum á vinstri vængnum. Mogens Fog lýsti árið 1950 aðdáun sinni á Sovétríkjunum eftir heimsókn þangað eins og Halldór Laxness hafði gert árið 1939.<sup>36</sup> Fog hafði einnig sýnt í verki andstöðu sína við nasista meðan Danmörk var hersetin og naut af þeim sökum aðdáunar landa sinna. Í grein sem nefnist „Om Sonning-Prisen — Idealer og Alderdom“ segir Tage Voss:

Eins ánægjulegt og það hefði verið að horfa á Halldór Laxness ungan og Mogens Fog ungan rétta hvor öðrum höndina, er það átakanlegt nú að horfa á þá takast í hendur — af þessu vafasama tilefni. Þetta eru tvö stórmenni, sem eru orðin gömul og hafa eftir langa mæðu beygt sig og hætt að segja nei. Þau segja já — hneigja sig og og brosa uppgjafar-gamlingjabrosum. Fyrir okkur er þetta átakanlegt því þeir eru hetju-ímyndir vorra daga — tignarmyndir fjálsborinnar mótstöðu gegn valdi í orði og æði, gegn hálfkákí og hræsni, [...] við lítum á þá sem persónugervinga þess sem gefur sig ekki, skoðana sem eru ekki til sölu. En eru þrátt fyrir allt seldar nú.

Og í dag sjáum við þá að lokum bukta sig og beygja, krókloppna og tamda af valdinu. Það hefði ekki hreyft við okkur hefðu aðrir átt í hlut — *en þessir tveir*: Nú er skrattanum skemmt ...<sup>37</sup>

Erik Sönderholm sem talist getur helsti þýðandi verka Halldórs Laxness eftir 1963 skrifar grein í *Ekstra Bladet* undir fyrirsögninni „Protest med gal adresse“. Í greininni reynir Sönderholm að sýna mótmælendunum fram á að í verkum Halldórs sé meira að finna en aðeins hið félagslega. Af þessum sökum telur hann rangt að gera aðrar siðferðiskröfur til Halldórs en þeirra sem áður höfðu tekið við verðlaununum. *Salka Válka* sem nýlega hafði verið endurútgefin höfðaði að sögn Sönderholms mjög til ungs fólks á þessum tíma en hún ein og sér gat gefið ranga mynd af höfundarverki skáldsins. Sönderholm segir: „gangi maður út frá „Sölku Völku“ þegar höfundarverk Laxness er metið, er rangt að gera of mikið úr félagslegum þáttum verksins því það er nefnilega ekki úr þeim jarðvegi sem seinni verk hans spreitta.“<sup>38</sup> Þessu til sönnunar nefnir hann m.a. *Sjálfstætt fólk* sem hann útleggur með eftirfarandi hætti:

„Sjálfstætt fólk“ er að mörgu leyti óhefðbundin skáldsaga í allri afstöðu sinni. Laxness hlýtur að hafa verið ljóst að félagsleg skáldsaga um landbúnað á fjórða áratugnum hefði ekki átt að enda eins og hún gerir. Nefnilega að hinn vesæli vinnumaður muni halda áfram sjálfstæður þvert gegn allri skynsemi. Hann er og mun halda áfram að vera sjálfstæður maður, og það er fólk af þessu tagi sem Laxness elskar.<sup>39</sup>

Grein Eriks Sönderholm er að mörgu leyti áhugaverð andstæða við grein Hans Scherfig. Sönderholm reynir að gera eins lítið úr pólitískri fortíð Laxness og mögulegt er en Scherfig vill gera hana að meginatriði.

Á þessum tíma höfðu verið skrifaðar þónokkrar greinar um fjölbreytta túlkunarkosti sem verk Halldórs Laxness bjóða upp á. Nefni ég hér sem dæmi grein Martins Larsen í *Berlingske Tidende* 25. mars 1964. Þar fjallar Larsen um nokkuð sem hann kallar „poetisk dialektik i Laxness' værker“ og einkennist af því að ólíkum skoðunum er stefnt hverri gegn annarri án þess að afstaða höfundarins opinberist við lesturinn. Grein Larsens endar á eftirfarandi athugasemd:

Það er ekki félagsleg róttækni sem maður á fyrst og fremst að leita að í bókum Laxness. Hún er þáttur í þeim, en ekki í forni áróðurs. Það hlýtur líka að angra þann sem leitar eftir hinu einræða í samfélagssýn Laxness, að byltingarmaðurinn Arnaldur í „Sölku Völku“ skuli vera veikgeðja og velji sældardraum fremur en raunveruleika öreigans að athuguðu máli.<sup>40</sup>

Ástæða þess að þetta er nefnt hér er sú að Sönderholm gerir ekki tilraun til að sýna hvernig túlka megi verk Laxness á ólíka vegu heldur velur hann að túlka verkin á umdeilanlegan hátt sem þjóna augljóslega hans eigin málstað. Scherfig fylgdi Laxness að málum fram að uppgjörinu í *Skáldatíma*. Eftir það skildu leiðir. Scherfig notar vitnisburð Halldórs sjálfs til að sýna fram á hollustu hans við Stalín við lok fjórða áratugarins. Scherfig vill sýna fram á að Laxness hafi svikið pólitíska sannfæringu sína meðan Sönderholm reynir að leiða í ljós að hún hafi aldrei verið fyrir hendi. Hér er tekist á um túlkun á ævistarfi Halldórs Laxness sem endurspeglar, ekki síður en mótmæli stúdentanna, árekstur milli skáldskapar og veruleika. Skáldskapurinn hefur áhrif á sýn okkar á heiminn og áhrifamiklir túlkendur móta þá sýn rétt eins og höfundurinn sjálfur. Erik Sönderholm gerir tilraun til að gerast leiðsögumaður stúdenta um heim sagnamannsins Halldórs Laxness — sjálfur titill greinar hans, „Protest med gal adresse“, gefur til kynna að hann telji sig þekkja leiðina.

### Vita Íslendingar hvað heiður er?

Nú þegar skattaframtölin eru efst á baugi, eru það ýmsir, sem velta því fyrir sér, hvort þessi myndarlega upphæð [Sonning-verðlaunanna] muni koma fram til skatts hjá Nóbelskáldinu, og þess vegna sneri blaðið sér til ríkisskattstjóra með þá spurningu.<sup>41</sup>

Sonning-verðlaunin vekja ekki síður athygli á Íslandi en í Danmörku. Umræðan hér heima snýst þó miklu minna um skyldur höfundarins við lesendur sína en í Danmörku. Á Íslandi eru það skattamál sem talin eru mestu skipta, að minnsta kosti í *Vísí* sem greinir einna nákvæmast frá framvindu mála hér heima. Fregnin um að Laxness hljóti verðlaunin birtist undir fyrirsögninni „Fer helmingur verðlaunanna í skatta?“. Í greininni er ekki velt vöngum yfir því hverjar ástæður veitingarinnar séu, né heldur er minnst á að henni fylgi nokkur heiður. Í henni segir aðeins: „Eins og kunnugt er verða Halldóri Laxness veitt Sonning-verðlaunin dönsku þetta ár. Verðlaunaupphæðin mun nema hátt á aðra milljón króna.“<sup>42</sup>

Tveimur dögum síðar birtist önnur frétt í *Vísí*. Að þessu sinni er tilfnið mikil umfjöllun um skáldið í Danmörku vegna Sonning-



verðlaunanna annars vegar, hins vegar vegna útkomu danskrar þýðingar *Kristnihalds undir Jökli*. Fyrirsögn greinarinnar er „Kristnihaldið kostar yfir 1000 kr. í Kaupmannahöfn“. Í greininni segir:

Í Politiken er skýrt frá því að hinn 19. apríl muni nóbelsverðlaunaskáldið taka við Sonningverðlaununum og fer athöfnin fram í Háskólanum í Kaupmannahöfn. Ekki [eru] færð nein rök að því hvers vegna Laxness fái verðlaunin en alþjóðleg frægð Laxness og listrænt gildi ætti að veita nægilegar forsendur.

Í öðru blaði Politiken er sagt frá Kristnihaldi undir Jökli, en sú bók kostar komin til Danmerkur rúmar þúsund krónur, eða 95 kr. danskar. Það er Erik Sønderholm, fyrrverandi sendikennari hér, sem skrifar.

Af grein *Vísis* mætti ætla að eitt meginumfjöllunarefni Eriks Sønderholm væri verð bókarinnar. Svo er þó ekki; það er aðeins gefið upp innan sviga ásamt blaðsíðufjölda og útgefanda eins og venja er í mörgum dönskum dagblöðum. Verðið hlýtur að hafa þótt óvenju hátt fyrst það er tilgreint í fyrirsögn fremur en dómur Eriks Sønderholm þess efnis að „Kristnihald undir Jökli sé ekki aðeins bezta íslenzka skáldsagan, sem hafi komið út í mörg ár heldur nái Laxness nýju og óvæntu flugi í skáldskap sínum með þessu verki.“<sup>43</sup>

Fimm dögum síðar fjallar blaðið um áskorun Rithöfundasambands Íslands á alþingi um að Laxness fái notið Sonning-verðlaunanna án þess að tekinn verði af þeim skattur. Hún er svohljóðandi:

Stjórn Rithöfundasambands Íslands skorar á hið háa Alþing að gera ráðstafanir til, að Halldór Laxness fái notið Sonning-verðlaunanna án skattafrádráttar.

Í þessu sambandi er vert að minnast þess, að hið háa Alþing veitir Halldóri Laxness árleg heiðurslaun, sem verið hafa 100 þúsund krónur að undanfögnu. Væri næsta lítill heiður að því fyrir Íslendinga að láta hann greiða margfalt hærri fjárhæð til ríkisins af heiðursfé, sem önnur þjóð sæmir hann fyrir verk, sem varpar ekki síður ljóma á nafn Íslands en skáldsins sjálf. <sup>44</sup>

Í kjölfar áskorunarinnar er málið tekið til umræðu á alþingi. Þar skiptast menn í tvö horn; annars vegar eru þeir sem telja að Laxness skuli borga skatt eins og aðrir þegnar, hins vegar þeir sem telja að skáldinu sé sýndur sérstakur sómi með því að verðlaunin séu und-

anþegin skatti. Í umræðunum er skáldinu ekki sýndur neinn sérstakur sómi og þó málalyktir séu þær að verðlaunin séu skattfjáls hefur heiður hans beðið nokkurn hnekki. Þann 6. mars 1969 segir frá ræðu Skúla Guðmundssonar í *Vísi*:

*Skúli Guðmundsson hinn aldni stjórnmálajöfur, var í essinu sínu í gær, þegar rætt var frumvarpið um skattfrelsi Sonnings-verðlauna Halldórs Laxness. Frumvarpið hefur hlotið samþykki í efri deild og var í gær til fyrstu umræðu í neðri deild. Skúli var háðskur mjög og virtist á köflum eins og hann væri að líkja eftir raddblæ Nóbelskálðsins. — Var þingheimi skemmt.<sup>45</sup>*

Áður hafði sami Skúli skilað makalausú nefndaráriti frá 1. minnihluta fjárhagsnefndar sem þríklofnaði um málið. Áritið var birt í *Alþýðubladinu* þann 21. mars 1969:

Þegar einhver auminginn  
ekki borgar skattinn sinn,  
hnappagylltur, harðsækinn,  
honum ógnar fígetinn.  
Allir verða að leggja fé í landsjóðinn.  
Þangað streymir þitt og mitt,  
og þá eiga skáld að borga sitt.

Úr prestakalli Prímusar  
piltar róa á saltan mar,  
veiða fisk og greiða skatta og skuldarnar.  
Og heiðurskonan Hnallþóra  
hefur goldið skattana.  
Enn er hún traust, þó annað fari í hundana.

Söfnum fé, því enn þá er  
ýmislegt, sem vantar hér.  
Skólahúsin hér og þar,  
og heilsuverndarstöðvarnar.  
Til að líkna og lækna mein,  
hjá litlum pilti og silkirein,  
sækjum ögn af dönsku gulli í Gljúfrastein.

Hollráð er við höndina.  
Hér er

dagskrártillaga:

Verum ekki að toga þetta til og frá.

Tökum fyrir **næsta mál á dagsins skrá**.<sup>46</sup>

Í nefndarálitinu sínu og ræðu á alþingi kemur Skúli Guðmundsson inn á þætti í skáldverkinu *Kristnihald undir Jökli* sem annars hafa lítið verið ræddir, en það er hvernig skattgreiðslum persónanna sé háttað. Raunar setur Skúli saman sjálfstæða frásögn sem byggir lauslega á atburðum úr verkinu og e.t.v. má líta á sem nokkurs konar afbyggingu.

Ég hef lesið í nýlega prentaðri bók frásagnir af einum embættismanni hérlendum. Sá heitir Jón og er prestur á Snæfellsnesi í námunda við Jökulinn. [...] Sögn er um það, að séra Jón Prímus hafi tekið sér ferð á hendur um fjallveg örðugan til einnar verstöðvar þar á nesinu þeirra er-inda að gera við vélar í frystihúsi. [...] Ég er ekki viss um það, að séra Jón Prímus geri háar kröfur til frystihússins um borgun fyrir sína vinnu þar, því þetta er, eins og ég tók fram áðan, eftir lýsingum að dæma góðviljaður maður og vill öllum gott gera. En hitt tel ég alveg víst, að forráðamenn frystihússins hafi séð sóma sinn í því að láta prestinn hafa frítt upphald, meðan hann vann hjá þeim við að koma vélunum í gang. Þá koma nú skattayfirvöldin til skjalanna. Þau meta til peningaverðs matinn, sem fer ofan í prest þessa daga, sem hann er að vinna þarna, og síðan er matsupphæðinni skellt ofan á embættislaun hans og reiknaður tekjuskattur og útsvar af allri summunni. Þannig koma skattamenn fram við þennan þjón drottins.<sup>47</sup>

Nokkrir þingmenn taka þátt í umræðunum en mesta athygli hlýtur svar Gylfa Þ. Gíslasonar, þáverandi menntamálaráðherra, að hafa vakið:

Herra forseti. Ég ætla í þessu máli að fara að dæmi hv. þm. fyrri minni hl. fjhn., er hann rímaði nál. sitt, og tala í léttum tón. Ef einhver söngelskur hv. þm. kynni að vilja taka undir það, sem ég segi, þá er lagið: Stóð ég úti í tungsljósi.

Fjárhagsnefndin ræddi um mikið skattamál.  
Mjög ber það að harma, að allt fór það í bál.  
Flest getur í þingnefndum furðulegt hent,  
framsóknarmennirnir klofnuðu í tvennt.

Skúli reyndist andrjúkur og orti prýðisljóð,  
þótt ekki væri skynsamlegt, sem þar í kvæði stóð.

En Vilhjálmur reyndist skynsamur,  
hann víst má eiga það,  
þótt væri það lítið, sem hann festi á blað.

Er það nokkuð undarlegt, ef að er betur gáð  
þótt einingin sé lítil og tvenn þeirra ráð,  
því hér er ekki um að ræða hagsmunamál  
fyrir hreina og góða,  
dygga og tryggja framsóknarsál.

[...]

Maddama Framsókn, forðum oft sig furðulega bar,  
nú furðar menn að sjá, hve hún er mikið skar.  
Stundum hún andvarpar ein með sjálfri sér:  
Er það máske feigðin, sem kallar að mér?<sup>48</sup>

Mörkin milli skáldskapar og veruleika eru þokukennd bæði í Danmörku og á Íslandi. Eins og sjá má er alþingi ekki undanskilið — þar sem tveir þingmenn koma saman verður til mikill skáldskapur.

Yfirlýsing Halldórs Laxness um að Danir viti ekki hvað heiður sé er einkar vandræðaleg þegar tekið er mið af umræðunni sem fór fram á Íslandi. Rithöfundurinn Anders Bodelsen sagði um ummæli Laxness: „hægt [er] að halda því fram, að við [Danir] séum ekki á neinn hátt verulega frábrugðnir öðrum þjóðum Vestur-Evrópu, þegar um peninga er að ræða.“<sup>49</sup> Ef til vill er mannskepnunni hagsýni eðlislægari en heiður. Og hugmynd Íslendinga um heiður og sóma virðist síst skýrari en Dana.

## Týndi sonurinn

Það er vissulega nokkurs virði þegar maður með lífsreynslu Halldórs Laxness mælir slík orð. Þeir fjölmörgu Íslendingar, sem aðhyllt hafa kommúnismann á grundvelli þess misskilnings að hann hafi skapað rússnesku fólki góð og þroskavænleg lífsskilyrði, ættu að hugleiða þennan boðskap Nóbels-skáldsins. Halldór Laxness sagði þessu fólki einu sinni að kommúnisminn væri fullkomnasta þjóðskipulag á jörðinni. Margir Íslendingar trúðu því. Nú hefur þetta fræga skáld allt aðra sögu að segja: „Kommúnisminn er jú landplága alveg frá Eystrasalti til Kyrrahafsins —.“<sup>50</sup>

*Vísir* fjallar reglulega um framgang Sonning-málsins hér heima. Lítið er þó á fréttáflutningi blaðsins um málið að græða, eins og fréttin um verð *Kristnihalds undir Jökli* ytra ber vitni. *Morgunblaðið* færir landsmönnum aftur á móti reglulega fréttir af gangi mála í Danmörku og spyr auk þess skáldið álitis öðru hvoru. Þann 4. febrúar er greint frá umfjöllun *Berlingske Tidende* og *Politiken* um verðlaunaafhendinguna. Þar er sagt að blöðin telji alþjóðlega frægð og listhæfileika Laxness ráða því að hann hafi orðið fyrir valinu. Lítið er fjallað um þann hluta umfjöllunar *Politiken* sem birtist undir dulnefniinu „Tempest“, en efni viðtalsins sem birtist með greininni rakið nokkuð nákvæmlega. Eftirfarandi er endursögn *Morgunblaðsins* á efni greinar í *Berlingske Tidende*:

[B]ókmennntagagnrýnandinn Emil Frederiksen [skrifar], að það sé Ísland, sem sé heiðrað í persónu Laxness. „Það er okkur ánægja, að fáni Íslands verður dreginn að hún yfir Kaupmannahafnarháskóla við afhendingu Sonning-verðlaunanna og mun vitna um bræðralagið milli landa okkar og þann mikilleik, sem Ísland býr yfir einnig á okkar tímum. Og það mun ekki rýra á nokkurn hátt rétt Laxness til þess að koma fram sem fulltrúi lands síns, og sem sá er athyglin beinist að, að nokkrir okkar hugsí með vinsemd til Gunnars Gunnarssonar og Sigurðar Nordals“, skrifar Emil Frederiksen, sem leggur áherzlu á, að það sem sé fullkomlega sérstætt við Laxness sé undraverðir hæfileikar hans í frásagnalist. En sem talsmaður réttar hinna kúguðu til hjálpar er málefni mannúðarinnar eitt af því, sem hann hefur lagt meiri áherzlu á en flestir aðrir í samtíð okkar, segir Emil Frederiksen að lokum.<sup>51</sup>

Á eftir þessari umfjöllun fylgir samantekt á lífshlaupi C.J. Sonnings. Sagt er frá því að sjóðurinn sem við hann sé kenndur reki nokkrar íbúðir á Frederiksbergi og að nefnd á vegum Hafnarháskóla sjái um úthlutanir úr honum. Þessi frétt gefur ekki tilefni til að ætla annað en allir hlutaðeigendur muni hljóta nokkurn sóma af Sonning-verðlaununum, þ.e. Halldór Laxness, C.J. Sonning, Hafnarháskóli, Íslendingar og Danir.<sup>52</sup>

Þann 7. mars birtist hins vegar önnur frétt í blaðinu undir flennistórri fyrirsögn: „Hrafnakrókastríð í Danmörku“. Í greininni er sagt frá opnu bréfi stúdentaráðs Hafnarháskóla og kröfur stúdenta raktar nokkuð nákvæmlega. Einnig er greint frá hörðum viðbrögðum Laxness í viðtalinu við *Berlingske Aftenavis*. Athyglisverðast er þó viðtal sem *Morgunblaðið* tekur við Laxness. Þar segir:

„Þetta eru aðgerðir gegn mér og Íslandi“, sagði [Halldór]. „Við þessar úthlutanir í Danmörku næstliðin ár hafa slíkar aðgerðir ekki verið hafðar í frammi, þegar verðlaunin hafa farið til heimsþekktra manna [frá t.d. Bretlandi og Sviss]. Engum datt í hug að krefjast þess að þessir menn höfnuðu verðlaununum. En þegar heiðra á Íslending með þessum verðlaunum, fyllast ýmsir menn í Danmörku hetjumóði, sem mjög er erfitt að skýra. [...] Ég tel ekki að menn eigi að gera hrafnakróka sína að útflutningsvöru. Mér finnst það greinilegt að þeir Danir, sem eru að berjast á móti þessu sjái eftir þessum peningum, sem eiga að fara til Íslands.<sup>53</sup>

Staðhæfingin sem *Morgunblaðið* hefur eftir Emil Frederiksen, að Ísland sé heiðrað í persónu Laxness, gefur tilefni til að draga land og þjóð inn í deilu sem snýst um húsnæðisbrask Danans C.J. Sonnings nokkrum áratugum áður. Laxness kys líka að túlka málið í íslenskum fjölmiðlum sem deilu milli landanna tveggja og árás á persónu hans frekar en deilu sem hafi með skáldskap hans að gera. Þannig eru lokaorð viðtalsins: „Ég [...] kær[i] mig ekkert um að prédika mórál fyrir Dönum og t[ek] ekki við mórölskum forskriftum frá Danmörku.“<sup>54</sup> Á Íslandi er sem Laxness forðist að vekja upp deilur um pólitíska fortíð sína en reyni fremur að styrkja mynd sína sem þjóðskálds og samnefnara fyrir það sem íslenskt er. Hann segir: „Þetta eru aðgerðir gegn mér og Íslandi.“ M.ö.o.; þetta tvennt verður ekki greint að. Í greininni „Halldór Laxness og aðrir höfundur“, eftir Ástráð Eysteinnsson, segir:

En ef meta á stöðu Halldórs Laxness í sögu bókmenntanna verður að líta til gjörvallra umsvifa hans í bókmenntalífinu. Þessi umsvif tengjast raunar flest þróun og stöðu íslenskrar sagnalistar, og vægi hennar í þjóðarvitundinni. Og í bókmenntaumsvifum Halldórs Laxness má ef til vill lesa ákveðinn undirtexta, dulda frásögn sem stjórnast af þrá eftir samfelldum og heildstæðum textatengslum — *Sjálfstætt fólk*, *Heimsljós*, *Íslandsklukkan*, fornsagnaútgáfunar, Hemingway-þýðingin, og síðan ritgerðirnar um bókmenntir, ekki síst greinar hans um erlendar bókmenntir — allt er þetta liður í krossferð manns sem kappkostar að vefa sér og íslenskum lesendum mikinn raunsæisvef. [...] Halldór sér fyrir sér, hversu meðvituð sem sú sýn er, ákveðið kerfi frásagnarlistar, epískan vef — og hann er sjálfur kóngulóin. Jafnframt er hann að spinna sína eigin sögu. Ferill Halldórs Laxness er einn veigamesti þátturinn í sögu skáldsögunnar á Íslandi um áratugaskeið og það er ekki nóg að beina

sjónum að röð verka hans, heldur má lesa þennan feril í senn sem einskonar undirtexta og sem ákveðið „forrit“ í bókmenntasögunni.<sup>55</sup>

Á sama tíma og Halldór Laxness spinnur „raunsæisvef“ í skáldverkum sínum vefur hann veruleikann inn í skáldskap. Íslenskur ráðherra getur ekki tjáð hug sinn til skattamála nema í bundnu máli og hvetur þingmenn til að taka undir með sér í söng. Það leiðir hugann að upphafi annarrar málsgreinar *Vefarans mikla frá Kasmír*: „Veröldin er einsog svið þar sem alt er í haginn búið undir mikinn saungleik ...“<sup>56</sup> Er nokkur furða þó maður missi trúna á mörk raunveruleika og skáldskapar? Í Sonning-deilunni er erfitt að sjá hver er stærsta kóngulóin og hver situr fastur í vef hvers.

### Skáldatími — lokaorð

Halldór Laxness er snar þáttur í íslenskri menningu á 20. öld, ekki síður en skáldskapur hans. Stundum virðist manni sem hann hafi margfalt eðli; leiki aðalhlutverk í leikriti sem hann leikstýrir og semur ef til vill sjálfur. Í Sonning-deilunni gera menn þær kröfur til Halldórs Laxness að hann bregði sér í hlutverk sem hann hefur áður leikið, hann á að vera leiðsögumaður í siðferðilegum efnum og samfélagsrýnir en ekki aðeins skáldsagnahöfundur. Í *Skáldatíma* kemur hugtakið ‚skáldatími‘ fyrir í eftirfarandi samhengi:

Ég legg enn áherslu á að flest sem ég segi um aðra höfunda eru andlægir dómar sjálfs mín og eiga ekki skylt við bókmentasögu. Ég er hér aðeins að greina frá áhrifum sem tekið hafa á sig svipmót í endurminningu minni.[...]

Það er ekki í þeim tilgangi að boða bókmentalega kenningu af neinu tagi, heldur aðeins til skilnings á þeim *skáldatíma* [Leturbreyting HI] sem er minn, að ég hef viljað marka hér með sem fæstum orðum bæði nálægð mína og fjarlægð við höfuðsnillinga einsog Joyce og Proust sem báðir tilheyrja kynslóðinni á undan mér, nokkurnveginn jafnaldrar föður míns, og sömdu bækur í bernsku minni; svo og höfunda einsog amerísku þjóðfélagsskáldin sem ég lifði samtíða á æskudögum mínum vestra. (Skt 67)

Halldór Laxness á nægilega langan feril sem rithöfundur og skáld til að vera jafnt nálægur og fjarlægur sjálfum sér í tíma. Sá Halldór Lax-

ness sem biðst undan því að tala máli skáldverka sinna við lok sjöunda áratugarins hittir fyrir kjaftforan nafna sinn, þjóðfélagsskáldið og höfund *Sölku Völku*, sem er um líkt leyti vakinn upp eins og draugur í Kaupmannahöfn af því að sagan af stúlkunni við Óseyri var endurútgefin skömmu áður. Uppgjör við fortíðina er óhugsandi því fortíðin verður til undir „áhrifum sem tekið hafa á sig svipmót í endurminning[unni]“. „Krig í Nørregade“, skrifar blaðamaður *Land og Folk* 20. apríl 1969, „Skarkali á torgi Vorrar Frúar þegar Laxness tók við verðlaunum Sonnings“, segir í *Þjóðviljanum* 22. apríl um sama atburð. Á tveimur dögum hefur stríð breyst í skarkala og á nokkrum tugum ára breyttist þjóðfélagsskald í þjóðskald — það er vonandi til skilnings á þeim skáldatíma sem Halldór Laxness lifði.



## ÞAKKIR

Bók þessi er að stofni til meistaraþrófsritgerð í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands sem skilað var í maí 2005. Leiðbeinendur mínir voru Guðni Elísson dósent í almennri bókmenntafræði og Bergljót S. Kristjánsdóttir prófessor í íslenskum bókmenntum sem jafnframt var umsjónarmaður verkefnisins *Á íslenskum skóm: Um viðtökur verka Halldórs Laxness í Danmörku* sem ég hlaut styrk til úr nýsköpunarsjóði námsmanna árið 2002. Afrakstur þeirrar vinnu var m.a. greinin „Sækjum gull í gljúfrastein“ sem birtist í *TMM* og er prentuð sem viðauki við þessa bók lítið breytt. Ég er þeim báðum þakklátur fyrir vandaða leiðsögn og þá hvatningu sem þau veittu mér í námi mínu við Háskóla Íslands. Örlæti þeirra á tíma sinn og þekkingu er langt um fram það sem nokkur getur vænst.

Jóni Karli Helgasyni dósent kynntist ég sem nemandi á vorönn 2004. Hann hefur lesið þessa bók á ýmsum stigum og kann ég honum bestu þakkir fyrir skemmtilegar umræður og þarfar ábendingar meðan á gerð hennar stóð. Ari Sigvaldason ljósmyndari veitti mér góðfúslegt leyfi til að nota mynd sína sem prýðir forsíðu bókarinnar og vinur minn Kári Jóhann Sævarsson var mér innan handar við gerð skýringamynda. Gerður Gunnarsdóttir las próförk og gerði nafnaskrá. Þeim er hér með þökkuð leiðveislan.

Á meðan á gerð ritgerðarinnar stóð naut ég styrks úr Rannsóknarnámssjóði og þegar kom að lokafrágangi bókarinnar fékk styrk frá Hagbenki. Ég stend í þakkarskuld við þessa aðila sem og Hið íslenska bókmenntafélag fyrir að hafa tekið bókina til útgáfu. Síðast en ekki síst vil ég færa ritstjóra bókarinnar Þorleifi Haukssyni alúðar þakkir fyrir gefandi samstarf og uppbyggilega gagnrýni.

# AFTANMÁLSGREINAR

## INNGANGUR

- 1 Halldór Laxness: *Kristnihald undir Jökli*, Helgafell: Reykjavík, 1968; *Innansveitar-kronika*, Helgafell: Reykjavík, 1970; *Guðsgjafapula*, Helgafell: Reykjavík, 1972. Þegar vitnað er beint til þessara verka í meginmáli verður vísað til þeirra með skammstöfununum KuJ, Ik og Gþ og blaðsíðutali innan sviga.
- 2 Alda Björk Valdimarsdóttir: „Vera Hertzsch: dæmisögur um siðferði skálds“, *Skírnir* 181. árg. vorhefti, s. 36–60.
- 3 Árið 1992 stóð Stofnun Sigurðar Nordal fyrir þingi um Halldór Laxness og í framhaldi af því var gefið út ráðstefnuritið *Halldórsstefna*. Í því eru 15 ritgerðir auk setningarárvarpa og þrjár þeirra fjalla um *Kristnihald undir Jökli*. Höfundarnir eru Ástráður Eysteinnsson bókmenntafræðingur, Gísli Pálsson mannfræðingur og Gunnar Kristjánsson guðfræðingur. Allir nálgast þeir verkið eftir leiðum sinnar fræðigreinar. Segja má að þessar þrjár ritgerðir hafi valdið vissum straumhvörfum í fræðilegri umræðu um verkið og styrkt stöðu þess sem áhugaverðasta rannsóknarefnisins á síðari hluta ferils Halldórs Laxness. Einkum hefur ritgerð bókmenntafræðingsins Ástráds Eysteinnssonar „Í fuglabjargi skáldsögunnar“ verið áhrifarík og sést það á fjölda ritgerða sem skrifaðar hafa verið um verkið við Háskóla Íslands, a.m.k. fjórar ritgerðir hafa verið skrifaðar á síðustu árum um *Kristnihald undir Jökli*. Má þar nefna: „*Milli heys og grasa*“. Um *Kristnihald undir Jökli* og *túlkunarvandann* eftir Önnu Ólafíu Guðnadóttur, nema í almennri bókmenntafræði, frá árinu 2001; *Kjóll og kall*. (*Náttúrulegt Kristnihald undir Jökli*) eftir Jón Gunnar Axelsson, nema í íslenskum bókmenntum, frá árinu 1997 og *Frásagnarlist í vanda: Kristnihald undir Jökli* eftir Örn Úlfar Sævarsson, nema í íslenskum bókmenntum, frá 1997. Til samanburðar má nefna að engin lokaritgerð hefur verið skrifuð um *Guðsgjafapulu* við Háskóla Íslands og aðeins ein ritgerð um *Innansveitar-kroniku*. Hana skrifaði Ingrid Maria Paulsen árið 1980 en hún var nemi í þýsku. Umfjöllun Hjartar Pálssonar frá árinu 2002 vitnar líka um stöðu *Kristnihalds undir Jökli*. Hjörtur segir: „Varla þarf að eyða að því mörgum orðum hve

*Kristnihald undir Jökli* hefur mikla sérstöðu meðal skáldsagna Halldórs Laxness, ekki síst vegna frásagnartækninnar sem skýra má með glímu hans við Plús Ex og leikritagerð hans árin áður en sagan kom út.“ Hjörtur Pálsson: „Eru Vikivaki og Kristnihaldið hliðstæðar táknsögur?“, *Ekkert orð er skrípi ef það stendur á réttum stað. Um ævi og verk Halldórs Laxness*, ritstjóri Jón Ólafsson, Hugvísindastofnun Háskóla Íslands: Reykjavík, 2002, s. 154.

- 4 Í *Íslenski bókmenntasögu V* skrifar Matthías Viðar Sæmundsson kaflann „Nýstefna í sagnagerð 1960–1970“, s. 464. Í umfjöllun um *Tómas Jónsson* eftir Guðberg Bergsson varar Matthías við einföldunum og því að menn bendi á eitt tiltekið verk og gefi því nafnbót á borð við „fyrsta nútímaskáldsagan“. Matthías Viðar vísar til greinar Ástráðs Eysteinsonar „Halldór Laxness og aðrir höfundar“ í þessu sambandi og þangað sækir hann hugtakið „viðmið“ sem hann styðst við. Guðmundur Andri Thorsson er ritstjóri *Bókmenntasögu V* auk þess að skrifa kafla um *Kristnihald undir Jökli*, *Innansveitarkroniku* og *Guðsgjafabulu*. Þegar hann skoðar *Kristnihald undir Jökli* með hliðsjón af *Tómasi Jónssyni* verður ekki hjá því komist að líta til þess sem skrifað er um verk Guðbergs.
- 5 Guðmundur Andri Thorsson: „Að skrifa þurrt“, *Íslensk bókmenntasaga V*, ritstjóri Guðmundur Andri Thorsson, Mál og menning: Reykjavík, 2006, s. 520.
- 6 Ástráður Eysteinnsson: „Fyrsta nútímaskáldsagan og módernisminn“, *Umbrot*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 1999, s. 58.
- 7 Ástráður Eysteinnsson: „Fyrsta nútímaskáldsagan og módernisminn“, *Umbrot*, s. 60.
- 8 Ástráður Eysteinnsson: „Halldór Laxness og aðrir höfundar“, *Umbrot*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 1999, s. 15–16. Í greininni segir orðrétt: „Halldór sér fyrir sér, hversu meðvituð sem sú sýn er, ákveðið kerfi frásagnalistar — epískan vef — og hann er sjálfur köngulóin. Jafnframt er hann að spinna sína eigin sögu.“
- 9 Ástráður Eysteinnsson: „Halldór Laxness og aðrir höfundar“, *Umbrot*, s. 27–28.
- 10 Bæði í ritdómum um *Brekkukotsannál* árið 1957 og *Paradísarheimt* árið 1960 gættir vissrar fortíðarþrár. Elías Mar fer þess t.d. á leit við Halldór í ritdómi um fyrrnefndu bókina að hann „skrifði nútímaskáldsögu, í öllum merkingum þess orðs; aktúela túlkun þess tíma sem við lifum á, þess umhverfis sem við skynjum, þeirra viðhorfa sem nú ríkja, og vandamála sem við blasa á miðri tuttugustu öld“ og hann bætir við „það má gjarna vera „ljót“ saga í augum meðalmennsku og hverskyns afturhalds, saga sem kemur við kaunin á okkur öllum, jafnvel illa skrifuð saga og naumast prenthæf — en framar öllu öðru: bók af okkar tíma.“ Elías telur að í framtíðinni verði *Brekkukotsannáll* álitinn „hugþekkt interludium in modo antico milli víðameiri þátta í þeirri hljómkviðu sem heildarverk [Halldórs] er, þeirra sem þegar eru samdir og hinna sem hann á óskrifaða enn.“ Eins og í svo mörgum ritdómum kemur upp sú þverstæða að á sama tíma og menn óska eftir nýjum bókum gera þeir fyrri verk skáldsins að viðmiðum. Elías kallar eftir verki í líkingu við *Vefarann mikla frá Kasmír*. („*Halldór Kiljan Laxness: Brekkukotsannáll* Helgafell, 1957“, *Tímarit Máls og menningar* 18. árg. 2. hefti 1957, s. 180–182)

Í ritdómi Indriða G. Þorsteinnssonar segir um *Paradísarheimt* að bókinn sé „kiljönsk í bezta máta“ en það dugi „hvergi til að setta mann við hana, sem síðasta

verk frá hendi jafn mikils höfundar.“ Ritdómnum lýkur á athugasemd þess efnis að þótt að bókin „sé ekki góður Kiljan, þurfi hún ekki að vera vond bók á almenntan mælikvarða.“ Í ritdómnum kemur ekki skýrt fram hver sé mælikvarðinn á „góðan Kiljan“ þó að krafa Indriða um skýrari stéttarandstæður í persónusköpun gefi vísbendingar um það af hvaða sjónarhæð verkið er metið. Hann segir: „Bogesennyndin í Birni á Leirum og Benedictsén er ekki lengur það staðfasta íhald sem ungt og hraust fólk barðist við um lífsbjörgina. Nú getur ríkur barn við fátæklingi. Það eitt er orðið eftir aflogandi sverði réttlætisins, er svo hart og títt var veifað í fylkingarbrjósti smælingjanna fyrr á tíð.“ Einnig kvartar Indriði yfir því að annáluð orðsnilld höfundar sé ekki áreynslalaus eða ósjálfráð heldur sé hún orðin að „þreytulegum endurtekingum í þessari síðustu bók.“ („*Halldór Kiljan Laxness: PARADÍSARHEIMT. Útgefandi Helgafell, 1960*“ *Eimreiðin* 66. árg. 1960, s. 283–285)

- 11 Ástráður Eysteinnsson: „Halldór Laxness og aðrir höfundar“, *Umbrot*, s. 27–28.
- 12 Guðmundur Andri Thorsson: „Að skrifa þurrt“, *Íslensk bókmenntasaga* V, s. 520.
- 13 Halldór Laxness: „Persónulegar minnisgreinar um skáldsögur og leikrit“, *Upphaf mannúðarstefnu*, Helgafell: Reykjavík, 1965, s. 75.
- 14 Guðmundur Andri Thorsson: „Að skrifa þurrt“, *Íslensk bókmenntasaga* V, s. 519.
- 15 „Enginn bókmenntaáhugi etc.“, viðtal við Halldór Laxness, *Morgunblaðið* 12. okt. 1963.
- 16 Alda Björk Valdimarsdóttir: „Vera Hertzsch: dæmisögur um siðferði skálds“, s. 37.
- 17 Guðmundur Andri Thorsson: „Að skrifa þurrt“, *Íslensk bókmenntasaga* V, s. 527–528.

## 1. HLUTI: VIÐTÖKUSAGA

- 1 Halldór Kiljan Laxness: „Upton Sinclair og vestheimsk alheimska“, *Dagleið á fjöllum*, Bókaútgáfan Heimskringla: Reykjavík, 1937, s. 72.
- 2 „Annáll ársins“, *Morgunblaðið* 31. des. 1968.
- 3 „Kristnihald selst mest“, *Morgunblaðið* 22. des. 1968.
- 4 „Laxness fékk Silfurhestinn“, *Tíminn* 19. jan. 1969.
- 5 Halldór Guðmundsson: *Halldór Laxness: Ævisaga*, JPV útgáfa: Reykjavík, 2004, s. 704.
- 6 Halldór Guðmundsson: *Halldór Laxness: Ævisaga*, s. 708–709.
- 7 Andrés Kristjánsson: „Árekstur Íslands við umheiminn. Kristnihald undir Jökli eftir Halldór Laxness“, *Tíminn* 19. jan. 1969; Jóhann Hjálmarsson: „Veraldarfjallið“, *Morgunblaðið* 13. okt. 1968; Ólafur Jónsson: „Umbi undir Jökli“, *Alþýðublaðið* 5. nóv. 1968; Steindór Steindórsson: „Bókahillan. Halldór Laxness: Kristnihald undir Jökli. R.vík 1968. Helgafell“, *Heima er bezt* 18. árg. 12. tbl. s. 439; Þráinn Bertelsson: „„Því meira, sem hlutirnir breytast ...““, *Vísir* 7. okt. 1968. Á bakhlið nýlegrar hljóðbókarútgáfu á *Kristnihaldi undir Jökli*, (káputexti) má finna eftirfarandi fullyrðingar um viðtökur bókarinnar: „*Kristnihald undir Jökli* hlaut mikið

- lof gagnrýnenda og lesenda er bókin var fyrst gefin út árið 1968. Halldór kemur enn á óvart með ferskum töfrum listar sinnar, persónulegum viðhorfum og rit-snilld sem virðist ekkert ómáttugt.“ (Halldór Laxness: *Kristnihald undir Jökli* (hljóðbók), Vaka–Helgafell: Reykjavík, 2002) Ómögulegt virðist að koma þessari túlkun á viðtökum bókarinnar heim og saman við dóm Ólafs Jónssonar: „Það virðist felast í ídeólógíu (eða anti-ídeólógíu) Halldór[s] Laxness í seinni tíð að engin niðurstaða sé endanleg, allir hlutir að minsta kosti tvíbentir; og hér er taó-ismi, absúrdismi, mystík, metafýsisk, eða hvað menn vilja nú kalla „heimspeki“ Halldórs Laxness í seinni tíð, tekin og stokkuð upp að nýju, en endurtekningin bendir einnig til að sjálfur hugmyndaforðinn sé takmarkaður; hnyttni, andríki, orðlist höfundarins beinist með þessum hætti gegn sjálfri sér, leysist upp í eld-glæringar máls og hugsunar.“ („Umbi undir Jökli“, *Alþýðublaðið* 5. nóv. 1968)
- 8 Halldór Guðmundsson: *Halldór Laxness: Ævisaga*, s. 708–709.
- 9 Árni Bergmann: „En fyndni hlustar hann einlægt á“, *Þjóðviljinn* 13. okt. 1968.
- 10 Ólafur Jónsson skrifar í *Alþýðublaðið* 5. nóv. 1968 og Þráinn Bertelsson í *Vísi* 7. okt. 1968.
- 11 Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur gerir ítarlega grein fyrir umræðunum um fyrsta bindi ævisögu Halldórs Laxness eftir Hannes Hólmstein Gissurason í kaflanum „Sögur úr samtímanum“ í bókinni *Fortíðardraumar*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 2004, s. 237–298.
- 12 Hannes Hólmsteinn Gissurason: *Laxness: 1948–1998: Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness*, Bókafélagið: Reykjavík, 2005, s. 346.
- 13 Foucault, Michel: „What is an Author?“, *Modern Criticism and Theory*, ritstjórar David Lodge og Nigel Wood, Longman: New York, 2000, s. 174–187.
- 14 Foucault, Michel: „What is an Author?“, *Modern Criticism and Theory*, s. 178.
- 15 Ólafur Jónsson: „Umbi undir Jökli“, *Alþýðublaðið* 5. nóv.
- 16 Ólafur Jónsson: „Um gagn sem hafa má af skáldskap“, *Vísir* 14. nóv. 1972.
- 17 Hér er vísað með orðalagi til tilvitnunarinnar í upphafi kaflans en hún var sótt í greinina: „Upton Sinclair og vestheimsk alheimska“, *Dagleið á fjöllum*, s. 72.
- 18 Wittgenstein, Ludwig: „Fyrirlestur um siðfræði“, þýðandi Þorsteinn Gylfason, *Heimspeki á tuttu gustu öld: safni merkra ritgerða úr heimspeki aldarinnar*, ritstjórar Einar Logi Vignisson og Ólafur Páll Jónsson, Heimskringla: Reykjavík, 1994, s. 50.
- 19 „Bókmenntaverðlaun Nóbels 1955“, *vefsíða Ríkisútvarpsins*, slóðin er: <http://servefir.ruv.is/laxness/bakkinn.htm>, sótt 6. apríl 2005.
- 20 Halldór Kiljan Laxness: „Ræða haldin á nóbels hátíð í Stokkhólmsráðhúsi 10. desember 1955“, *Gjörningabók*, Helgafell: Reykjavík, 1959, s. 52.
- 21 Hallberg, Peter: *Halldór Laxness*, Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík, 1975, s. 132.
- 22 Kirk, Hans: „Bogen um Atomstationen“, *Land og Folk* 19. sept. 1952. Þar segir: „Pá bogens omslag fortæller forlaget, at Halldór Laxness ikke mindst af amerikanske kritikere jævnlig tippes som kandidat til nobelprisen. Hvis det virkelig var tilfældet, tør det vist garanteres, at amerikanske kritikere efter denne bog vil holde sig på måtten. Det påstås, at der fra amerikansk side er udflodet ihærdige

- anstrængelser for at hindre, at romanen blev oversat til andre sprog (herom ved den danske gesandt i Island efter sigende et og andet), og der er heller ingen tvivl om, at den overalt, hvor amerikanerne fører det store ord, vil blive betegnet som »rød og uamerikansk«. Så meget mere prisværdigt er det, at Gyldendal har holdt sig til dens fremragende litterære værdi og nu bringer den på dansk, selv om navneskiftet fra Atomstöðin, til atomstationen, til det temmelig misvisende Organistens Hus vel kun kan opfattes som et forsøg på at mildne de amerikanske guders vrede.“ Í *Land og Folk* birtist umfjöllunin gegnt umfjöllun um herstöðina í Thule undir fyrirsögninni „USAs nye angrebsbase ved Thule dækker område så stort som Als“ og undirfyrirsögnin er: „7000 arbejdere har på dansk område bygget hvad amerikanerne kalder et springbrædt for langdistancengreb dybt ind i Sovjet“. Það fer ekki milli mála að á erlendum vettvangi er íslensk þjóðernishyggi aukaatriði þótt einhverjum kunni að þykja það athyglisvert að Danir, fyrrum herraþjóð Íslendinga, setji sjálfa sig í spor norðlensku stúlkunnar Uglu. Um hlut Halldórs í menningarumræðu í Danmörku má lesa í grein Mortens Thing: „Halldór Laxness og danskur kommúnismi“, *Ekkert orð er skrúpi ef það stendur á réttum stað. Um ævi og verk Halldórs Laxness*, ritstjóri Jón Ólafsson, Hugvísindastofnun Háskóla Íslands: Reykjavík, 2002, s. 139–153.
- 23 Halldór Kiljan Laxness: „Ræða flutt við heimkomu af nóbelshátíð, seint í febrúar 1956“, *Gjörningabók*, Helgafell: Reykjavík, 1959, s. 60.
- 24 Sjá Árna Sigurjónsson: *Laxness og þjóðlífið. Bókmenntir og bókmenntakeningar á árunum milli stríða*, Vaka–Helgafell: Reykjavík, 1986, s. 10; Jón Karl Helgason: *Hetjan og höfundurinn*, Heimskringla: Reykjavík, 1998, s. 185.
- 25 Halldór Kiljan Laxness: *Kvæðakver*, Helgafell: Reykjavík, 1949, s. 147–148.
- 26 Andrés Kristjánsson: „Árekstur Íslands við umheiminn. Kristnihald undir Jökli eftir Halldór Laxness“, *Tíminn* 19. jan. 1969. Hér eftir er fordæmi Andrésar Kristjánssonar fylgt og þrileikur Halldórs Laxness *Íslandsklukkan* (1943), *Hið ljósa man* (1944) og *Eldur í Kaupinhafni* (1946) einu nafni nefndur *Íslandsklukkan*. Tekið er fram ef rætt er um fyrsta bindið sérstaklega.
- 27 Anderson, Benedict: *Imagined communities*, Verso: London og New York, 1991, s. 6, þýðing HI. „[The community] is imagined because the members of even the smallest nation will never know most of their fellow-members, meet them, or even hear of them, yet in the minds of each lives the image of their communion.“
- 28 Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*, Íslensk menning. Ritröð ReykjavíkurAkademíunar og Hins íslenska bókmenntafélags, 2, ReykjavíkurAkademían og Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík, 2001, s. 142.
- 29 Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*, s. 7–8.
- 30 Halldór Kiljan Laxness: *Kvæðakver*, s. 147–148.
- 31 Halldór Kiljan Laxness: *Kvæðakver*, s. 139–140.
- 32 Andrés Kristjánsson: „Árekstur Íslands við umheiminn. Kristnihald undir Jökli eftir Halldór Laxness“, *Tíminn* 19. jan. 1969.

- 33 Eskeland, Ivar: „Hin mikla látlausa endurnýjun“, *Tímarit Máls og menningar* 30. árg. 3.–4. hefti 1969, s. 392–393.
- 34 Eskeland, Ivar: „Hin mikla látlausa endurnýjun“, s. 392.
- 35 Þetta rímar vel við þá staðhæfingu Foucaults að ný verk ögri því kerfi sem notað er til að flokka og skýra höfundarverk tiltekins höfundar. Nýtt verk hleypir túlkunum okkar í uppnám og getur jafnvel kollvarpað því kerfi sem búið hefur verið til um höfundarverkið. („What is an Author?“, *Modern Criticism and Theory*, s. 186)
- 36 Andrés Kristjánsson: „Árekstur Íslands við umheiminn. Kristnihald undir Jökli eftir Halldór Laxness“, *Tíminn* 19. jan. 1969.
- 37 Andrés Kristjánsson: „Árekstur Íslands við umheiminn. Kristnihald undir Jökli eftir Halldór Laxness“, *Tíminn* 19. jan. 1969.
- 38 Steindór Steindórsson: „Bókahillan. Halldór Laxness: Kristnihald undir jökli. Rvík 1968. Helgafell“, s. 439.
- 39 Sjá t.d. K.G.: „Halldór Kiljan Laxness: Íslandsklukkan“, *Vísir* 8. des. 1943. Þar segir: „Stíll höfundar er þjóðinni kunnur, — sérkennilegur og að flestu leyti fagur, en höfundurinn virðist hneigjast meir og meir að því ráði að vekja til lífsins ýmis orð aftan úr forneskju, sem ekki tíðkast lengur í daglegu máli og ýmsir munu vart skilja. Blanda af málskrúði Njálu og nútíma íslenzku, ásamt dönsku-skotnum málleysum Jóns Indíafara myndi vart verða talin kostavara hjá öðrum en hinum djarfa höfundi Halldóri Kiljan Laxness.“
- 40 Steindór Steindórsson: „Bókahillan. Halldór Laxness: Innansveitarkronika. Rvík 1970. Helgafell“, Heima er bezt 20. árg. 11. tbl., s. 418.
- 41 Meulengracht Sørensen, Preben: „Sjálfum sér trú“, þýðandi Jón Sigurðsson, *Tímarit Máls og menningar* 33. árg. 1.–2. hefti 1970, s. 116–117.
- 42 Jóhann Hjálmarsson: „Egill Skallagrímsson og Mosfellskirkja“, *Morgunblaðið* 26. sept. 1970.
- 43 Halldór Þorsteinsson: „Skrautfjaðrir undir Jökli“, *Tíminn* 16. sept. 1970.
- 44 Helgi Sæmundsson: „Spölu — En óraleið þó“, *Alþýðublaðið* 4. nóv 1970.
- 45 „Enginn bókmenntaáhugi hér — aðeins stjórnmalalegur“, viðtal við Halldór Laxness á baksíðu *Morgunblaðsins* 12. okt. 1963.
- 46 „Orðsending til bóksala og bókafélks úti á landi“, *Morgunblaðið* 26. nóv. 1963.
- 47 Sjá t.d. „Laxness segir frá“, *Morgunblaðið* 11. okt. 1963, og „Reykjavíkurbréf“, *Morgunblaðið* 12. okt. 1963.
- 48 „Hvað segja þau um Skáldatíma?“, *Morgunblaðið* 26. okt. 1963.
- 49 „Listmat kommúnista“, *Morgunblaðið* 27. nóv. 1963.
- 50 „Reykjavíkurbréf“, *Morgunblaðið* 12. okt. 1963.
- 51 Gunnar Ben[ediktsson]: „Gjörði játningar fyrir allt“, *Þjóðviljinn* 17. nóv. 1963.
- 52 Ólafur Jónsson: „Skáldöld: Skálmöld“, *Alþýðublaðið* 27. okt. 1963.
- 53 Valur Ingimundarson: *Uppgjör við umheiminn. Samskipti Íslands, Bandaríkjanna og NATO 1960–1974: íslensk þjóðernishygga, vestrænt samstarf og landhelgisdeilan*, Vaka–Helgafell: Reykjavík, 2001, s. 79–80.
- 54 Halldór Guðmundsson: *Halldór Laxness: Ævisaga*, s. 709.

- 55 Haukur Ingvarsson: „Sækjum gull í Gljúfrastein“, *TMM* 63. árg. 4. hefti 2002, s. 15–25. Ritgerð höfundar er prentuð sem viðauki við þessa bók lítið breytt.
- 56 Eskeland, Ivar: „Hin mikla látlausa endurnýjun“, s. 392.
- 57 „Bandaríkjamönnum fellur skáldskapur minn betur í geð en Rússum“, *Morgunblaðið* 1. nóv. 1955. Þetta er haft eftir Halldóri á forsiðu *Morgunblaðsins* en er þýtt úr *New York Times*. Svarið hafði hann gefið á blaðamannafundi í Gautaborg í tilefni nóbelsverðlaunanna.
- 58 Helga Kress: „Okkar tími — okkar líf. Þróun sagnagerðar Halldórs Laxness og hugmyndir hans um skáldsöguna“, *Sjö erindi um Halldór Laxness*, ritstjóri Sveinn Skorri Höskuldsson, Helgafell: Reykjavík, 1973, s. 156–157.
- 59 Helga Kress: „Okkar tími — okkar líf“, *Sjö erindi um Halldór Laxness*, s. 180–181.
- 60 Halldór Laxness: „Skáld og almenníngur á Íslandi“, *Upphaf mannúðarstefnu*, Helgafell: Reykjavík, 1965, s. 90.
- 61 Eskeland, Ivar: „Hin mikla látlausa endurnýjun“, s. 394.
- 62 Njörður P. Njarðvík: „Samfúnia“, *Sjö erindi um Halldór Laxness*, ritstjóri Sveinn Skorri Höskuldsson, Helgafell: Reykjavík, 1973, s. 153.
- 63 Helga Kress: „Okkar tími — okkar líf“, *Sjö erindi um Halldór Laxness*, s. 167.
- 64 Sjá ritdóm Þráins Bertelssonar: „„Því meira, sem hlutirnir breytast ...““, *Vísir* 7. okt. 1968.
- 65 Steindór Steindórsson: „Bókahillan. Halldór Laxness: Kristnihald undir jökli. Rvík 1968. Helgafell“, s. 439.
- 66 Steindór Steindórsson: *Sól ég sá. Sjálfsævisaga Steindórs Steindórssonar frá Hlöðum I*, Bókaútgáfan Örn og Örlygur: Reykjavík, 1982, sjá t.d. kaflann „Umbrot“, s. 81–93.
- 67 Sjá Pétur Gunnarsson: „Svo kom Kristnihald undir Jökli“, *Lesbók Morgunblaðsins* 13. okt. 2001.
- 68 Ásgeir Hjartarson: „Kristnihald undir Jökli“, *Þjóðviljinn* 17. sept. 1970. Að sama skapi heldur Halldór Þorsteinsson því fram í dómi sem vitnað var til hér að framan að: „Höfundur Sjálfstæðs fólks virðist nú orðið lítið um hnitmiðun og andlegan áætlunarbúskap gefið. Hann brennur ekki lengur í bjórnum af eldmóði, sannfæringu og hugljómun. Kolin eru kulnuð á aflinum og neistinn slokknadur. Gneistaflug sést ekkert í smiðju Halldórs Laxness.“ („Skrautfjaðrir undir Jökli“, *Tíminn* 16. sept. 1970)
- 69 Þráinn Bertelsson: „„Því meira, sem hlutirnir breytast ...““, *Vísir* 7. okt. 1968.
- 70 Umfjöllun um Georg Brandes er að finna í *Dansk Litteratur Historie*, 4. bindi, eftir Hakon Stangerup, Politikens Forlag: Kaupmannahöfn, 1977, s. 32–33. Skáletruðu orðin eru þýðing HI á frasanum „sætte problemer under debat“.
- 71 Þráinn Bertelsson: „„Því meira, sem hlutirnir breytast ...““, *Vísir* 7. okt. 1968. Þráinn segir: „Það er merkilegt hvílíkan ímugust Halldór Laxness virðist hafa á þýskri heimspeki. Að vísu hefur hann einhvern tíma sagt, að sér hefði aldrei tekizt að finna púðrið í henni, en það er dálítið ankanalegt að gera sér leik að því að rangtúlka tvær setningar eftir Schopenhauer og Nietzsche (sá fyrrnefndi



- er kallaður skuggasveinn, einn af Jesúsnum Þýzkalands, og sá síðari Ketill skrækur, skósvveinn hans). Hvernig lagt er út af þessum setningum er algert rugl.“
- 72 Árni Bergmann: „En fyndni hlustar hann einlægt á“, *Þjóðviljinn* 13. okt. 1968.
- 73 Árni Bergmann: „En fyndni hlustar hann einlægt á“, *Þjóðviljinn* 13. okt. 1968.
- 74 Árni Bergmann: „Vertu trúr yfir litlu“, *Þjóðviljinn* 19. sept. 1970.
- 75 Hér er vísað í ummæli í ritdómi Árna Bergmann: „Blindskák og skrýtla“, *Þjóðviljinn* 18. nóv. 1972.
- 76 Helga Kress: „Okkar tími — okkar líf“, *Sjö erindi um Halldór Laxness*, s. 180–181.
- 77 Gunnar Stefánsson: „Endurminning án skuldbindingar“, *Tíminn* 3. des. 1972.
- 78 Gunnar Stefánsson: „Endurminning án skuldbindingar“, *Tíminn* 3. des. 1972.
- 79 Árni Bergmann: „Blindskák og skrýtla“, *Þjóðviljinn* 18. nóv. 1972.
- 80 Árni Bergmann: „Blindskák og skrýtla“, *Þjóðviljinn* 18. nóv. 1972.
- 81 Jóhann Hjálmarsson: „Endurnýjunarverk í skáldsagnagerð Halldórs Laxness“, *Morgunblaðið* 19. nóv. 1972.
- 82 Hutcheon, Linda: *The Politics of Postmodernism*, Routledge: London og New York, 1993, s. 7.
- 83 Njörður P. Njarðvík: „Samfúnia“, *Sjö erindi um Halldór Laxness*, s. 153.
- 84 Njörður P. Njarðvík: „Samfúnia“, *Sjö erindi um Halldór Laxness*, s. 153.
- 85 Jóhann Hjálmarsson: „Endurnýjunarverk í skáldsagnagerð Halldórs Laxness“, *Morgunblaðið* 19. nóv. 1972.
- 86 Njörður P. Njarðvík: „Samfúnia“, *Sjö erindi um Halldór Laxness*, s. 153.
- 87 Einar Olgeirsson: „Skáld á leið til sósíalisma“, *Réttur* 17. árg. 2. tbl. 1932, s. 101.
- 88 Halldór Laxness og Matthías Johannessen: „Vinnan er Guðs dýrð“, *Morgunblaðið* 15. nóv. 1969.
- 89 Halldór Laxness og Matthías Johannessen: *Skeggræður í gegnum tíðina*, Helgafell: Reykjavík, 1972, s. 12.
- 90 Halldór Laxness og Matthías Johannessen: *Skeggræður í gegnum tíðina*, s. 8.
- 91 Halldór Laxness og Matthías Johannessen: „Mosdæla saga“, *Morgunblaðið* 11. okt. 1970.
- 92 Halldór Laxness og Matthías Johannessen: „„Bókin sem þér haldið á er sjöunda Gerplan sem ég skrifaði““, *Morgunblaðið* 28. okt. 1956; „„Þetta var eins og að fara í hressandi bað““, *Morgunblaðið* 25. feb. 1958; „Menn fara ekki í leikhús með logaritma“, *Morgunblaðið* 4. nóv. 1966. Sjónvarpsviðtalið var í þáttaröðinni *Maður er nefndur* og það var sent út í Ríkissjónvarpinu 3. feb. 1970.
- 93 Halldór Laxness og Matthías Johannessen: *Skeggræður í gegnum tíðina*, s. 65.
- 94 Halldór Laxness og Matthías Johannessen: *Skeggræður í gegnum tíðina*, s. 50.
- 95 Halldór Laxness og Matthías Johannessen: *Skeggræður í gegnum tíðina*, s. 74.
- 96 Halldór Kiljan Laxness: „Upton Sinclair og vestheimska alheimska“, *Dagleið á fjöllum*, s. 72.
- 97 Matthías Johannessen: „Halldór Kiljan Laxness er allur. Klukkurnar hætta að tifa en skáldið lifir í verkum sínum“, *Morgunblaðið* 10. feb. 1998.
- 98 Halldór skrifaði frægan ritdóm: „Síðasta bók Hamsuns“ í *Morgunblaðið* 15. sept.

- 1921 um *Konerne ved Våndposten*. Í *Kiljan: 1932–1948. Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness*, fjallar Hannes Hólmsteinn Gissurarson rækilega um Halldór Laxness og Hamsun. (Bókafélagið: Reykjavík, 2004, s. 117–122)
- 99 Matthías Johannessen: „Halldór Kiljan Laxness er allur. Klukkurnar hætta að tifa en skáldið lifir í verkum sínum“, *Morgunblaðið* 10. feb. 1998.
- 100 Halldór Kiljan Laxness: „Upton Sinclair og vestheimsk alheimska“, *Dagleið á fjöllum*, s. 72.
- 101 J.H.: „Það skreppur enginn út úr skinninu á sjálfum sér“, viðtal við Halldór Laxness, *Vísir* 14. sept. 1970.
- 102 Ólafur Jónsson: „Umbi undir Jökli“, *Alþýðublaðið* 5. nóv. 1968.
- 103 Halldór Laxness: „Persónulegar minnisgreinar um skáldsögur og leikrit“, *Upphaf mannúðarstefnu*, s. 73.
- 104 Ólafur Jónsson: „Umbi undir Jökli“, *Alþýðublaðið* 5. nóv. 1968.
- 105 Um þetta verður þó fjallað nánar í síðari hlutum ritgerðarinnar, sjá umfjöllun Ástráðar Eysteinnssonar: „Í fuglabjargi skáldsögunnar. Um *Kristnihald undir Jökli*“, *Umbrot*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 1999, s. 239–254 og Hjartar Páls-sonar: „Eru Vikivaki og Kristnihaldið hliðstæðar táknsögur?“, s. 154–164.
- 106 Ólafur Jónsson: „Umbi undir Jökli“, *Alþýðublaðið* 5. nóv. 1968.
- 107 Ólafur Jónsson: „Umbi undir Jökli“, *Alþýðublaðið* 5. nóv. 1968.
- 108 Hutcheon, Linda: „Metafictional Implications for Novelistic Reference“, *On Referring in Literature*, ritstjórar Anna Whiteside og Michael Issacharoff, Indiana University Press: Bloomington, 1987, s. 5.
- 109 Jóhann Hjálmarsson: „Veraldarfjallið“, *Morgunblaðið* 13. okt. 1968.
- 110 Ólafur Jónsson: „Jarteikn í Mosfellssveit“, *Vísir* 19. sept. 1970.
- 111 Guðrún Nordal: „Innansveitarkronika. Mósaíkmynd íslenskrar sagnagerðar“, *Heimur skáldsögunnar*, ritstjórar Ástráður Eysteinnsson og Matthías Viðar Sæmundsson, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands: Reykjavík, 2001, s. 187.
- 112 Meulengracht Sørensen, Preben: „Sjálfum sér trú“, s. 112.
- 113 Meulengracht Sørensen, Preben: „Sjálfum sér trú“, s. 113.
- 114 Guðrún Nordal: „Innansveitarkronika“, *Heimur skáldsögunnar*, s. 187.
- 115 Helgi Sæmundsson: „Spölur — En óraleið þó“, *Alþýðublaðið* 4. nóv. 1970.
- 116 Ólafur Jónsson: „Jarteikn í Mosfellssveit“, *Vísir* 19. sept. 1970.
- 117 Ólafur Jónsson: „Um gagn sem hafa má af skáldskap“, *Vísir* 14. nóv. 1972.
- 118 Ólafur Jónsson: „Um gagn sem hafa má af skáldskap“, *Vísir* 14. nóv. 1972.
- 119 Ólafur Jónsson: „Um gagn sem hafa má af skáldskap“, *Vísir* 14. nóv. 1972.
- 120 Jóhann Hjálmarsson: „Endurnýjunarverk í skáldsagnagerð Halldórs Laxness“, *Morgunblaðið* 19. nóv. 1972.
- 121 Halldór Guðmundsson: *Halldór Laxness: Ævisaga*, s. 732–734.
- 122 Matthías Johannessen: „Málþing um Guðsgjafaþulu“, *Bókmenntaþættir*, Almenna bókafélagið: Reykjavík, 1985, s. 183.
- 123 Matthías Johannessen: „Málþing um Guðsgjafaþulu“, s. 192.
- 124 Sjá: Sønderholm, Erik: *Halldór Laxness. En monografi*, Gyldendal: Kaupmanna-höfn, 1981.

- 125 Hannes Hólmsteinn Gissurarson: *Halldór: 1902–1932. Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness*, Almenna bókafélagið: Reykjavík, 2003, s. 25.

## 2. HLUTI: SKÁLDATÍMI

- 1 Ólafur Jónsson: „Heimsókn að Gljúfrasteini: Við sköpun listaverka er tíminn frumskilyrði — segir Halldór Kiljan Laxness“, viðtal við Halldór Laxness, *Dagskrá* 1. árg. 1. tbl. 1957, s. 7.
- 2 Ólafur Jónsson: „Heimsókn að Gljúfrasteini: Við sköpun listaverka er tíminn frumskilyrði — segir Halldór Kiljan Laxness“, s. 6.
- 3 Ólafur Jónsson: „Heimsókn að Gljúfrasteini: Við sköpun listaverka er tíminn frumskilyrði — segir Halldór Kiljan Laxness“, s. 7.
- 4 Halldór Laxness: Bréf til Peters Hallberg, 24. júní 1964.
- 5 Árni Ibsen: „Leikritun eftir 1918“, *Íslensk bókmenntasaga V*, ritstjóri Guðmundur Andri Thorsson, Mál og menning: Reykjavík, 2006, s. 235.
- 6 Halldór Guðmundsson: *Halldór Laxness: Ævisaga*, s. 702.
- 7 Hávar Sigurjónsson: „Frá Strompleik til Dúfnaveislu“, *Ekkert orð er skrípi ef það stendur á réttum stað. Um ævi og verk Halldórs Laxness*, ritstjóri Jón Ólafsson, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 2002, s. 91.
- 8 Halldór Laxness: Bréf til Peters Hallberg, 24. júní 1964.
- 9 Halldór Kiljan Laxness: *Þrjónastofan Sólin*, Helgafell: Reykjavík, 1962, s. 10–11.
- 10 Framvegis verður ritgerðin ýmist nefnd fullu nafni eða eingöngu „Persónulegar minnisgreinar“ í hagræðingarskyni. Í meginmáli verður sömuleiðis vísað til hennar með skammstöfuninni Pm og blaðsíðutali innan sviga.
- 11 White, Hayden: *Metahistory. The Historical Imagination in Nineteenth-Century Europe*, The John Hopkins University Press: Baltimore, 1975, s. 6–7.
- 12 Domańska, Ewa: „The Past is a Place of Fantasy“, *Encounters. Philosophy of History after Postmodernism*, The University of Virginia Press: Virginia, 1998, 16. White segir orðrétt: „the past is a place of fantasy“.
- 13 Halldór Laxness: Bréf til Peters Hallberg, 27. apríl 1964.
- 14 Í *Halldór Laxness. Ævisaga*, s. 412–416, gerir Halldór Guðmundsson allrækilega grein fyrir Moskvuréttarhöldunum. Halldór Kiljan Laxness var viðstaddur réttarhöldin yfir Búkharín sem stóðu í 12 daga í lok mars 1938. Réttarhöldin voru liður í hreinsunum Stalíns í Kommúnistaflokknum á árabílinu 1934 til 1938. Í umfjöllun Halldórs Guðmundssonar segir m.a.: „Í þessum sýndarréttarhöldum voru gamlir byltingarforingjar látnir játa á sig ótrúlegustu samsæri og spellvirki gegn Sovétríkjunum og langflestir dæmdir til dauða, en ofsóknir Stalíns voru miklu víðtækari en birtist í réttarsölum. Þær náðu hámarki á árunum 1937 og 1938. Samkvæmt varfærum tölum sem byggðar eru á gögnum sem aðgengileg hafa orðið við opnun rússneskra skjalasafna undanfarinn áratug voru tæp 700 þúsund manna dæmd til dauða og skotin í Sovétríkjunum bara á þessum tveimur árum, tvær og hálf milljón manna voru handteknar og 1938 voru tvær milljónir manna komnar í fangabúðirnar sem kenndar eru við Gulag.“ Einnig má

- benda á grein Jóns Ólafssonar: „Laxness í Sovétríkjunum: Áróðursmaðurinn mikli“, *Ekkert orð er skrúpi ef það stendur á réttum stað. Um ævi og verk Halldórs Laxness*, ritstjóri Jón Ólafsson, Hugvísindastofnun Háskóla Íslands: Reykjavík, 2002, s. 129–138.
- 15 Halldór Kiljan Laxness: *Gerska ævintýrið*, Bókaútgáfa Heimskringlu: Reykjavík, 1938, s. 62.
- 16 Barthes, Roland: „Myth Today“, *Mythologies*, þýðandi Annette Lavers, Vintage: London, 2000, s. 129.
- 17 Barthes, Roland: „Myth Today“, *Mythologies*, 109–111.
- 18 Halldór Kiljan Laxness: *Gerska ævintýrið*, s. 79–80.
- 19 Halldór Laxness: *Skáldatími*, Reykjavík: Helgafell, 1963, s. 114. Framvegis verður vísað í *Skáldatíma* með skammstöfuninni Skt og blaðsíðutali innan sviga.
- 20 Halldór Guðmundsson: *Halldór Laxness: Ævisaga*, s. 673.
- 21 „Vera Hertsch: Af Halldór Laxness“, *Politiken* 29. des. 1963. Á dönsku hljóðar tilvitnunin svo: „Det rystende kapitel fra Nobel-pristagerens nye erindringsbog „Skáldatími“, som har fremkaldt så bidende diskussion i Island.“
- 22 Halldór Laxness: Bréf til Peters Hallberg, 24. júní 1964.
- 23 Halldór Guðmundsson: *Halldór Laxness: Ævisaga*, s. 685.
- 24 Halldór Guðmundsson: *Halldór Laxness: Ævisaga*, s. 431.
- 25 Róbert Haraldsson: *Frjálsir andar*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 2004, s. 215–217. Hér skal ekki mælt á móti þessum niðurstöðum Róberts. Í umfjöllun minni mun ég fyrst og fremst einbeita mér að því með hvaða hætti *Skáldatími* er vitnisburður um skáldskaparviðhorf Halldórs Laxness á þeim tíma þegar bókinn kemur út. Þegar kemur að afstöðu Róberts til siðferðis í skáldskap annars vegar og siðferðisboðskapar hins vegar er ég honum ósammála í grundvallaratriðum. Afstöðumunur okkar kemur einkum fram þegar Róbert víkur tali sínu að höfundi leikhúsverks og áhorfendum. Að Róberts hyggju á höfundurinn „að búa yfir hæfni til að semja leikverk sem getur aukið siðferðilegt næmi áhorfandans.“ Að hans mati er það „síðan erfið spurning hvort menn þurfi að vera góðar manneskjur til að geta samið slík listaverk. Kannski þarf skáldið ekki að vera betri manneskja en meðaljóninn en það þarf örugglega að hafa skýrari sýn til þess í hverju mönnum, og þess vegna því sjálfu, er áfátt. Þar með þarf það að hafa stigið að minnsta kosti fyrsta skrefið í átt að því að verða betri manneskja, skáldið þarf að koma auga á takmarkanirnar, það er hið mannlega í sjálfu sér“ (*Frjálsir andar*, s. 193). Uppgjör *Skáldatíma* felst e.t.v. í því að höfundur þess er ekki trúður á að skáldatími hans verði gerður upp í eitt skipti fyrir öll og að honum beri sem skáldi að ala lesendur sína upp í siðferði.
- 26 Sjá t.d. Smith, Sidonie og Juli Watson: „The Trouble with Autobiography: Cautionary Notes for Narrative Theorists“, *A Companion to Narrative Theory*, ritstjórar James Phelan og Peter J. Rabinowitz, Blackwell Publishing: Oxford, 2008, s. 357. Í grein sinni greina þær Sidonie Smith og Julia Watson ýmis vandamál sem mæta þeim sem greina sjálfsævisöguleg skrif. Þær benda á að það sé ómögulegt að skapa óumbreytanlegt sjálf sem sé fært um að muna og rifja upp ævi sína í

heild sinni því líf okkar líði með tímanum og með honum breytist sjónarhorn okkar á fortíðina sem fjarlægist í sífellu. Sá einstaklingur sem verður til við lestur ævisögu er að þeirra sögn aðeins afurð frásagnarinnar og þess sjálfs sem hún skapar.

- 27 Calvino, Italo: „Levels of Reality in Literature“, *The Uses of Literature. Essays*, þýðandi Patrick Creagh, Harcourt Brace Jovanovich: San Diego, 1986, s. 101–102. Nöfn persónanna úr verki Shakespeares eru sótt í þýðingu Helga Hálfðanarsonar, Shakespeare, William: „Draumur á Jónsmessunótt“, *Leikrit V*, Almenna bókafélagið: Reykjavík, 1987, s. 409–480.
- 28 Calvino, Italo: „Levels of Reality in Literature“, *The Uses of Literature. Essays*, s. 103.
- 29 Calvino, Italo: „Levels of Reality in Literature“, *The Uses of Literature. Essays*, s. 104.
- 30 Calvino, Italo: „Levels of Reality in Literature“, *The Uses of Literature. Essays*, s. 107.
- 31 Ástráður Eysteinnsson: „Hvað er póstmóðernismi: hvernig er byggt á rústum?“, *Umbrot*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 1999, s. 387.
- 32 Halldór Kiljan Laxness: *Gerska ævintýrið*, s. 62.

### 3. HLUTI: SJÓNARVOTTAR

- 1 Halldór Laxness og Matthías Johannessen: „Mosdæla saga“, *Morgunblaðið* 11. okt. 1970.
- 2 Waugh, Patricia: *Metafiction. The Theory and Practice of Self-Conscious Fiction*, Routledge: London, 2001, s. 2.
- 3 Waugh, Patricia: *Metafiction. The Theory and Practice of Self-Conscious Fiction*, s. 6.
- 4 Þorsteinn Gylfason: „Inngangur“, *Bláa bókin*, Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík, 1998, s. 30.
- 5 Þorsteinn Gylfason: „Inngangur“, *Bláa bókin*, s. 42.
- 6 Í *Menón*, eftir Platon, leggur Menón eftirfarandi spurningar fyrir Sókrates þegar þeir leita að dyggðinni: „Hvernig getur þú grennslast eftir því, Sókrates minn, sem þú alls ekki veizt hvað er? Að hverju, af öllu því sem þú ekki þekkir, ætlar þú að leita? Eða þótt þú rataðir einhvern veginn á þann hlut sem þú ert að leita að, hvernig geturðu vitað að það er hann fyrst þú ekki áður þekktir hann?“ (Platon: *Menón*, þýðandi Sveinbjörn Egilsson, Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík 1993, s. 79) Til að svara þessu setur Sókrates fram þá kenningu að þar sem sálin sé ódauðleg fyrirfinnst ekki sá hlutur sem hún hafi ekki fengið skilning á. Lærdómur er því að hans viti ekki annað en upprifjun. Þetta sannar hann með því að leggja fyrir einn af „fylgjurum“ Menóns röð spurninga um flatarmálsfræði. Þar sem drengurinn kemst alltaf að rétttri niðurstöðu dregur Sókrates þá ályktun að hann hafi einungis verið að rifja upp þessa þekkingu fyrir fylgjaranum (Platon: *Menón*, s. 81–91).
- 7 Sjá Lamargue, Peter: „Criticism, Aesthetics and Analytic Philosophy“, *The*

- Cambridge History of Literary Criticism* Volume IX, Twentieth-Century Historical Philosophical and Psychological Perspectives, ritstjórar Christa Knellwolf og Christopher Norris, Cambridge University Press: Cambridge, 2001, s. 323–334.
- 8 Helga Kress: „Halldór Laxness: 6. þáttur: Helga Kress ræðir við hann“, Ríkis-sjónvarpið, útsendingardagur 12. sept. 1976.
- 9 Jóh 1.1.
- 10 1 Mós 1.1.
- 11 Wittgenstein, Ludwig: „Fyrirlestur um siðfræði“, *Heimspeki á tuttugustu öld*, s. 53.
- 12 Wittgenstein, Ludwig: „Fyrirlestur um siðfræði“, *Heimspeki á tuttugustu öld*, s. 55.
- 13 Wittgenstein, Ludwig: „Fyrirlestur um siðfræði“, *Heimspeki á tuttugustu öld*, s. 56.
- 14 Augljós líking er með orðalagi Umba um það hvort menn skuli þegja og niðurstöðu *Rökfræðilegrar ritgerðar um heimspeki*. Að auki má geta þess að einn vina Wittgensteins, Frank Ramsey, sagði; „What we can't say we can't say, and we can't whistle it either.“ E.t.v. er um bein textatengsl milli texta Halldórs og skoðanaskipta Wittgensteins og Ramseys að ræða.
- 15 Wittgenstein, Ludwig: *Bláa bókin*, þýðandi Þorbergur Þórsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1998, s. 77.
- 16 Waugh, Patricia: „Postmodernism“, *The Cambridge History of Literary Criticism*, Volume IX, Twentieth-Century Historical Philosophical and Psychological Perspectives, ritstjórar Christa Knellwolf og Christopher Norris, Cambridge University Press: Cambridge, 2001, s. 289.
- 17 Waugh, Patricia: „Postmodernism“, *The Cambridge History of Literary Criticism*, s. 290.
- 18 Nietzsche, Friedrich: „Um sannleika og lygi í ósiðrænum skilningi“, þýðendur Magnús Diðrik Baldursson og Sigríður Þorgeirsdóttir, *Skírnir* 167. árg. vor 1993, s. 21.
- 19 Nietzsche, Friedrich: „Um sannleika og lygi í ósiðrænum skilningi“, s. 19–20. Fyrstu myndhverfinguna nefnir Nietzsche það þegar taugaáreiti er breytt í myndlíki; aðra þegar myndlíki er breytt í hljóð og þannig segir hann að stokkið sé koll af kalli milli algjörlega ólíkra sviða.
- 20 Ástráður Eysteinnsson: „Í fuglabjargi skáldsögunnar“, *Umbrot*, s. 250.
- 21 Hér verður ekki fjallað nánar um túlkun doktorsins á Nietzsche en þó er vert að geta þess að Steinn Elliði hefur þessa sömu setningu eftir í *Vefaranum mikla frá Kasmír*: „Af öllum svölunarleiðum er það stigið lægst og dýrlegast, blindast og ófullkomnast, sem leiðir til jafnörlogþrúngins viðburðar og fæðingar nýs manns. Takmark mannsins er að tortíma manninum. Takmark menningarinnar er að tortíma manninum. Takmark viskunnar er að tortíma manninum. Der mensch ist etwas das überwunden werden muss. [...] Sjá, þessar hugsjónir benda til hinna fjærstu tíða“ (Helgafell: Reykjavík, 1957, s. 130). Í orðum Dr. Sýngmanns er sem endurspeglis þær túlkningar á Nietzsche sem gætti mjög á árunum milli fyrra og seinna stríðs þar sem lögð var höfuðáhersla á ýmsar stórmennsku- og snillings-hugmyndir. Þessi túlkun á verkum Nietzsches er einmitt sett á oddinn í

*Vefaranum*. Um miðja öldina taka menn að leita í frumtexta Nietzsches því í ljós kom að systir hans hafði falsað texta hans og skrumskælt í miklum mæli. Þýðingar Walters Kaufmann á ensku marka að sumu leyti upphafið á endurmati á verkum Nietzsches. Svo skemmtilega vill til að Sigurður A. Magnússon hefur skrifað grein um fyrirlestur sem hann sótti hjá Kaufmann í Princeton þar sem ræddar voru falsanir á ritum Nietzsches. Greinin „Rit Nietzsche voru fölsuð“ birtist í *Morgunblaðinu* 30. apríl 1957 á sömu opnu og ritdómur Kristjáns Albertssonar um *Brekkukotsannál*. Í *Grikklandsárinu* segir Halldór: „Also sprach Zarathustra [...] var mikill aldarspegill og viskubrunnur, bók samin af slíkri íþrótt að heilar málsgreinar úr henni hugfestust manni ævilángt hvort sem líkar betur eða ver, einsog tilamunda þetta: Von seinem Mitleid mit den Menschen ist Gott gestorben — og: Der Mensch ist etwas das überwunden werden muss. Síðar komst ég að því [...] að Also sprach Zarathustra verður ekki lesin ein sér, heldur aðeins um leið og aðrar bækur sama höfundar: annars skilur hún lesandann eftir gapandi einsog fuglsúnga“ (Helgafell: Reykjavík, 1980, s. 34). Í sömu bók segir Halldór frá því að flest verk Nietzsches hafi verið að finna á heimili vinar síns Erlendar í Unuhúsi.

- 22 Nietzsche, Friedrich: „Um sannleika og lygi í ósiðrænum skilningi“, s. 23.
- 23 Todorov, Tzvetan: „The Typology of Detective Fiction“, *The Poetics of Prose*, þýðandi Richard Howard, Cornell University Press: New York, 1977, s. 42–43.
- 24 Cohen, Ralph: „Do Postmodern Genres Exist?“, *Postmodern Genres*, University of Oklahoma Press: Oklahoma, 1998, s. 295.
- 25 Halldór Laxness og Matthías Johannessen: „Mosdæla saga“, *Morgunblaðið* 11. okt. 1970.
- 26 Árni Bergmann: „En fyndni hlustar hann einlægt á“, *Þjóðviljinn* 13. okt. 1968.
- 27 Todorov, Tzvetan: „The Typology of Detective Fiction“, *The Poetics of Prose*, s. 44–45.
- 28 Vésteinn Ólason: „Ég tek það gilt: hugleiðingar um Kristnihald undir Jökli“, *Afmælisrit til Dr. Phil. Steingríms J. Þorsteinssonar prófessors 2. júlí 1971 frá nemendum hans*, Prentsmiðjan Leiftur: Reykjavík, 1971, s. 206.
- 29 Todorov, Tzvetan: „The Typology of Detective Fiction“, *The Poetics of Prose*, s. 46.
- 30 Sjá Brooks, Peter: *Reading for the Plot*, Clarendon Press: Oxford, 1984, s. 23–29.
- 31 Doyle, A. Conan: *Baskerville-hundurinn. Ný saga um Sherlock Holmes*, íslenskuð af G.f.G., Prentsmiðjan Gutenberg: Reykjavík, 1911, s. 10–11.
- 32 Doyle, A. Conan: *Baskerville-hundurinn. Ný saga um Sherlock Holmes*, s. 141.
- 33 Ekki er óhugsandi að nafn Dr. Godmans Sýngmann vísi til upphafs íslenskrar glæpasagnahefðar. Í bókinni *Húsið við Nordurá* eftir Einar Skálaglam (Alþýðuprentsmiðjan: Reykjavík, 1926) er spæjari og Vestur-Íslendingur sem ber nafnið Godman Johnson. Ennfremur minnir eftirfarandi lýsing á doktornum í *Kristnihaldinu* á sjálfan Baskerville-hundinn: „Dr. Godman Sýngmann snýr sér við og horfir í forundran á sóknarprestinn fornvin sinn augum sínum votum, með rauðum slitnum hvörmum, sem í senn eru ásakandi og biðjandi, rauna-

- mædd og fróm, auðmjúk og grimm einsog augun í þeim blóðhundi sem ber hrollvakið nafn; er þó meinlausastur hunda.“ (KúJ 188)
- 34 Bjarni Bjarnason: „Systkinabækurnar Kristnihald undir Jökli & Drakúla“, *Lesbók Morgunblaðsins* 17. jan. 2004.
- 35 *Í túninu heima* segir Halldór frá ýmsum bókum sem hann las á unga aldri. Eftir að hafa talið upp *Námur Salómons*, *Felsenborgarsögur* og fleiri verk segir hann: „og ekki má gleyma *Makt myrkranna* (Bram Stoker) með hinum vinsæla draug Drakúlusi greifa í Karpatafjöllum, sem ekki var síður elskaður þá en núna, og einn besti penni landsins var settur til að þýða: Valdimar Ásmundsson (útg. 1901)“ (Helgafell: Reykjavík, 1975, s. 208). Bjarni ber *Kristnihald undir Jökli* saman við útgáfu Stokers á Dracula, þýðing Valdimars Ásmundssonar er hins vegar í meira lagi frjálsgleg, t.d. fellir hann úr persónur eða slær mörgum í eina og breytir einnig nöfnum þeirra, Jonathan Harker heitir t.d. Tómas Harker í hans útgáfu. Í útgáfu Stokers er sagan sögð frá mörgum sjónarhornum og þótt dagbók Harkers sé fyrirferðarmikil þá er hún fráleitt eins ráðandi og í þýðingu Valdimars. Þessi þensla á þætti Harkers á e.t.v. stærstan þátt í að gera líkindi *Maktar myrkranna* og *Kristnihalds undir Jökli* sláandi. Dagbók Tómasar nær frá fimmtu síðu til þeirrar 167. í þýðingunni sem er alls 210 síður. Hann er þannig orðinn að sögumanni í stærstum hluta verksins og þar með er skyldleiki hans og Umba meiri en í frumgerðinni.
- 36 Stoker, Bram: *Makt myrkranna*, þýðandi Valdimar Ásmundsson, útgefendur: Nokkrir prentarar: Reykjavík, 1901, s. 3–4. Guðni Elísson hefur bent HI á að þennan formála að verkinu sé ekki að finna í öðrum þekktum útgáfum verksins og því er vel líklegt að hann sé uppfinning þýðandans.
- 37 Sjá Ármann Jakobsson: *Staður í nýjum heimi*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 2002, s. 61–71.
- 38 Stafford, Andrew: *Making Sense of Marcel Duchamp*, slóðin er: [www.understandingduchamp.com](http://www.understandingduchamp.com), skoðað 15. mars 2005.
- 39 Eco, Umberto: *Six Walks in the Fictional Woods*, Harvard University Press: Cambridge, Massachusetts og London, 1994, s. 115.
- 40 Ástráður Eysteinnsson: „Í fuglabjargi skáldsögunnar“, *Umbrot*, s. 241.
- 41 Ástráður Eysteinnsson: „Í fuglabjargi skáldsögunnar“, *Umbrot*, s. 241.
- 42 Benjamin, Walter: „The Storyteller“, *Modern Criticism and Theory*, ritstjórar David Lodge og Nigel Wood, Longman: London, önnur útgáfa, 2000, s. 12.
- 43 Benjamin, Walter: „The Storyteller“, *Modern Criticism and Theory*, s. 14–17.
- 44 Viðar Hreinsson: „Íslenska akademían: Kotungar í andófi“, *Skírnir* 173. árg. haust 1999, s. 274.
- 45 Guðrún Nordal: „Innansveitarkronika. Mósaíkmynd íslenskrar sagnagerðar“, *Heimur skáldsögunnar*, s. 185.
- 46 Guðrún Nordal: „Innansveitarkronika. Mósaíkmynd íslenskrar sagnagerðar“, s. 185.
- 47 Halldór Laxness og Matthías Johannessen: „Mosdæla saga“, *Morgunblaðið* 11. okt. 1970.



- 48 Sjá t.d. Halldór Guðmundsson sem ræðir um Íslendingasögur sem bókmennta- grein með hliðsjón af skáldsögum í greininni: „Skáldsöguvitund í Íslendingasög- um“, *Skáldskaparmál* 1, 1990, s. 62–72.
- 49 Í þessu sambandi má meðal annars vitna til skilgreiningar Jóns Karls Helgasonar á Njálu en hann segir: „NJÁLA ER EKKI TIL sem óumbreytanlegur, endan- legur texti á bók. Frumtexti sögunnar er glataður og með hverjum áratug sem líður verða til nýjar gerðir hennar; útgáfur, þýðingar og endursagnir. Í ljósi þess að munnlegt og ritað efni af ýmsu tagi bjó að baki elstu handritunum er úti- lokað að henda reiður á hvenær sköpun Njáls sögu hófst. Yngstu afbrigði benda til að þeirri sköpun sé hvergi nærri lokið./ Í stað þess að líta á Njálu sem eitt af- markað verk kys ég að nálgast hana sem víðfeðma og lifandi menningarhefð, safn margvíslegra texta, tákmyndna og hugmyndna sem kvíslast frá óljósri uppsprettu um ólík tímaskið og menningarsvæði. Hundruð einstaklinga hafa mótað þessa hefð, miðlað frásögninni, skilgreint merkingu hennar, skerpt sögupersónurnar.“ Hér er vitnað í: *Höfundar Njálu*, Heimskringla: Reykjavík, 2001, s. 9. Jón Karl hefur ritað tvær bækur um það sem kalla mætti sísköpun *Njáls sögu*, sem eru ann- ars vegar *Hetjan og höfundurinn*, hins vegar *Höfundar Njálu*.
- 50 Jakob Benediktsson: „Formáli“, Íslendingabók–Landnámabók, fyrri hluti, *Íslenzk fornrit* Ia, Hið íslenska fornritafélag: Reykjavík, 1936, s. v.
- 51 Sigurður Nordal: „Formáli“, Egils saga, *Íslenzk fornrit* II, Hið íslenska fornrita- félag: Reykjavík, 1933, s. liii.
- 52 Egils saga: *Íslenzk fornrit* II, Sigurður Nordal gaf út, Hið íslenska fornritafélag: Reykjavík, 1933, s. 298–299. Leturbreyting HI.
- 53 Eco, Umberto: *Six Walks in the Fictional Woods*, s. 130–131.
- 54 Egils saga: *Íslenzk fornrit* II, s. 298–299.
- 55 Guðrún Nordal: „Innansveitarkronika. Mósaíkmynd íslenskrar sagnagerðar“, *Heimur skáldsögunnar*, s. 187–188.
- 56 Guðrún Nordal: „Innansveitarkronika. Mósaíkmynd íslenskrar sagnagerðar“, *Heimur skáldsögunnar*, s. 186–187.
- 57 Roughton, Philip: „A Hagiographical Reading of Egils saga“, *Á austurvega: Saga and East Scandinavia: Preprint papers of The 14th International Saga Conference*, ritstj. Agnete Ney, Henrik Williams og Fredrik Charpentier Ljungquist, Gävle University Press: Gävle, 2009, s. 816–822.
- 58 Viðar Hreinsson: „Íslenska akademían: Kotungar í andófi“, s. 280.
- 59 Halldór Laxness og Matthías Johannessen: *Skeggræður í gegnum tíðina*, s. 72.
- 60 Ásdís Egilsdóttir: „Jarteinir og helgir dómar“, *Milli himins og jarðar*, ritstjórar Anna Agnarsdóttir, Pétur Pétursson og Torfi H. Tulinius, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 1997, s. 11.
- 61 Viðar Hreinsson: „Íslenska akademían: Kotungar í andófi“, s. 280.
- 62 Eco, Umberto: *Six Walks in the Fictional Woods*, s. 30–43.
- 63 Eco, Umberto: *Six Walks in the Fictional Woods*, s. 40–42.
- 64 Sjá Eco, Umberto: *Six Walks in the Fictional Woods*, s. 42.
- 65 Halldór Laxness: *Guðsgjafapula*, Vaka–Helgafell: Reykjavík, 2002, hér er vísað til

texta á bókarkápu. Káputextinn virðist sóttur í ritgerð Peters Hallberg: „Síldar-saga Halldórs Laxness“, *Skírnir* 147. árg. 1973 án þess þó að hans sé getið sem heimildarmanns. Káputextinn er þannig í stíl við annað í verkinu sem er ýmist stælt eða stolið. Hann verður því þáttur í flóknum vef tilvitnana og textatengsla sem erfitt er að henda reiður á þrátt fyrir lesleiðbeiningar káputextahöfundarins og annarra. Í ritgerð Hallbergs segir á s. 250: „Aldarspegill Guðsgjafabulu sýnir okkur marglita sundurleita og skoplega mynd af þjóðfélagi á umbrotatíma. En myndin verður að sögu með því að tengjast örlögum ákveðinna manna.“ Rétt eins og sögumaður *Guðsgjafabulu* fer misjafnlega með sínar heimildir fer höfundur káputextans ekki kórrétt með tilvitnunina í Hallberg því eins og sjá má segir Hallberg að myndin tengist örlögum „manna“ en ekki manns.

- 66 Gunnar Kristjánsson fjallar um Jesúgervinga í verkum Halldórs Laxness í bók sinni *Fjallræðuþólkið*, Mál og menning: Reykjavík, 2002, s. 109–117.
- 67 Halldór Kiljan Laxness: „Eftirmáli“, *Grettissaga*, Helgafell: Reykjavík, 1946, s. 285.
- 68 Halldór Kiljan Laxness: „Eftirmáli“, *Grettissaga*, 285.
- 69 Halldór Kiljan Laxness: „Eftirmáli“, *Grettissaga*, 284–285.
- 70 Waugh, Patricia: *Metafiction*, 2–3.
- 71 Eco, Umberto: *Six Walks in the Fictional Woods*, s. 83–85.
- 72 Matthías Johannessen: „Málþing um Guðsgjafabulu“, *Bókmenntaþættir*, s. 187–188.
- 73 White, Hayden: *Metahistory. The Historical Imagination in Nineteenth-Century Europe*, s. 427–428.

## LOKAORÐ

- 1 Þórbergur Þórðarson: „Rangsnúin mannúð“, *Tímarit Máls og menningar*, 25. árg. 2. hefti 1964, s. 168–169.
- 2 Halldór Laxness: „Jón í Brauðhúsum“, *Sjöstafakverid*, Mál og menning: Reykjavík, 1964, s. 169.
- 3 Njörður P. Njarðvík: „Samfúna“, *Sjö erindi um Halldór Laxness*, s. 153.
- 4 Halldór Laxness og Matthías Johannessen: *Skeggræður í gegnum tíðina*, s. 8.
- 5 Halldór Kiljan Laxness: „Upton Sinclair og vestheimska alheimska“, *Dagleið á fjöllum*, s. 72.
- 6 Halldór Laxness og Matthías Johannessen: „Mosdæla saga“, *Morgunblaðið* 11. okt. 1970.
- 7 Sem dæmi um sjálfsævisögulegar vísanir í Andra-bókunum má nefna sögubrotið í Sölku-Völku-stíl sem eignað er Andra í *Persónum og leikendum* en það birtist einnig undir nafni Péturs Gunnarssonar í 43. árgangi *Skólablads Menntaskólans í Reykjavík*, 5. tbl. Saga Péturs nefnist „Myndir úr þorpi“. Textabrotin eru eftirfarandi úr *Persónum og leikendum*, Punktur: Reykjavík, 1983, s. 55: „Af miskunarleysi gefur landslagið hvergi færi á byggð, með einni undantekningu þó: fyrir tilslökun fjalls verður á einum stað undirlendi þar sem á óákveðnum tíma hefur risið þorp... / „Af miskunarleysi“, „fyrir tilslökun fjalls“, „á óákveðnum tíma“... Flott.“ Í „Myndir

- úr þorpi“, *Skólablað Menntaskólans í Reykjavík*, 43. árg. 5. tbl. 1968, s. 154, segir: „Fjörðurinn skerst inni landið langur og mjór, girtur fjöllum á þrjár hliðar og endalaus úthafi á þá fjórðu. Af miskunarleysi gefur landslagið hvergi færi á byggð, með einni undantekningu þó. Fyrir tilslökun fjalls verður á einum stað undirlendi og þar hefur á óákveðnum tíma risið þorp. Lengst af var þorp þetta ósannað fyrir umheiminum og svo væri enn ef fiskitegund sem bankastjórar nefna silfur hafsins hefði ekki þóknast að gæða það lífi og margefla þess hag.“
- 8 Dagný Kristjánsdóttir: „Orð“, *Tímarit Máls og menningar* 47. árg. 4. hefti 1986, s. 521.
- 9 Halldór Guðmundsson: *Halldór Laxness: Ævisaga*, s. 680.
- 10 J.H.: „Það skreppur enginn út úr skinninu á sjálfum sér“, viðtal við Halldór Laxness, *Vísir* 14. sept. 1970.
- 11 Árni Bergmann: „En fyndni hlustar hann einlægt á“, *Þjóðviljinn* 13. okt. 1968.

## VÍÐAUKI

- 1 Matthías Johannessen: „Halldór Kiljan Laxness er allur. Klukkurnar hættar að tifa en skáldið lifir í verkum sínum“, *Morgunblaðið* 10. feb. 1998.
- 2 Tempest: „Sonning-prisen til Halldor Laxness“, *Politiken* 2. feb. 1969.  
— Alle romaner er dårlige, men i min sidste roman har jeg forsøgt noget i retning af en fornyelse af dens muligheder — i øvrigt må bogen tale for sig selv.
- 3 Halldór Laxness: „Upphaf mannúðarstefnu“, *Upphaf mannúðarstefnu*, Helgafell: Reykjavík, 1965, s. 10.
- 4 Þráinn Bertelsson: „„Því meira sem hlutirnir breytast ...““, *Vísir* 7. okt. 1968. Í ritdómi Þráins segir: „Bókin er langt frá því að vera lausn á einhverju aðkallandi vandamáli.“
- 5 „150.000 kr. til höfundar sem lætur sig þjóðfélagsmál varða“.
- 6 Tempest: „Sonning-prisen til Halldor Laxness“, *Politiken* 2. feb. 1969.

Det er [...] humanitets- og sociologiske studier, der behersker Halldor Laxness' bøger fra 1960'erne, og som på sin vis virker stærkere end hans store romanværker fra 30'erne, *Værdens lys* I–IV (1937–41) og *Islands klokke* I–III (1943–46), fordi man i disse bøger møder en digter, der ikke alene med beundringsværdig kunstnerisk styrke kan skildre fortiden, men også er en socialt engageret skribent, der ikke lægger nogen dæmper på sine skarpe meninger om uforskyldt fattigdom og økonomisk udbytning, hvor i verden han møder den.

- 7 Tempest: „Sonning-prisen til Halldor Laxness“, *Politiken* 2. feb. 1969.
- 8 Carlsen, Paul: „Islands store digter“, *Aarhus Stiftstidende* 2. feb. 1969.

Sonning-prisen er indstiftet af fru Leonie Sonning til minde om hendes afdøde mand, forfatteren og journalisten C.J. Sonning. Pengene stammer overvejende fra store beboelsesjendomme — et forhold, der har givet anledning til kritik.

- 9 K.V.: „Sonning“, *Information* 19.–20. apríl 1969.

Redaktør C.J. Sonning bestemte i 1936, at fire af hans syv ejendomme skulle overgå til en særlig fond. Den fond har nu værdier for adskillige millioner kroner. [...] Måske blev Sonning-fonden skabt for at sikre Sonningnavnet evig hæder. [...] Det er ikke kultur, C. J. Sonning huskes for, men boligspekulation. [...] Der er meget, der tyder på at Sonning-prisens midler stammer fra udnyttelse af den bolignød, der også den gang var en realitet [...].

- 10 Storm, Ole: „Laxness gør op“, *Politiken* 3. nóv. 1964.

Halldor Laxness er en praktisk mand, der har taget sit parti. Han er aldeles nøgtern og erkender at han tog fejl af Sovjetstyret — også det gør han uden falsk sentimentalitet og hyklet bodfærdighed. Han tog fejl, slet og ret, og han kan måske tage fejl igen; han anser ikke digtere for at være forsikret mod fejltagelser, og han mener ikke, at de i deres personlige fremtræden skal symbolisere den ene eller den anden form for livsanskuelse. [...]

Laxness er, som bemærket, en praktisk mand. Han sørger for at få sin nattesøvn.

Han anser også ærlighed for at være det mest praktiske og stikker i dette erindringsbind ikke noget under stolen.

- 11 Studenterrådet: „Kære Halldor Laxness“, Q 2. årg. nr. 3 1969, s. 13.

Universitetet (professorerne) har altså fundet det passende at påtage sig uddelelingen af denne overskydende profit fra familien Sonnings udnyttelse af en af vort lands største sociale skamletter: Bolignøden. Dette er vel sket ud fra en fejl-agtig betragtning om den prestige, Københavns Universitet ville få ved at kunne uddele disse mange penge — som alle penge lugter de ikke, og en Nobel har Danmark aldrig haft. Dette er kun et af mange eksemplarer på universitetets ind-difference m.h.t. de sociale forhold i landet og en demonstration af dets accept af den usunde kapitalistiske moral.

- 12 Studenterrådet: „Kære Halldor Laxness“, Q 2. årg. nr. 3 1969, s. 13.

Et aktuelt udgangspunkt kunne måske Deres „Slumcauseri“ være, og vi kan forsikre Dem, at der ikke i dette forum vil blive forlangt, at De lægger en dæmper på Deres skarpe mening om uforskyldt fattigdom og økonomisk udbytning.

- 13 „i håbet om, at Deres sociale samvittighed stadig lever“.

- 14 „Kunstneren mellem oprørerne“.

- 15 Dav: „Laxness vred på danske studenter“, *Berlingske Aftenavis* 6. mars 1969.

— Aktioner er ikke mod Dem, men mod Sonning-prisen og fru Sonning.

— Hvad har jeg med fru Sonning at gøre? Universitetet giver mig en pris, og jeg er meget glad for den store hæder der vises mig. Men jeg kender danskerne. De ved ikke, hvad hæder er. For dem er det penge, penge, penge ... de kan have deres penge selv.

— Vil det sige, at De afslår at modtage Sonning-prisen?

— Jeg havde tænkt mig at give disse penge ud på et specielt formål i Danmark. Men når det skal være under trussel om terror og pengeafpresning, vil jeg tænke mig om endnu en gang. Jeg handler ikke under pres af disse terrorister.

- 16 Halldór Kiljan Laxness: *Gerska ævintýrið*, s. 5–6.
- 17 Scherfig, Hans: „Kunstneren mellem oprørerne“, *Land og Folk* 9.–10. mars 1969.  
Ærligt har han fortjent sine priser. Også *Sonning-prisen*. Skriver han måske ikke, at hele *Moskva og Leningrad er hundrede procent slumkvarter!* Kan fru Sonning ikke være tilfreds!  
Man forstår mesterens utålmodighed over for de danske studenter, pøbelen, snøblerne, de frisindede drenge.
- 18 Scherfig, Hans: „Kunstneren mellem oprørerne“, *Land og Folk* 9.–10. mars 1969.  
Mannsaldri síðar, þegar Halldór Laxness hafði fengið nóbelsverðlaunin, fór hann eftir eigin kaldhæðna leiðarvísi um borgaralega fylgispekt og bjó raunverulega til í *Skáldatíma* nægilega átakanlega lýsingu á hungrinu, klæðleysinu, húsnæðisleysinu, sóðaskapnum og skorti réttaröryggisins í Rússlandi.
- 19 Hansen, Torben Bo: „Sonning og Laxness“, Q 2. árg. nr. 3 1969, s. 12.  
Mannsaldri síðar fór hann eftir eigin kaldhæðna leiðarvísi um borgaralega fylgispekt og bjó raunverulega til í *Skáldatíma* nægilega átakanlega lýsingu á hungrinu, klæðleysinu, húsnæðisleysinu, sóðaskapnum og skorti réttaröryggisins í Rússlandi. Með þessu hefur hann samkvæmt eigin leiðarvísi gert sig að fullu gjaldgengan til að taka líka við Sonning-verðlaununum. Og af þessum sökum brást hann við afar vinsamlegu bréfi stúdentaráðsins með því að kalla stúdentana hryðjuverkamenn og fjárkúgara.
- 20 „Skarp salut fra Laxness imod studenterne“, viðtal við Halldór Laxness, *Berlingske Aftenavis* 5. mars 1969.
- 21 „Laxness kender intet til ungdomsoprøret“, viðtal við Halldór Laxness, *Ekstra Bladet* 16. apríl 1969.  
— Ungdomsoprøret! Hvad er det for et ungdomsoprør? Jeg kender ikke til nogen ungdom, der gør mere oprør i dag, end de har gjort siden tidernes morgen. Taler De om ungdomsoprør her, fordi nogle aktivister søger at terrorisere en enkelt person? Det ungdomsoprør giver jeg ikke meget for.
- 22 „Sonningprisen bliver skattefri for Laxness“, *Information* 12.–13. apríl 1969.  
„Studenterrådet understreger imidlertid, at sagen og den deraf følgende demonstration ved prisuddelingen intet har med Laxness' person at gøre.“  
„Stúdentaráðið leggur hins vegar áherslu á að málið og mótmælin við afhendinguna séu persónu Laxness óviðkomandi.“
- 23 Thomsen, O. Fischer: „Til Halldór Laxness“, *Information* 7. mars 1969.  
Kunne det ikke tænkes, at årsagen til, at studenterne reagerer nu, er, at de først er vågnet op nu og at de henvendte sig netop til dig, fordi de regnede dig for ung trods årene, for en ven, for en af de etablerede, der ikke er tilpasset systemet?  
Nuvel, de tog fejl. Når man kender dit skønne, bidende forfatterskab er det svært at vænne sig til den tanke, at du er som de andre på bjerget.
- 24 „For første gang politi på universitetet“, *Information* 21. apríl 1969.
- 25 Bison: „Åbent brev til Halldor Laxness“, *Land og Folk* 6. mars 1969.  
„Man har svært v[e]d at genkende digteren der skrev “Salka Valka” i disse hovmodige udtalelser.“

- 26 Halldór Kiljan Laxness: *Salka Valka*, Helgafell: Reykjavík 1951, s. 335.
- 27 Andersen, K.B.: „Sonning-Prisen for 12. og sidste gang“, *Aktuelt* 21. april 1969.  
Nu må dette komediespil høre op, en farce med bl.a. folk som Albert Schweitser, Karl Barth, Alvar Aalto, Laurence Olivier og nu til sidst Halldor Laxness som statister og fru Sonning som hovedperson.
- 28 „»Krig« i Nørregade“, *Land og Folk* 20. april 1969.
- 29 „Intet med bolignod at gøre“, *Berlingske Tidende* 20. april 1969.
- 30 „Højtid inde — slagsmål ude“, *Politiken* 20. april 1969.
- 31 Kruuse, Jens: „Det bamrer fra Falkefjeldet“, *Jyllands-Posten* 7. mars 1969.  
Fru Sonning er en dame i kostbare pelse, opsat hår og fine smykker, hun sidder på første række.  
Fru Sonning og hendes afdøde mand har tjent en masse penge ved at spekulere i ejendomme.  
Måske har fru Sonning og hendes mand også en gang klappet en lille hundehvalp og givet en kattekilling mælk samt en ældre hushjælp en frakke.  
Jeg ved intet om det med spekuleringen og intet om det med frakken. Jeg gætter bare på, at de er nogle slemme nogen og også måske mennesker.
- 32 Halldór Laxness: „Upphaf mannúðarstefnu“, *Upphaf mannúðarstefnu*, s. 9.
- 33 K.V.: „Sonning“, *Information* 19.–20. april 1969.  
Alligevel er studenternes aktion i dag ikke god. Og det er først og fremmest ikke godt, at man har rodet Halldor Laxness ind i aktionen ved at opfordre ham til at sige nej til pengene.
- 34 „Højtid inde — slagsmål ude“, *Politiken* 20. april 1969.  
Desværre har der været alt for mange misforståelser omkring adressen for studenternes aktion og desværre havde tidspunktet for en protest været rigtigere for 20 år siden ved fondets oprettelse.  
Uanset denne baggrund kan ingen anfægte Studenterrådets ret til en fredelig meningstilkendegivelse rettet mod en pris, der har sin baggrund i udnyttelse af konjunkturerne i boligmarkedet, og næret af den administration, fru Leonie Sonning har udøvet i de ejendomme, som for tre år siden skænkedes til Sonning-musikfondet [...]  
Den sympati, som man kan have næret for en idealisme bag studenternes aktion, forvandles til skuffelse og vrede over, at voldsmetoder er taget i anvendelse på Frue Plads.
- 35 Bech-Karlsen, John: „Patienten kan måske blive rask, sagde vi til os selv“, vidtal við Halldór Laxness, *Information* 25. ágúst 1965.  
— Men De var da sterkt interesert i politik en gang. De var faktisk et av kommunisternes store paradenummer! Laxness lukker øynene og sitter en lang stund ubevegelig. Røyken lager en tynn spiral opp fra sigaren hans.  
— Det er en lang historie, sier han endelig. — Og det er på mange måter en tragisk historie.
- 36 Jensen, Bent: *Stalinismens fascination og danske venstreintellektuelle*, Lindhardt og Ringhof: Kaupmannahöfn 2002, s. 68.

- 37 Voss, Tage: „Om Sonning-prisen – Idealer og Alderdom“, *Ekstra Bladet* 19. april 1969.

Lige så gerne vi havde set den unge Laxness og den unge Mogens Fog række hinanden hånden, lige så nødtigt ser vi dem i dag give hinanden håndslag — i denne blakkede anledning. Det er to store mænd, der er blevet gamle og omsider har bøjet sig og er holdt op at sige nej. De siger ja — bukker sig og smiler resignerede oldingesmil. For os er det tungt, fordi vi i dem ser to af vor tids idoler — fornemme udtryk i handling og ord for fribåren opposition mod magten, protest mod halvhed, hykleri, [...] vi ser i dem personificeret kompromisløshed, standpunkt der ikke kunne købes. Og som nu bliver købt alligevel.

I dag ser vi dem bukke, omsider krummede og tæmmede af magten. Det havde ikke rørt os synderligt hvis andre havde gjort det — *men de to*: Det er en stor dag for fjenden ...

- 38 ... hvis man tager udgangspunktet i „Salka Valka“, er det, når man vil se forfatterskabet i dets helhed, forkert at betone det sociale i „Salka Valka“ så kraftigt, for det er ikke i den jordbund, de senere bøger voksede.

- 39 Sømderholm, Erik: „Protest med gal adresse“, *Ekstra Bladet* 9. april 1969.

„Frie mænd“ er i udpræget grad en udoktrinær roman i hele sin holdning. Laxness må have vidst at en social roman om landbruget i 1930'erne ikke burde have endt på den måde, som den gør, nemlig med at den sølle husmand vil fortsætte som selvstændig på trods af al fornuft. Han er og vil forblive en fri mand, og det er den slags folk, Laxness elsker.

- 40 Larsen, Martin: „Halldor Laxness' reaktionære idyller“, *Berlingske Tidende* 25. mars 1964.

Det er da ikke samfundsradikalisme, man først og fremmest skal søge i Laxness' bøger. Den har sin plads deri, men ikke som propaganda. Det må da også være generende for den, der vil se det entydige i Laxness' samfundssyn, at den revolutionære Arnald i „Salka Valka“ er et såre svagt menneske, og han vælger en glamourdrøm for en proletarisk virkelighed af karat.

- 41 „Fer helmingur verðlaunanna í skatta?“, *Vísir* 3. feb. 1969.

- 42 „Fer helmingur verðlaunanna í skatta?“, *Vísir* 3. feb. 1969.

- 43 „Kristnihaldið kostar yfir 1000 kr. í Kaupmannahöfn“, *Vísir* 5. feb. 1969.

- 44 „Halldór Laxness fái verðlaunin undanþegin skatti“, *Vísir* 10. feb. 1969.

- 45 „„Jón Prímus varð að greiða skattana sína““, *Vísir* 6. mars 1969.

- 46 „Rímuð andstaða gegn skattfrelsi Sonning-verðlauna“, *Alþýðublaðið* 21. mars 1969.

- 47 *Alþingistíðindi 1969 B 2. hefti*, Alþýðuprentsmiðjan: Reykjavík 1977, s. 1674.

- 48 *Alþingistíðindi 1969 B 2. hefti*, Alþýðuprentsmiðjan: Reykjavík 1977, s. 1679.

- 49 „Fjórir danskir rithöfundar um viðbrögð Halldórs Laxness“, *Morgunblaðið* 8. mars 1969.

- 50 „Komúnisminn er landplága“, *Morgunblaðið* 26. okt. 1963. Viðbrögð *Morgunblaðsins* við ummælum Halldórs Laxness í *Berlingske Tidende* 21. okt. sama ár.

- 51 „Alþjóðleg frægð og listhæfileikar“, *Morgunblaðið* 4. feb. 1969.

- 52 „Alþjóðleg frægð og listhæfileikar“, *Morgunblaðið* 4. feb. 1969.
- 53 „Hrafnakrókastríð í Danmörku“, viðtal við Halldór Laxness, *Morgunblaðið* 7. mars 1969.
- 54 „Hrafnakrókastríð í Danmörku“, viðtal við Halldór Laxness, *Morgunblaðið* 7. mars 1969.
- 55 Ástráður Eysteinnsson: „Halldór Laxness og aðrir höfundar“, *Umbrot*, s. 15–16.
- 56 Halldór Laxness: *Véfarinn mikli frá Kasmír*, s. 9.



## HEIMILDASKRÁ

- Alda Björk Valdimarsdóttir: „Vera Hertzsch: Dæmisögur um siðferði skálds“, *Skírnir* 181. árg. vorhefti, s. 36–60.
- Alþingistíðindi 1969 B 2. hefti*. Alþýðuprentsmiðjan: Reykjavík, 1977.
- „Alþjóðleg frægð og listhæfileikar“, *Morgunblaðið* 4. febr. 1969.
- Andersen, K.B.: „Sonning-prisen for 12. og sidste gang“, *Aktuelt* 21. apríl 1969.
- Anderson, Benedict: *Imagined communities*, Verso: London og New York, 1991.
- Andrés Kristjánsson: „Árekstur Íslands við umheiminn. Kristnihald undir Jökli eftir Halldór Laxness“, *Tíminn* 19. jan. 1969.
- Anna Ólafía Guðnadóttir: „*Milli heys og grasa*“: um *Kristnihald undir Jökli og túlkunarvandann*, lokaritgerð við Háskóla Íslands, Reykjavík, 2001.
- „Annáll ársins“, *Morgunblaðið* 31. des. 1968.
- Ármann Jakobsson: *Staður í nýjum heimi*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 2002.
- Árni Bergmann: „Blindskák og skrytla“, *Þjóðviljinn* 18. nóv. 1972.
- Árni Bergmann: „En fyndni hlustar hann einlægt á“, *Þjóðviljinn* 13. okt. 1968.
- Árni Bergmann: „Vertu trúr yfir litlu“, *Þjóðviljinn* 19. sept. 1970.
- Árni Ibsen: „Leikritun eftir 1918“, *Íslensk bókmenntasaga V*, ritstjóri Guðmundur Andri Thorsson, Mál og menning: Reykjavík, 2006, s. 175–266.
- Árni Sigurjónsson: *Laxness og þjóðlífið. Bókmenntir og bókmenntakenningar á árunum milli stríða*, Vaka–Helgafell: Reykjavík, 1986.
- Ásdís Egilsdóttir: „Jarteinir og helgir dómar“, *Milli himins og jarðar*, ritstjórar Anna Agnarsdóttir, Pétur Pétursson og Torfi H. Tulinius, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 1997, s. 11–20.
- Ásgeir Hjartarson: „Kristnihald undir Jökli“, *Þjóðviljinn* 17. sept. 1970.
- Ástráður Eysteinnsson: „Fyrsta nútímaskáldsagan og móðernisminn“, *Umbrot*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 1999, s. 58–91.
- Ástráður Eysteinnsson: „Halldór Laxness og aðrir höfundar“, *Umbrot*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 1999, s. 13–29.
- Ástráður Eysteinnsson: „Hvað er póstmóðernismi?: hvernig er byggt á rústum?“, *Umbrot*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 1999, s. 369–401.
- Ástráður Eysteinnsson: „Í fuglabjargi skáldsögunnar. Um *Kristnihald undir Jökli*“, *Umbrot*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 1999, s. 239–254.

- „Bandaríkjamönnum fellur skáldskapur minn betur í geð en Rússum“, *Morgunblaðið* 1. nóv. 1955.
- Barthes, Roland: „Myth Today“, *Mythologies*, þýðandi Annette Lavers, Vintage: London, 2000, 109–159.
- Bech-Karlsen, John: „Patienten kan måske blive rask, sagde vi til os selv“, viðtal við Halldór Laxness, *Information* 25. ágúst 1965.
- Benjamin, Walter: „The Storyteller“, *Modern Criticism and Theory*, ritstjórar David Lodge og Nigel Wood, Longman: London, önnur útgáfa, 2000, 10–29.
- Bison: „Ábent brev til Halldor Laxness“, *Land og Folk* 6. mars 1969.
- Bjarni Bjarnason: „Systkinabækurnar Kristnihald undir Jökli & Drakúla“, *Lesbók Morgunblaðsins* 17. jan. 2004.
- „Bókmenntaverðlaun Nóbels 1955“, *vefsíða Ríkisúvarpsins*, slóðin er: <http://servefir.ruv.is/laxness/bakkinn.htm>, sótt 6. apríl 2005.
- Brooks, Peter: *Reading for the Plot*, Clarendon Press: Oxford, 1984.
- Calvino, Italo: „Levels of Reality in Literature“, *The Uses of Literature. Essays*, þýðandi Patrick Creagh, Harcourt Brace Jovanovich: San Diego, 1986, 101–121.
- Carlsen, Paul: „Islands store digter“, *Aarhus Stiftstidende* 2. feb. 1969.
- Cohen, Ralph: „Do Postmodern Genres Exist?“, *Postmodern Genres*, University of Oklahoma Press: Oklahoma, 1998, 293–309.
- Dagný Kristjánsdóttir: „Orð“, *Tímarit Máls og menningar* 47. árg. 4. hefti, 1986, s. 521.
- Dav: „Laxness vred på danske studenter“, *Berlingske Aftenavis* 6. mars 1969.
- Domańska, Ewa: „The Past is a Place of Fantasy“, *Encounters. Philosophy of History after Postmodernism*, The University of Virginia Press: Virginia, 1998.
- Doyle, A. Conan: *Baskerville-hundurinn. Ný saga um Sherlock Holmes*, íslenskuð af G. f. G., Prentsmiðjan Gutenberg: Reykjavík, 1911.
- Eco, Umberto: *Six Walks in the Fictional Woods*, Harvard University Press: Cambridge, Massachusetts og London, 1994.
- Egils saga, *Íslenzk fornrit II*, Sigurður Nordal gaf út, Hið íslenska fornritafélag: Reykjavík, 1933.
- Einar Olgeirsson: „Skáld á leið til sósíalisma“, *Réttur* 17. árg. 2. tbl. 1932, s. 95–117.
- Einar Skálaglam: *Húsið við Norðurá*, Alþýðuprentsmiðjan: Reykjavík, 1926.
- Eliás Mar: „Halldór Kiljan Laxness: Brekkukotsannáll. Helgafell, 1957“, *Tímarit Máls og menningar* 18. árg. 2. hefti 1957, s. 179–182.
- „Enginn bókmenntaáhugi hér — aðeins stjórnmálaegur“, viðtal við Halldór Laxness, *Morgunblaðið* 12. okt. 1963.
- Eskeland, Ivar: „Hin mikla látlausa endurnýjun“, *Tímarit Máls og menningar* 30. árg. 3.–4. hefti 1969, s. 392–398.
- „Fer helmingur verðlaunanna í skatta?“, *Vísir* 3. feb. 1969.
- „Fjórir danskir rithöfundar um viðbrögð Halldórs Laxness“, *Morgunblaðið* 8. mars 1969.
- „For første gang politi på universitetet“, *Information* 21. apríl 1969.
- Halldór Kiljan Laxness: „Eftirmáli“, *Grettissaga*, Helgafell: Reykjavík, 1946, s. 283–288.

- Halldór Laxness: „Jón í Brauðhúsum“, *Sjöstafakverið*, Mál og menning: Reykjavík, 1964.
- Halldór Laxness: *Kristnihald undir Jökli*, Helgafell: Reykjavík, 1968.
- Halldór Laxness: *Kristnihald undir Jökli* (hljóðbók), Vaka–Helgafell: Reykjavík, 2002.
- Halldór Kiljan Laxness: *Kvæðakver*, Helgafell: Reykjavík, 1949.
- Halldór Laxness: „Persónulegar minnisgreinar um skáldsögur og leikrit“, *Upphaf mannúðarstefnu*, Helgafell: Reykjavík, 1965, 67–79.
- Halldór Kiljan Laxness: *Prjónastofan Sólin*, Helgafell: Reykjavík, 1962.
- Halldór Kiljan Laxness: „Ræða flutt við heimkomu af nóbels hátíð, seint í febrúar 1956“, *Gjörningabók*, Helgafell: Reykjavík, 1959, s. 60–64.
- Halldór Kiljan Laxness: „Ræða haldin á nóbels hátíð í Stokkhólmsráðhúsi 10. desember 1955“, *Gjörningabók*, Helgafell: Reykjavík, 1959, s. 51–53.
- Halldór Kiljan Laxness: *Salka Válka*. Reykjavík: Helgafell 1951.
- Halldór frá Laxnesi: „Síðasta bók Hamsuns“, *Morgunblaðið* 15. sept. 1921.
- Halldór Laxness: „Skáld og almenningur á Íslandi“, *Upphaf mannúðarstefnu*, Helgafell: Reykjavík, 1965, s. 90–98.
- Halldór Laxness: *Skáldatími*, Reykjavík: Helgafell, 1963.
- Halldór Laxness: „Upphaf mannúðarstefnu“, *Upphaf mannúðarstefnu*, Helgafell: Reykjavík, 1965, s. 7–30.
- Halldór Kiljan Laxness: „Upton Sinclair og vestheimsk alheimska“, *Dagleið á fjöllum*, Bókaútgáfan Heimskringla: Reykjavík, 1937, s. 72–89.
- Halldór Kiljan Laxness: *Vefarinn mikli frá Kasmír*, Helgafell: Reykjavík, 1957.
- Halldór Laxness og Matthías Johannessen: „„Bókin sem þér haldið á er sjöunda Gerplan sem ég skrifaði““, *Morgunblaðið* 28. okt. 1956.
- Halldór Laxness og Matthías Johannessen: *Maður er nefndur*, Ríkissjónvarpið 3. feb. 1970.
- Halldór Laxness og Matthías Johannessen: „Menn fara ekki í leikhús með logaritma“, *Morgunblaðið* 4. nóv. 1966.
- Halldór Laxness og Matthías Johannessen: „Mosdæla saga“, *Morgunblaðið* 11. okt. 1970.
- Halldór Laxness og Matthías Johannessen: *Skeggræður í gegnum tíðina*, Helgafell: Reykjavík, 1972.
- Halldór Laxness og Matthías Johannessen: „„Þetta var eins og að fara í hressandi bað““, *Morgunblaðið* 25. feb. 1958.
- Halldór Þorsteinsson: „Skrautfjadrir undir Jökli“, *Tíminn* 16. sept. 1970.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson: *Halldór: 1902–1932. Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness*, Almenna bókafélagið: Reykjavík, 2003.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson: *Kiljan: 1932–1948. Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness*, Bókafélagið: Reykjavík, 2004.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson: *Laxness: 1948–1998. Ævisaga Halldórs Kiljans Laxness*, Bókafélagið: Reykjavík, 2005.
- Hansen, Torben Bo: „Sonning og Laxness“, Q 2. árg. nr. 3 1969, s. 12–13.
- Haukur Ingvarsson: „Sækjum gull í Gljúfrastein“, *TMM* 63. árg. 4. hefti 2002, s. 15–25.

- Hávar Sigurjónsson: „Frá Strompleik til Dúfnaveislu“, *Ekkert orð er skrípi ef það stendur á réttum stað. Um ævi og verk Halldórs Laxness*, ritstjóri Jón Ólafsson, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 2002, s. 85–92.
- Helga Kress: „Halldór Laxness: 6. þáttur: Helga Kress ræðir við hann“, Ríkissjónvarpið, útsendingardagur 12. sept. 1976.
- Helga Kress: „Okkar tími – okkar líf. Þróun sagnagerðar Halldórs Laxness og hugmyndir hans um skáldsöguna“, *Sjö erindi um Halldór Laxness*, ritstjóri Sveinn Skorri Höskuldsson, Helgafell: Reykjavík, 1973, s. 155–182.
- Helgi Sæmundsson: „Spöluur – En óraleið þó“, *Alþýðublaðið* 4. nóv. 1970.
- Hjörtur Pálsson: „Eru Vikivaki og Kristnihaldið hliðstæðar táknsgögur?“, *Ekkert orð er skrípi ef það stendur á réttum stað. Um ævi og verk Halldórs Laxness*, ritstjóri Jón Ólafsson, Hugvísindastofnun Háskóla Íslands: Reykjavík, 2002, s. 154–164.
- „Hrafnakrókastríð í Danmörku“, viðtal við Halldór Laxness, *Morgunblaðið* 7. mars 1969.
- Hutcheon, Linda: „Metafictional Implications for Novelistic Reference“, *On Referring in Literature*, ritstjórar Anna Whiteside og Michael Issacharoff, Indiana University Press: Bloomington, 1987, s. 1–13.
- Hutcheon, Linda: *The Politics of Postmodernism*, Routledge: London og New York, 1993.
- „Hvað finnst yður um Kristnihald undir Jökli?“, *Morgunblaðið* 8. des 1968.
- „Hvað segja þau um Skáldatíma?“, *Morgunblaðið* 26. okt. 1963.
- „Höjtíð inde — slagsmál ude“, *Politiken* 20. apríl 1969.
- Indriði G. Þorsteinsson: „Halldór Kiljan Laxness: PARADÍSARHEIMT. Útgefandi Helgafell, 1960“, *Eimreiðin* 66. árg. 1960, s. 283–285.
- „Intet med bolignød at gøre“, *Berlingske Tidende* 20. apríl 1969.
- J.H.: „Það skreppur enginn út úr skinninu á sjálfum sér“, viðtal við Halldór Laxness, *Vísir* 14. sept. 1970.
- Jakob Benediktsson: „Formáli“, Íslendingabók–Landnámabók, fyrri hluti, *Íslenzk fornrít* 1a, Hið íslenska fornritafélag: Reykjavík, 1936, s. v–cliv.
- Jensen, Bent: *Stalinismens fascination og danske venstreintellektuelle*, Lindhardt og Ringhof: Kaupmannahöfn, 2002.
- Jóhann Hjálmarsson: „Egill Skallagrímsson og Mosfellskirkja“, *Morgunblaðið* 26. sept. 1970.
- Jóhann Hjálmarsson: „Endurnýjunarverk í skáldsagnagerð Halldórs Laxness“, *Morgunblaðið* 19. nóv. 1972.
- Jóhann Hjálmarsson: „Veraldarfallið“, *Morgunblaðið* 13. okt. 1968.
- Jón Gunnar Axelsson: *Kjóll og kall: (náttúrulegt Kristnihald undir Jökli)*, lokaritgerð við Háskóla Íslands, Reykjavík, 1997.
- Jón Karl Helgason: *Hetjan og höfundurinn*, Heimskringla: Reykjavík, 1998.
- Jón Karl Helgason: *Höfundar Njálu*, Heimskringla: Reykjavík, 2001.
- Jón Ólafsson: „Laxness í Sovétríkjunum: Áróðursmaðurinn mikli“, *Ekkert orð er skrípi ef það stendur á réttum stað. Um ævi og verk Halldórs Laxness*, ritstjóri Jón Ólafsson, Hugvísindastofnun Háskóla Íslands: Reykjavík, 2002, s. 129–138.

- „Jón Prímus varð að greiða skattana sína“, *Vísir* 6. mars 1969.
- K.G.: „Halldór Kiljan Laxness: Íslandsklukkan“, *Vísir* 8. des. 1943.
- K.V.: „Sonning“, *Information* 19.–20. apríl 1969.
- Kirk, Hans: „Bogen um Atomstationen“, *Land og Folk* 19. sept. 1952.
- „Krig« i Nørregade“, *Land og Folk* 20. apríl 1969.
- „Komúnisminn er landplága“, *Morgunblaðsins* 26. okt. 1963.
- „Kristnihald selst mest“, *Morgunblaðið* 22. des. 1968.
- „Kristnihaldið kostar yfir 1000 kr. í Kaupmannahöfn“, *Vísir* 5. feb. 1969.
- Kruise, Jens: „Det bamrer fra Falkefjeldet“, *Jyllands-Posten* 7. mars 1969.
- Lamargue, Peter: „Criticism, Aesthetics and Analytic Philosophy“, *The Cambridge History of Literary Criticism* Volume IX, Twentieth-Century Historical Philosophical and Psychological Perspectives, ritstjórar Christa Knellwolf og Christopher Norris, Cambridge University Press: Cambridge, 2001, s. 323–334.
- Larsen, Martin: „Halldór Laxness’ reaktionære idyller“, *Berlingske Tidende* 25. mars 1964.
- „Laxness fékk Silfurhestinn“, *Tíminn* 19. jan. 1969.
- „Laxness kender intet til ungdomsoprøret“, viðtal við Halldór Laxness, *Ekstra Bladet* 16. apríl 1969.
- „Laxness segir frá“, *Morgunblaðið* 11. okt. 1963.
- „Leifrandi snilld eða glóru-laust svartnætti?“, *Alþýðublaðið* 23. sept. 1970.
- „Listmat kommúnista“, *Morgunblaðið* 27. nóv. 1963.
- Matthías Johannessen: „Halldór Kiljan Laxness er allur. Klukkurnar hætta að tifa en skáldið lifir í verkum sínum“, *Morgunblaðið* 10. feb. 1998.
- Matthías Johannessen: „Málþing um Guðsgjafaþulu“, *Bókmenntaþættir*, Almenna bókafélagið: Reykjavík, 1985, s. 182–209.
- Matthías Viðar Sæmundsson: „Nýstefna í sagnagerð 1960–1970“, *Íslensk bókmenntasaga* V, ritstjóri Guðmundur Andri Thorsson, Mál og menning: Reykjavík, 2006, s. 443–505.
- Meulengracht Sørensen, Preben: „Sjálfum sér trú“, þýðandi Jón Sigurðsson, *Tímarit Máls og menningar* 33. árg. 1.–2. hefti 1970, s. 105–118.
- Nietzsche, Friedrich: „Um sannleika og lygi í ósiðrænum skilningi“, þýðendur Magnús Diðrik Baldursson og Sigríður Þorgeirsdóttir, *Skírnir* 167. árg. vor 1993, s. 15–33.
- Njörður P. Njarðvík: „Samfúnia“, *Sjö erindi um Halldór Laxness*, ritstjóri Sveinn Skorri Höskuldsson, Helgafell: Reykjavík, 1973, s. 135–154.
- „Orðsending til bóksala og bókafélks úti á landi“, *Morgunblaðið* 26. nóv. 1963.
- Ólafur Jónsson: „Heimsókn að Gljúfrasteini: Við sköpun listaverka er tíminn frumskilyrði — segir Halldór Kiljan Laxness“, viðtal við Halldór Laxness, *Dagskrá* 1. árg. 1. tbl. 1957, s. 3–8.
- Ólafur Jónsson: „Jarteikn í Mosfellssveit“, *Vísir* 19. sept. 1970.
- Ólafur Jónsson: „Skáldöld: Skálmöld“, *Alþýðublaðið* 27. okt. 1963.
- Ólafur Jónsson: „Um gagn sem hafa má af skáldskap“, *Vísir* 14. nóv. 1972.
- Ólafur Jónsson: „Umbi undir Jökli“, *Alþýðublaðið* 5. nóv. 1968.

- Paulsen, Ingrid Maria: Übersetzungsprobleme erläutert an Beispielen aus der „Innansveitarkrónika“ von Halldór Laxness ins Deutsche übertragen von Fritz Northardt, lokaritgerð við Háskóla Íslands, Reykjavík, 1980.
- Pétur Gunnarsson: „Myndir úr þorpi“, *Skólablað Menntaskólans í Reykjavík* 43. árg. 5. tbl. 1968, s. 154.
- Pétur Gunnarsson: *Persónur og leikendur*, Punktar: Reykjavík, 1983.
- Pétur Gunnarsson: „Svo kom Kristnihald undir Jökli“, *Lesbók Morgunblaðsins* 13. okt. 2001.
- Platon: *Menón*, þýðandi Sveinbjörn Egilsson, Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík, 1993.
- „Reykjavíkurbref“, *Morgunblaðið* 12. okt. 1963.
- „Rímuð andstaða gegn skattfrelsi Sonning-verðlauna“, *Alþýðublaðið* 21. mars 1969.
- Róbert H. Haraldsson: *Frjálsir andar*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 2004.
- Roughton, Philip: „A Hagiographical Reading of Egils saga“, *Á austrvega: Saga and East Scandinavia: Preprint papers of The 14th International Saga Conference*, ritstjóri Agnete Ney, Henrik Williams og Fredrik Charpentier Ljungquist, Gävle University Press: Gävle, 2009, s. 816–822.
- Scherfig, Hans: „Kunstneren mellem oprørerne“, *Land og Folk* 9.–10. mars 1969.
- Shakespeare, William: „Draumur á Jónsmessunótt“, *Leikrit* 5, þýðandi Helgi Hálf-danarson, Almenna bókafélagið: Reykjavík, s. 409–480.
- Sigfús Daðason: Hendur og orð, Heimskringla: Reykjavík, 1959.
- Sigurður A. Magnússon: „Rit Nietzsche voru fölsuð“, *Morgunblaðið* 30. apríl 1957.
- Sigurður Gylfi Magnússon: „Sögur úr samtímanum“, *Fortíðardraumar*, Háskólaútgáfan: Reykjavík, 2004, s. 237–298.
- Sigurður Nordal: „Formáli“, *Egils saga, Íslensk fornrit* II, Hið íslenska fornritafélag: Reykjavík, 1933, s. v–cv.
- „Skarp salut fra Laxness imod studenterne“, viðtal við Halldór Laxness, *Berlingske Aftenavis* 5. mars 1969.
- Smith, Sidonie og Juli Watson: „The Trouble with Autobiography: Cautionary Notes for Narrative Theorists“, *A Companion to Narrative Theory*, ritstjórar James Phelan og Peter J. Rabinowitz, Blackwell Publishing: Oxford, 2008, s. 356–371.
- „Soning-prisen til Halldor Laxness“, viðtal við Halldór Laxness, *Politiken* 2. feb. 1969.
- „Soningprisen bliver skattefri for Laxness“, *Information* 12.–13. apríl 1969.
- Stafford, Andrew: *Making Sense of Marcel Duchamp*, slóðin er: [www.understanding-duchamp.com](http://www.understanding-duchamp.com), skoðað 15. mars 2005.
- Stangerup, Hakon; *Dansk Litteratur Historie* 4. bindi, Politikens Forlag: Kaupmannahöfn, 1977.
- Steindór Steindórrson: „Bókahillan. Halldór Laxness: Innansveitarkronika. Rvík 1970. Helgafell“, *Heima er bezt* 20. árg. 11. tbl., s. 418.
- Steindór Steindórrson: „Bókahillan. Halldór Laxness: Kristnihald undir Jökli. Rvík 1968. Helgafell“, *Heima er bezt* 18. árg. 12. tbl., s. 439.
- Steindór Steindórrson: *Sól ég sá. Sjálfsævisaga Steindórs Steindórrsonar frá Hlöðum* I, Bókaútgáfan Örn og Örlygur: Reykjavík, 1982.

- Stoker, Bram: *Makt myrkranna*, þýðandi Valdimar Ásmundsson, útgefendur: Nokkrir prentarar: Reykjavík, 1901.
- Storm, Ole: „Laxness gør op“, *Politiken* 3. nóv. 1964.
- Studenterrádet: „Kære Halldor Laxness“, Q 2. årg. nr. 3 1969.
- Sønderholm, Erik: *Halldór Laxness. En monografi*, Gyldendal: Kaupmannahöfn, 1981.
- Tempest: „Sonning-prisen til Halldor Laxness“, *Politiken* 2. feb. 1969.
- Thing, Morten: „Halldór Laxness og danskur kommúnismi“, *Ekkert orð er skrípi ef það stendur á réttum stað. Um ævi og verk Halldórs Laxness*, ritstjóri Jón Ólafsson, Hugvísindastofnun Háskóla Íslands: Reykjavík, 2002, s. 139–153.
- Thomsen, O. Fischer: „Til Halldór Laxness“, *Information* 7. mars 1969.
- Todorov, Tzvetan: „The Typology of Detective Fiction“, *The Poetics of Prose*, þýðandi Richard Howard, Cornell University Press: New York, 1977, s. 42–52.
- Valur Ingimundarson: *Uppgjör við umheiminn. Samskipti Íslands, Bandaríkjanna og NATO 1960–1974: íslensk þjóðernishygga, vestrænt samstarf og landhelgisdeilan*, Vaka–Helgafell: Reykjavík, 2001.
- „Vera Hertsch: Af Halldór Laxness“, *Politiken* 29. des. 1963.
- Vésteinn Ólason: „Ég tek það gilt: hugleiðingar um Kristnihald undir Jökli“, *Afmælisrit til Dr. Phil. Steingríms J. Þorsteinssonar prófessors 2. júlí 1971 frá nemendum hans*, Prentsmiðjan Leiftur: Reykjavík, 1971, s. 205–224.
- Viðar Hreinsson: „Íslenska akademían: Kotungar í andófi“, *Skímir* 173. årg. haust 1999, s. 255–288.
- Voss, Tage: „Om Sonning-prisen – Idealer og Alderdom“, *Ekstra Bladet* 19. apríl 1969.
- Waugh, Patricia: *Metafiction. The Theory and Practice of Self-Conscious Fiction*, Routledge: London, 2001.
- Waugh, Patricia: „Postmodernism“, *The Cambridge History of Literary Criticism* Volume IX, Twentieth-Century Historical Philosophical and Psychological Perspectives, ritstjórar Christa Knellwolf og Christopher Norris, Cambridge University Press: Cambridge, 2001, s. 289–301.
- White, Hayden: *Metahistory. The Historical Imagination in Nineteenth-Century Europe*, The John Hopkins University Press: Baltimore, 1975.
- Wittgenstein, Ludwig: *Bláa bókin*, þýðandi Þorbergur Þórsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1998.
- Wittgenstein, Ludwig: „Fyrirlestur um siðfræði“, þýðandi Þorsteinn Gylfason, *Heimspeki á tuttugustu öld: safn merkra ritgerða úr heimspeki aldarinnar*, ritstjórar Einar Logi Vignisson og Ólafur Páll Jónsson, Heimskringla: Reykjavík, 1994, s. 47–57.
- Þorsteinn Gylfason: „Inngangur“, *Bláa bókin*, Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík, 1998, s. 9–65.
- Þorbergur Þórðarson: „Rangsnúin mannúð“, *Tímarit Máls og menningar* 25. årg. 2. hefti 1964, s. 147–178.
- Þráinn Bertelsson: „„Því meira sem hlutirnir breytast ...““, *Vísir* 7. okt. 1968.
- Örn Úlfar Sævarsson: *Frásagnarlist í vanda: Kristnihald undir Jökli*, lokaritgerð við Háskóla Íslands, Reykjavík, 1997.

## NAFNASKRÁ

### A

Aalto, Alvar 195  
Aðalbjörg Sigurðardóttir 42  
Agnar Þórðarson 24  
*Akkillis* 68  
Alardos, Dom 100  
Alda Björk Valdimarsdóttir 12, 20  
Allen, Woody 182  
Anderson, Benedict 30–31  
Andrés Kristjánsson 24–25, 30–34,  
36–37, 39, 63, 182  
Ari fróði Þorgilsson 143  
*Arnaldur Björnsson* 58, 97, 195, 199  
Auður Laxness 24

### Á

Árni Bergmann 24–25, 51–52, 54–56,  
71, 121, 181, 182, 184  
Árni Ibsen 79  
Árni Sigurjónsson 30  
Ásdís Egilsdóttir 148  
Ásgeir Hjartarson 49  
Ástráður Eysteinnsson 15–17, 65, 104,  
117, 132, 206

### B

Bakúnín, Mikhail 140  
Baldvin Einarsson 30  
Bart, Karl 195

Barthes, Roland 89, 119  
Beckett, Samuel 78  
*Beinteinn á Króknum* 195  
Benjamin, Walter 138–139  
Benjamín Eiríksson 42  
*Bergún Hjálmarson* 58, 72, 157–158,  
165, 170, 171–175  
*Bersi Hjálmarsson / Íslandsbersi* 54, 56,  
72–74, 158–159, 161, 162–170, 176  
Bítlarnir 21  
Bjarni Bjarnason 125–126  
*Bjartur í Sumarhúsum* 39  
Bodelsen, Anders 204  
*Bogi Ólafsson* 68–69, 146, 156  
*Bokki* 101  
Brandes, Georg 50  
Brecht, Bertolt 78  
Broström, Torben 183  
*Búi Árland* 52, 181  
Búkharín, Nikolai 63, 88–89, 97

### C

Calvino, Italo 101–103  
Churchill, Winston 187  
Cohen, Ralph 119

### D

Dagný Kristjánsdóttir 182–183  
Descartes, René 110  
Domańska, Ewa 83



Doyle, Arthur Conan 123, 126

*Drakúla greifi* 125–126

Dreiser, Theodore 95

Duchamp, Marcel 130–131

## E

Eco, Umberto 131, 138, 144, 151

Eggert Stefánsson 98

*Egill D. Grímsson* 54, 158, 160–161, 162, 163–166, 168

Egill Skallagrímsson 68–69, 142–147, 149

Einar Olgeirsson 42, 58–59

Einar Ólafur Sveinsson 24, 44

Eiríkur Hreinn Finnbogason 24

Erlendur Guðmundsson í Unuhúsi 179–180, 183

Eskeland, Ivar 34–35, 40, 44, 47–48, 50

## F

*Fimbjörg* 149, 157

Fog, Mogens 198

Foucault, Michel 26, 34

Frederiksen, Emil 205–206

Frisch, Max 78

## G

Galton, Francis 28

*Dr. Godman Sýngmann* 51, 117, 124–125

Goethe, Johann Wolfgang von 43, 89, 96, 111

Grettir sterki Ásmundarson 163–164, 167

*Grimmhildur Grámann* 196

Grímr at Mosfelli 143

Grundtvig, Nikolaj Frederik Severin 140

Guðbergur Bergsson 15–17

Guðlaugur Arason 183

Guðmundur Böðvarsson 24

Guðmundur Hálfðanarson 31–32

Guðmundur Andri Thorsson 15, 18, 20–21

*Guðrún Jónsdóttir* 136–138, 146, 148–149, 155–157

Guðrún Nordal 69, 70, 140, 146

Guevara, Che 196

Gunnar Hámundarson á Hlíðarenda 68–69, 175

Gunnar Benediktsson 43–44

Gunnar Gunnarsson 44, 185, 205

Gunnar Stefánsson 52–54, 56, 58, 71

Gylfi Þ. Gíslason 203

## H

Hallberg, Peter 24, 29, 79, 80, 86, 91

Halldór Guðmundsson 15, 24–25, 44–45, 73, 79, 92, 97, 183

Halldór Þorsteinsson 39–40, 49–50

Hamsun, Knut 62

Hannes Hólmsteinn Gissurarson 25–26, 75

Hannes Pétursson 24

Hansen, Torben Bo 192

*Harker, Jonathan* 126

Hávar Sigurjónsson 79–80

*Hektor* 68

Helga Kress 45–46, 48, 52, 69, 111–112

Helgi Péturss 37

Helgi Sæmundsson 40, 70

Hemingway, Ernest 16

Hertzsch, Vera 18, 20, 90

*Hippólíta* 101

Hitler, Adolf 104

*Hnallþóra* 127–129, 135, 202

*Hnúlla* 162

*Holmes, Sherlock* 122–124

Hómer 68, 102

Hume, David 110

Hutcheon, Linda 55, 66

## I

*Ibsen Ljósðal* 81

## Í

*Íslandsbersi* sbr. *Bersi Hjálmarsson*

## J

- Jakob Benediktsson 42  
 Joyce, James 92, 96, 207  
*séra Jóhann* 68, 145, 156  
*Jóhann Bogesen* 57, 195  
 Jóhann Hjálmarsson 24–25, 39, 56, 58, 67, 73, 75  
 Jóhann Jónsson 96  
 Jóhannes úr Kötlum 42  
 Jón Karl Helgason 30  
*Jón Hreggviðsson* 39  
*séra Jón Prímus* 36–37, 39, 40, 49, 51, 60, 109–118, 120–121, 124–125, 127, 132–135, 181, 183–184, 202–203  
 Jón Sigurðsson 30  
 Jónas Hallgrímsson 30, 152–153

## K

- Kant, Immanuel 110  
 Karl Kristjánsson 42–43  
 Kjartan Júlíusson, Skáldstöðum 139  
 Koestler, Arthur 187  
 Kristinn E. Andrésson 24  
 Kristján Friðriksson 42  
 Kristján Karlsson 35, 53  
 Kristur, Jesús 61, 110, 134, 147–148, 180  
 Kruuse, Jens 196  
 Kuhn, Thomas S. 15

## L

- Lao-tse 112  
 Larsen, Martin 199  
 Lennon, John 21  
 Lewis, Sinclair 102–103  
 Lindberg, Charles 172

## M

- Magnús Hjaltason 96, 99  
 Mann, Thomas 78  
 Marx, Karl 140–141  
 Matthías Johannessen 57, 59–64, 73–74, 107, 147, 175–178, 181–182  
 McCartney, Paul 21

*Mefistófeles* 89

- Meulengracht Sørensen, Preben 38–39, 69–70  
 Mozart, Wolfgang Amadeus 177  
 Mutt, R. (dulnefni Marcel Duchamp) 130–131  
 Møller, Poul Martin 190–191

## N

- de Nerval, Gérard 151  
 Nietzsche, Friedrich 51, 109, 116–119  
 Njörður P. Njarðvík 48, 57, 58, 61, 63, 71, 181  
 Nymark, Johs. 193

## O

- Olivier, Laurence 187, 195

## Ó

- Óberon* 101  
*Ódysseifur* 68, 102  
 Ólafur Jónsson 14, 24–25, 27, 39, 44, 64–73, 75, 77, 79, 182  
*Ólafur Kárason / (Ljósóvikingur)* 39, 96, 99  
*Ólafur Magnússon á Hríbrú* 68–69, 136, 137, 140, 145–146, 149–150, 154, 156  
 Ólafur Thors 31–32  
 Óskar Halldórsson 73–74, 175–176, 178

## P

- Papagenó* 177  
 Páll Bergþórsson 42  
 Pétur Benediktsson 42  
 Pétur Gunnarsson 182  
*Píramus* 101  
 Píus páfi tíundi 100  
*Plús Ex* 19, 51, 64–65, 69, 85, 103  
*Poirot, Hercule* 121  
 Proust, Marcel 92, 96, 207

## R

Romains, Jules 96  
 Roughton, Philip 146  
 Róbert H. Haraldsson 98–99  
 Russel, Bertrand 187

## S

*Salka Valka* 39, 57, 181, 195  
 Scherfig, Hans 190–194, 199–200  
 Schweitzer, Albert 195  
 Shakespeare, William 101, 171  
 Sigfús Daðason 5, 42  
 Sigurður Nordal 44, 205  
 Sigvaldi Thordarson 42  
 Sinclair, Upton 23, 62, 94, 181  
 Skafti sbr. Skapti prestr Þórarinsson  
 Skapti prestr Þórarinsson 143–144,  
 144–146  
*Skuggasveinn* 117  
 Skúli Guðmundsson 202–203  
 Snorri Sturluson 26, 30, 84–85  
 Sonning, C.J. 187–188, 195, 196–197,  
 205–206  
 Sonning, Leonie 188, 191, 192, 195–  
 197  
 Sókrates 88  
*Sólborg* 81  
*Spóli* 101  
 Stalín, Jósef 13, 18, 19, 44, 88, 104–105,  
 200  
*Stefán Þorláksson* 137–138, 156–157  
 Steindór Steindórsson 25, 37, 38, 48–49  
 Sterne, Laurence 70  
 Stoker, Bram 125  
 Storm, Jannick 194  
 Storm, Ole 188–189  
 Svava Jakobsdóttir 16–17  
 Sverrir Kristjánsson 42  
 Sønderholm, Erik 74, 90, 186, 199–200,  
 201

## T

*Tamínó prins* 177

Tempest (dulnefni Ole Storm) 188, 205  
 Thomsen, O. Fischer 194  
 Thor Vilhjálmsson 16–17, 24  
*Títanía* 101  
 Todorov, Tzvetan 118, 121–122  
*Tóm Dick* 172–174  
 Tómas Guðmundsson 24, 44  
*Tími Jónsen* 125, 132

## U

*Úmbi* 36–37, 39, 46, 51, 60, 64–67, 69,  
 72, 109–112, 114–118, 120–125, 126,  
 127–131, 132–135, 183–184

## Ú

*Úa* 36–37, 51, 124–125, 126, 129, 163

## V

Valdimar Ásmundsson 126  
 Valentino, Rudolph 172  
 Valur Ingimundarson 44  
 Vésteinn Ólason 121  
 Viðar Hreinsson 139, 147, 150  
 Voss, Tage 198

## W

*dr. Watson* 122–124  
 Waugh, Patricia 108, 116, 170  
 White, Hayden 83, 176  
 Wittgenstein, Ludwig 28, 109–116,  
 130, 183

## Þ

*Þeseifur* 101  
*Þispa* 101  
 Þorgeir Hávarsson 164  
 Þorsteinn frá Hamri 16  
 Þorsteinn Gylfason 15, 110, 111  
 Þórarinn Guðnason 42  
 Þórbergur Þórðarson 16, 179–180, 183  
 Þórdís Egilsdóttir 143  
 Þráinn Bertelsson 25, 50–51  
 Þúkydídes 84

